



Auðlindin okkar

Tæpitungulaust



Matvælaráðuneytið

Borgartúni 26 – 105 Reykjavík
545 9700 | mar@mar.is

Ágúst 2023

ISBN: 978-9935-9669-9-5

Umbrot og textavinnsla

Matvælaráðuneytið

© 2023 – Matvælaráðuneytið

stjornarradid.is



Maí 2023



Tæpitungulaust

Ábendingar almennings, sérfræðinga
og hagaðila við undirbúning sjávarútvegs-
stefnu í verkefninu Auðlindin okkar



Inngangur	3
Opnir fundir á Akureyri, Eskifirði, Ísafirði og Vestmannaeyjum	4
Opinn fundur í Reykjavík.....	11
Úr viðtölum starfshópa við sérfræðinga	15
Samráðsnefnd	32
Samráðsgátt	46
Audlindinokkar@mar.is.....	55
Skrifleg svör úr spurningakönnun Félagsvísindastofnunar	72

Inngangur

Í júní 2022 stofnaði matvælaráðherra til opins og gagnsæs verkefnis fjögurra starfshópa, sem í sátu sérfræðingar með fjölbreyttan bakgrunn, til að koma með tillögur um hagkvæma og sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda í sátt við umhverfi sitt. Verkefnið fékk heitið Auðlindin okkar.

Í Auðlindinni okkar er lögð áhersla á opna, þverfaglega og gagnsæja nálgun og var mikilvægur hluti af störfum starfshópanna að kynnast viðhorfum sem flestra til sjávarútvegs. Einnig að safna upplýsingum og hugmyndum úr sem flestum áttum og nýta þær við vinnu starfshópanna. Í skýrslu þessari má nálgast allar þær ábendingar sem borist hafa í samráði verkefnisins eftir þeim fjölmörgu boðleiðum sem í boði hafa verið á meðan verkefninu stóð, m.a. í gegnum netfang verkefnisins, opna fundi, viðtöl við hagaðila, samráðsgátt Stjórnvalda, fundum samráðsnefndar og í gegnum skoðunarkönnun Félagsvísindastofnunar.

Þann 4. október 2022 var vefsíðan audlindinokkar.is á vegum matvælaráðuneytisins og netfangið audlindinokkar@mar.is opnað, þar sem allir þeir sem vildu, gátu komið á framfæri upplýsingum, hugmyndum eða spurningum er vörðuðu verkefnið og sjávarútveg.

Haldnir voru fjórir opnir samræðufundir víðsvegar um landið með yfirskriftinni „taktu þátt í umræðunni“. Samræðufundunum var ætlað að vera vettvangur umræðu og skoðanaskipta þar sem leitast var eftir að kynnast viðhorfum, skoðunum og þekkingu fundargesta. Fundirnir voru haldnir á Ísafirði 25. október 2022, á Eskifirði 1. nóvember, í Vestmannaeyjum 8. nóvember og á Akureyri 15. nóvember. Un 400 manns mættu á fundina og tæplega 5.000 manns fylgdust með fundunum í streymi. Nálgast má upptökur af fundunum á vefsíðu verkefnisins.

Bráðabirgðaniðurstöður starfshópanna voru birtar í Samráðsgátt stjórnvalda 17. janúar 2023 með umsagnarfresti til og með 28. febrúar 2023.

Samráðsnefnd um sjávarútvegsstefnu hefur yfirsýn yfir starf starfshópa og aðra þætti verkefnisins. Í samráðsnefnd sitja 30 fulltrúar stjórnmalaflokka og hagsmunasamtaka, auk matvælaráðherra og formanna starfshópanna fjögurra. Nefndin hefur fundað níu sinnum, en fjórir af þessum níu fundum nefndarinnar voru tileinkaðir sérstakri umræðu um kafla bráðabirgðatillagna starfshópanna, þar sem rætt var um hvert skref sjálfbærrar þróunar.

Þá var haldinn opinn samræðufundur um bráðabirgðatillögur starfshópanna á Grand hótél í Reykjavík 8. febrúar 2023. Á fundinn mættu um 70 manns.

Frá 30. ágúst 2022 hafa starfshóparnir hitt 132 sérfræðinga frá meira en 50 stofnunum, fyrirtækjum og samtökum í sjávarútvegi.

Þann 17. apríl 2023 voru birtar niðurstöður úr spurningakönnun Félagsvísindastofnunar um viðhorf Íslendinga til sjávarútvegs mála. Spurningakönnunin var hluti af verkefninu Auðlindin okkar og spurningar könnunarinnar samdar af fulltrúum starfshópanna. Spurningar í könnuninni voru einna helst fjölvalsspurningar en í fjórum spurningum var möguleiki að svara spurningum skriflega. Hafa þau svör verið tekin saman í þessari skýrslu en niðurstöður könnunarinnar hafa verið birtar opinberlega.

Í þessari skýrslu hafa ábendingar í gegnum allar boðleiðir samráðsins í Auðlindinni okkar verið teknar saman og flokkaðar eftir viðkomandi boðleið og einnig eftir því hvaða stoð sjálfbærrar þróunar ábendingin tengist. Þá skal tekið fram að ábendingar í skýrslunni eru allar nafnlausar og í einhverjum tilvikum hefur texti ábendinganna verið aðlagður, með það fyrir augum að afmá persónugreinanlegt efni ábendingarinnar. Einnig bárust erindi á netfang verkefnisins í ýmsum gerðum og formum sem starfshóparnir fengu óbreytt til umfjöllunar, en í skýrslunni hefur það efni verið aðlagð, samsett og stytt án þess að ábendingunni sé breytt efnislega.

Opnir fundir



Umhverfi

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna er lúta að umhverfisstöð sjálfbærrar þróunar á opnum fundum á Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og í Vestmannaeyjum.

- Áhyggjur að Vestfirðir verði undir í orkuskiptum ef orkuskipti verða ekki höfð í huga í allri stjórnsýslunni.
- Bendi á skýrslu Jóhanns Sigurjónssonar um hafrannsóknir, möguleiki á þekkingaruppbyggingu, greinin er mjög tilbúin að leggja til gögn og ekki óeðlilegt að greinin leggi fram gögn til að auka rannsóknir og þekkingaruppbyggingu.
- Ef við ætlum að halda áfram fiskveiðum þurfum við að halda áfram hvalveiðum.
- Eftir allan þennan tíma með kvótakerfi og þorsksstofninn hefur ekki stækkað. Er ekki kominn tími til að endurskoða aðferðina?
- Eiga togarar ekki að vera bara á svæðum þar sem er toglóð og ekki ana út á svæði sem ekki eru þekkt og róta upp því sem aldrei hefur verið rótað upp áður?
- Einn ágætis togari losar jafn mikið kolefni og allur fólksbílafloti landsins. Á hvert veitt kíló sem veitt er í troll losast 50 tonn of CO₂. Fiskur sem er veiddur á króka, handfæri, línu og net losar þannig miklu minna. Togarafiskur losar 50-100 sinnum meira.
- Ekkert gengið hjá Hafró að stækka stofninn, þarf ekki bara að árangurstengja Hafró? Það hefur aldrei verið jafn mikill þorskur í sjónum og í vetur og hann át undan sjálfum sér, þetta er bara mælingastofnun, hafa ekki pening í annað.
- Endurskoða vinnubrögð og skólabækurnar hjá Hafró og láta þá fara að vinna með greininni.
- Er ekki til nein lausn á því að hægt sé að koma með smáfisk og verðminni fisk í land?
- Grásleppumenn að sleppa smáfiskum er það glæpur? 90% af þeim fiskum lifa af. Held að það sé víða sóðalegri umgengni í sjávarútvegi en þar.
- Hafrannsóknaskipin, ætti ekki bara að halda þeim í höfn, meira tap af því en að fara út og stunda rannsóknir.
- Hafró er hafmælingastofnun, fer allt í það, mikið af fróðu fólki þarna en ekki til peningur til að rannsaka, það á ekki að hugsa um þessa stofnun eins og aðrar þegar kemur að ostaskeranum heldur horfa á þetta sem fjárfestingu. Útgerðin hefur greitt fyrir sumar mælingar þar sem stofnunin hefur ekki haft efni á því.
- Huga að því að önnur lönd taki ekki framúr okkur í umhverfissvænum veiðum. Kolefnisspor í sjávarútvegi er mjög lágt? Veit fólk eitthvað um það, hvað með flutning út á landi?
- Hvalveiðar, mjög umdeilt en því minna sem við veiðum af hval því minna veiðum við af afla.
- Í vetur var loðnuvertíð og loðnan send í bræðslu sem keyrir á olíu af því að það er ekki næg orka í landinu. Þarna er tækifæri að lækka kolefnissporið umtalsvert.
- Losun vegna trollveiða skipta engu máli í stóri myndinni samanborið við t.d. kolaverksmiðjur í Evrópu. Held að lausnin sé ekki að leggja nýjum togurum með bestu starfsaðstæðum til veiða allt á smábátum og þræla eins og vitleysingar eins og fyrir 50 árum.
- Markmið laganna hefur náðst, þegar ég byrjaði 1983 var engin framtíð í sjávarútvegi. Nú er hagkvæm nýting og traust atvinna, en set gæsalappir við verndun nytjastofna því við höfum ekki eytt peningum í það.
- Nota verksmiðjuolíu sem samanstendur af endurunnninni olíu og díselolíu og er endurunnin hér á landi, nálægt þeim stað þar sem hún verður til og þar af leiðandi ekki flutt úr landi. Það er þrisvar greitt kolefnisgjald af þessari olíu.
- Orka og aðgengi að orku er eitthvað sem mun skilgreina samkeppnishæfni okkar í framtíðinni, þarf að horfa á auðlindirnar í landinu í stærra samhengi.
- Ósammála Vestmannaeyingum með flottrollið. Það var byrjað að veiða í flottroll vegna þess að við náðum ekki fiskinum í nót.
- Plastmengun í hafi er ógn og mengun frá landi varðandi skólp gæti verið vandamál.
- Rannsóknir eru aðalatriðið, við vitum ekki nóg um sel og fleira.

- Saknar umræðu um verndun líffræðilegs fjölbreytileika.
- Sjávarútvegur greiðir milli 2-3 milljarða í kolefnisgjald á ári, það þarf líka að tala um orkuöryggi í þessum málum. Ávinningur af rafvæðingu bílaflotans hvarf á örfáum dögum í loðnuvertíðinni. Olíunotkun sjávarútvegsins farin úr 390.000 í 150.000.
- Sjávarútvegurinn hefur staðið sig vel í að minnka olíunotkun.
- Skilur ekki umræðuna um veiða þörungum og rauðáttu, er ekki komið nóg af því að byrja á öfugum enda? Á hverju eiga þeir sem éta þessar tegundir að lifa?
- Smábátarnir komnir lengst í orkuskiptum, enginn komin jafn langt og þeir í því að koma með vistvænan fisk að landi.
- Sukkið mikið í endurvigtun, leggja hana af og spara fullt af eldsneyti. Mikið af óslægðum fiski landað og ekið í burtu sem eykur sporið.
- Talað um að kolefnisgjöld séu til að hvetja til orkuskipta, en raforkan er ekki til staðar og ekki möguleikar á rafmagnsflutningi. Verið að skattleggja eitthvað sem er ekki lausn á.
- Talað um að skylda útgerðir til að veita yfirvöldum aðgang að þeim gögnum sem er sjálfkrafa aflað í fiskvinnslunum, lengdarmæla og vigta fiskinn, það hefur ekki staðið á greininni að vinna með yfirvöldum, stofnanirnar hafa bara ekki burði til að nota þessi gögn, hefur strandað á stjórnvöldum. Sorglegt að sjá starfsmann mæla og vigta einn og einn fisk í einu.
- Tilgangur og árangur kvótakerfisins var að byggja upp stofninn og styðja við sjávarbyggðir, minnum helmingi minna af þorski núna. Það þarf að endurskoða hvað er að gerast hjá Hafró.
- Umbúðir og annað til fyrirmyndar í Noregi. Hefur það verið skoðað að fljúga með fisk frá Egilsstaðaflugvelli?
- Umgengni um auðlindina stórbatnað, sérstaklega hjá trillukörllum, hágæða hráefni, farnir að læra að ísa.
- Umhverfisvænustu veiðarnar eru netaveiðar. En auðvitað er þetta allt gott saman.
- Veiddist mikið af humri en svo þegar togarar byrjuðu að veiða á humarsvæðunum allt árið um kring, þá veiddist ekkert af humri, hlýtur að hafa áhrif.
- Verðum að finna leið þannig að grásleppuveiðimenn geti landað fiski sem er ekki grásleppa.
- Við erum komin of stutt í rannsóknnum á dýrasvífi.
- Virðist vera þannig að allir sem stunda smátútgærð viti hvað er mikið af fiski í sjónum og tala vísindin niður.
- Vistkerfisnálgun verði að vera beitt þegar meta þarf hvort eigi að veiða miðsjávartegundir eða ekki. Þetta er fæði annarra fiska, einnig ætti að banna loðnuveiðar.
- Það er verið að setja fjármagn í að setja saman þessa starfshópa, af hverju fær Hafró og greinin ekki svoleiðis pening í rannsóknir svo hægt sé að ganga vel um auðlindina, og stækka kökuna?
- Það fer enginn í orkuskipti í smábátum fyrir einungis 100 kg, þegar það verður orðið of dýrt að gera út á olíu þá skipta menn.
- Það vantar ákvæði um veiðarfæri, búið að fara illa með miðin á Suðurlandi sem dæmi.
- Það þarf að auka allar rannsóknir, við höfum bara áhrif á einn arfræningja og það er maðurinn. Á meðan við fáum ekki góða nýliðun gerist ekki mikið í aflatölum.
- Það þarf að auka heimildir manna til að koma með allan afla í land.
- Það þarf að huga að fullnýtingu og hringrásahagkerfinu.
- Þarf að bæta verulega í rannsóknir, þjóðin er að tapa á því að vita of lítið. Sér lítil merki um að þessi ríkisstjórn vilji gera eitthvað í því frekar en þær á undan.
- Þegar ég var á flottrollveiðum þá var örugglega þrefalt meira sem fór í gegnum trollið og eyðilagðist en veiddist í trollið.
- Þegar verið er að gagnrýna Hafró er bara verið að gagnrýna vísindalegar aðferðir. Vísindin eiga að segja okkur hvaða veiðarfæri við eigum að nota.
- Þriðjungur þorsks gefst upp fyrir framan trollin, fellur undir veiðafærin og drepst eða skaddast. Botnvarpan fletur út hafbotn og þessi fiskur á minni möguleika á að komast af.
- Þrýstingur að koma togurum lengra inn í landhelgina en fara ekkert betur með botninn. Ef farið væri eftir reglum aflvísis þá væri fjöldinn allur af skipum ekki innan 12 mílna.
- Þurfum að nýta gögnin og ekki stendur á stórútgerðinni að nýta þessi gögn.
- Þurfum að nýta gögnin, nota gervigreind og vélanálm við að yfirfara gögn úr skipunum og nýta þessa skynjara sem eru um borð. Fá útgerðina í samstarf með stjórnvöldum í stað þess að skylda til gagnaskila, að safna vísindagögnum með gervigreind, greina sýni úr sjónum með gervigreind og nota skynjara sem eru þegar um borð á skipunum.
- Þurfum ekki að lesa grein Nature um losun botnvörpu, höfum rannsakað þetta sjálf. Þetta var rannsakað af Erlendi Bogasyni og það voru bara tvö hjólför í botninum sem er núna farið vegna þess að það er flot í hlerunum. Það var ekki þetta upprót eins og talað er um.




Samfélag

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að samfélagsstoð sjálfbærrar þróunar á opnum fundum á Ísafirði, Akureyri og Eskifirði og í Vestmannaeyjum.

- 5,3% kerfið mjög fint. Flestir sem eiga kvóta í dag hafa keypt hann og ekki gott að taka af þeim. Við ættum frekar að taka af aukningu þegar Hafró finnur fiskinn.
- Alltaf fyrir kosningar verið að tala um einhverja uppboðsleið, á fiskvinnslufólk ekki að vita hvar þau eiga að halda næstu jöl?
- Alltaf verið að leita að sátt í kerfinu, hverjir vilja sátt? Þeir sem starfa í greininni eða þeir í Reykjavík sem vilja bara hærri skatta
- Almennilegt auðlindagjald í upphafi hefði verið lausnin.
- Auka strandveiði, fullt af fólk sem lifir á þessu, ef það hefur ekki strandveiði hefur það ekki neitt.
- Áhugavert að hugsa hvernig samfélagið hér verður til framtíðar, verðum að koma í veg fyrir að við verðum verbúðarsamfélag og þar liggur okkar ábyrgð, að tryggja störf til lengri tíma.
- Áhyggjuefni hvað samþjöppunin er orðin mikil og erfitt að verða sér út um veiðiheimildir, það eru aðeins öflug fyrirtæki sem geta orðið sér út um bolfisksafla.
- Borgarfjörður fær 15 tonn í almennan byggðakvóta á sama tíma og þetta er brothætt byggð, er gáfulegt að það sé kerfi sem haldi fiskvinnslu horreim í hverju byggðarlagi? Þetta verkfæri grípur inn í þegar allt er komið á kúpuna í stað þess að bregðast fyrr við.
- Byggðakvótar orðnir barn síns tíma, þarf annað hvatakerfi til að halda byggð í landinu. Sem dæmi gæti verið að ég landa tonni á Borgarfirði og það er kannski bara 750 kg. Það er bara spilað með þetta byggðakvótakerfi.
- Einhvern tímann voru öll stór fyrirtæki lítil. Hefur áhyggjur af að útgerðum er að fækka en kannski eru þetta utanaðkomandi aðgerðir, ófyrirsjáanleiki, skattlagning drifkrafturinn að þeim fækki og nýliðun sé ekki mikil. Hvaða nýliðar koma inn þegar stefnt er að því að taka eitthvað af þeim sem eru að byggja upp, vont að sjá ekki unga útgerðarmenn sem vilja fara af stað.
- Ekki til dreifðara eignarhald á Íslandi en í sjávarútvegi, tryggingafélög, bankar og matvælaværslanir, það eru yfirleitt bara 3 fyrirtæki í samkeppni í þessum greinum. Sjávarútvegurinn er í dreifðri eign og er dreifður um landið. Greinin þjappaði sér saman innan landshluta og er vel dreifð um landið.
- Ekki verið að tala fyrir því að láta strandveiðarnar hverfa, bara hafa það í huga þegar það er bætt í til þeirra er tekið af öðrum í greininni. Er 750 kg og 12 dagar heilagar tölur? Þurfum að ná sátt um þessi mál.
- Er heilbrigt og gott að hagnaðurinn fari á örfáar kennitölur, er ekki hollara að þetta dreifist á fleiri þúsund kennitölur út um allt samfélagið og allt land. Útgerðamenn grenja eins og grísir þegar brauðmolar falla í strandveiðar, hvað ætla menn að gera við þessa peninga. Þeir taka hann ekki með sér í gröfina.
- Ég er mótfallinn þessum 5,3% pottum. Ég hef landað alls staðar um landið og það eru kannski 1-2 útgerðir þar sem byggðakvótinn gagnast eitthvað. Fólk í nærumhverfinu við byggðakvótann er ekki að njóta góðs af honum. Strandveiðikerfinu þarf að halda sem nýliðunartóli.
- Fiskur á disk á íslensk heimili er alltof dýr, það er glatað og ég veit ekki hvernig er hægt að leysa það.
- Fiskvinnslufólk vill bara góð laun, stöðugleika og fyrirsjáanleika. Það sem er úthlutað í krókaflamark og byggðakvóta er tekið af vinnandi fólk í byggðarlögum.
- Greinin þarf að ná sátt og þessi mikla samþjöppun er að trufla mjög marga.
- Greinin þarf að tala sjálfa sig upp og segja frá því sem er verið að gera. Það þarf að eyða pólitískri óvissu í þessu þannig að menn hafi einhvern fyrirsjáanleika og hægt sé að gera framtíðaráætlanir.
- Hvaða áhætta fylgir því að hafa kvótakerfi hér, við vitum að það þarf að draga úr þessari áhættu og eina lausnin er að auka fjölbreytni í greininni. Mjög ráðandi tegundir í fiskveiðum og eldi. Sveigjanleikinn í atvinnugreininni er svo lítill. Ytri aðstæður geta orðið til hruns í stofni eða eldi sem veldur hruni í byggðinni, við þurfum að bregðast við með fjölbreytileika.

- Hvaða launum skilar byggðarkvótinn og hvert er skattspor byggðakvótans? Hvað greiðir atvinnuleysistryggingasjóður mikið á þau svæði þar sem er byggðakvóti, hefur verið skoðað hvort þessi byggðakvóti hafi styrkt einhverja byggð?
- Ísland er bara ein verstöð í heiminum, stærstu fyrirtækin hér eru lítil í alþjóðlegu samhengi.
- Margir verða ekki sáttir fyrr en sjávarútvegsfyrirtækjum gengur illa. Ég er væri sáttastur þegar greinin skilar sem mestu til þjóðarinnar. Það er ekki markmiðið að sem flestir eru að vinna í þessu. Það er ekki vandamálið að fyrirtækjunum fækkar og verða arðbærari þannig að þetta skilar sem mestu inn í ríkiskassann.
- Margt sem má laga en alls ekki kollvarpa kerfinu, verðum að ganga út frá því í þessari vinnu að Íslands er eina ríkið sem skilar ábata til ríkisins en tekur ekki frá ríkinu.
- Mikil rómantík að róa strandveiðibát og gista á Sigló og koma í land örþreyttur en hugsa til Bjarts í Sumarhúsum, er þetta framtíðin? Nei, hér er verið að byggja upp stór og öflug fyrirtæki með margt fólk í góðri vinnu.
- Mikilvægt og ábótavant að greinin sé aðgreind í umræðunni, munur um hvort er verið að tala um uppsjávarbáta eða handveiðafæri o.s.frv. Þarna á milli eru líka greinar sem þurfa sanngjarna umræðu.
- Misjöfn skilyrði strandveiðimanna um landið allt, hverjir eru strandveiðimenn?
- Neikvæða umræðan er grafalvarleg og er að skaða kerfið, ár eftir ár talað um að breyta kerfinu, óábyrgt tal á þingi. Flestir í smábátaútgærd eru skíthræddir. Niðurstöður vinnunnar hér verða lagðar fram á Alþingi 2024, hvað á ég að gera á meðan? Á ég að bíða eftir þessu frumvarpi eða á ég ekki bara að gera eins og hinir og selja aflaheimildirnar mínar og hætta að lifa í þessari óvissu?
- Okkar reynsla er sú að sértæki byggðakvótinn hefur reynst okkur betur.
- Passa að þegar grásleppan verði kvótasett að hún renni ekki á fáar hendur, ekki meira en 1-2% á hvern bát.
- Samfélagið væri ekki á hliðinni ef fólk vissi hvað sjávarútvegurinn er mikilvægur fyrir samfélagið sjálft. Þurfum samstillt átak í að ræða og fræða, koma því til skila hverju greinin er að skila til samfélagsins.
- Samþjöppun og fækkun í byggðarlögum. Þetta er annar tíðarandi, færri vilja vinna í þessu núna en þá, börnin mín vilja ekki flytja aftur til Raufarhafnar til að fara í bransann.
- Skattlagning er mun meiri í bolfiski en uppsjávarfiski. Mikil samþjöppun í uppsjávarveiðinni en ekki eins mikil í bolfiski. Bolfisksfyrirtækin leggja samt mun meira til samfélagsins.
- Skrýtið að það er ekki hægt að fá ferskan fisk í Fjarðarbyggð, af hverju er ekki hægt að fá ferskan fisk úti í búið?
- Spilling í sjávarútvegi. 3 manna nefnd skipuð 2015 í 2 ár, nefndin skilaði engum tillögum um togveidar, niðurstaðan að það væru á örfáum stöðum á landinu þar sem það var vandamál að trillur væru að veiða smáfiska. Starfsmaður Samherja í Þýskalandi leiddi vinnuna.
- Finst ekkert að því að ég geti farið á trillu og róíð. Það er komin græðgi í strandveiðarnar. Af hverju er ekki kvótapak á strandveiðum?
- Talað um að stórútgærdir hafi lagt byggðarlög í rúst, sama að gerast í strandveiðikerfinu, kerfinu breytt 2017 og gert að einum potti, þá er bara meira fært til Vestfjarða og suður. Burt frá hinum svæðunum. Þarf að skoða jafnræðið í þessu, fiskurinn er ekki kominn norður og austur þegar þeir fyrir vestan eru búnir að veiða allann pottinn.
- Tengja byggðasjónarmiðin við vinnuna og stefnuna, svo stór hluti af óánægjunni er byggðamál.
- Umræðan um atvinnugreinina neikvæð og niðurlægjandi fyrir Ísland, af hverju er alltaf talað niður það sem við erum að gera?
- Úr því að það er ekki hægt að tryggja þessa 12 daga í mánuði fyrir strandveiðimenn, verður að útbúa kerfið þannig að strandveiðimenn á C-svæði geti veitt fiskinn þegar hann er verðmæstastur, gott fyrir sjómanninn og þjóðarbúið.
- Verið að tala um byggðasjónarmiðin í formi byggðakvóta, hvort byggðakvótakerfið er betra? Almenni byggðakvótinn heppnast verr en sértæki, sennilega vegna meiri fyrirsjáanleika og meiri eftirfylgni með að ná markmiðum.
- Viljum búa í öflugum byggðarlagi og hafa aðgang að opinberri þjónustu, það er settur byggðakvóti þar sem er ekki einu sinni pósthús eða matvöruverslun, hver vill búa þar?
- Það er kraftur í stóru fyrirtækjunum og í krafti stærðarinnar hafa stóru fyrirtækin komið að stofnun lítilla fyrirtækja sem eru að vinna aukaafurðirnar.
- Það sem er tengt strönd sveitarfélaga á að renna til sveitarfélaga. Þarf að tryggja það að þau sem sinna nærþjónustu við auðlindina fái hluta af auðlindagjöldum.
- Það þarf að vinda ofan af samþjöppuninni, þurfa þeir stóru ekki að setja eitthvað af afla á markað? Fiskmarkaðir eru nefnilega líka að svelta.
- Þarf að finna nýja lausn á brothættum byggðum en að færa þeim kvóta.
- Þegar strandveiðin hefst stóreykst útflutningur á ónunnum fiski.

- Að tala í gífurðum gerir ekki gott, ýkjur að það sé svakaleg ósætti um sjávarútveg í þjóðfélaginu. Fæstir í Reykjavík að velta þessu fyrir sér þar til að þeir sjá einhverja neikvæða fréttagrein.
- Þurfum ekki bara að ná sátt við þá sem hafa keypt sig inn í greinina, það þarf sátt við fólkið í landinu.



Efnahagur

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að efnahagsstoð sjálfbærrar þróunar á opnum fundum á Ísafirði, Akureyri og Eskifirði og í Vestmannaeyjum.

- Allan fisk á markað? Við erum hluti af EES, það er fullt af ESB löndum með lágan launakostnað sem bíður í röðum eftir óunnum fisk. Frekar að hindra útflutning á óunnum fiski.
- Auka hvata til þess að auka verðmæti sjávarfangs, hægt að tvöfalda verðmætin á stuttum tíma. Stækka kökuna með því að vinna frekar úr hliðarafurðum, t.d. Kerecis.
- Auka verknám á landsbyggðinni er rosalega góður punktur. Það hefur verið mótstaða við því í 101. í gamla daga fóru tossarnir í verknám, verknám á að vera kennt á háskólastigi.
- Bendir á verkefnið Húni sem býður upp á siglingu og samstarf við skóla, bjóða 6. bekk í ferðir til að kynna sjómennskuna.
- Ekkert í dag sem tryggir að frumkvöðlar hafi tryggt aðgengi að hráefni, kalkpörungar, lax og annað.
- Fiskvinnslur gátu bjargað sér í gamla daga með því að fylla upp í tómu dagana með fiskmarkaðsfisk en það er að verða erfiðara og erfiðara vegna styrkja ESB til fiskvinnsla í Evrópu til að byggja hús og fiskkaupa, sem leita hingað til lands að kaupa fisk.
- Fullt af fyrirtækjum sem hefðu ekki hætt hefði 5,3% ekki verið ofan á niðurskurð fiskisstofnanna, pottarnir fjölguðu brothættum byggðum. Verið að taka kvóta af atvinnusjómönnum og færa til annarra. Það er bara verið að taka af einum og gefa öðrum. Þetta er bara pólitísk ákvörðun og það þarf bara segja það.
- Greinin hefur lofað starfsfólki vinnu alla virka daga allt árið og lofað viðskiptavinum fiski 52 vikur á ári og það er verra og verra að standa við það þegar ráðgjöfin lækkar eins og hún hefur gert síðastliðin 2 ár. Vafi um vísindaniðurstöður en sætta sig við það.
- Hagkvæmni stærðarinnar er að koma betur og betur í ljós og við erum að keppa á alþjóðavísu á mörkuðum og það þarf afhendingaröryggi, við verðum að standa við það sem við lofum.
- Í stóra kvótakerfinu of mikil samþjöppun og allur kvóti safnast á örfáar hendur, mun meira en fólk grunar. Útgerðir í landinu óhagstæðar þar sem kvótinn er kominn á örfáar hendur.
- Íslenska ríkið er stærsta útgerð landsins með 5,3% það þarf að ræða við þá sem nýta þetta um hvernig á að nýta þetta betur. Lausnin er ekki að hækka prósentuna.
- Leigumarkaður með aflaheimildir ekki til og það er áhyggjuefni, skiptimarkaður Fiskistofu ekki að virka.
- Markaðsmál - Skiptir máli að taka hluta útflutnings í sjóð til að stunda öflugt markaðsstarf.
- Mikil tækifæri í þaranum. Þetta er lyfvirkt og lífvirkt. Það er að fara allt í vinnslu erlendis, erum að flytja allt of mikið út.
- Möguleiki á minni fjárfestingu í greininni, mögulega vegna þeirri óvissu sem er í greininni. Framundan eru miklar breytingar í greininni og loftslagsmálin skipa stóran sess í þeim málum. Mikilvægt að breyta umræðunni um auðlindanýtingu, horfa til þess hvar við náum sem bestum árangri.
- Nær sjávarútvegur markmiðum laganna? Já, hann er í dreifðri eignaraðild, sjálfbær og hagkvæmur.
- Rekjanleiki og stafræn umbreyting, af hverju eru fyrirtækin ekki að nýta þetta?
- Rekum öflugan sjávarútveg hér og það er stórútgerðinni að þakka að íslenskur fiskur sé þekktur. Þeir kynna vörurnar.
- Sjávarútvegsfræði við HA hefur eftir sjávarútveginn gífurlega á síðustu árum. Nemendahópurinn krafamikill og fjölbreyttur og það eru þau sem munu breyta þessu. Hvernig náum við fleira af nýju ungu fólki í greinina ef hún er töluð niður í sí og æ?
- Sjómenn verða fyrir atvinnumissi vegna þess að það er verið að færa í pottana, verið að taka af atvinnusjómönnum.
- Skiptir máli hvernig við nýtum hráefnið. Mikill útflutningur á óunnum bolfisk, byggir á samkeppnisstöðu, styrkir ESB og vinnulöggjöfin.

- Stjórnvöld hafa unnið að því að útiloka einstaklingsútgerðir, endalaust hræðsluáráður um það að það eigi að kollvarpa kerfinu í næstu kosningum.
- Stuðningur við menntun í faginu hefur verið takmarkaður af hálfu hins opinbera, í Tromsö er aðgangur að 3 rannsóknarskipum, HA hefur ekki aðgengi að neinu skipi eða bát. Hvernig ætlum við að efla og styrkja rannsóknir ef við erum ekki að fjárfesta í þeim búnaði og þekkingu sem þarf. Hvar eru sjóðirnir sem styrkja doktorsnám og búnaðarkaup í faginu? Næstu skref munu snúast um dýpri þekkingu, lengra inn í líffræðina og það er gert með rannsóknum.
- Stækka kökuna með nýjum nytjastofnum, t.d. þörungar, auka vísindin í því ljósi.
- Talað um að 2,2 milljarða vantaði þannig að rétt verð fengist fyrir söluna á Íslandsbanka. Nú þegar SKE hefur samþykkt kaup SVN á Vísi renna 4,4 milljarðar í ríkiskassann við það.
- Vantar lög um þangrækt og erfitt að hefja slíka rækt þegar lögin liggja ekki fyrir, eins í skeldýraræktinni, íþyngjandi ákvæði sem er að ganga að greininni dauðri.
- Veidigjaldið ekki sanngjarnt milli flokka. Smábátarnir, uppsjávarskipin og svo hefðbundinn bolfiskur. Veidigjaldið hittir bolfiskinn verst, atvinnugreinin sem býr til flest störf in í landinu og veiðigjald 38% af hagnaði. Þetta er líka sá flokkur sem greiðir langhæsta hlutfall af sínum tekjum í laun. Langstærsta skattsporið af bolfisksfyrirtækjunum.
- Verið að keyra Dalvíkurhöfn í taprekstri en á sama tíma krafa að endurgera höfnina fyrir 300 milljónir en svo er líka krafa að lækka hafnargjöldin úr 1,6 í 1,3. Áhrifin af þessu yrðu gríðarleg. Það fer saman með útgerðinni að hafa góðan rekstur á höfnunum.
- Það sem af er ári er búið að leggja fullt af stórum skipum um landið. Líklegt að þessi skip sigli ekki í tvo mánuði á næsta ári. Búið að leggja mikið fjármagn í þessi skip og tæki og þessi fjárfesting þarf bara að vinna fyrir sér eins og aðrar fjárfestingar.
- Það þarf að stækka kökuna og veiða meira t.d. miðsjávartegundir, umbunarkerfi til nýsköpunar á veiðum á slíku þarf að vera til staðar.
- Þarf að horfa víðar um hvað er hægt að nýta, ekki endilega fiskinn eða það sem syndir.

Opinn fundur á Grand hótél



Umhverfi

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að umhverfisstöð sjálfbærrar þróunar á opna fundinum á Grand hótél í Reykjavík.

- Loftslag og gæði. Á fiskistofa.is finn ég að 5 hæstu línuskipin sem veiða jafn mikið og öll handfærin. Eru til upplýsingar um gæði fisks sem er veiddur á þessum tveimur skipum. Og hversu mikla olíu þarf til þess að veiða þennan fisk.
- Skynsamleg umræðan um að veiðisvæði skiptist eftir tegund veiðarfæra. Kom inn í samráðsgátt umræða um friðun svæða fyrir 2030, mér finnst það þurfi að horfa á mismunandi veiðarfæri þar. Mér finnst augljóst að ef það á að vernda veiðisvæði að taka þá þegar röskuð svæði og halda þeim inni og vernda frekar svæði sem ekki er röskuð.
- Það vantar baksöguna á bakvið þessar tillögur, vísindamaðurinn vill komast að því hvernig í ósköpunum þið komust að þessari niðurstöðu. Það er fjármagnið sem skiptir máli, hef ekki áhyggjur af fólki eða tímanum en það þarf að fjármagna þetta. Það vilja allir auka rannsóknir en ég sé ekki að hið opinbera ætli að gera það. Það sem vantar: það vantar bakgrunnsefnið. T.d. skilja ráðgjöf og rannsókn. Rannsóknir og ráðgjöf aðskilið? Þetta er hvergi gert í sitthvoru lagi. Talað um fólksfæð en það er ráðgjöf sem er endapunktur rannsókna. Aðskilnaður rannsókna og ráðgjafar kallar á tvöfalt starfsfólk.



Samfélag

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að samfélagsstoð sjálfbærrar þróunar á opna fundinum á Grand hótél í Reykjavík.

- Ein mesta auðlindin okkar er starfsfólkið okkar. Bæði til lands og sjós. Mig langaði að benda á að eina hæsta tíðni vinnuslysa síðastliðin áratug hefur verið í fiskvinnslu. Höfum náð góðum árangri að fækka banaslysum á sjó. Hvet hópinn til að leggja meiri áherslu á öryggismál á landi og sjó og rannsóknnum á slysum. Tala nú ekki um nýsköpun, erum þekkt í heiminum fyrir það. Mikil tækifæri að gera enn betur í öryggismálum með nýsköpun og gera öryggi að útflutningi.
- Kom upp með kynjakvóta í þessari grein. Í mínum huga er það að það eru allt of margar hömlur á þessari í grein. Þetta er þínu froðusnakk. Það vantar rannsóknarspurninguna. Hvernig getum við tryggt aðgengi að auðlindinni. Kynjakvótann: í mínu tilfelli hvernig í veröldinni, ég er eina konan sem starfar í þessu. Þetta er smá grunnhyggið. Það þarf að tala við þetta fólk sem hefur talað hér og talað við fólkið sem vinnur í greininni. Hvernig getum við tryggt það að allir fái að starfa í hlutaskiptakerfinu óháð kyni.
- Með strandveiðikerfið og byggðakvóta. Það er alveg hægt að laga strandveiðikerfið með þessum almenna byggðakvóta, byggðakvótinn einn og sér dugar ekki. Ekki auðvelt að semja við litlar vinnslur, skarast oft þannig að samningar bara nást ekki og þetta virkar ekki. Þetta á kannski betur heima inn í strandveiðikerfinu. Allar þessar lagfæringar hafa bitnað á litlum og meðalstórum fyrirtækjunum. Laga hjá einum og gera annan verri. Rauði þráðurinn í gegnum þetta eru hafrannsóknir. Alltaf verið að úthluta minna og minna. Tegundir hverfa og koma til baka og Hafró nær ekki að fylgja þessu eftir, það er ekki bein sókn í þessar tegundir en það er samt mokveiði. Veit ekki hvort sértæki byggðakvótinn er skárri en hinn, en það þarf ekki að sparka í aflamarkskerfið til þess að efla strandveiðikerfið.
- Ótrúlegt að alast upp í stærstu fiskveiðipjóð í heimi en koma svo að lokuðum dyrum í strandveiðinni, þetta eru í raun hobbýveiðar. Það ætti að tryggja 48 daga, þetta eru örfáir bátar, furða mig á því að það er ekki betra aðgengi fyrir unga menn.
- Það er ekki bara að kaupa bát og byrja, það verður að tryggja okkur 48 daga til þess að þetta borgi sig eitthvað, þetta er dýrt, ég er bara búinn að vera í eitt tímabil. Við erum allir að koma með toppafla í land til þess að fá sem hæst aflaverðmæti í landi, ég var þrjú ár að safna fyrir mínum bát áður en ég gat byrjað.
- Þori ekki að kalla mig strandveiðimann því þá er ég bara hobbýkall. Erfitt að átta mig á: sátt fyrir hvern? Þætti gott að fá svar frá nefndinni, get ekki greint það sjálfur, þjóðin er látin lúta lægra haldi, 5,3% byggðkvóti sértækur og almenni sami grautur í sömu skál, sértækur er verri í mínum bókum. Maður verður að eiga kvóta til þess að geta spilað með í sértæka kvótanum. Það ætti frekar að taka þessi 5,3% og í ríkisleigu fyrir kvótalitla eða kvótalausar, það myndi skila sér jafnvel í byggðalagið.
- Vek athygli að strandveiðar hafa skapað mesta sátt um íslenskan sjávarútveg. Strandveiðar er það lím í sjávarútvegi sem við þurfum. Tal um að afnema strandveiðikerfið skil ég ekki, þarf að efla strandveiðikerfið og tryggja 48 daga. Allir strandveiðimenn yrðu sáttir ef það er tryggt í 48 daga. Þarf ekkert annað að gera en að taka eina setningu úr lögum um stjórn fiskveiða sem kveður á um að Fiskistofa stöðvi strandveiðar þegar ákveðnum afla er náð, þetta myndi auka sátt langmest.
- Ég er a svæði A og er alveg á móti svæðaskiptingu strandveiða. Hvetur til kapphlaups í alls konar veðrum, stefnir mönnum í háska, smærri og verri fisk og minni aflaverðmæti. Hvers vegna er verið að leggja til að breyta einhverju sem mikil sátt er um og skil ekki af hverju það er verið að breyta þessu. Á Íslandi eiga að vera frjálsar handfæraveiðar. Eins á að sleppa aflahámarki á dag, það er engan veginn hagkvæmt, svo ekki sé talað um kolefnissporið. Strandveiðibátar eru að koma með besta mögulega hráefnið að landi, miklu betra en togaður fiskur. Frjálsar handfæraveiðar eiga að vera við lýði allt árið um

kring og njóta forgangs yfir allar aðrar veiðar. Stjórnarskrárverndaður réttur, sem stjórnvöld hafa hrifsað af sjómönnum. Krefst þess að ráðherra byrji á að þröngva að togurum og auka umhverfissvænar veiðar. Slæmt ef að Auðlindin okkar komi ekki til móts við skoðanir almennings um að horfið verður frá óréttlætinu að auðurinn safnist á fáar hendur. Einnig skal hert á reglum um eignarhald á

handfærabátum, hver kennitala eigi eingöngu aðild að einum handfærabát og eigandi rói sínum bát. Alltaf að færast í meiri og meiri vöxt að menn láti gera út fyrir sig og sé að gera út 2-3 báta í einu. Þetta verður að stoppa. Með verndun hafsvæða fyrir 2030 það er ekki gert með því að hleypa stórum togurum upp í kálgarða og inn fyrir 12 mílur.



Efnahagur

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að efnahagsstoð sjálfbærrar þróunar á opna fundinum á Grand hótél í Reykjavík.

- Ekki búið að tala um aðgengi okkar og ferðapjónustu. Þetta hótél er t.d. í eigu stærsta ferðþjónustuaðilans. Aðgengi að besta hráefninu upp úr hafinu er að verða erfiðara og erfiðara. Er búið að ræða við hagaðila í ferðapjónustu? Veitingahús eru um leið búðarglugginn fyrir þá sem útgerðin fær hingað. Neysla fiskis hér heima. Menningarleg tenging minnkar og fólk yngist og fólk missir meiri tengingu við greinina. Samfélagið tapar til lengri tíma missir fólk áhuga á greininni. Markaðssetning: framhlaðin fjárfesting. Vandinn í greininni er að menn sjá ekki árangurinn strax. Langtímaskuldbinding í markaðssetningu tryggir aðgang að því vel menntaða fólki.
- Endurskoða það að línuívilnun sé barn síns tíma heldur er hún gríðarlega mikilvæg.
- Herða veiðiskyldu. Nokkrar tegundir sem ekki eru nýttar að fullu, ufsastofninn hefur aldrei verið fullnýttur, heldur vannýtt frá setningu kvótakerfisins, þúsundir tonna deyja á botni. Ég er með tillögu til nefndarinnar; frjálssar handfæraveiðar á ufsa. Í Noregi virkar þessi tegundastýrða sókn. Fróðir menn segja mér að þessi floti gæti aukið aflaverðmæti um 5-6 milljarða á ári bara við að nýta þennan fisk sem annars syndir í aðra lögsögu.
- Hugsaði nefndin eitthvað um útflutning á óunnum fiski? Mikill ávinningur af því að stunda innlenda fiskvinnslu. Taka upp hanskann fyrir trillukarlanna. Hlutur landsbyggðarinnar mikið fyrir borð borinn í tillögunum, sviptur því litla góða sem hann hefur. Hvet ykkur til að efla strandveiðar, aflinn þaðan er góður. Útgerðin sem talar um strandveiðikvóta sem slæman afla en kaupir strandveiðikvóta í sí og eitt. Uppboðsmarkaður aflaheimilda, þar eru tækifæri til að auka aðgengi, sagt að ríku mennirnir muni þá kaupa það allt en það er hægt að hafa alls konar þök og stýringar á því ef menn bara vilja það.
- Málefnið sem ég vil impra á er falið stórmál í þessu, vona að það verði lög. Vona að það verði lögð meiri áhersla á útflutning á óunnum fiski. Það að útflutningur á óunnum afla skekkir samkeppnisstöðu íslenskrar fiskvinnslu gríðarlega. Mikilvægt að verðmætaaukningin eigi sér stað hér á landi. Hóparnir leggi meiri áherslu á útflutning á óunnum fiski.

Viðtöl



Umhverfi

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að umhverfisstöð sjálfbærrar þróunar frá viðtölum starfshópanna við hagaðila og sérfræðinga.

- 30% by 2030, hvernig á að gera það miðað við stöðuna í dag. Enginn fengið slíkt verkefni. Þyrfti að vera hópur með breiðan þekkingagrunn sem gæti mótað stefnu um þetta. Þverfarlegur starfshópur og setja fjármagn í þetta.
- 90% af smábátamönnum með eigin kör. Fiskinum er svo sturtað yfir í stöðluðu körin sem skerða gæðin verulega.
- Að veiða hvalinn mun ekki hafa jákvæð áhrif á nytjastofninn okkar. Þeir hafa það hlutverk að dreifa næringarefnum í efri lög sjávar. Þeir færa næringu frá einu svæði á annað. Fyrir þann tíma sem hvöllum fækkaði þá var flutningur næringarefna meiri.
- Aðgengi að gögnum fyrirtækja er eitt af tækifærunum sem við höfum, nýta það t.d. með gervigreind, að lesa það sem viljum úr störu gagnasöfnunum.
- Aðgreining á ráðgjöf og rannsókn. Það eru nær engar rannsóknir í gangi, er þátttakandi í mörgum verkefnum. Rannsóknarverkefni innan Hafró sem stýrt er þar eru örfá. Ráðgjöfin er skotheld og sú besta á heimsmælikvarða. Mjög sterkur hópur í kringum ráðgjöfina. Hægt að gera rannsókn á ráðgjöf, færa okkur í fjölstofnalíkön og fleira.
- Afleiðingar niðurskurðar eru að í tilteknum verkefnum Hafró er að ekki verið að ráða sérfræðinga, heldur fastráðnir starfsmenn sem vinna verkefnin. Ávinningur af flæðinu, tengingar og fleira sem eykur fjölbreytileika í starfseminni.
- Alltof mikið af skýrslum unnið fyrir einkaaðila sem eru lokaðar og enginn hefur aðgang að.
- Áhyggjur af áhrifum þarasláttar á uppeldissvæði þorsks.
- B-hluta á náttúruinjasrá (framkvæmdaætlan fyrir verndarsvæði, byggt á samningi um líffræðilegan fjölbreytileika). Velti fyrir sér af hverju Hafró gerir það ekki fyrir verndarsvæði hafi, B-hluti í hafi.
- Brottkast sveiflast með markaðinum á hverjum degi. Ráðgjöfin yrði hærri ef öllum afla yrði landað.
- Búið að skrifa undir reglugerð um grænar fjárfestingar en ekkert gerist.
- Búið er að skera of mikið niður í hafrannsóknunum. Áhættuþáttur. Það vantar grunnrannsóknir á stofnum. Það verður veikleiki til framtíðar lítið. Allt byggist á rannsóknum – ráðgjöf og útdeiling veiðiheimilda.
- Drónót er afkastamesta veiðarfærið í að sópa rusli upp úr sjónum.
- Drónaefirlit hefur leitt í ljós að helmingur báta stundi brottkast. Talið var að brottkast taldist til undantekninga en er miklu meira en menn grunaði.
- Ef veiðarfærafrelsi væri til staðar myndum við samt veiða á línu, á ákveðnum tímum veiðist ekkert á línuna en krókabátarnir þurfa samt að fara út á veiðar. Eini fiskurinn sem bítur á þessa stundina er steinbítur og það er hlutfallslega mun hærri veiðigjöld á þeim tegundum.
- Ef við getum byrjað á því sem grípa má strax. Grunnrannsóknir og koma af stað fjármagni sem styður fjölbreyttari vistkerfarannsóknir. Fullt af upplýsingum eins og með selina.
- Ef þróunin heldur áfram höldum við áfram að hjakkast í 200.000 tonnum. Stofnmat Hafrannsóknarstofnunar. Það er ekki að skila tilsettum árangri, þá verðum við að vera tánun ekki staðna. Þá þarf að skoða hvað er að. Barentshafið t.d. þorskveiðikvótinn jókst. Nýja Sjáland hefur staðið sig vel í því að vernda hafsvæðin. Og auka þannig fiskgengd. Ég er sammála að sjálfbærni veiðanna hafi verið náð. En er ekki sammála að það hafi verið náð heildarmarkmiðum. Humarinn t.d. hvarf, við leyfðum þorsknum að éta humarinn.
- Eftirlit er ábótavant. Það eru um 20 manns í eftirliti hjá Fiskistofu. Ef þetta yrði helmingi meira væri hægt að vera með lágmarkseftirlitsþekju en samt sem áður vandræðalega lítið eftirlit.

- Eftirlit: drónaeftirlit fínt en það þarf að vera jafn mikið eftirlit í öllum kerfum, einnig að nýta tæknina sem er um borð í skipunum við eftirlit.
- Eftirlitsaðilum er ekki heimilt að fá beint streymi í tollaupplýsingum. Þurfa að senda póst og óska eftir gögnum frá einum aðila í einu.
- Eftirlitsyfirvöld þyrfti að hafa heimild til að beita sektum t.d. vegna ósamræmis í vigtunum og afladagbók.
- Eiga útgerðir að bera kostnaðinn af eftirlitinu?
- Eitthvað fleira þurfi að vernda en viðkvæm búsvæði á botni, sjófuglabýggðir sem nýta hafsvæði, mikið til af gögnum í gegnum staðsetningarbúnað, ætisvæði og fleira. Horfa til upplýsinga sem eru til og byggja á því. Spendýr, selir og hvalir og hvað kemur upp úr veiðarfærum af spendýrum. Meiri rammi á sjávarútveginn vegna spendýra. Ljósamengun varðandi fugla og spendýr, trufla fuglabýggðir.
- Ekkert mál að vernda þau svæði sem eru ekki eftirsóknarverð. Hvað er verndun og á hvaða stigi er verndunin? Í Ástralíu er áhugavert að sjá hvernig svæðin eru skilgreind eftir mismunandi verndun. Starfshópurinn þyrfti að horfa til markmiða verndunar og hvernig á að skilgreina verndarsvæðið. Það sem hamlar málaflokknum er flókin stjórnsýsla og pólitíkin.
- Ekki hægt að gefa kvóta í stað þess að veita afslátt þegar verið er að taka græn skref því þá er verið að taka af einhverjum öðrum.
- Ekki hægt að rengja vísindamennina í Hafró þá, alveg sama hvað sjómennirnir segja það fer beint í gegn. Ef við gefum okkur það að allar þessar tegundir eiga að vera vísindalega úthlutað. Stóra málið með óánægju er það að það er of lítið úthlutað. Ef að aflamarkskerfið er gott og menn finna leið til þess að bæta við. Ekki bara taka og taka af.
- Ekki möst að aðskilja rannsókn og ráðgjöf, en það þarf að lyfta upp rannsóknnum og ekki þar með sagt að þær nýtist ekki í ráðgjöfinni. Efla rannsóknarþáttinn fyrir grunnrannsóknir, meiri fókus og fjármagn þangað. Vita meira um þær hröðu breytingar sem eru í hafinu og setja meiri fókus á þetta.
- Ekki raunverulegur pólitískur vilji að hjá ráðherra og ríkisstjórn að auka fjármagn til Hafró.
- Ekki skýr skipting í viðurlögunum milli Fiskistofu og Landhelgisgæslunnar. Þarf að sameina þessa þrjá lagabálka: stjórn fiskveiða - veiðar í lögsögunni og umgengislögin.
- Er eitthvað svæði sem er mikilvægr, þá eru það fæðisvæði hvala. Það er engin reglugerð um ágang og nýtingu hvalaskoðunarskipa á tilteknum svæðum. Mikið ágengi á fæðuöflunarsvæði hvala. Veiðarfærin, bæði drauganet, grásleppunetin vegna verndun sela og ferðaaðilar, ferðamenn að fara inn á sellátur er líka mikið.
- Er til listi yfir möguleg svæði sem áhugi er að vernda? Það er komin skýrsla frá Hafró um það. Ef Hafró hefði betri stuðning við að vinna þessa vinnu þá væri hægt að gera meira. Hafró tilnefnir bara viðkvæm botnssvæði út frá fiski en ekki annað út frá lífríki hafsins.
- Fataalt að byggja skip sem er ekki með 5m skrófu, allar hafnir leyfa það en aflvísirinn ekki. Munurinn á 5m og 4m skrófu er gríðarlegur í togi. Þessi öflug skip eru að eyða mikilli olíu.
- Fáar rannsóknir á grunnlífi og Hafró hefur lítinn sveigjanleika og allt fjármagn fer í nytjastofna. Veit bara um 2 sem stunda rannsóknir á grunnsævi. Fjármögnun verkefna háð samkeppnissjóðum Evrópusambandsins.
- Fiskistofa rúkkar útgerðir fyrir kostnaðinn við það að sækja týnd veiðafæri. Því þarf að breyta af því að þá tilkynna útgerðirnar ekki týndu veiðafærin og líkur á því að þau finnst aldrei.
- Eftirlitsaðilum vantar fjármagn og starfskraft til að sinna lögbundinni skyldu sinni. Lögin hafa breyst lítið í tímanna rás og nokkur ákvæði alls ekki nógu skýr. Lagabreytingar fylgja ekki tækniþróun. Upplýsingagjöf varðandi afladagbækur þarf að vera sjálfvirkari. Lögin þurfa tiltekt. býður upp á mikla sniðgöngu
- Fiskmarkaðir birta ís% en ekki alltaf hitastig, stundum er óveiddur fiskur seldur og þá er ekki hægt að birta hitastig.
- Fjármagnið fer í að vakta nytjastofna og vantar grunnrannsóknir. Einyrkjar og rannsóknarstofnanir hafa reynt að sinna því eins og fjármunir leyfa. Vantar opinbert fjármagn til að sinna rannsóknnum. Endurspeglar það að einstaka vísindamenn hafa áhuga á því og finna fjármagn til að sinna því.
- Frjósamasti hluti hafsins er frá 50m og upp að fjöru og það er ekki verið að skoða það mikið. Það er verið að bæta við laxeldisstöðvum, grafa sand úr fjörum og fleira og það er lítið sem ekkert búið að rannsaka þetta. Kortlagning hafbotnsins er verkefni þar sem verið er að sjá hvernig hafsbotninn lítur út. Þetta verkefni tekur um 13 ár. Og fjármagnið sennilega löngu búið.
- Fyrsti þátturinn í verðmætasköpuninni, hafrannsóknir, hvað er að gerast í sjónum, hvernig getum við nýtt þetta.

- Við erum að skera við nögl. Ef að við þekkjum ekki lífsferil lífveranna sem eru í sjónum, vonar að út úr þessu komi að allir geti verið sammála um að gera þarf betur í hafrannsóknunum.
- Gallinn er sá að kjarnastarfsemi Hafró er ekki í lagi og á meðan að það er þannig er ekki hægt að hugsa um stærri drauma.
 - Gera meira af formlegri og svæðisbundinni vernd í hafinu, en það þarf að byggja á grunnkortlagningu og gera þarf þar betur. Íslendingar aftarlega á merinni um formlega vernd í hafinu, bara beita fiskveiðistjórnunarkerfinu til að ná fram verndun. Þeim stjórnækjum í náttúruverndarlöggjöfinni hefur ekkert verið beitt í hafinu. Náttúrustofnun hefur það verkefni að leggja til verndarsvæði m.a. í gegnum náttúruuminjaskrá sem lögð er fyrir Alþingi. Þyrfti að gera sambærilegt fyrir lífríki í hafinu.
 - Greinin vill ekki formleg samskipti við Hafró, manneskjulegri samskipti eins og að taka upp símann og spjalla. Núverandi matvælaráðherra ekki eins aðgengilegur og aðrir ráðherrar.
 - Grunnsvæðið er eitthvað sem hefur verið skilið eftir allt of lengi. Tengja þetta við skipulagsáform og fleira, til að teygja sig í landgrundið.
 - Hafrannsóknir eru á undanhaldi. Hafró á ekki að gefa 0 ráðgjöf þegar stofnar breyta heldur rannsaka hvers vegna stofninn er 0 og reyna að gera betur.
 - Hafró búið að hafa af Íslandi marga milljarða, gengur ekkert að stækka stofninn sem er eina ástæðan af hverju stofnunin var sett á laggirnar á sínum tíma.
 - Hafró er mjög viðkvæm ef einhver dettur út. Mikill nýliðunarbúi, ekki staðið okkur nógu vel að mennta fiskifræðinga. Þyrfti að vera betri tenging milli Hafró og háskólanna.
 - Hafró hefur ekki rannsakað áhrif aukinna tegunda/nýrra tegunda á lífríkið eins og þau vilja, Hvaða áhrif hefur tilkoma makríls á lífríkið? Hver étur hvern? Ef tekið er öfgadæmi myndi makrillinn hafa neikvæð áhrif á lífríkið, má stýra þessu þannig að einhver myndi vilja minnka ákveðinn stofn.
 - Hafró og HÍ ættu að gera samstarfssamning um rannsóknir í grunnsjó. Ávinningur af slíku tæki langan tíma, en nýtast sérfræðingarnar miklu betur.
 - Hafró velur ekki tegundir sem á að forgangsraða, stjórnvöld gera það. Þorskur er mikilvægasta tegundin og humri var fórnað á sínum tíma til að stækka þorsksstofninn.
 - Hefur verið lítið álag á strandsjó en núna er viðbúið að það verði fjölþætt álag. Stíga varlega niður og taka eitt skref í einu í því. Þegar er nýliðun undir meðallagi í helstu nytjastofnun og erfitt að átta sig á því. Nýliðun misjöfn milli ára og í eðli sínu breytileiki í umhverfinu og það geta komið stórir árgangar. Vitum ekki hvort breytingar síðustu 10 ár séu að valda verri nýliðun. Vantar grunnþekkinguna til að meta áhrifin. Vitum ekki hvort breytingar síðustu 10 ár séu að valda verri nýliðun. Vantar grunnþekkinguna til að meta áhrifin.
 - Hvað gera stjórnvöld til að bregðast við áhrifum á líffræðilegum fjölbreytileika. Verið að vinna grænbók og náttúrustofa Suðvesturlands hefur verið að sinna þessu og stunda rannsóknir á landsvísi en fá ekkert fjármagn. Vöktun á grjótkrabba frá 2007, hefur verið fjármagnað úr samkeppnisjóðum, ekkert komið frá stjórnvöldum. Þetta er viðleitni stjórnvalda til þessa málaflokks.
 - Hver ber ábyrgð á brottkastinu, það þarf að koma mjög skýrt fram í lögum.
 - Hægt að gera eftirlitið betra með auknu gagnafleði og miðlun gagna. Þarfnast samtals við Fiskistofu. Snurvoðuveiðar slegnar út af borðinu vegna þess að kjarasamningar eru svo óhagstæðir. Veiðarfæri sem notar litla orku og fær gott tog, kemur illa út vegna launahlutfallsins.
 - Hægt er að fá samanburð á olíunotkun tonn fyrir tonn þegar skipaflotinn endurnýjast en erfitt er að mæla þann árangur marktækt vegna breyttra aðstæðna í sjávarútvegi, þ.e. veður, straumar, fiskgengd o.þ.h.
 - Hærra aflapak myndi auðvitað skila sér í færri skipum sem myndi auðvitað skila sér í minna kolefnisspori. Kolefnisspor í greininni er almennt mjög lágt.
 - Íblöndun er að skemma vélar og árangur íblöndunar óljós.
 - Kjarasamningur við sjómenn um olíu myndi ekki gera marktækan mun, sjómenn borga minniháttar hlut í hlutfalli á olíukostnaði.
 - Langtímaframtíðarsýn með t.d. plastnotkun og meðafla mikið vandamál. Vantar að koma þessum málum í farveg.
 - Línuveiðar flytja inn beitu í skipavís og línar hefur einnig áhrif á botninn.
 - Línuveiðum fer fækkandi vegna hækkandi launa við beitun og lengri tími á sjó.
 - MAR hefur bara valdheimildir um nýtingu en ekki náttúruvernd sem er á forræði annars ráðuneytis.
 - Margir að skipta úr línu í troll vegna þess að gæðin í trollveiðum eru orðin jafn mikil og á línu. Mestu

- umhverfisáhrif trollana eru hlerarnir og rokkhopperarnir. Meira viðnám í trollunum og þar af leiðandi meiri olíunotkun. Því minni snerting því minni olía.
- Með auknu drónaeftirliti hefur það komið í ljós að um helmingur af bátum sem við fljúgum yfir, þar er greint brottkast. Þetta er kúltúr sem þarf að útrýma. Myndavélar og myndgreiningar, það er gífurlegar framfarir í þessu. Það þyrfti að koma upp myndavél þar sem aflinn er tekinn um borð og þar sem að afli sé líklegur að fara af borði. Það þarf hugarfarsbreytingu. Eins og veiða lúðu, forðuðust allir að veiða lúðu og um leið og menn vissu að lúðan væri að hverfa og þá skildu menn þetta.
 - Með því einungis að endurnýja og þróa skipaflotann verður mikill orkusparnaður, spurning hversu mikið er hægt að þróa skipin.
 - Megináherslan í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fiskveiðieftirlit sú að Landhelgisgæslan tæki við eftirliti á sjó. Erlendis er strandgæslan eða herinn með þetta eftirlit, aðilinn í landi yfirleitt ekki að halda utan um þetta.
 - Meiri kröfur á Hafró um ráðgjöf vegna nýrra tegunda. Nýtingaraðilinn á að bera kostnað af þessum hlutum. Á Hafrannsóknarstofnun að geta sérhæft sig í öllu? Þurfa að vera rannsóknarteymi og það getur ekki verið ein manneskja sem þekkir einstakar tegundir.
 - Mikið af gömlum skipum á sjó, við eigum helling inni í olíuspörun bara með endurnýjun skipaflotans, það er um 20-25% sparnaður bara í því.
 - Mikið magn af rauðátu og ljósátu, en hvað er þetta mikið og má fara í massívar veiðar? Þarna eru mjög skiptar skoðanir en alltaf einfaldað út frá manni sjálfum, mjög flókið dæmi. Riðlast allt í vistkerfinu þegar eitthvað er tekið út.
 - Mikill sigur við það að koma á aflareglum, lokun svæða hefur svo verið að detta inn en það vantar stefnu stjórnvalda í lokunum svæða. Vilji til staðar innan Hafró að rannsaka lokanir.
 - Mikill vilji og verið að sækja í að nýta svæðin fyrir allskyns atvinnuvegi. Við höfum verið heppin að vera fá og með stórt hafsvæði og höfum ekki þurft að skipuleggja allt mjög nákvæmt. Núna þarf breiðari þekkingu, t.d. botngerðir, samspil tegunda o.fl. Vistkerfisáhrifin, að gera það heildstætt er flókið verkefni og ekki víst að við værum betur stödd þannig.
 - Mikilvægasta loftslagaðgerðin væri aukið samstarf milli Hafró og útgerðaraðila, vita betur hvar á að sækja aflann.
 - MSC vottun er alveg galið dæmi. Litlir borga alveg það sama og stóru aðilarnir.
 - Myndavélar um borð á skipum Brim í tilraunum. Útgerðin vill ekki brottkast en freistnivandi hjá sjómönnum er svo gífurlegur.
 - Möskvareglugerðir hamla framþróun í veiðafærum.
 - Notkun á frauðplasti neikvæð. Minni not á plasti og meiri endurvinnsla.
 - Nýja hafrannsóknaskipið er bara að komast grænt út úr höfninni sem er glæsilegt.
 - Nýliðunarvandi Hafró ekki eins mikið vandamál og áður. Það verður að passa að það séu önnur tækifæri fyrir þá sem mennta sig sem fiskifræðingar vegna þess að annars er fólk bara að mennta sig út í horn.
 - Orkuskipti á landi eru mun lengra komin en orkuskipti á sjó. Mikilvægara væri að auðveldaflutning á landi. Hugmynd: Græna lestin, menn eru að sigla norður að veiða en landa svo fyrir sunnan. Væri ekki einfaldara að landa á næstu höfn og ferma aflann með grænni lest suður.
 - Rafrænar afladagbækur eru bara einskipti innviða fjárfesting.
 - Rafvæðing hafna mjög mikilvæg svo hægt sé að rafvæða skipaflotann.
 - Rannsóknarsetrin hafa enga stöðuga fjármögnun en það mætti hugsa sér að vera með sameiginlega starfsmenn og þar eru möguleikar fyrir reglubundin verkefni. Að gera hluti á hagkvæman hátt. Sparnaður að geta gert hlutina í þessari miklu nálægð.
 - Rannsóknir á meðafla – engin ákvörðun tekin. Það þarf stefnumótun með stjórnvöldum, hvað Hafrannsóknarstofnun á að gera. Betra að vera góður í fáum hlutum en slæmur í mörgum hlutum. Er hluti af allri gæðavottun fyrir nýtingu. Mikið til af gögnum en enginn til, til að vinna úr þeim.
 - Reynt að koma á samstarfi HÍ og Hafró, það var miklu meiri tenging en hún byggist á einstaklingnum. Vandamál í líf- og umhverfiseild HÍ, þar eru fáir virkir vísindamenn og bylgja af sérfræðingum að fara á eftirlaun. Net rannsóknarsetra í kringum landið og þar er betri tenging, er það sem Hafró vantar inn í sitt rannsóknarumhverfi og er auðveldari leið en að þvinga kennslu í gegnum deildina.
 - Samanburður við Noreg: þeir veiða um helmingi meira en eru með fjórfalt meiri mannskap. Norðmenn eru með 10 ára sýn í þróun eftirlits og innleiðing þess markviss.
 - Samskipti Hafró og skipstjóra/sjómannanna eru góð í uppsjávarveiðum en í botnsfisksveiðum eru samskiptin ekki mikil.

- Sjálfbærni: gæðin hafa lagast frá 2012, og gæti orðið enn betra. Besti fiskurinn til manneldis var frá línubátunum. En togarafiskurinn geymdur í frystiklefum og notaðar sem beita.
- Sjómenn taka á sig launalækkun til þess að hægt sé að taka græn skref í sjávarútvegi.
- Skilja ekkert í því hvaða ráðuneyti er með orkuskipti á sjó. 3 ráðuneyti búið að taka þetta að sér.
- Skortir töluvert á stafrænni tækni í Hafró, verðum að gera betur þar, einfalda ferla og beita stafrænni nálgun á verkefnum sem snerta sjávarútveg. Vantar miðlæga gátt, verið að senda vottorð, skjöl og gögn á mjög marga aðila, kerfin tala ekki saman.
- Sleppa að keyra fisk á hafnarvog væri til mikilla bóta. Hafnarmenn vigta fiskinn og svo vigta markaðirnir hann, markaðirnir prenta svo tölurnar út og fara með til hafnarstarfsmanna þar sem að þetta er slegið inn í tölvu, endanleg vigtun fisks er frá fiskmörkuðum. Bæði tíma og kostnaðarspörun að hætta að fara með allt á hafnarvog og láta bara markaðina vigta þetta. Útgerðirnar eru með vigtunarleyfi og geta vigtað sjálfar, frekar að auka bara eftirlit. Koma þessu bara í rafrænt form.
- Staðan er núna hjá Hafró að stærsti hlutinn fer í ráðgjöf um nýtingu nytjastofna og minna í annað. Það gengur vel og ráðgjöfin áreiðanleg. Það sem vöntun er á núna er að það er mikil ásókn í önnur svæði, á öðrum tegundum, sæbjúgu, ígulker og fleira og þar stöndum við veik.
- Sterkt tæki að fá vottun, eins og MSC vottun í veiðum. Grásleppan missti það vegna meðafla og þá ekki unnt að selja hvert sem er. Eitthvað sem er alveg skothelt og hefur bein áhrif á fyrirtækin, þá verða þau að standa sig. Votta ákveðin svæði.
- Stofninn er að stækka en nýliðun hrakar. Virðist ekki vera ofveiði sem er orsakavaldurinn, þetta er stærsta spurningin innan ICES, 82 árgangurinn í þorski mjög góður en enginn veit af hverju, kannski er ekki verið að mæla réttu hlutina.
- Stórútgerðir eru að gera út á mörgum stöðum á landinu, myndu örugglega vilja gera út einungis frá einum stað en verið er að passa upp á launamál allra áhafna og starfsmanna og þess vegna eru skipin gerð út alls staðar á landinu.
- Stórþari mikilvæg búsvæði fyrir margar tegundir, vantar fleiri rannsóknir á þessu, hvernig má nýta, hvernig hann er sleginn og hvernig hann nái að vaxa aftur. Þarf að prófa þetta allt áður en farið er í stórfellda vinnslu.
- Strandveiðar bara subbuskapur, það á bara að fylgja lögum.
- Strandveiðar nota veigaminnstu veiðafærin og fá langfæsta daga á sjó.
- Strandveiðar skipta engu máli þegar kemur að stofnstærðum, ekki hægt að setja þannig kerfi á að það varði ofveiði í strandveiðikerfinu.
- Strandveiðifiskurinn með betri fisk sem einstakar vinnslur fá í vinnsluna til sín, betri af því að hann er úr dagróðri en kælingin getur verið verri.
- Stærsta ástæðan fyrir minni orkunotkun í greininni eru færri skip.
- Talað um að ýta togveiðum út fyrir 12 mílur. Flatfiskur veiðist bara á botndregin veiðarfæri og það helst innan 12 mílna. Þetta er alveg á skjön við umhverfissjónarmið. Það á bara ekki að gera einhverja svona línu, þá er ekki hægt að stunda ýmsar veiðar.
- Undrað sig á því af hverju Hafró er aldrei með aðgang að fiski sem er seldur, svakaleg gögn sem liggja fyrir í kerfum fiskmarkaðanna. Kerfið heldur utan um mikið af gögnum sem unnt væri að nýta. Hafró er ekki að fá öll gögn um aflann, um stærð og magn, eru ekki að nýta það.
- Útgerðir segja að það þurfi eitthvað að koma frá hinu opinbera í styrk til þess að útgerðirnar taki áhættuna sem fylgir orkuskiptum.
- Vantar að leggja grunnlínu og kortleggja vistkerfin betur. Hafa eitthvað skýrt til að fylgja eftir og byggja upp matskerfi. Hagsmunir snúa ekki bara að vernd heldur nýtingu líka sem getur stutt sjálfbæra nýtingu. Hrygningastöðvar og uppeldisstöðvar nytjastofna í hafi, ekkert af þessu er verndað með hefðbundnum leyfum. Vantar stefnubreytingu og skýra sýn á þetta.
- Það var verið að setja meira fjármagn í það að auka samvinnu milli háskólana, væri flott að fá stofnanirnar að borðinu: Hafró, Fiskistofa, Mátis og UST.
- Varðandi orðspor erlendis: Nú er Evrópusambandið að leggja til 30% minnkun togveiða á evrusvæðinu. Önnur lönd eru að ýta á eftir því að þurfi að vernda sérstaklega fyrir togveiðum á meðan við erum að hleypa togurum nær landi. Togveiðar og færaveiðar var gert til jafns þegar það átti að fara að vernda botninn. Vernda svæði sem er leir og drullubotn til að ná upp í 30% verndunar markmið. Áhyggjur af því að verið sé að vernda eitthvað alveg tilgangslaust til að líta vel út erlendis.
- Veiðarfæri spila ekki stórt hlutverk í orkuskiptum. Þegar það kemur ný tegund af veiðafærum tekur svona 2-3 ár fyrir greinina í heild að innleiða það. Ef fiskur fæst í þessi nýju veiðafæri kaupa menn það.

- Verið að nota vistkerfisnálgun við stjórn fiskveiða, tekið t.d. Tillit til arfráns ákveðna tegunda á aðrar, ekki hvalir reyndar.
- Verið að vinna afladagbók sem gæti nýst til framtíðar. Bátur sem segir hvar fiskurinn er veiddur, þýngd, tegund og fleira. Engin útgerð að staðsetja nákvæmlega veiðina en smábátarnir á afmörkuðu svæði.
- Verkefnum Fiskistofu fjölgar og stöðugildum fækkar. Erfitt fyrir stofnunina að sinna lögbundnum verkefnum sínum.
- Verndum ekki svæði þar sem ekki er veitt, varúðarreglan, mjög vænlegt ef þú vilt alla í sjávarútvegi á móti þér, miklu betra að byggja ákvörðun á vísindalegum grunni frekar.
- Við erum með heilmikið af upplýsingum, t.d. áhrif bátaumferðar á sjávarspendýr, hefur ekki verið nægur hvati til að koma í gang skýrara regluverki. Erum ekki að nýta okkur það sem til er til að setja reglurnar. Svo er unnt að fara í margar rannsóknir án þess að það kosti pening. Nefnir USA, Canada og UK, hvernig ferðaþjónustuaðilar eiga að hegða sér.
- Viðbrögð Hafró við niðurskurði er að draga úr því að kortleggja botngerðir og er látið bíða. Það hindrar þróun á atvinnuvegum, á að nota eitthvað annað.
- Vigtunarvandi til staðar, hafnarvogin, heimavigtun og endurvigtunarleyfin, verðum að finna aðferð. Engir staðlar fyrir þetta. Í Noregi er monitorað hvað fer inn í húsið. Óþolandi að sama skip beri 2000 tonn í einni höfn en 1800 í annarri.
- Vinnslurnar eru með gríðarlegt magn upplýsinga um aflann sem verið er að veiða. Mikilvægt fyrir eftirlitsaðila að komast í þennan gagnabanka.
- Vitum hvað þarf að gera og sumt er óvinsælt. Áhrif grásleppuveiða á selastofninn. Vega og meta hvað er skynsamlegast. Þetta er alvarlegt mál fyrir seli og útflutningsafurðir. Fælmi við að taka skynsamlegar ákvarðanir um það sem þarf að breyta.
- VS aflinn ekki boðlegur, gríðarlegur freistnivandi þegar menn fá bara 20%. Tillaga að sjómenn fái 40%, launa hlutfall er um 40%, þá fá sjómenn launin sín og útgerðin ekki neitt.
- Væri hægt að fara í átaksverkefni er varðar brottkast. Mögulega hægt að fá rannsóknarstofnun í það að meta raunbrottkast með eigindlegri könnun.
- Það á að snúa við sönnunarbyrðinni, þannig að fyrirtækin sýni fram á ekkert svindl.
- Það eiga ekki að vera neinir hvatar í lögum og kerfinu sem hvetja til brottkasts, það þarf fræðslu til þeirra sem eru að fara á sjó í fyrsta skipti.
- Það er ekki að sjá að birtar upplýsingar hafi haft mikil áhrif á hegðun hvað varðar ísprósentu, drullusokkarnir breytast seint, sjá bara pening og kostnað.
- Það er flaggað opinberlega þegar flöggun kemur úr kerfunum um ósamræmi t.d.
- Það eru um 20 eftirlitsmenn hjá Fiskistofu. Hafnir eru um 70 og 1000 bátar úti með strandveiðunum. Þetta er lítil þekja. Borið saman við eftirlit í Vatnajökulspjóðgarði, 80 starfsmenn þar.
- Það vantar grunnrannsóknir og hvernig verndun er verið að tala um. Er það bara vegna veiði eða er það líka umferð? Vanti algjörlega að skilgreina þetta allt saman. Kalkþörungarífin fyrir vestan – bannað um allan heim í dag. Það er stór ákvörðun að vernda svæðin og nóg til af fólki til að mótmæla.
- Það væri hægt að spara hellings olíunotkun í greininni allri með því að fækka skipum sem sækja fiskinn okkar í sjónum.
- Það þarf að auka fjármagn í rannsóknir og auka samstarf stofnana við nýsköpunaraðila, einnig þarf að auka aðgengi að rannsóknnum sem þegar hafa átt sér stað. Þarf að veita nýsköpunarfyrirtækjum meiri aðgang að sérfræðistofnunum.
- Það þarf að auka rafræna eftirlitið, sjálfvirkar greiningar sem flagga t.d. löndun án leyfa eða ferða á sjó án löndunar.
- Það þarf að skoða hlýnunina, súrnunina og straumana betur, vakta meira. Einnig þarf að fylgjast meira með hrygningastofnum, það hefur verið að loka svæðum of seint og opna of snemma.
- Það þarf þolinmótt fjármagn í tæknivæðingu í Hafró svo hægt væri að taka móti gögnum sem fengjast frá útgerðunum. Það þarf að fjárfesta í mannauði, þjálfun og tæknibúnaði innan Hafró svo hægt sé að tæknivæða stofnunina.
- Þar sem veiði hefur verið er búið að raska botninum. Ef farið er annað þá þarf að sækja um tilraunaveiðileyfi, fer í umsögn til Hafró og þá skoðað hvort þetta sé hrygningasvæði eða viðkvæmt vistkerfi og þá ráðið frá veiðum. Ef ekki þá er Hafró ekki á móti því en óskar eftir að fá öll gögn um veiðina og meðafla, eins og svampa og magn af sæbjúgum. Er ekki nógu góð aðferð, gögnin sem koma eru ekki nægjanlega áreiðanleg. Próaktíft að vernda svæði er mjög veikt.

- Þekkt að skrá fisk sem ís, tölur upp í 25% hafa sést, en eðlilegt er kannski 12-15% ef það verður frávik er farið í 6 vikna eftirlit en það er lítill mannskapur í það.
- Þorskur skiptist í þrjá flokka: A - sem er þorskur á grunni, AB - sem er í fjallahlíðunum og B - sem er lengst út á

djúphafi. Það er bara verið að mæla AB og B, ekki A. Vill sjá gögn í tograllinu innan 12 mílna, það er bara fyrir fram ákveðið að það veiðist ekki neitt þar.

Samfélag



Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að samfélagsstoð sjálfbærrar þróunar frá viðtölum starfshópanna við hagaðila og sérfræðinga.

- 12% virðast þverbrotin, vantar gagnsæi í eignarhaldinu. Menn eiga stórfyrirtæki og svo passlega mikið í öðrum fyrirtækjum svo þeir teljast ekki til skyldra aðila.
- 6 ár finn tími til að brúa bilið en ekki nægur tími svo hægt sé að byggja mikið upp fiskvinnslu í viðkvæmu byggðarlagi, utanaðkomandi aðstæður eru yfirleitt óhagstæðar að minnsta kosti 1 af þessum 6 árum og þá er ekki uppbygging það ár og eitt ár farið af 6.
- Aðgengi að upplýsingum um raunverulega eigendur gott en aðgengi að hluthafaskrá mætti vera betri, fyrirtækin eiga að senda Fiskistofu breytingar á hluthafaskrá en gera það einfaldlega ekki. Eigendur kvótans alltaf mjög gagnsærir.
- Allt of oft horft einungis á veiðigjaldið, þetta er miklu stærri mynd, vel launuð heilsársstörf, afleidd störf, aðrir skattar, tækni og nýsköpun, gott umgengni um umhverfið, minnkandi olíunotkun í öllu nema skipunum sjálfum.
- Almennigur skynjar sig útilokaðan frá greininni, gleymdist að hugsa fyrir nýliðun, hratt og örugglega verið að skella dyrum á aðila sem vilja komast inn.
- Áhyggjur í Grindavík núna þegar fyrirtæki að austan er að reka fyrirtæki í Grindavík.
- Byggðastofnunarkvótinn fyllir ákveðið gat í millistórum útgerðum, fjármagnsaðilar lána ekki fyrir of litlu og hafi ekki burði fyrir þessa stóru.
- Í byggðastofnunarkvótanum er samið um t.d. meiri kvóta gegn því að það sé veitt fleiri daga á ári til að reyna að tryggja heilsársstörf og blómstrandi byggð.
- Ef veiðigjöld eru t.d. tvöfölduð er ekki víst að um helmingur fyrirtækjanna ráði við þetta.
- Ef það á að koma upp frið hér má ekki skemma það sem búið er að byggja upp.
- Efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg sjálfbærni. Mikil sátt um umhverfispáttinn, hefur staðið sig vel. Tvær leiðir: hækka veiðigjöld eða dreifa betur heimildum.
- Eignatengsl í sjávarútvegi og óskyldum greinum. Á að hækka veiðigjald hlutfallslega meira á þá sem fara yfir ákveðið mark?
- Eignatengsl, skortur á upplýsingum. Sjávarútvegsfyrirtækin eiga 65 milljarða í öðrum félögum, mest tengt sjávarútvegi.
- Einhvern tímann var sagt að strandveiðar meikuðu bara sens ef strandveiðikvótinn væri bundinn á ákveðin sveitafélög. Rosalega erfitt að vera á móti strandveiðunum af því að veiðarnar hafa haft jákvæð áhrif en enginn veit hversu mikil.
- Ekkert víst um að krókaafلامarksbátarnir þurfi ívilnanir, en öll fyrirtæki á Snæfellsnesi eru lítil eða meðalstór, stjórnmalamenn hafa mikið talað á móti samþjöppun og alls konar reglum til að hamla því, segja eitt en gera annað. Veiðigjöld ýta undir samþjöppun, smábata útgerðin er að kikna undan því. Stóra útgerðin kaupir svo þá sem gefast upp. Útgerð á Íslandi er ekki bara Brim og strandveiði.
- Ekki rétt hjá hagfræðingum að mikill fjöldi sjávarþorpa varð til til þess að vera nær miðunum. Byggðirnar spretta út frá sveitasamfélögum og menn hittust svo á miðunum. Þorpin voru miðstöð svo margs og svo kom höfnin sem var tengipunktur svo margs.
- Er meira réttlæti að setja meira en 5,3% í það kerfi? Réttlæti hvers? Það er ekki búið til nema til að taka af réttlæti annarra.
- Erfitt fyrir einyrkja að næla sér í hlutdeild, veltir því fyrir sér hvort það þurfi einhverja miðstýringu í þetta. Allur kvóti á uppboð á vef Fiskistofu, einyrkjarnir ná bara ekki að kaupa þrátt fyrir að eiga nægan pening.
- Fækkun einyrkja, hægt að koma í veg fyrir það með því að efla strandveiðikerfið. T.d. tryggja þessa 48 daga.
- Gamli sjómenn ala með sér draum um að komast á trillu og það er það sem SFS óttast, að missa menn á trillur.
- Hefur ekki komið til tals innan stjórnsýslunnar að stofna kauphöll með aflagerninga.

- Hefur verið í stefnu hjá okkur að hækka veiðigjaldið en það hefur verið vægara vegna byggðarlegra ástæðna, þetta kemur út sem sérstakur skattur á landsbyggðina, þetta eru kjölfestu störf á landsbyggðinni.
- Hugmynd að veiðigjald sé stigvaxandi eftir hækkun heimildar.
- Humarinn hvarf og ekki eru greiddar bætur. En skipt var á þorski í humar hér áður fyrir.
- Hægt er að opna fyrir miklu meiri veiðar á smábátana og það skapar mestu atvinnuna.
- Kostar ca. 10 milljónir að fara á strandveiðar, kostar 4,5 milljarða að koma upp línubát með þriggja manna áhöfn og lágmarksheimildir í þorski.
- Margt hefur verið reynt til þess að ná sátt í kerfinu, verðum að vita það hvað það kostar að vera með og auka í 5,3% kerfið, það dregur úr verðmætasköpun á meðan.
- Mishátt kvótapak, mætti vera lægra í fjölskyldufyrirtækjum.
- Mætti ekki setja ríkari gagnsæiskröfur á þessi fyrirtæki sem nýta sameiginlega auðlind Íslands?
- Nýliðun gengur betur í sjávarútvegi í Noregi. En erum við ekki að leita að sátt í sjávarútvegi? Noregur nær þessu t.d. vel. Noregur bannaði loðnuveiðar til þess að reyna að ná þorskveiðum upp. Þeir eru með hreinsunarskip sem ná upp veiðarfærum úr sjó sem hafa týnst. Noregur hefur gert sér grein fyrir því að það er ekki hægt að beita trollum á ákveðnum svæðum þar sem síli eru.
- Nýliðun í strandveiðikerfinu? 750 strandveiðibátar og um 100 bara í strandveiði. Útgerðir eiga erfitt með að manna skip. Gæti það verið út af strandveiðikerfinu?
- Nýting á strandveiðiheimildunum er góð og þetta snýst dálítið um það að hafa réttinn til þess að fara að veiða.
- Óánægjan liggur mest í þegar kvótinn skiptir um hendur, þjóðin upplifir sig ekki sem raunverulegan eigenda. Viðskipti fyrir mörg hundruð milljónir, væri kannski hægt að skattleggja það?
- Óréttlæti í strandveiðikerfinu: mjög góð veiði 85 í Snæfellsbæ og menn náðu þrem róðrum, þá stoppaði þáverandi ráðherra strandveiðar af því að það fiskaðist svo vel í Breiðafirði. Einnig í aflamarkskerfinu er hægt að færa kvóta á milli ára. Það fá strandveiðimenn ekki að gera.
- Reikniregla um þorsgildi hafa verið gagnrýnd, hefur slæm áhrif á aflamagn í uppsjávarveiði milli ára. Mögulega væri bara sniðugra að setja hámarksaflamark í hverri tegund fyrir sig.
- Samruni Vísis og Síldarvinnslunnar var ekki tilkynntur til yfirvalda annarra en Samkeppniseftirlitsins, það er vegna þess að afli milli skipa er tilkynningaskyldur, en kaup á fyrirtækjum og skipum ekki tilkynningaskyldur. Því þar var engin afli að færast á milli skipa.
- Sjómenn fá skattaafslátt vegna þess að sjómenn eru ekki að nýta þá grunnþjónustu sem aðrir skattgreiðendur njóta.
- Skrýtið að taka ekki tillit til ábendinga stjórnlagaráðs varðandi tillögu 60.
- Stígvélaákvæði. Það er í lögum í norskum sjávarútvegi, þar er krafa um að skráðir sjómenn þurfi að eiga 50% í sjávarútvegsfyrirtæki. Á Nýja Sjálandi er ekki kvótann bundinn á skip, myndi telja að það væri ekki góð reynsla á því.
- Stóra og litla kerfið eru í strandveiðum. Mætti ræða hvort menn megja vera í báðum kerfunum.
- Strandveiðar ekki góð nýliðunarleið því lögin kveða á um að einn aðili geti ekki orðið svakalega stór.
- Strandveiði skilaði mikilli sátt í byrjun, núna sér maður einhverja gera út 2-3 strandveiðibáta á sama tíma og stunda strandveiðar með öðrum kerfum.
- Strandveiðimenn eru að berjast fyrir sínum tilverurétti og það hefur verið baunað á okkur frá því að þessu var komið á fyrst, kvótaeigendur vilja fá okkur burt. Þegar við sjáum tillögu frá nefndinni að fella eigi niður 5,3%. Einhver hugmynd væri t.d. að stækka félagslega pottinn upp í 10%, það er kosningaloforð VG. Svo er bara baunað á okkur að þetta sé hobbýsjómennska. En þetta er ekki nóg til að lifa. Auðvitað eru þetta hobbýveiðar, þetta er það eina sem við getum gert.
- Stærri fyrirtækin senda fólk ekki heim á bætur þegar ekki er til fiskur, í stærri fyrirtækjunum er betri vinnuaðstaða, betri laun, betra vinnuöryggi og eðlilegra jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs.
- Tekjuskipting: veiðigjöld fara óskipt til ríkisins og hafnargjaldið til sveitarfélaga, hafnargjaldið er bara til þess að standa undir kostnaði við höfnina. Sveitarstjórnarmenn er einnig ósáttir við auðlindasjóð. Ríkið heldur utan um þann pening en sveitarfélögin þurfa að óska sérstaklega eftir aurum þaðan úr.
- Telur að það skapist hætta þegar stór fyrirtæki eiga alla virðiskeðjuna, þá verður vandamál varðandi milliverðlagningu, mikill freistnivandi skapast þegar menn eiga útgerð og vinnslu hérlandis og vinnslu erlendis, þar skapast freistnivandi.
- Til þess að byggja upp útgerð og fiskvinnslu í brothættri byggð þarf gríðarlegt fjármagn, erfitt fyrir Byggðastofnun að koma að því.

- Vantar skýrara ákvæði um eignarhald, meiri kröfur um upplýsingagjöf og gagnsæi og hvert fer gjaldtakan í sjávarútvegi og í hvað nýtist hún?
- Var hugmynd einu sinni að sjómenn fengju kvóta í ellilífeyri.
- Verður að tryggja að sveitarfélagið fái hlutdeild úr auðlindagjöldum.
- Það fór enginn á sjó nema í gegnum sjávarjarðir. Helstu skilaboðin eru þau að við viljum ekki að réttindi eigenda sjávarjarða séu brotin, netalög eru 6,88 metra dýpi, nær mislangt út. Eigendur sjávarjarða eru einu aðilarnir í þjóðinni sem hafa raunverulegan eignarétt undir hafi. Tvö réttindi sem við erum að tala um. Eignaréttur og réttur til útræðis. Eigendur sjávarjarða mega á vissum dögum veiða með netum í strandlengjunni. Mætti ekki veiða þorsk og fara með hann og selja hann. Eigendur sjávarjarða þyrftu að vera háðir sömu reglum og strandveiðimenn. Þetta var svoleiðis að við fengum að veiða þegar það var fiskgengd og þess háttar, nú er búið að taka fyrir það.
- Það var ekki hugsað fyrir hlutunum 1984 þegar kerfið var sett á, augljóst markmið að koma þessu í hendur sem fæstra.
- Það var meiri sátt um strandveiði en nú er ósætti, sennilega vegna þess að þeim var lofað 48 dögum á sjó. Veit svo sem ekki um neinn sem hefur lofað þeim 48 dögum. Það yrði athyglisvert að vita hver aflinn yrði ef það yrði veitt.
- Þar sem að grunnatvinna byggðarlags hverfur, skógarhögg, fiskvinnsla, námustörf, þar höfum við líka séð að byggðarkjarnar fara niður. Á þeim stöðum þar sem útsýnið er fallegt, samgöngur góðar og húsin byggð á réttum tíma. Þar verður alltaf byggð.
- Þarf að setja fókus á að konur séu sýnilegar í stjórnunarstöðum í greininni. Með skráningu á markað kemur meiri krafa um kynjahlutfall frá markaðnum
- Þegar rætt er um fyrningarleið er oft misskilið hlutfallið sem er fyrnt. Það er ekki fyrnt 8% í hvert skipti (12,5 skipti) heldur 8% hlutfalllega, það tæki um 30 ár. Gæti verið svo að hægt væri að velja hvort þú færir í fyrningarleið eða ekki, en þeir sem ekki færu í fyrningarleið gætu ekki framselt aflaheimildir sínar. Eftir að menn eru komnir í uppboðskerfið þá skiptir í raun engu máli hver fyrningarprósentan er.
- Þó svo að einhver eigi 1 milljarð er ekki víst að hann komist inn í kerfið.



Efnahagur

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að efnahagsstöð sjálfbærrar þróunar frá viðtölum starfshópanna við hagaðila og sérfræðinga.

- 1. gr. laganna segir: Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Hvað þýðir þetta í raun? Markmiðið er verðmætasköpun. Það næst með því að hámarka afrakstur nytjastofna, hvernig aukum við hagkvæmni greinarinnar, það skilar sér best til þjóðarinnar.
- 50 þúsund tonn fara úr landi óunnið á ári, gallinn er sá að þessi fiskur er ekki boðinn til sölu á Íslandi. Lágmark að fá að minnsta kosti að bjóða í þennan fisk. Þær eru sérhæfðar vinnslurnar, vilja bara taka þátt á samkeppnismarkaði.
- 60% af óunnum fiski sem fluttur er úr landi fer til Póllands vikugamall, ekki sömu gæði og svo er hann merktur Íslandi.
- Aðgangur að fjármagni fyrir kvótalausar er mjög erfiður.
- Af hverju eru tengdir aðilar skilgreindir öðruvísi í sjávarútvegi en öðrum greinum?
- Allt í einu bannað að kasta grásleppu fyrir borð, þá urðu allt í einu til verðmæti á bryggjunni og það var bara fundinn markaður fyrir það.
- Allt sem er selt frá okkur er merkt „Iceland“ á einhvern hátt, svo sem ekki allt selt til endanlegs neytenda merkt landinu en samt mikið.
- Almenni byggðakvótinn bara gefinn út eitt ár í einu. Engin fyrirsjáanleiki og engar fjárfestingar í þessu.
- Auglýsa íslenskan fisk fyrir ferðamönnum. Kynna betur á veitingastöðum, KEF og miðbænum.
- Aukið gagnsæi, afkoma sundurliðuð sérstaklega fyrir botn- og uppsjávarveiðar m.t.t. veiðigjalds.
- Aukin markaðsvitund neytenda sem skapar aukna eftirspurn, hærra verð og meira markaðsöryggi. Fá upprunamerkingar í verslunum og á veitingastöðum. Þarf einnig að tengja ferðamennina við íslenska fiskinn.
- Aukin tæknivæðing og aukin sjálfvirkni í greininni og menn hafa áhyggjur af því að finna ekki þennan mannauð, erum við að uppfæra menntunina til samræmis við tæknistigið og framfarir í greininni?
- Auglýsa Icelandic White fish og fá retail-aðilana með sér í lið. Þeir eru lykillinn. Nota áhrifavaldana og auglýsa Ísland.
- Á Íslandi er stöðug veiði allt árið en í Noregi er spike í þrjá mánuði af árinu.
- Álit samkeppniseftirlits 2/2012 lagt fram og fjórir punktar nefndir þar sérstaklega. 1. Í sjávarútvegi gildir tvöföld verðlagning. Markaðsverð og skiptaverð, skiptaverðinu fylgir auðvitað launakerfi. Dæmi um að skiptaverð sé helmingi lægra. 2. Undirverðið sem er notað í innri viðskiptum. Hafnir landsins eru snuðaðar með þessari undirverðlagningu. 3. Það að hagsmunasamtök útgerðamanna sitji í verðlagsnefnd er óeðlilegt. Bent á að verðið sem eigi að nota er tilbúið verð ekki markaðsverð, öfugsnúið að það borgi sig ekki fyrir útgerðina að fá hæsta verð. 4. Aðgangshindranir - t.d. að eingöngu útgerðaraðilar geti haldið á veiðiheimildum.
- Baccalao de Islandia fór af stað þegar bjátaði á. Það voru erfiðleikar á markaði og þá fóru menn sem voru allir að vinna í sínu horni að vinna saman og úr varð baccalao sem hefur verið í gangi síðan 2013. Kokkaskólaverkefnið byrjaði 2015 og er að skila ávöxtum núna 2019.
- Barist fyrir því að fiskvinnslur haldi sér á Íslandi og fari ekki úr landi. Mikil lukka að það séu ekki lengur verbúðarstörf heldur vel launuð heilsársstörf.
- Breyta skiptingu á VS afla í 50/50, helmingur til sjómanna og helmingur til sjóðsins. Þegar VS aflinn var settur á fór allt í einu að mæta ufsi á höfnina. Þannig væri hægt að tryggja betri meðhöndlun. Útgerðin er búin að fá sitt ef þetta fer ekki inn í kvóta hjá þeim. Hvatinn til að fá allt í land hlýtur að vera peningur.
- Breytir helling fyrir fisklausar daga í vinnslunni að það sé ekki svona mikið flutt óunnið úr landi.
- Byggðakvóti er ekki unnin í heimabyggð.
- Byggðakvótinn hefur einfaldlega verið gerður þannig að öll sveitarfélögin sökkvi á sama tíma. Af því að ef einhverjum gengur illa fær hann aðeins meira og ef einhverjum gengur vel fær hann minna.

- Draumurinn að það sé rekjanleiki frá veiðum til útflutnings, kerfi sem vaktar alla virðiskeðjuna. Ekki til fjármunir í þetta. Það er markaðslegur vilji í rekjanleika.
- Ef settur er byggðakvóti á eitthvað sveitarfélag er líklegt að bæjarfélagið verði bara á nákvæmlega sama stað og það var fyrir 5 árum. Það þarf að finna eitthvað jafnvægi. Fólkið á staðnum þarf að hugsa sína framtíð.
- Ef stóru aðilarnir halda áfram að kaupa upp litlu aðilana sem eru í viðskiptum við fiskmarkaðina er líklegt að markaðirnir fari líka.
- Ef það væri þannig að það ætti að hörfa frá byggðakvótum þyrfti það að gerast hægt og jafnvel þannig að menn þyrftu bara að sækja um þetta. Sækja þá um að fá að leigja út kvótann sinn og fá þannig einfaldlega pening inn í sveitafélagið til þess að byggja upp annað en sjávarútveg. Í sértæka byggðakvótanum eru sterk skilyrði og mikil eftirfylgni en í byggðkvótanum ekki mikið.
- Eitt sinn var krafan sú að setja allan fisk á markað en það er óendanlega flókið.
- Ekkert mál að setja allan þann fisk sem á að flytja óunninn úr landi á markað, bara lagabreyting en þetta er pólitískt mál.
- Ekkert verið gert. Engin saga. Það er til frábær saga en það þarf að koma henni út.
- Ekki hægt að sanna að kvótakerfið sé búið að sanna gildi sitt. Strandveiðimenn bara að berjast fyrir tilvist sinni. Það þarf að sanna það að kvótakerfið sé búið að sanna sig. Kvótakerfið hafi aukið ójöfnuð í samfélaginu. Bent á grein í Kjarnanum þar sem farið var yfir það af hverju það ætti að styrkja strandveiðar.
- Ekki lengur þessi gæðamunur sem var áður fyrr á strandveiðiafla og öðru. Mikil eftirspurn á mörkuðum og ekki verið að verðlauna eins og áður hvaða veiðafæri eru notuð.
- Endurgreiðsla skatts fyrir rannsóknir og þróun nær ekki til markaðsmála. Það er þröskuldur fyrir start-up fyrirtæki.
- Er trilluútgerð eins hagkvæm og talið er?
- Erum t.d. ekki að markaðssetja til túristanna sem eru að koma. Hvar er hægt að kaupa íslenskan fisk erlendis? Auglýsum skyr og lambakjöt og Bláa Lónið.
- Fiskmarkaðsstarfsmaður getur ekki verið hafnarstarfsmaður. Það þarf að taka þetta út, sparar öllum peninga. Lokavigt er söluvigtunin frá fiskmörkuðunum. Hafnarvogin kemur ekki við sögu þegar fiskur fer á markað.
- Fiskur í roðinu flyst mun betur en flök, þess vegna er fiskur fluttur óunninn milli landshluta.
- Fiskurinn okkar eins og við vinnum hann, kemst varla nær neytenda.
- Fiskurinn sem kaupandi á markaði kaupir léttist um 2-3% á ferð sinni til vinnslunnar.
- Fiskvinnslur erlendis eru ríkisstyrktar og því orðið erfitt að keppa við þær um fisk á mörkuðum.
- Fjöldi þeirra sem vinna fisk og er ekki með útgerð eru um 10-15 og fara fækkandi hratt.
- Fóðurframleiðsla, í stað þess að mjölið fari úr landi vilja þau meiri vinnslu hérlandis.
- Fyrir hrun voru mörg fyrirtæki á markaði en afskráðu sig vegna íþyngjandi krafna. Ættu að vera sömu kröfur á fyrirtæki sem nýta auðlindina.
- Fyrst var tekið 5,3% bara af þorskinum og núna tekið af öllum tegundum. Milliútgerðir fara alltaf verst út úr svona nefndarstarfi. Á Grand var talað um ánægju með nýtingu á þorskinum. Þeir í Noregi fara einhvern veginn að því að það er miklu betri dreifing á þorskinum. Það er svo allt of litlu úthlutað m.v. ástandið í sjónum.
- Gagna- og upplýsingaþróun skiptir miklu máli. Þarf að styrkja upplýsingaflæðið í allri virðiskeðjunni. Sterkar virðiskeðjur skipta máli, með tengingum á milli framleiðenda og söluaðila og yfir til kaupenda og þeirra þarfa. Grundvöllur vöruþróunar og virðisaukningar.
- Gangur sveitarfélaganna hefur alltaf verið samtengdur sjávarútveginum. Kvótinn hefur siglt í burtu og línuívilnun var liður í að byggja upp aftur. Línuívilnun fer minnkandi.
- Gefa þarf upplýsingar um íslenska kerfið, tegundirnar, hvernig allt verður til og er gert. Eins og handbók Movi.
- Greinin vill markaðsetja þetta sjálf án sjóðs- greinin er best til þess fallin að vita hvar á að kosta til. Hvert er úrbótataækifærið í Íslandsstofu, samningar við Íslandsstofu um markaðssetningar verkefni. Í þjónustuhlutverkinu - þá virðist vera skortur á því að hlusta á hvað kunninn vill.
- Hagfræðistofnun ósammála því að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að einn aðili haldi á öllum þáttum virðiskeðjunnar.
- Hagsmunagæsla er ekki eins sterk og fyrr. Það er veikleiki. Áður voru söluþyrirækin sameinuð í hagsmunagæslu. Ef eitthvað kom upp var strax hringt í ráðherra og farið í aðgerðir. Í dag skortir forystu hvað þetta varðar. Greinin þarf að standa betur að hagsmunagæslu, saman með stjórnvöldum. T.d. í tengslum við tapaða markaði, hvalveiðar, tollaviðræður o.fl. Bein samskipti greinarinnar og stjórnvalda.

- Hámarkshlutdeild er 12% núna og á sama tíma er verið að ræða um kröfu um að fara á markað, hvert er næsta skref fyrir þessi fyrirtæki í verðmætasköpun? Hlýtur að vera að þú getir haldið áfram að vaxa og besta þig. Ef það á að skylda þessa aðila á markað, hversu ákjósanlegur fjárfestingakostur eru þá þessi félög ef ekki er hægt að fá meiri hlutdeild?
- Hef ekki heyrt neinn tala vel um almenna byggðakvótann. Þetta er algert ófreskja.
- Hefur ekki mikið verið markaðssett til endanlegs neytenda en mætti alveg gera meira þar, SÍF gerði mikið af því á sínum tíma sem hefur mögulega skilað sér í betra orðspori fyrir okkur núna. Greinin ætti t.d. að styrkja sterku konurnar í landinu betur. T.d. crossfittinu.
- Hlutverk ríkisins að búa til rammann, umhverfið og framtíðarsýnina og einkaaðilar vinna innan þess. Útbúa heildarkerfi utan um gæði og sjálfbærni. Hvatning fyrir fyrirtæki í matvælageiranum til að halda uppi gæðum. Sami standard fyrir alla. Alþjóðleg gæðavottun. Óháðir ráðgjafar taka fyrirtækin út. Þau setja sér markmið. Hjálpar fyrirtækjum líka að bæta sig. Verðlaunaafhendingar – gullmerki til sigurvegara (íslenska skjaldarmerkið).
- Hugmynd að Íslandsstofa nýtist sem greiningartól fyrir söluaðila í sjávarútvegi. Hvar eru framlegðarmestu kaupendurnir / staðirnir / markaðirnir?
- Hugmynd, sameinast um vörupróun.
- Hvar er rekjanleikinn á útfluttum ónunnum fiski?
- Hvar ætlum við að standa eftir 20 ár? Þurfum að vita kostnaðinn í því að bæta félagslega kerfið, hvað er það raunverulega sem býr til góð líf skjör?
- Hvergi sagt nákvæmlega hvert markmiðið er með öllum kerfunum í 5,3% kerfinu, þá er ekki hægt að mæla árangurinn og þá veit enginn hvort þetta sé að ná árangri eða ekki.
- Hverjir eru þessir strandveiðimenn?
- Hvernig er eftirlit með útflutningi á ónunnum fiski háttað?
- Höldum vinnslum hér á landi með fjárfestingu.
- Inngróni gallinn í kerfinu er óstöðugleikinn. Enn þá leyfilegt að senda fólk heim þegar ekki er nægur fiskur í ákveðið margar vikur og það á atvinnuleysisbætur. Eina greinin þar sem þetta má ennþá.
- Í Noregi eru svæðaskiptin þar sem má ekki flytja aflamark á milli svæða. Og það eru girðingar þar sem ekki er hægt fyrir ákveðna togara að kaupa upp allar heimildir á ákveðnu svæði. Þeirra byggðarkjarnar og byggðastefna er reyndar allt allt öðruvísi.
- Í Noregi þar sem veiðar og vinnsla eru aðskilin gengur útgerð mjög vel en vinnslan er rekin með tapi og stuðningi ríkisins.
- Ísland í dauðafæri í nokkrum markaðsmálum, trend að borða minna kjöt, trend um sjálfbærni og rekjanleika, neytendur telja einnig villtan fisk vera af meiri gæðum.
- Ísland með forskot á markaði vegna stöðugs framboðs allt árið.
- Ísland með frábært orðspor innan fyrirtækja en ekki almennings sem þekkir fisk lítið yfir höfuð. Allar þjóðir halda þeirra eigin þjóð sé með bestu gæðin.
- Íslandsstofa að hluta til fjármögnuð með opinberu fé en SFS greiðir fyrir stöku verkefni þar sem flestir, ekki allir innan SFS eru með, það er valkvætt að vera með en það græða allir óbeint á sameiginlegri markaðssetningu.
- Íslandsstofa gerir faglega greiningu á mörkuðum þegar á að ráðast á þann markað.
- Íslendingar ekki til í norsku markaðssetningaleiðina, þar sleppur enginn og fjármagnið ekki alltaf nýtt sem best.
- Íslendingar völdu þetta kerfi á sínum tíma: samþjöppun og óslitin virðiskeðja.
- Íslensk stjórnvöld þurfa að koma meira í lið með greininni í alþjóðasamskiptum og viðburðum tengdum greininni.
- Íslenska ríkið taki þátt í markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum.
- Íslenskur fiskur lítið merktur í smásöluverslunum. Ekki verið að nýta sér sérgreiningu fisksins, sem snýr að gæðamálum, nánd við markaði, fullur rekjanleiki, sjálfbærni, lágt kolefnisspor o.fl. við markaðssetningu. Ekki sótt aukin álagning út á þessa þætti.
- Íslenskur sjávarútvegur mun ekki geta keppt á kostnaði. Ekki heldur magni. Höfum verið að keppa á gæðum. Nú auðveldara fyrir aðrar þjóðir að keppa líka á gæðum – hver sem er getur keypt vél frá Marel. Þurfum að keppa á upplifun í huga fólks. Það er þolinmæðisverk. Við þurfum kerfi með langtímamarkmið. Kerfi sem er notað og virt.
- Íslenskur sjávarútvegur sá besti í heimi. Má segja að þessi efnahagslegi árangur skapi líka vandann. Það var enginn að rífast þegar greinin var gjaldþrota.
- Jákvæðara viðhorf til sjávarútvegs innanlands. Fá konur, klárt fólk o.s.frv. til þess að vilja starfa í sjávarútvegi og fara inn í nýsköpun. Vantar innri markaðsetningu innanlands.
- Kaupendur á fiskmarkaði eru ekki endilega að verðlauna þá sem standa sig best.
- Kerfisbundin misnotkun á leigu kvóta er að eiga sér stað hjá örfáum aðilum. Eigendur þessa kvóta veiða aldrei

- kvótann sinn og leigja út kvótann sinn með því að beygja lögin.
- Klárlega tækifæri að markaðssetja „Seafood from Iceland“. Þurfum að tryggja það að neytandinn sé að spyrja um fiskinn okkar. Annars hefur kaupandinn engan hag af því að þetta sé merkt.
- Koma upprunamerkingu Íslands á umbúðir / framsetningu í verslunum. Rekjanleiki, sjálfbærni – kolefnisfótspor. Auka sérgreiningu fisks frá Íslandi. Búa til trúverðuga sögu um íslenskan sjávarútveg.
- Krókabátar eru bundnir við króka sem er dýrt veiðarfæri, sbr. kallar á beitu og þess háttar. Krókabátar greiða sömu gjöld og allir aðrir og er eðlilegast að krókabátar hafa sömu réttindi og aðrir. Áður fyrr var ákveðin gulrót í þessu kerfi, þá var steinbítur og ýsa ekki innan kvóta í krókakerfinu en það eru allar gulrætur farnar.
- Leigja ætti sértæka byggðarkvótann til einyrkja í útgerð.
- Litlum fiskvinnslufyrirtækjum er að blæða út vegna útflutning á ónunnum fiski.
- Lítill verðmunur er í dag á milli aflamarkskvóta og krókaafلامarkskvóta. Hann var kannski ódýrari hérna áður fyrr en teljum að búið sé að greiða fyrir þann mismun því við veiðum á dýrasta veiðarfærið sem til er, línu. Mismunurinn er borgaður upp með því.
- Löggjöfin um hámarskafla er skýr en gagnsæi ekki nægilegt.
- Margir smábátamenn stunda þá pólitík að samþjöppun sé bönnuð og hagkvæmni náist ekki í greininni, eigi bara allir að vera litlir og kerfið nógu illa hannað svo það sé sem minnst samþjöppun í þessu.
- Markaðir breytast hratt, núna seljum við allan fisk sem við finnum á finu verði en það þarf ekki að vera alltaf þannig, hvernig getum við tryggt það inn í framtíðina?
- Markaðssetningarsjóður – eins og í Noregi – hafa náð miklum árangri með laxinn en miklu kostað til. Ef að þeir eru svo miklir töframenn í markaðssetningu – af hverju hefur það þá ekki tekist í þorski? Við erum að fá 20% hærra verð fyrir þorskinn.
- Marketing of nations. Efla ímynd og orðspor Íslands. Styrkja þannig samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða að erlenda ferðamenn og fjárfestingu. Stefnumótun um brand identity (hver erum við?), skapa þjóðarbrand sem er stærra en einstakar atvinnugreinar eða hagsmunaaðilar. Unnið út frá rannsóknarniðurstöðum. Identity & promise of value. Undir “brönd” sköpuð fyrir einstaka málaflökka. Samráð, prófanir og fínstilling. Stefna mótuð.
- Markmið flestra þjóða er að fækka skipum á sjó til að sækja þann takmarkaða afla sem til er. Þess vegna er nýliðun í greininni áhyggjuefni. Krókaflamarkið og strandveiðikerfunum var komið á með nýliðun fyrir augum en þessar aðgerðir minnka verðmætasköpun.
- með 5,3% kerfinu erum við döldið að þykjast að við getum farið aftur í 8unda áratuginn. Sum þorp eru komin í algera klemmu og þá er bara þóst að það sé árið 1980. Það þarf bara að horfa á þessu sjávarþorp sem eru enn háð sjávarútvegi, hverjir eru þarna og hvað getum við gert?
- Með því að styðja við þetta er verið að búa til einhverja verðmætasköpun.
- Meira og meira að fara óunnið í fiskvinnslur erlendis og er það meðal annars vegna styrkveitinga ESB.
- Menn sem voru með einn bát og keyptu ekki heimildir, minnkaði bara og minnkaði, svo var 5,3% tekið af þeim og auðlindagjaldi bætt á og menn bara hætta þessu.
- Mikið af strandveiðiafla er miðlað beint til ákveðinna aðila í beinum viðskiptum, aðilar búnir að semja við strandveiðimenn og borga kannski 1 kr meira á kíló til að sleppa við þóknun fiskmarkaðanna.
- Mikil samkeppni um óunninn fisk, vitum hvernig staðan er í Póllandi.
- Mikilvægt að fjárfesta í starfsmenntun.
- Mismunurinn milli krókaafلامarks og aflamarks er mikill. 20-25% hærri laun en aflamarkskerfið vegna þess að í aflamarkskerfinu er farið eftir Fiskistofuverði, ekki markaðsverði eins og við. Hömlur á stærð báta og veiðarfæri, löngu úreltar hömlur sem eru löngu útrunnar. Krókabátar borga sama veiðigjald og hinir stóru sem haga sínum veiðum eins og þeir vilja. Viljum pressa á stjórnvöld að taka þessar hömlur burt þannig til staðar sé sami rekstrargrundvöllur.
- Mistök að nota ekki íslenska fánann miklu meira, fánalög eru takmarkandi.
- Möguleikar í nýliðun takmarkaðir, ef öll fyrirtæki fara á markað og hægt að eiga þannig í þeim.
- Norðmenn búnir að eyða fullt af peningum í markaðssetningu og samt erum við með hærri verð. B2B mun meðvitaðri um gæði en neytandinn, Spánn eini staðurinn þar sem við skorum herra en Noregur.
- Nýliðun er ómöguleg í dag. Nema strandveiðikerfið hægt að komast inn í það. Arðsemin er samt ekki þannig að það sé hægt að kaupa kvóta og tæki til að stækka við sig úr strandveiðikerfinu.

- Oft horft fram hjá tekjuskattinum sem sjávarútvegur greiðir, Vestfirðir hafa t.d. aldrei haft jafn miklar tekjur úr sjávarútvegi og nú, en strandveiðar sjaldnast réttu megin við núllið. Skrifstofukostnaður strandveiða er gríðarlega hár. Strandveiðar eru ekki að greiða veiðigjöld og lítinn sem engan tekjuskatt.
 - Orðspor íslensks fisk á Spáni gott hjá endanlegum neytenda að minnsta kosti. Þrátt fyrir að vita kannski ekki alveg hvers vegna en mögulega er það vegna þess að hér er hreinn sjór, náttúra og jákvæðar umræður um landið. Það þarf að vinna meira með upprunann og leggja áherslu á hreinleika og sjálfbærni.
 - Óþægður akur hvað varðar notkun rekjanleikagagna. Afli frá strandveiðum, óunninn í gám, er alveg órekjanlegur og ekkert hægt að gera.
 - Pólitísk skilaboð. Það þarf að fara út og tala máli íslensks sjávarútvegs. Stjórnvöld og ráðherra tali um sjálfbærar veiðar og gæðamál, hreina orku o.s.frv.
 - Rekjanleiki og kolefnisspor er farið að skipta meira og meira máli. Upprunamerki og vottanir, að fiskurinn komi úr sjálfbærum stofni.
 - Samkvæmt könnunum Íslandsstofu er íslenskur fiskur frekar þekktur hjá eldri kynslóðunum (saltfiskur) en þekkingin er að minnka hjá komandi kynslóðum.
 - Samruni í sjávarútvegi búinn að vera mikill s.l. 20 ár og mun halda áfram. Hægar nú þar sem stóru skrefin gerast hægar.
 - Samþjöppun í kerfinu er að aukast og sá dagur mun koma að leigukvóti verði ekki til staðar. Fyrirtæki sem ekki hafa aðgang að leigukvóta þurfa þá eitthvað annað að veiða og veiðar á vannýttum og nýjum tegundum myndu þá henta í það. Hugmyndir til að örva nýtingu vannýtttra auðlinda og tækifæri til úrbóta: Jákvæð veiðigjöld – veiðigjaldakerfið notað til að miðla fjármunum frá arðbærri nýtingu til tímabundinna sprotaverkefna.
- ICES reglur um 50% skerðingu á ráðgjöf - ef rannsóknir eru ekki fullnægjandi eru lok á framþróun, þarf að leysa. Það er ekki farið í rall á þessum tegundum. Sértaekir byggðakvótar – líka til aukinnar verðmætasköpunar ótengdir staðsetningu, samkeppnisjóður um hagvaxtahvetjandi verkefni – varast þarf ríkisstyrki til samkeppnisrekstrar. Aðili sem fær sértækan byggðkvóta er þá kominn með fullt af pening sem raskar samkeppni, einnig líkur á því að aðillinn skili lélegri vöru til neytenda. Tíminn er að renna út – Aflamarkskerfið er að lokast,

- leigukvóti er horfinn, minni og meðalstórar útgerðir hafa innan við 10 ár til að finna önnur verkefni í stað leigukvóta, ella hverfa. Sama gildir um innviði. Ef nýta á alla innviði og viðhalda núverandi útgerðarform og viðhalda byggð í landinu.
- Segjum sem svo að einhver segir að það sé glórulaust að vera með vinnslu á Breiðdalsvík og það verði kannski bara hagkvæmara að vera með 10 trillukalla á Breiðdalsvík. Það er alveg hægt að útfæra þetta, það er bara spurning hvort þurfi til lagabreytingu eða ekki.
 - Sértæki byggðarkvótinn virkar vel, setja meira í hann.
 - Skólakerfið er ekki að ná að anna þeirri eftirspurn sem er eftir tæknimenntuðu og iðnmenntuðu fólki.
 - Spurning um að prósentu af sölu til útlanda fari í sjóð sem er hugsaður til markaðssetningar íslenskra sjávarafurða, líkt og hjá Norðmönnum.
 - Stjórnvöld eru stundum sofandi á verðinum hvað varðar tolla, fríverslunarsamninga og deilistofna en það er akkúrat þar sem að við þurfum að gæta okkar hagsmuna. Vantar allan skilning á útflutningshagsmunum. Skynja t.d. ekki að sendiráðin séu sendifulltrúar þessarar greinar úti. Þetta er hluti af gjánni milli hins opinbera og geirans kannski?
 - Strandveiðibátar þurfa að landa á því svæði sem lögheimili er skráð á. En ef það ætti að landa á sömu höfn og lögheimili væri skráð á, það væri eftirlitsmartröð.
 - Strandveiðifiskurinn fer mikið óunninn úr sveitarfélaginu, mun meira en byggðakvótinn. Verðmætasköpunin á sér stað allt annarsstaðar.
 - Strandveiðikerfið er uppskrift af hörmungum almennings. Fleiri og fleiri koma í kerfið, klára kvótann fyrr og biðja þá um meira og meira.
 - Styrkir og sjóðir: Nýsköpunarfyrirtæki eru að keppa við Háskólana um fjármagn, getur verið óþægileg staða.
 - Stærsta vandamálið í sjávarútvegi er að kvótinn er of lítill, en samt á sama tíma er flutt út tugir þúsunda tonna af ónunnum fiski.
 - Stöðugri fjármögnun Íslandsstofu. Verkefnadrifið samstarf við SFS – þarf að vera stratígið til langs tíma. Endurtekin skilaboð. Velja sér markað og halda sig við hann.
 - Störfn í greininni verða dýrari og færri og flutningur á ónunnum fiski eykst. Það þarf meiri sjálfvirkni í greininni.
 - Tvöfalt kerfi, skiptaverð og markaðsverð, sjómenn fá 80% af markaðsverði og það er erfitt að rökstyðja það.
 - Tæknibyltingin fækkar störfum í vinnslu og fjölgar hátækni störfum en það eru höfuðborgarstörf.

- Tækniskólinn vísar 300 manns frá sem fara ekki annað, húsakosturinn ekki nógu góður í vélstjóranáminu og það þarf að tvinna saman vinnu og nám.
- Úrbótatillaga: Fara um heiminn og berjast gegn ólöglegum veiðum og hvetja til veiðivottana. Vera fyrirmyndarland að því leyti. Vinna að því innan Sameinuðu þjóðanna að settar verði veiðireglur hjá löndum sem eiga fiskveiðilögsögu að opnum svæðum. Lönd í N-Atlantshafi hafa ekki staðið sig vel þar. Eru í slag, sem skaðar sjávarútveginn í heild sinni.
- Útgerðin sjálf háttar ekki verði til vinnslu sinnar eins og þau vilja, það er Verðlagsstofa skiptaverð sem sér um það.
- Vantar að Matvælaráðuneytið setji allar tölur um sjávarútveg saman á einn stað.
- Vantar fjárfestingu í vegasamgöngur og flugsamgöngur. Orkumálin líka stór, verið að keyra bræðslur á olíu. Það er í raun kraftaverk að það sé starfrækur sjávarútvegur á Vestfjörðum miðað við þær vegasamgöngur sem verið er að bjóða upp á þar.
- Vantar framtíðarsýn í sjávarútvegi.
- Vantar kannski betra samstarf í greininni, ósanngjarnt að menn leggi áherslu á sama merki og einhverjir leggja kannski í kostnað á markaðssetningu sem svo aðrir njóta góðs af.
- Vantar meiri mannskap til Íslandsstofu að sinna sjávarútveginum.
- Vantar menntun á sjómenn varðandi frágang á fisknum.
- Varðandi aðgengi, þetta er skortmarkaður og ekki nóg af fiski á mörkuðunum.
- Veiðigjald almennt er til þess fallið að draga úr verðmætasköpun.
- Veitingastaðir og verslanir ekki endilega spennt fyrir því að merkja fiskinn sérstaklega þar sem að þau vilja geta skipt um birgja. Sérstaklega í óvissuástandi eins og alþjóðlegur fiskmarkaður er. Íslenskir aðilar eru líka svo litlir að þeir geta ekki endilega útvegað alla vöruna alltaf.
- Verðlagstofuverð átti að fylgja markaðsverði en er núna notað til þess að búa til undirverð.
- Verðum að sameinast um gagnasöfnun.
- Vélaframleiðendur hafa haft jákvæð áhrif á orðspor íslensks sjávarútvegs, ofan á hreinleika, öryggið og náttúrufegurðina.
- Við erum að sjá byggðakvóta fara á staði þar sem þörfin er ekki ljós. Í mörgum tilfellum er þetta ódýrt hráefni í vinnslu í stuttan tíma. Lagt til að 50/50 fari í sértæka byggðakvótann og hitt í það að efla strandveiðikerfið.
- Við erum svo agnarsmá að auka 100m ISK í markaðsmál myndi engu breyta. Björk og fótboltalandsliðið eru meiri auglýsing.
- Við fáum ekkert fyrir það að fiskurinn okkar sé villtur, hreinn og vel með farinn. Tekst bara ekki að koma þeim skilaboðum til skila.
- Við sem höfum lifað af í kerfinu erum þeir sem höfum farið í hóflega skuldsetningu og keypt okkur aflaheimildir. Annaðhvort keyptu menn ekki neitt og þeirra heimildir minnkuðu og minnkuðu eða menn fóru of geyst. Þær útgerðir eru bara að hverfa.
- Vinnslur byggjast upp í samþættu fyrirtækjunum, þar sem sjálfvirknin er alltaf að aukast, hættan er sú að það verði offjárfesting í vinnslunum og engin vinnsla að vinna á fullri framleiðslugetu. Þróunin getur ekki orðið önnur en sú að vinnslum fækki.
- VS aflinn brýtur á kjarasamningum sjómanna og lögum. Tillaga að sjómenn fái 40% greitt í sinn hlut og útgerðin ekki neitt. Sjómenn mjög hlunnfarnir því útgerðir stjórna því sem fer í VS en ekki sjómennirnir.
- Væri eðlilegt að það ríkti strangari kröfur um gagnaskil á fyrirtæki sem nýta sameiginlega auðlind þjóðarinnar, væri eðlilegast að þessi fyrirtæki væru bara á markaði.
- Væri hægt að ná mun betri nýtingu með betri hausun og þá sérstaklega um borð, þar er pottur brotinn.
- Vöruþróun lítil, þetta er í raun hrávörumarkaður.
- www.origingreen.ie Írar eru líka litlir og eyja. Lærum af þeim.
- Það á allur fiskur að fara á uppboð sem ekki er unnin innan sömu kennitölu og hann er veiddur á.
- Það er ekki mikill verðmunur af mismunandi veiðarfærum af því að það er ekki stöðugt framboð frá öllum veiðarfærum. Síðustu 2 ár hafa gæði strandveiðiaflans verið mjög góð. Fiskmarkaðir hitamæla allan fisk og setja allan fisk til hliðar sem stenst ekki hitamælingar. Sum svæði eru verri en önnur.
- Það er ekki nægjanlegt magn til skiptanna og á meðan staðan er þannig mun fyrirtækjum fækka, þau sameinast eða selja vegna óhagkvæmni.
- Það sem hefur verið mjög heitt er að ræða hvað við eigum að gera við verðmætin sem verða til í sjávarútvegi. Pólitíkin er meira í því að tala greinina í sundur en að tala hana saman.
- Það væri eðlilegra að Verðlagsstofa skiptaverðs væri kvikari en hún er, ekki með þessum töfum.

- Það ætti að vera hægt að sækja allan kvótann á um 50 skip. Sama í fiskvinnslum þeim þurfa að fækka til að vera samkeppnishæfar. Vonandi verður aukið samstarfs í fiskvinnslum, t.d. 2-3 stórar fiskvinnslur á hverjum landshluta.
- Þarf að hugsa vel samstöðu í markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum. Ætti alveg að vera hægt að finna leið í samvinnu í markaðssetningu, mætti alveg athuga norsku leiðina, vandamálið er að fyrirtækin eru að keppa sín á milli.
- Þegar að kvótakerfið er sett á eru 57 staðir með aflamark á landinu og það er alveg ljóst að það er ekki hægt að vera með 57 vinnslur á landinu. Stjórnvöld hljóta að hafa hugað að því að við séum með allt of mörg þorp á landinu og stjórnvöld ákváðu að láta markaðinn frekar stjórna hvaða þorpum átti að loka í stað þess að taka sovésku leiðina og velja hvaða þorpum yrði lokað.
- Þið segið að kvótakerfið hafi verið gott. Held að allir landsmenn hafi ekki verið sammála því, þeir sem menga mest er hyllt, félagslega hefur kvótakerfið aukið ójöfnuð og minnkað val almennings að velja um atvinnu í sinni heimabyggð. Held að flestir Íslendingar séu ósammála kvótakerfinu. Kvótakóngarnir stjórna stórum hluta allra stærstu fyrirtækja landsins, og geyma eitthvað í skattaskjóli. Fúsk í pólitíkinni. Alþjóðlegt orðspor Íslands er á niðurleið. Forsíðufrétt í norsku blaði að Ísland væri spilltasta ríki norðurlandanna, sérstaklega í samhengi sjávarútvegs. Norski miðillinn tengdi þetta við almenna spillingu í kerfinu. Fullreynt að kvótakerfið í núverandi mynd væri harmaleikur almennings.
- Þorskur er 30% dýrari á markaði en í beinum viðskiptum. Verðmyndunin í dag er þannig að verð á fiskmarkaði fylgir dollar, pund og evru alveg. Þetta er kjaramál fyrir sjómennina. Verðið á fiskmörkuðunum er benchmark fyrir verðið úti í USA og EU, ef reiknistofan hækkar, hækkar verðið úti.
- Þröskuldurinn inn í greinina orðinn gríðarlegur. Bankarnir viljugri að fjármagna fjársterka aðila, sem eiga kvóta
- Ætti að setja gjald á óunninn fisk, eins og Færeyingar gera?
- Ætti að vera aðal fókusinn að fylgja eftir 1000 milljarða útflutningsaukningu úr McKinsey skýrslunni. Hvernig hámarkum við vöxtinn í þessum nytjastofni - þrír þættir: magn, verð og nýting. Magn: hvernig aukum við það? Þurfum að vita hvað er í sjónum þannig að hægt sé að gefa út meiri kvóta. Verð: tryggja aðgengi að mörkuðum - tollakjör, hvers vegna erum við ekki með betri tollakjör dæmi: karfi. Nýting: grundvallarskylda stjórnvalda að það sé jarðvegur til að greinin geti orðið samkeppnishæf.

Samráðsnefnd



Umhverfi

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að umhverfisstöð sjálfbærrar þróunar í samráðsnefnd verkefnisins.

- Að setja meiri pening í Hafró er ekki lausnin. Að veiðar séu eina leiðin sem hefur áhrif á vöxt nytjastofna, það er margt fleira.
- Aflareglan staðið í sömu tölu í mörg ár. Skerðing í þorski, hefði átt að hnika til aflareglunni.
- Athygli vakin á skyldum Íslands um líffræðilegan fjölbreytileika í hafi og markmið um verndun 30% hafsvæða 2030, en í dag er aðeins 0,7% hafsvæða við Ísland verndað. 250.000 ferkílómetra ætti eftir að vernda og mikilvægt væri að vinna það í góðri sátt með sjávarútveginum.
- Á bara að vera orkusparnaður í strandveiðum?
- Áður fyrr fóru sjómenn á fund fyrir sunnan með Hafró. Gekk mjög vel, sögðu frá sinni upplifun og aðstæðum á miðunum. Þeir hættu að koma þegar þeir skynjuðu að ekki væri verið að hlusta á þá.
- Áhugavert hvernig kerfið væri ef það væri hannað af vísindum.
- Áhyggjur af verndarsvæðunum, þar eru miklir hagsmunir. Á eftir að ræða markmiðið um 30% og hvernig því verði náð. Ógn við líffræðilegan fjölbreytileika er margvísleg. Verndarsvæðin, hafa þau bara verndargildi gagnvart fiskveiðum, mun það ná settum markmiðum? Til eru aðrar leiðir en að loka veiðisvæðum, fiskveiðistjórnunarkerfið er gott í grunninn fyrir verndun.
- Bent á mikil tækifæri í verndarsvæðunum.
- Brottkast er vitað mál. Brottkast hefur minnkað umtalsvert á undanförunum árum. Tekur undir tillögur um VS aflann.
- Enginn nefnt aflaregluna frá 1995. Að breyta aflareglunni er eins og að snúa fíl úr hálslíð, en þarna væri tæki til að hreyfa við úthlutun kvóta. Myndi vilja að talað væri meira um aflaregluna og við sem íslensk þjóð ráðum yfir okkar auðlind með aflareglu. Getum gert góða hluti í ufsanum, m.a. vegna verðmæti aflans.
- Er ekki í gildi samningur á milli SFS og úrvinnslusjóðs um ónýtt veiðarfæri og er sjávarútvegurinn undanþegin úrvinnslugjaldi?
- Er stefnan að aðlagast loftlagsbreytingum og súrnun eða er stefnan að snúa þessu við, hvað þarf til að snúa þessu við? Þarf að vera grundvöllurinn. Ánægður með þá hugmynd að hafa meiri alþjóðlega stjórn og fá alþjóðlega viðurkenningu á vísindin.
- Erum ekki að ná þeim markmiðum sem sett voru í upphafi í aflahlutdeildarkerfinu.
- Fagnar rannsóknnum á hafsbotni, sérstaklega á grunnslóð.
- Finnst að aðgangur að gögnum Hafró mætti vera betra, tímafrekt og kostar fullmikið.
- Fjármálin mikilvægasti punkturinn, verið að þrengja svo mikið að grunnstarfsemi hafrannsóknna að við erum komin í hættuspil.
- Friðun gerir ekki gagn, fiskurinn frekar hverfur. Friðun hefur hvergi gefið neinn árangur.
- Greinin segir sig vera að taka skref í rétta, græna átt, en hið opinbera þarf að koma til móts við útgerðirnar m.a. með innviðauppbýggingu.
- Grænlandsgöngur vanrannsakaðar. Menn fullyrða að þessi fiskur kom frá Grænlandi, það væri skýringin á því að Breiðafjörður var stíflaður af þorski.
- Hafa verið gerðar rannsóknir fyrir vestan. Það eru stofnar í mismunandi fjörðum með mismunandi fæðu en í ráðgjöfinni er þessu steypt öllu saman.
- Hafrannsóknarstofnun hefur leitt verkefnið um GRÓ sjávarútvegsskólann. Þetta skiptir mjög miklu máli þannig að við nýtum þá sérfræðinga sem við höfum. Samstarfið við HÍ hefur gengið upp og ofan – en það skýrist að hluta til af því að fjármögnun Háskóla á Íslandi er á samkeppnisgrunni – eiginlegt svigrúm þeirra til að markaðssetja eitthvað sem skapar þeim ekki tekjur. Ríkisstjórnin getur lagað þetta –

- sett inn strategíska fjármuni sem styðja við mjög mikilvæg málefni. Það þarf vilja og það er mjög erfitt án fjármagns.
- Hafrannsóknir, það er aukning í loðnu, nýlunda að veiða á þessum tíma sem veitt er á núna og það betri rannsóknunum að þakka.
 - Hafrannsóknir eiga að vera nr. 1 á Íslandi, höfum dregist aftur úr. Þarf að efla sjálfstæði hafrannsókna, veit ekki hvort væri rétt að Hafró færi undir HÍ eða umhverfissráðuneytið, erum að tala um vernd og rannsóknir frekar en að telja fiska, myndi auka trúverðugleika stofnunarinnar, vantar fjármögnun í þetta.
 - Hafró þarf að meta áhrif mismunandi veiðafæra á mismunandi veiðasvæði. Var upprunalega gert undantekningar fyrir að 2 togarar fari inn fyrir 12 mílur en núna eru þeir 27, þetta þarf að stoppa.
 - Hefur okkur mistekist? Fæðuskortur, erum við ekki að horfa á afleiðinguna en ekki vistkerfið í heild sinni.
 - Hentum gríðarlegu magni af fiski hér áður fyrr. Þetta er gjörbreytt í dag. Olíuneyslan er miklu minni en í árdaga. Við þurfum að efla rannsóknir, rannsóknir og aftur rannsóknir. Við þurfum að vernda fiskinn í sjó, höfum gert það vel á margan hátt.
 - Hélt að nú yrði fyrir alvöru ræddur árangur rannsókna. Markmið fiskveiðistjórnunar væri að hámarka nýtingu fiskistofna. Meginmálið hvað ráðgjöfin hefur minnkað.
 - Hugsi yfir því að snúa sönnunarbyrðinni við varðandi brottkast út frá lögfræðilegu sjónarhorni, það sem þyrfti væri fræðsla fyrir sjómenn, drónaefirlitið væri komið til að vera og annað sem tryggði að farið væri að lögum og reglum. Það væri einnig komið langt frá sjómönnum sjálfum að færa ábyrgðina á fyrirtækin.
 - Hvað er verið að vernda, vernda fyrir ofveiðum. Hvernig er ofveiði stunduð, það er ekki með krókum og handfæraveiðum. Hugsa hvað er verið að vernda fyrir, ekki vernda stórútgerðina. Svo heyrir maður að 30% ufsa sé ekki veiddur, grafalvarlegt mál. Ef ekki veitt þá á að hleypa öðrum að.
 - Hvað er það í lögum og reglum sem dregur úr hvötum til þróunar á veiðarfærum?
 - Hvaða aðrir þættir en vöxtur og viðgangur nytjastofna skipta máli við verndun hafsvæða? Er það eitthvað annað sem á að vernda, eru það hverasvæði og kóralsvæði?
 - Hver á að gefa veiðiráðgjöfina ef skilja á milli ráðgjafar og rannsókna. Mun ráðgjöf ekki byggja á rannsóknunum?
 - Hver á að greiða í orkuskiptasjóðinn? Mikilvægt að markmiðið sé samdráttur í losun.
 - Hver er tilgangurinn að banna botndregin veiðarfæri innan við 12 mílur? Hver er tilgangurinn að reka bát sem hefur leyfi til að veiða á 3-4 mílum, þar sem er sand og leirbotn, við höfðum lítið upp úr því. Betra væri að heimilt væri að vera með fleiri en eitt veiðarfæri um borð.
 - Hvernig ætti að framkvæma græna aflapotta. Fjársterkir aðilar í sjávarútvegi hafa tök á að fara í græn verkefni og spurning af hverjum er verið að taka til þess að setja í pottana. Gæti komið illa niður á litlum aðilum.
 - Hvers vegna sérákvæði um botndregin veiðarfæri í tillögu 8?
 - Í tillögu 6 þarf að skýra hlutverk almennings, er allt undir, tímasetning, loftslag og umhverfi?
 - Ísland er aftarlega þegar kemur að rannsóknunum. Horfa þyrfti til mögulegrar verndunar í hafi. Rannsóknir eigi að vera grundvöllur góðrar ákvörðunartöku. Fjármagn vantar til að rannsaka lífríki í fjörðum vegna áhrifa fiskeldis.
 - Jákvætt að skilja á milli ráðgjafar og rannsókna.
 - Lagt til að hætt verði alfarið með endurvigtun og endanleg vigtun fari fram á hafnarvog. Kostnaðurinn vegna skekkju í vigtun og eftirlits og vinnu vigtarmanna nægir til að réttlæta breytinguna.
 - Leggur til að sjávarútvegsdeild HA fái það verkefni að rýna ráðgjöf Hafró eftir að hún er gefin út.
 - Leist illa á að snúa sönnunarbyrði við vaðandi brottkast og við ættum ekki að láta svona spyrjast út að taka sjávarútveg út fyrir sviga.
 - Líklegast að ná sátt um umhverfis- og loftlagsmál, viðfangsefni sem þarf að einbeita sér að til að vinna gegn hlýnun jarðar, aðgerðir gegn súrnun sjávar og neikvæð áhrif á lífríki og vistkerfi hafsins í okkar lögsögu, stórkostlegt hagsmunamál.
 - Mikilvægt að líta á land og haf sem einn vettvangur hvað varðar verndun og að skilin verði ekki í fjörunni.
 - Minni fjármunir til hafrannsókna þýðir minni vöktun sem þýðir minni úthlutun sem þýðir minni útflutningstekjur. Skýrsla Jóhanns fer ekki inn á það hvernig á að fjármagna Hafró. Getur ekki talist eðlilegt fyrir stofnun sem ætlar að stunda rannsóknir að vera á hverju ári að sækja um í einhverja sjóði, það virkar ekki til langtímaverkefna. Viðvarandi viljayfirlýsing að auka fjármagnið í þetta en aldrei gert.
 - Mótmælir því að sá þorskur sem dregin er af trilluköllum þurfi að koma annarsstaðar frá. Taka strandveiðar út og gera þær frjálsar, hefur ekki áhrif á stofninn og er byggðavænt svo um munar.

- Nauðsynlegt að skylda útgerðir til að skila inn gögnum og tryggja aðgengi að áreiðanlegum lykiltölum. Dæmi um viðbótar upplýsingar sem kæmu að gagni er olía á hvert veitt tonn og gæði afla í hverjum túr.
- Nýting nýrra tegunda sé háð umhverfismati, með hafrannsóknnum er unnt að finna nýjar tegundir, en ef kerfið gengur út á að einstaklingar fari út og eyði tíma í að finna nýjar tegundir og nytjategundir, ef það þarf að fara í umhverfismat, þá verður þetta aldrei.
- Ragnar Árnason vildi leggja af þorskveiðar 2008 og 2009 til að fá jafnstöðuafli. Slæmt að hjakka í einhverju sem ekki gengur upp.
- Rannsaka lífríki á hverjum stað, getur verið að afleiðingar af sveiflum sé vegna veiðarfæra? Væri unnt að nota önnur veiðarfæri? Mikið rætt um ætið en minna veiðarfærin.
- Ræða þarf þá hugmynd að VS afli sé eign sjómanna og með því móti yrði ekki brottkast, því það væri hagur sjómanna að halda aflanum.
- Rætt um vigtun en endurvigtun ekki nefnd.
- Sammála því að breyta mætti aflareglunni. Krókaveiðar eru vistvænar og þróun í veiðarfærum hefur verið mjög hröð. Vigtunina þarf að samræma, sérstaklega í uppsjávarfiski, þar þarf að gera eina reglu. Ísprósenta eður ei, það er ofurkæling í mörgum skipum sem ekki nota ís.
- Sammála því að stíga varlega til jarðar hvað varðar nýjar nytjategundir í umhverfismat, það verður lítil framþróun ef fara á með allt í umhverfismat.
- Synd að skýrsla Jóhanns Sigurjónssonar sjáist ekki í tillögunum. Þrengt hefur verið að rannsóknnum og niðurskurður í vöktun nytjastofna. Einmitt það sem er í hættu eru nytjastofnarnir.
- Tillaga 5 skiptir miklu máli og er undirstaða fyrir margt. Þörf á frekari skýringu um rannsóknir og uppgötvanir einkaaðila. Fellur hrossaþari og nýting hans þarna undir. Vistkerfisnálgun þarf að vera á bæði gamalt og nýtt, alls staðar þar sem almannaeign er undir. Leyfin til nýtingar þurfa alltaf að vera tímabundin og fjalla þarf um erfðafræðilegar auðlindir.
- Tillagan um aðskilnað ráðgjafar og rannsóknar Hafró er byggð á misskilningi, tengslin þarna á milli og ekki verði með góðu móti aðskilnaður þarna á milli. Það vanti meiri peninga í rannsóknir á nytjastofnum.
- Umhverfismálin í fararbroddi til að tryggja efnahagslegan ábata.
- Upplýsingar um haffræði og fiskifræði illaðgengilegar fyrir þá sem ekki eru í slíku námi eða kreðsu, gæti verið ástæðan fyrir lélegri nýliðun.
- Vandamálið með brottkast, finna ráð hvernig á að minnka það og taka fyrir það.
- Vantar að heyra hvernig hefði tekist til – öll vinnan byggir á svörtu skýrslunni. Væri gott að vita hvernig hefur tekist til með hafrannsóknir síðan þá. Lagt til að setja inn töflu um ráðgjöf Hafró frá 1985 samanborið við ráðgjöfina í fyrra.
- Vantar fleiri tillögur um plastið og líst ekki vel á að SFS taki að sér förgun plastsins.
- Varað við tilraun með að skipta upp svæðum til að leyfa frjálsar veiðar. Það eru víðtækar upplýsingar úr merkingargögnum að þorskurinn er ekki að virða landamærin. Hann þvælist út um allt. Það var reynt að veiða þar sem ekkert er með humarinn.
- Varðandi fæði: ályktunin var sú að það er of mikið af fiski sem étur upp ætið.
- Varðandi nýliðun tengist það öðru máli – hér eru fulltrúar tveggja rannsóknarsetra – VÖR – er í samstarfi við Hafró – nú heyrir að Hafró á Snæfellsnesi verði lokað og það væri algjör synd. Vör var stofnað af einkaaðilum sem vildu efla hafrannsóknir – einnig með þann draum að búa til vettvang til að snúa heim eftir menntun í háskóla. Þarna væri sóun ef þetta leggst af.
- Varðandi tillögur um nýjar nytjategundir í umhverfismat, tillagan myndi steindrepa hvata til að nýta nýjar tegundir.
- Varðandi veiðarfærin. Gerum tilraun, frá Horni að Skagafirði, Húnaflóa, frjálsar veiðar og sjá hvað myndi gerast. Önnur tilraun sem ekki var gerð, var í humri. Ráðið núna er að loka öllu, af hverju er ekki mismunandi veiði með mismunandi veiðarfærum. Tilraunirnar eru undirstaðan, en þessar tilraunir eru ekki gerðar.
- Veiðar og vernd geti farið saman. Bent á að hafa þarf í huga að þeir sem er í sjávarútvegi eru ekki að starfa til stutts tíma og það þarf að eiga gott samtal við greinina varðandi verndun hafsvæða.
- Hvernig best er að passa að Veiðarfæri og töpuð veiðarfæri endi ekki í höfnum eða í fjörðum. Kerfi er til staðar þar sem SFS safnar veiðarfærunum sjálf og er í samstarfi við hafnir og sveitarstjórnir. Greinin fylgir því kerfi vel. Merkingar og annað er til bóta en hér á landi er verið að gera þetta eins vel og kostur er á.
- Velt fyrir sér hvert er vistspor greinarinnar í heild sinni og hvort það hafi verið skoðað. Að fara úr því að salta og frysta í ferskvöru, þá tífaldast notkun t.d. á plasti. Matarsóun eykst

- líka. Vinnsla t.d. við löndunarhöfn er mjög umhverfisvæn, en við aukna vinnslu þá léttist það sem flutt er um 60% og dregur því úr Co2 í flutningi.
- Hefur kynnt sér rannsóknir erlendis og áhrif togveiða á losun og Hafró þyrfti ekki sérstaklega að rannsaka það. Bent á áhrif trollveiða og losun þungmálma við drag trolls.
 - Velti upp með verndun hafsvæða, hvað væri verið að vernda. Að hleypa stærri skipum inn að 3 mílum, það væri t.d. bara afmarkaðan tíma úr ári.
 - Verndarmarkmið og hverskonar hvati er til staðar til að tilkynna týnd veiðarfæri, hann er mikilvægur.
 - Vert að skoða ráðgjöf Hafró, en að henni gefinni þá stendur greinin sig vel og verðmæti pr. kg. hafa tvöfaldast síðan kerfið komst á.
 - Við þurfum að vernda hreinleika hafsins og ýmislegt sem við getum gert til að tryggja það. Fylgjandi því að ala fisk í sjó að því gefnu að það sé rannskaða hver áhrifin af fiskeldinu eru. Umhverfið í fjörðunum er mjög viðkvæmt. Sumt getum við ekki haft áhrif á en keðjan mikilvæg og við verðum að horfa á hlutina í samhengi.
 - Vilja sjá Orkusjóðinn með sama hætti og í Noregi, eðlilegt sé að fjármagna sjóðinn með kolefnisgjaldi og einangra það við fiskiskip, búa þurfi til gulrót og svipu á sama tíma.
 - Vísar til umsagnar nr. 5 frá Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda, Samtaka smærri útgerða og Strandveiðifélag Íslands. Félögin taka undir það að koma þurfi með allan afla að landi, hagsmunir beggja séu tryggðir. Fiskeiðitímabilið verði samfelld og undirmálsafla skoðaður.
 - Vonbrigði með orkutillögurnar, hefði viljað sjá meira en tillögu um einn sjóð.
 - Vöktun fiskistofna mikilvægt, verður að skoða áhrif botnvörpunar á hafsbotninn og 7 ára markmið um verndun verður að vera til staðar.
 - Það er mikilvægt að huga að umhverfismálum: álag á veiðafæri leiðir til meiri einsleitni. Og er ekki gott.
 - Það er óþarfi að skerða veiðiheimildir strandveiðibáta sem eru með lök gæði því markaðurinn sér um þetta með verðlagningu.
 - Það er rétt að atvinnugreinin vill hafa góðar hafrannsóknir – þetta er nánast fjárkúgunarmál. Í heild setur útgerðin á hverju ári að minnsta kosti hálfan milljarð í rannsóknir og það er engin heimild í lögum til að krefja atvinnugreinina um þetta – það eru veiðigjöld sem eiga að standa undir þessu. Það er borð fyrir báru í veiðigjaldinu til að koma því fyrir.
 - Það er verið að venda ýmislegt annað en fiskinn í hafinu, t.d. kalkkóralsmiðin við Reykjanes. Það er ákall að komast í umhverfisvænan fisk og handfæraveiðar eru umhverfisvænar. Hætt er að nota blýsökkinn í handfæraveiðum. Alltaf verið að þjarma að smábátasjómönum. Lína og handfæri eru umhverfisvæn, en dragnót og togveiði veldur mestum skaða.
 - Það hefur ekki staðið á sjávarútveginum að bjóða fram gögn, það er mikið til af gögnum. Stofnanir þegar farnar að nýta sér þetta og miklir möguleikar. Líka mætti nota þau til að búa til spálíkön fyrir vertíðir. Mörg gögn til eins og aflabækur aftur í tímann.
 - Það þarf áreiðanleg gögn um nýtingu auðlindarinnar: brottkast og vigtarmismun.
 - Þarf að auka þessar rannsóknir og efla þær. Fá þá raddir skipstjórnamanna inn í þetta. Geta átt heilbrigð skoðanaskipti um þetta. Allir hafa eitthvað til síns máls að taka í þessu.
 - Þarf að skoða ráðgjöfina með opnari hætti.
 - Þegar aflareglum er breytt, Alþjóðlega hafrannsóknarráðið veit kannski ekki hvernig aðstæðurnar eru hér, þarf að kynna þetta betur hérlandis
 - Þegar skorið var niður í ráðgjöf 2008 urðu þorpin þar sem skorið var einna mest niður fyrir neikvæðustu áhrifunum.
 - Þekking á landgrunninu hefur batnað mikið. Velt fyrir sér hvernig á að búa til verndarsvæði á landgrunni sem við þekkjum vel. Verndarsvæði þyrftu að vera vel skilgreind, vegna þess að það er hægt að vernda svæði og ekkert gerist í kjölfarið.
 - Þetta er ekki takmörkuð auðlind, hún er endurnýjanleg.
 - Þið ættuð að sjá fiskinn sem verið er að henda. Þetta er fiskur sem færi annars á markað og ekkert fengist fyrir. Af þessu þarf svo að greiða löndunargjöld og urðunargjöld, seljist þetta ekki. Það væri auðvitað best ef ég gæti landað öllum afla og væri ekki stimplaður glæpamaður fyrir það.
 - Þorskurinn étur sig ef hann er ekki með æti. Við erum alltaf að taka lífmassa sem eru notaður til að búa til meiri fisk. Það er verið að leika sér með hluti sem við eigum ekki að vera leika okkur með. Það gefur augaleið að við erum að gera mistök. Þetta snýst ekki bara um kolefnislosun, þetta er inngrip í hringrásina sem hefur afleiðingar



Samfélag

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að samfélagsstoð sjálfbærrar þróunar í samráðsnefnd verkefnisins.

- 5,3% endurspeglar sátt um kerfið. Þegar talað er um verðmætasköpun þá er það lífshamingja hjá þeim sem stunda strandveiðiútgerð. Fiskvinnslufyrirtæki sem loka á landsbyggðinni opna ekki aftur, það er komin iðnvæðing í þessu og það verður ofan á í þessu og að sjálfsögðu eitthvað af minni fyrirtækjum áfram, en þau sem hafa lokað verða ekki endurvakin.
- Að sjálfsögðu þarf að greiða skatta og skyldur til samfélagsins. Það er sælast að útvegurinn þróist eins og hann hafi verið að gera en greiða skatta og skyldur til ríkisins.
- Af hverju er ekki tillaga um að taka hluta í fyrningarleið í stað alls?
- Aflamarskerfið og skattar á arðsemi vinnslu sjávarfangs, sé arðbærasta leiðin. En mörg byggðarlög hafa orðið fyrir búsifjum og strandveiðikerfið hefur sannað sig sem slíkt, en aflaheimildir pr. dag þá skiptir það engu máli. Þeir eru í þessu eldri sjómenn, hobby og reka sig á tekjum af strandveiði. Væri áhugavert að átta sig á aðgerðum nútímans og hverju það skilað.
- Allar atvinnugreinar verða að starfa í sátt við það samfélag sem það starfar í. Hver er fórnarkostnaður verðmætasköpunar til þess að búa til sáttina. Það liggur í augum uppi að ef við belgjum út minni kerfin, mun draga úr vexti og minna verður til skiptanna. Það er þessi hugsun sem þarf að eiga sér stað. Það eru allir sammála um að sjávarútvegurinn þarf að skila meira til samfélagsins en það er ekki allir sammála um hvernig.
- Auðlindagjaldið er í raun of hátt fyrir flestar útgerðir. Leggst mismunandi á útgerðarflokka, í krókafla er verið að greiða það sama og annarsstaðar en geta ekki breytt veiðarfærum.
- Auðlindarentan, hún er ekki flókin. Erum að tala um veiðigjöld, þar sem komin er á fákeppni og að myndast hagnaður og hversu há á rentan að vera, það sem er umfram frjálsa samkeppni.
- Auðlindasjóður og tekjur til sveitarfélaga. Erum við að gera byggðamálin að vanda greinarinnar, það á að vera vandi þjóðfélagsins í heild. Hægt að vera með stuðning við kvótalausar aðgerðir.
- Áhyggjur af tilraun með uppboð, Ísland með skásta fiskveiðistjórnunarkerfið af því að við þörðum að taka upp aflamark, enginn annar í því. Svo framsalið sem enginn annar var í. Verðum að halda áfram þróuninni.
- Ákveða þarf hvernig afgjaldið skilar sér en ekki kollvarpa kerfinu.
- Bendir á að allar aflahlutdeildir væru fyrndar á ákveðnum árafjölda og þannig væri auðlindarentan verðlögð í frjálsri samkeppni. Talið að fyrningarleið sé sanngjarnari leið og þróa markaðsviðskipti með aflaheimildir.
- Betra að halda auðlindagjaldinu hófstilltu allavega gagnvart þeim útgerðum sem standa undir þeim byggðum sem eru gamlar sjávarbyggðir. Ef það á að dúndra gjaldinu upp og bæta byggðunum upp síðar, jöfnunarsjóði o.fl. og þá væri verið að færa vandann til og gera hann hálfum verri.
- Ef eina markmiðið með tilrauninni á uppboði aflaheimilda er að sjá hvort kerfið virkar þá er fyrst og fremst að skoða hvort verðlagning sé stöðug og fyrirsjáanleg. Þeim mun fleiri hliðarskilyrði, þá væri erfitt að meta árangur kerfisins.
- Ef tilraun með úthlutun aflaheimilda mistekst þá er málið útrætt en þess virði að gera þessa tilraun. Það er útilokað að taka þetta þannig að ekki sé komið inn á hagsmuni stórútgerðarinnar.
- Einfaldasta leiðin er að bjóða út tonninn úr byggðakvótanum á hvert byggðalag og þá fengi byggðalagið peninga. Myndi leggja áherslu á þetta.
- Einfaldasta leiðin til gjaldtöku er útboðsleið sem kölluð er fyrningarleið.
- Eistar og Rússar hafa farið í uppboð og skrifað greinar um þetta. Talað þar um aukningu í samþjöppun og engin nýliðun.
- Ekki enn þá skilgreining á því hver raunverulegur eigandi kvótans sé. Sem er grundvöllur alls í peningaþvættismálin.

- Er hægt að rannsaka fyrningarleið öðruvísi með öðrum hætti en hreinlega að prófa.
- Erum að fá 240.000 tonn á þessu ári, þetta er ekki gott kerfi, það er ljóst. Einu tillögurnar sem vert er að ræða er útreikningur veiðigjaldsins. Er ekki talsmaður veiðigjalds en ef það á að reikna það út, þá verður það að vera sambærilegt. Ekki hægt að vera með tvö verð á fiski, ekki hægt að reikna út skattlagningu ef það eru þrjár leiðir í að vigta fisk og varðandi verðlagningu. eðlilegast að þetta fari í gegnum fiskmarkaðinn. En með þessu áframhaldandi fyrirkomulagi leggjast fiskmarkaðir af. Jafna þarf þessa hluti svo unnt sé að skattleggja.
- Fjármálaáætlun – þar var rætt um gjalddöku af sjávarútvegi. Forsætisráðherra sagði að væntingar væru til þess að veiðigjald hækki verulega. Af hverju er þá verið að ræða uppboðin og hvernig sér ríkisstjórnin fyrir sér að ná hækkun veiðigjalda. Er það afstaða stjórnvalda að afkoman og það sem veitt er fasti. Staða nytjastofnanna ekki góð næstu ár.
- Fráleitt að sprengja upp núverandi kerfi með svona uppboðsrausi.
- Fróðleg skoðunarkönnun og aðallega ósætti með hver fær arðinn. Við missum stundum sjónar af því hvað markmiðið er.
- Fyrning er ein tegund skattheimtu, skapar óvissu í rekstri og vegna óvissu er þetta 100% skattlagning.
- Fyrningar- og uppboðsleiðin – fyrir hverja er hún? Það er auðlindagjald hér, af hverju og fyrir hverja vilja menn fá fyrningarleið. Er það til að pólitíkin geti afhent öðrum fiskinn?
- Fyrningarleið mun ýta undir samþjöppun og stór kerfi munu alltaf vera í betri stöðu en önnur.
- Fyrningarleið sem skapi óvissu í störfum þeirra í sjávarútvegs.
- Færeyingar buðu upp hluta aflaheimilda, en hvaða aðrar þjóðir hafa notað þessa leið?
- Gagnlegt að ræða uppboðin. Við megum ekki bjóða upp aflaheimildir og það lendi allt þar sem ódýrasta útgerðarformið er. Við þurfum á öllum útgerðarformum að halda.
- Garrett – auðlindahagfræðingur, varar við uppboðum. Veiðireynsla sé líklegri til að gefa þjóðinni afrakstur af náttúruauðlindum.
- Gleyma ekki því sem vel er gert. Erum öll þar. Ástæðan fyrir því að vilja sjá það afgjald sem er greitt í formi markaðsgjaldsins, að það er heiðarlegra. Það tekur sveiflur á hverjum tíma en ekki eitthvað ákveðið af pólitíkinni.
- Gott að lesa skilgreiningar og skýringar Indriða um auðlindarentu. Jóhannes Norðdal lagði áherslu á að við fengjum vísbendingar hvers virði auðlindin væri fyrir útgerðina. Við erum með vísbendingar eins og leiguverð. Skrýtið að vera með tvöfalda gjalddöku.
- Hafa greinar frá Indriða Þorlákssyni ekki verið rýndar, þar sem helsta deilumálið eru réttmæt skipti.
- Hagkvæmara sé í stað úthlutun án endurgjalds heldur að verð sé greitt á markaði í stað þess að pólitíkin hlutist til um það.
- Halda á lofti smærri og meðalstórum útgerðum, veiðigjöld leggjast mismunandi á útgerðir eftir stærð og sama með fyrningarleiðina. Þegar er verið að tala um að auka sáttina á einn bóginn og samþjöppunina á hinn bóginn, að þessa leiðir aukið auðlindagjald og fyrningarleið myndi óneitanlega leiða til frekari samþjöppunar.
- Hissa hvað mikill góðvild væri til smábátanna í skoðanakönnunni.
- Hlynt því að gera tilraun á útboði og það sé leið að sáttina og samfélagið njóti þess sem kemur út úr þessu.
- Hugsa sér það að í útboði aflaheimilda mætti hafa ýmsar kvaðir, en ef það eru margar kvaðir um samþjöppun og binda heimildirnar þá ertu komin í tæknilegan vanda. Leyfa arðinum að myndast og hann skili sér inn til samfélagsins, með sjóði. Líta til Noregs þá er farin sú leið að auðlindaskatturinn rennur til sveitarfélaga en ekki ríkisins. Þessa hugsun má nota í þessa lausn.
- Hundurinn liggur í auðlindagjaldinu. Fólk situr alveg í sitthvoru horninu með þetta. Eigum að treysta útgerðinni fyrir því að bjóða þetta bara út.
- Hvergi nefnd sátt í 228 blaðsíðna bæklingi starfshópanna.
- Í óbreyttu kerfi verður engin sátt en það eru færi að auka sátt og eitt af því er gluggi sem er opin fyrir nýliðun og strandveiðikerfið er leið sem unnt er að nota í þessu sambandi.
- Í uppboðskerfi er mikil óvissa hvort fyrirtæki fá aflaheimildir og þetta sé ekki til að efla sátt. Getur sú staða komið upp að fyrirtæki sem áður átti 10.000 tonn fær ekki þær aflaheimildir sem það hafði áður og það er ákveðin sóun. Það er bæði með skipakost til að veiða og einnig vinnslugetu í landi fyrir þann afla sem það hafði áður og búið að aðlaga sig að þeim skipakosti sem það hefur yfir að ráða og vinnslugetu.

- Kerfið í dag að skila því sem til er ætlast en skilur óánægjuna. Mögulega deilt um að veiðigjald sé ekki að skila nægu.
- Kerfið svo fast í sessi að því yrði ekki breytt bótalaust. Kerfið var sett á fyrir 40 árum og þá var úthlutað á skipaskránum. Sjómannastarfið er allt öðru vísi síðan þá, erum að sækja meiri verðmæti með færri skipum og færra fólki. Sjáum í veiðigjöldum að útvegurinn er að greiða afgjald til þjóðarinnar. Sér ekki ástæðu til að breyta þessu kerfi sem slíku. Skattlagning er annað. Við þurfum að fara hugsa þannig að þetta erum við sem erum að nýta auðlindina og ná sátt um hvernig við gerum það. Þurfum að viðurkenna það sem vel er gert.
- Kvótapakið 12% í almenna kerfinu af öllu en í krókaafakerfinu er það 4% af því kerfi. Bendir á að á sama tíma er veiðigjaldið það sama, þvert á kerfi.
- Lagt til að lækka kvótapak og koma í veg fyrir að menn verði of valdamiklir
- Lög um fiskveiðistjórnun reynst ákaflega vel. Í skýrslu Sveins Agnarssonar er bent á að tvennt: 1. afburðagóð lög og 2. styrkur sjávarútvegsins.
- Margar tillögurnar kosta peninga, s.s. auknar rannsóknir, hvatar til góðrar umgengni og til orkuskipta. Helsti ágreiningur um auðlindina snýr að því að þjóðin fái ekki nægilegan arð af auðlindinni en horfir upp á að stærsti hlutinn renni til þeirra sem nýta auðlindina, þannig að hlutur þjóðarinnar nægir ekki fyrir nauðsynlegum rannsóknum og þjónustu við greinina. Engin sátt mun skapast nema tekið sé á því máli. Við viljum að ákveðinn hluti aflahlutdeildar verði boðinn út ár hvert og tímabundnir leigusamningar gerðir um auðlindanýtinguna. Okkur finnst mikilvægt að fá fram markaðsverðið - verðið sem útgerðin er tilbúin til að greiða fyrir auðlindina á hverjum tíma og hverfa frá reiknireglum sem stjórnmalamenn setja.
- Markmið laga um stjórn fiskveiða, það væri ekkert aflahámark nema með markmiði laganna og þeim er ætlað að tryggja trausta byggð og atvinnu í landinu og því markmiði hefur ekki verið náð. Það er ekki traust byggð, við erum með brothættar byggðir, njóta ekki nálægðar og þá hrynja byggðar.
- Málflutningurinn litast af þeim hagsmunum sem hver og einn er að vinna fyrir. Enginn vafi um áhrif aflamarkskerfisins um samþjöppun og fækkun skipa. Þessi lagagrein um markmið um að sjávarútvegur eigi að stuðla að hagkvæmni og byggð í landinu. Eru þetta óraunhæfar væntingar til sjávarútvegsins í dag? Þarf kannski breytingu á hugsanahætti. Alls staðar róð til fisks þar sem stutt var á miðin. Það er allt annar veruleiki en í dag.
- Meginmarkmið að taka ekki enn eina kollvörpun á kerfinu. Heldur horfa á tekjumódel ríkisins, eins og í raforku og fiskeldi. Ná til sín tekjustofnum til að nýta til uppbyggingar á öðrum vígstöðum.
- Menn sjá mikið eftir afkomunni í þessari atvinnugrein. Ef menn reikna þetta af heildarefnahagsreikningi þá er þetta ekki stórkostlegt. Kannski 10-15 ár sem einhver arður fellur til.
- Mikið samræmi er á milli 60 tillögunum og skoðunarkönnunar. Röng tímasetning að tefla henni fram á þessum tímamarki. Hóparnir ættu að byrja aftur.
- Mikill fjöldi fólks sem vinnur í sjávarútvegi í landi. Það væri alvöru atvinnugrein, pottarnir væru bara til að búa til hlutastarf fyrir fólk. Þegar pólitíkin kemur inn í þetta, þá er ekki verið að hugsa um framtíð starfsfólks í fiskvinnslum, veldur óvissu hjá fólki.
- Miklu betra fyrir sveitarstjórnir að almenni byggðakvótinn yrði boðinn út og það sem fengist myndi fara til byggðalagsins og nýtast þannig betur. Tonn á móti tonni, það er verið að leigja frá útgerðarmönnum til að geta fengið tonn í byggðakvóta. Það þarf að endurskoða skel- og rækjubætur og línuvinnun, ætti að skoða að setja það í útboð? Sértæki byggðakvótinn það sama, að úthluta og peningarnir fari til byggðalaganna. 5,3% skiptir máli og enn frekar að stækka þann hlut.
- Mjög mörg gömul lög. Þarf að taka til í lagasafninu. Fá yfirlit yfir kvótakerið.
- Nauðsynlegt að koma á þessu útboði til að ákvarða verð og margt sem mælir með því í stóra kerfinu.
- Nýting náttúruauðlinda, þetta er prófraun fyrir nýtingu annarra náttúruauðlinda. Tímabundin nýting er mikilvæg og best að markaðurinn sjái um verðmatið sjálft.
- Ósáttin liggur helst í því að kvótinn safnast á fáar hendur, veiðigjaldið of lágt og greinin of lokuð. Gæti verið lausn að setja meira í sértæka byggðakvótann og 5% aflaheimilda á markað á ári.
- Pólitískur óstöðugleiki það versta fyrir minnstu aðilana og verður til þess að þeim fækkar. Upphrópanir um kvóta á markað eru hræðilegar fyrir fjölskyldufyrirtækin. Mikil óvissa og stóru fyrirtækin einu fyrirtækin sem höndla það. Ef kvóti færi á markað myndu litlu fyrirtækin alveg þurrkast út.

- Sagt er að útreikningur á veiðigjaldi sé flókin, en það er ekki flókið fyrir þá sem skilja rekstrarreikninga. Þar eru gjöldin niðurbrotin á hverja fisktegund, það liggur fyrir afkoma veiða á hverri tegund. Álitamál voru uppi með afskriftir. Heppilegra væri að hafa reikningsskilalega afskriftir, en skatturinn vildi hafa þær skattalegu. Það að þetta sé svo flókið að erfitt sé að fóta sig í greininni er ekki rétt.
- Samþjöppunin, menn hafa talað um að skoða skyldleika, ef þeir sem eru með helming séu með hærri veiðigjöld og þannig sporna við frekari samþjöppun.
- Sanngjörn dreifing. Virtur lagaprófessor sagði að kerfið væri svo fast niðursett að þeir sem hafi heimildirnar séu óviðræðuhæfir um fyrningu og uppboð án bóta. Mikilvægasta markmiðið hér er að finna leiðir til að þeir sem hafi veiðirétt greiði sanngjörn veiðigjöld og á sanngjörnum tíma og komi sem fyrst til þjóðarinnar. Það þarf að setja skýrar reglur um samþjöppun veiðiheimilda, sem er vaxandi vandi og það sést víða um landið.
- Sáttin á ekki að vera samningur við stórútgerðina.
- Sjávarútvegur er eina atvinnugreinin sem þarf að þola aukaskatt.
- Skiptir miklu máli að það séu ekki stjórnámamenn, sem stórar útgerðir hafa áhrif á, sáttin verður að spretta á gagnsæju ferli.
- Staðreyndin er að iðnaðurinn fær sín aðföng, en þjóðin fái ekki tekjur fyrir það.
- Stefnir í 3-5 sjávarútvegsfyrirtæki og það hlýtur að vera að skattlagning fari fram á jafnræðisgrunni.
- Stóru ágreiningsmálin hvert arðurinn á að renna. Indriði Þorláksson hefur skrifað um auðlindarentuna og hver afkoma fyrirtækja sem nýta auðlindir landsins er og hvort greitt sé eðlilegt gjald af auðlindinni. Auðlindarentan er óumdeilanlega mikil. Nefnir fyrningarleiðina
- Strandveiðar mjög mikilvægar og kannski hugsa það betur hvernig þær yrðu útfærðar. Mikilvægt með útboði að fá fram tölurnar.
- Tekur undir að unnt er að einfalda veiðigjöldin og skilur ekki af hverju er ekki búið að því.
- Tillaga 50-51 – liggur beint við að miða við raunverulega eigendur skv. lögum nr. 2018 og lögin heimila of mikla samþjöppun í dag. Fyrirmyndir í lögum um fjármálafyrirtæki.
- Tilraunin með uppboð á aflaheimildum leiði til að mæta ólíkum sjónarmiðum og fá reynslu.
- Tiltölulega einfalt hjá skattinum að reikna veiðigjöld. Minnt á muninn á afkomunni.
- Togstreituna milli samfélags og efnahags. Spurði hvort allar hugmyndir um tímabundnar aflaheimildir hafi verið skoðaðar, hvort þau rök sem komið hafa upp hafi verið skoðuð.
- Umræðan um fyrningu náði hæstum hæðum 2010 til 2012 þetta yrði hörmung fyrir smábátaútgerðina, sama hvernig girðingum eða pólitískum reyksprenjum yrði stillt upp.
- Uppboð reynd víða um heim og áhugavert að vita hvaða reynsla er að þeim og hvaða lærdóm má draga af þeim? Er sniðugt að prófa svona?
- Uppboðsleið að bjóða aflaheimildir 5-10% raskar enn frekar byggðaðþróun.
- Útboðsleiðin bjóði upp á samþjöppun en það er mikil samþjöppun í núgildandi kerfi. Það þarf að skilgreina hverjir eru tengdir aðilar og það er opið fyrir að unnt er að eiga í mörgum útgerðarfélögum.
- Útbúa uppboðskerfi og taka þennan kross af Byggðastofnun, væri mjög jákvætt.
- Varðandi auðlindagjöld, fylgjandi þeim eins og sátt er um í samfélaginu að greiða auðlindagjald fyrir umframhagnað. Fylgjandi meiri gangsa í fyrirtækjunum og talað fyrir því. Vill geta séð hvernig afkoman er frá tíma til tíma.
- Varðandi samþjöppun, er unnt að skoða það að útboð á náttúruauðlindum muni ekki leiða til samþjöppunar
- Varla nokkur maður sem skilur hvað þorskígildi er því það breytist á hverju ári. Myndi einfalda umræðuna um kerfið með því að taka þorskígildi út.
- Veiðigjaldið á að vera eins einfalt og hægt er, nýta okkur aflagjöld og verð á fiskmörkuðum. Koma í veg fyrir að þetta sé misskilið.
- Við erum ekki sátt hvernig einstakir hópar njóta ávaxtanna og hvernig það hefur áhrif á byggðirnar sem byggðust upp í kringum sjávarútveginn.
- Það að hafa útboð á kvóta á vegum ríkisins er mikilvægt. Sagt að hagsmunir stangist á þ.e. stórútgerðar og þjóðarinnar, hvernig afrakstrinum er ráðstafað. Það þarf að slíta eitthvað út úr kvótakerfinu og bjóða það upp. Að taka þessar ívilnanir og bætur og setja það í útboð á vegum ríkisins, útgerðir að vissri stærð fái ekki að bjóða og svo framvegis.
- Það er tekið % af aflaheimildum í hafnargjöld og bara rukkað strax, geta ekki veiðigjöldin verið eins.
- Það eru líka venjulegt fólk sem starfar í þessari grein. Þetta fólk vill stöðugleika og framtíð í sínu byggðarlagi. Ef það á

- að setja 5% á markað (fyrna um 5%) þá fynnist framtíðin um 5%.
- Það mun ekki nást sátt ef afgangur þjóðarinnar er ekki gagnsætt og sanngjarnt.
 - Það sem hefur aukið ósætti er hvernig umræðunni um veiðiheimildirnar. Vitna í aðalfund SFS og einn ræðumaður bar lof á íslenska fiskveiðikerfið. Hann sagði að hlutirnir hefðu gjörbreyst þegar útgerðirnar eignuðust fiskistofnanna. Það þarf að laga.
 - Það sem menn eru óánægðir með er að geta selt og keypt eitthvað sem þjóðin á og ekki sé greiddur skattur af því.
 - Það verði ekki bara tekið úr litla kerfinu heldur líka stóra kerfinu. Það verði eitthvað jafnræði þarna á milli. Horfa á bæði kerfin.
 - Þarf að koma á jafnræði milli stakra útgerða og samþættra aðila (veiðar og vinnsla).
 - Þegar rætt er um alla þessa milljarða í sjávarútvegi og bönkunum er aldrei lítið til eignanna þar að baki.
 - Þetta þarf að vera gagnsætt varðandi verðlagningu á fiski og ákvörðun um veiðigjald, það er ekki hægt að vera með tvöfalda verðlagningu og það liggur ljóst fyrir. Flestir landsmenn geta verið sammála um það. Búum að því að koma þessari aflareglu á og hún er ekki að skila neinu, er ekki að skila tilætluðum árangri. Verður að hleypa betri hugsun að.
 - Þurfum að leita leiða til að finna sátt um stjórnarskrárákvæðið.
 - Ætti ekki að hrófla við neinu í regluverinu, þeir sem mega kaupa í dag geti gert það líka í útboði. Á að vera hluti af gjaldtöku? Mjög lítið magn selt í einu í Færeyjum. Mikilvægt að hrófla ekki við fyrirsjáanleikanum. Samhengi á milli nýliðunar og vaxtar núna og þegar var meiri veiði.
 - Ættum ekki að bregða enn frekar fæti gagnvart þeim byggðum sem eru að plumma sig vel, eins og Vestfirðir eru viðkvæmastir fyrir þessu, Melrakkasléttan, landsvæði sem hafa lítið annað að hverfa til.



Efnahagur

Í þessum kafla eru ummæli fundarmanna sem lúta að efnahagsstoð sjálfbærrar þróunar í samráðsnefnd verkefnisins.

- Fyrir 150 árum síðan var ekki nokkur maður sem fór út að veiða nema í krafti réttinda eigenda sjávarjarða, enginn reri nema frá sinni jörð eða með leyfi hans. Var í krafti þessa eignarréttar.
- Að bæta fyrirtækjum með skel og rækjubótum að aflabrögð verði verri er það bótaskyld af hálfu ríkisins. Þetta er áhættusamur rekstur og að reiða sig á þessar bætur, þá byggir þú ekki upp rekstur. Ekki að ríkið eigi að bæta nytjastofna sem hverfa. Þetta er áhætta og fyrirtækin þurfa að búa sig undir þessa áhættu.
- Að reikna út kostnaðinn við 5,3%, þá er það sjálfsagt, taka þarf saman tekjur og gjöld. Umræðan um 5,3% er að unnt er að velta upp hlutum þar en minna í stærra kerfinu.
- Að það sé unnt að sporna við byggðaröskun og samþjöppun með aðkomu pólitíkusa. Reynsla byggðakvóta og láta eitt og annað um allt, ekki hefur verið ánægja með það.
- Af 60 tillögum eru aðeins 12 um fiskveiðistjórnunarkerfið og allar um félagslega kerfið. Fólk er með þetta á heilanum. Markvisst farið fram hjá stórum spurningum, enn verið að hjakka. Af hverju er útgerðin ekki spurð? Margar spurningar sem er skautað fram hjá.
- Aflaheimildir skipta um hendur og ríkið tekur sinn skerf. Af hverju eru ekki slott í flugi t.d. boðin út?
- Afnema ætti vinnsluskyldu í heimabyggð en tryggja löndunarskyldu. Vilja þróa línuívilnunina fyrir alla báta og byrja á dagróðrabátunum. Tryggir hágæðahráefni og minka ójafnvægi milli krókaafra og línu.
- Allar nýjar lausnir eru auðvitað mun flóknari en ella. Allir sammála um að breyta ekki kvótakerfinu í heild sinni. Við erum háð því að sjávarútvegurinn gangi vel. Hámarka afrakstur nytjastofna með auknum hafrannsóknnum, verði og nýtingu.
- Allt ágætt með menntunina en líka gott að líta að rekstrarforminu eins og Fisktækniskóli, einkaskóli á ríkisstyrkjum, draga það inn í umræðuna.
- Atvinnusjómönnnum hefur fækkað, 2008 voru þeir 4000 en 2022 eru þeir 2800. Þá hefði skipum fækkað, þau stækkað og einnig fækkað í áhöfnum. Útgerðir geti aðeins gert út hluta úr ári vegna pottanna.
- Bendir á 2. málslíð 1. gr. laga um stjórn fiskveiða – þegar kerfið var sett á var verið að vernda fiskistofna, enginn að segja að kvótakerfið sé ekki hagkvæmt. Markmiðið um að tryggja trausta byggð í landinu hefur ekki verið náð, sjá stöðu strandbyggða núna. Það á að ná öllum markmiðum og strandveiðikerfið er ekki óhagkvæmara en kvótakerfið. Ýmislegt í stórútgerð sem þarf að laga, s.s. endurvigtun og sala undir markaðsverði.
- Bendir á að aflamarkskerfið er hagkvæmt og það er það eina sem er búið til fyrir hagkvæmni. Öll önnur kerfi hafa sýnt sig að það fer meiri peningur í að sækja fiskinn en í aflamarkskerfinu. Fyrir utan allt það afleidda eins og að nýta fiskinn.
- Bendir á að þegar framsal var heimilað þá stendur í athugasemdum við frumvarpið að heimildin er nauðsynleg forsenda þess til að hagkvæm nýting fiskistofna náist. Hagræðing hefur orðið síðan þá.
- Bendir á umsögn nr. 5 frá Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum Fiskframleiðenda og Útflytjenda, Samtaka smærri útgerða og Strandveiðifélag Íslands. Skortir á að vísa í gögn í tillögunum máli sínu til stuðnings. Grófar ásanir á strandveiðisjómennt. Talað um lélegan afla og á vondum tíma, af hverju kemur þetta svona inn, ekki vænlegt til að sættast við strandveiðisjómennt.
- Bent á aðstæður í samkeppnisumhverfi fiskvinnslu, markvissar niðurgreiðslur ESB og markaðsaðgangur íslenskra aðila er ekki eins góður og menn halda. Mest af ónunnum afla er sogað til ESB. Ísland þarf að ná betri samningum, ef ekki verði sett á vinnsluskylda.
- Benti á að krafa umhverfisins er líka stórt markaðsmál og kemur inn á vottanir í sjávarútvegi. Minna brottkast er einnig markaðsmál
- Benti á að skýrsluskil væru frumskógur og fagnað að Tækifærishópurinn væri að skoða skýrsluskil.

- Byggðahvati, þessi afli sem er umfram og greitt fyrir. Hvað ef þessi hluti væri byggðatengdur þaðan sem skip er gert úr, sölu andvirðið myndi renna til samfélagsins/byggðalagsins. Hvati fyrir sjómenn að koma byggðalaginu vel.
- Byggðasjónarmið og umhverfissjónarmið og frjálst markaðshagkerfi. Við eigum ekki að stjórna því hvar fólk býr.
- Byggðapróun og meint byggðaröskun kerfisins. Bendir á grein frá 2001 frá Axel, Sveini og fleira. Staðleysur og staðreyndir um kvótakerfið. Fólksfækkun hefur orðið þar sem kvótastaða hefur hækkað, dæmi Fjarðabyggð og Vestmannaeyjar. Það eru öflug atvinnusvæði um allt land. Horfa inn í framtíðina, tækninni mun fleygja fram, eru með Marel, Skagan og meira sem leysir mannshöndina af hólmi. Hráefnið sem þarf í vinnsluna til að skapa heilsársstörf og greiða laun, þá þarf að fækka vinnslunum og fækka skipum til að auka afköst. Hvernig á að tryggja þessi byggðalög á meðan tækniframþróunin verður.
- Ef þú ert sjómaður í dag þá er ákveðin fyrirsjáanleiki en með uppboði þá hverfur þessi fyrirsjáanleiki.
- Eftir því sem fyrirtækjum í greininni fækkar minnkar fjármagn frá hinu opinbera í nýsköpun.
- Ekki unnt að tala um varanlega lausn að færa 5,3% í stóra aflamarkskerfið.
- Enginn að tala um að sjávarútvegurinn eigi að bera uppi landsbyggðina.
- Erum að gera betur en allar þjóðir. Mikilvægt að ráðuneytisstjóri fari yfir það hvort skilaverð sé hærra en í Noregi, sem miðað er við. Þegar er talað um árangur kerfisins, þá er hægt að ná því fram með réttlátara kerfi.
- Fjölskyldumeðlimir vilja ekki taka við af útgerðinni því þeir vilja ekki vera stimplaðir glæpamenn.
- Fríverslunarsamningar voru nefndir það er ekki bara það. Það eru líka tollar og aðgangur að mörkuðum. Þannig að það sé hagkvæmt að vinna þetta hér heima.
- Fyrirtækin reiddi sér sjálf þegar kemur að markaðssetningu.
- Gekk út frá því að ekki væri vilji til að víkja út frá markmiði laga um stjórn fiskveiða. Þetta eru ekki þrjú sjálfstæð markmið heldur samofið og myndar sjálfbærni. Það er klárt að markmiðið er að hámarka verðmæti og gera það með hagkvæmum hætti. Það er ekki það eina sem fókusinn sé á. Við erum alltaf að ræða þetta, hvernig við náum sátt um kerfið sjálft og margar sáttarnefndir og gerðar breytingar til að nálgast sáttina. Vitnar til skýrslunnar um stöðu og horfur – mikilvægt að hafa í huga að 5,3% er sá kostnaður sem samfélagslega sáttin er. Rétt að ræða hversu mikill kostnaður þetta er og almenningur skilur hvað við erum að gera með kerfunum. Getum ekki talað um að 5,3% sé verðmætasköpun, það er það ekki. Viljum við auka verðmætasköpun eða draga úr henni?
- Gerir athugasemd við tillögu 17 og minnir á mikilvægi strandveiða.
- Getur ekki verið að það sé verið að færa kvótann á staði þar sem fólk vill ekki einusinni búa.
- Glíma við að fólkið okkar er að fara til nágrannalandanna. Við getum ekki ætlað sjávarútveginum að leysa öll heimsins vandamál.
- Grundvallarpáttur í að skapa hvata í að fara og finna auðlindir sjávar, sæbjúgun nýtt dæmi. Það voru aðilar sem eyddu tíma í að fjárfesta í búnaði og það var umræða um að bjóða það út. Sú leið kemur í veg fyrir að nýir aðilar fari af stað.
- Grundvallar atriði arðbærs sjávarútvegs eru varanlegar aflaheimildir og frjálst framsal.
- Hugur allra væri til þess að vinna allan afla heima en samkeppnishæfnin væri ekki til staðar og vinnsluskyldan kæmi illa niður þegar samkeppnishæfnin er ekki til staðar.
- Hver er sérstaða Íslands í rekjanleika afla og vörumerkjaskráningu?
- Hvet til frekari nýsköpunar og velti upp þeirri hugmynd að í stað plastsins sem notað er í frauðkassana hvort nýta mætti roðið. Nýsköpun verður ekki til í ríkisstyrktu umhverfi.
- Hættum að nota félagslega kerfið sem heiti, ekkert félagslegt við það.
- Í krókaafلامarkskerfinu er óhagræði vegna bindingar í veiðafærum, nú veiðist enginn þorskur á línu næstu tvo mánuði og þá verða þeir að veiða steinbít sem er 16 kr. veiðigjald á kg. en meðalverð um 160 kr. á kg. og fer svo lækkandi. Ef þeir hefðu veiðafærafrelsi þá gætu þeir siglt styttra. Hafró hefur bent á að það séu engin fiskverndarsjónarmið sem haldi þeim þarna inni heldur 22 ára gamall arfur.
- Í sambandi við strandveiði, ávinningurinn gríðarlegur þar. Auka sátt um stjórn fiskveiða, og kvótakerfið á allt undir í að efla sáttina meðal almennings. Þetta gerir sjávarútveginn sýnilegri, jákvætt fyrir ferðamenn. Vægi umhverfisvænni veiða og eykur atvinnutækifæri sjómanna.
- Kannski er verið að framkvæma byggðakvótann vitlaust, hugsaður fyrir landverkafólkið. Kom upp sú hugmynd að úthluta byggðakvóta á vinnslur sem myndu síðan bjóða

bátunum í sveitarfélögunum að veiða fyrir sig þann fisk. Kvóti og kvótaleysi fer ekki allt í byggðapróun. Stjórnvöld gera allt þver öfugt en tryggja jákvæða byggðapróun, t.d. olúgjald sem skilar sér í hærra vöruverði. Skel og rækjubætur komu vegna stofns sem hrundi, heyrð þær röksemdir að það sé erfitt að taka þetta af, þar sem þegar menn fengu heimild til að veiða skelina þá gáfu menn eftir þorskheimildir, þetta er ekki einfalt mál. Umræða og deilur og sátt, því stundum haldið fram að aflamarkskerfið væri ekki endilega það hagkvæmasta. Ef aflamarkskerfið væri óhagkvæmt þá væru allir sáttir, ef berjatýnsla væri mjög hagkvæm þá værum við að rífast um það núna. Flest sem hefur verið gert, skattarnir og fleira, þetta hefur allt öfuga niðurstöðu, ekki aukið sáttina, samþjöppunin hefur haldið áfram. Skattarnir koma mest niður á minni og meðalstórum útgerðum. Er þetta hagkvæmt fyrir alla?

- Kemur í hugann þegar rætt er um sjávarjarðir, samfélagið breytist og gert er út frá kaupstöðum og gert lengra út. Þessi réttur er enn til staðar og sjávarjarðir eiga land út í sjó. Þessi réttur þeirra er fyrir borð borinn. Úthlutað veiðiréttindum að veiða fisk sem elst upp í eignarlandi eigenda sjávarjarða.
- Krónan hefur líka áhrif á samþjöppun og það er augljóst.
- Landsbyggðin færði fórnir við að kerfið var sett á, eðlilega. Sjávarútvegurinn var ekki sjálfbær á þeim tíma og þetta gat ekki gengið.
- Leigumarkaður með veiðiheimildir er tæki til byggðapróunar og styðja við lífvænlegar byggðir. Ein hreppsnefnd lagði til að byggðakvótinn yrði leigður og peningarnir nýttir til að fjármagna hjúkrunarheimili. Atvinnuveganefnd fór til Noregs, og fékk þau skilaboð að passa þurfi að eitthvað verði eftir í byggðunum. Það væri unnt að beita ívilnunun líka og það eru kostir við línuívilnun og það þarf að efla það og stunda meiri línuívilnun.
- Leigumarkaðurinn með aflaheimildir ekki að virka í dag og ekki til ávinnings fyrir þá sem stunda útgerð.
- Línuívilnun – balabeitt lína, hún tíðkaðist á árum áður og línuveiði hefur færst yfir í bátana og þeir eru afkastameiri og þægilegri vinna. Línuívilnun á að heyra sögunni til, væri hægt að gera hana með öðrum hætti. 5,3% pottinn, það er ekki sjálfgefið hver prósentan á að vera, gerir heilmikið fyrir samfélögin, rafvirkinn hefur meira að gera og svo framvegis. Lífvænlegra samfélag og útgerðarmaður gæti ekki gert út á grásleppu nema að vera líka á strandveiði. Hvort þetta sé lausnin á samfélagssáttinni, leyfi mér að efast um það. Dæmi um samfélög þar sem eru næg

atvinnutækifæri til sjávar, en eiginkonur kjósa að ala börnin sín upp á höfuðborgarsvæðinu. Það er óraunhæft að sjávarútvegur sem slíkur leysi þetta mál.

- Má ekki bregða fæti fyrir útgerðaraðila, því þeir standa fyrir uppbyggingu og hreyfiafli í atvinnugreininni.
- Meinta alþjóðlega samkeppni, engir erlendir aðilar að veiða í lögsögunni og erum ekki með merki sem þekkt er.
- Mikill fengur í einföldun skýrsluskila.
- Mikilvægast fyrir fólk í rekstri búa við stöðugleika og fyrirsjáanleika.
- Nefnt að nalgast það vandamál að ESB sé að styrkja vinnslur innan Evrópusambandsins frekar með ívilnunum frekar en tollum o.þ.h
- Óskar eftir því að fá að sjá hvað stórútgerðirnar eru að nota mikið af þessum 5,3%. Hvers vegna fækkar litlu fyrirtækjum, það er vegna þess að þegar pólitíkin tekur sig til og skemmir það. Það voru 700 krókaflamarksbátar en eru núna 300. Skilgreiningin um smábáta var færð úr 15 í 30 tonn og eru stórútgerðirnar að kaupa það allt upp.
- Ríkið ekki góður aðili til að halda utan um útboð, sem dæmi sala á Íslandsbanki. Það þykjast allir hafa einföldu leiðina og þetta er dýrara og áhættusamara.
- Sjó tillögur sem krefjast útgjalda. Er sammála markmiðum þessara tillagna. Ágreiningurinn fyrst og fremst um afgjaldið af þessum iðnaði fyrir notkun á auðlindinni. Það stendur ekki undir kostnaði við eftirlit og annað.
- Skel – og rækjubætur – skýrt að þar sem bæturnar hafa skipt um eigendur og ekki lengur tengdar þá á að taka þær af og setja inn í strandveiðarnar. Þeir létu þorsk á móti á sínum tíma, en minnsti hluti bótanna er þannig.
- Skel- og rækjubætur – stjórnvöld ákváðu það og það verður slæmt fyrir fyrirtæki sem missa þetta.
- Skilja hugmyndir um að ef halda eigi byggðakvóta að hafa hann markvissari og setja meira á þá staði sem eru að fá. Svo athuga hvort fólk vilji búa á þessum stöðum og geta lifað á mannsæmandi launum á ársgrundvelli. Setja sig í þau spor að börnin þurfi að fara að heiman á veturna. Ef það á að vera með byggðakvóta þá þarf að skoða meira, til hvers og fyrir hverja, er það fyrir útgerðina eða er það fyrir fólkið? Kvótinn einn og sér er ekki endilega skýringin á fólksfækkun, þjónusta við nærsamfélagið skiptir máli. Saknar þess að það er ekkert fjallað um fiskverkafólk í þessari góðu vinnu. Kjölfestufyrirtækin sem eru í lagi, ekkert fjallað um hvernig á að varna því að þau fari. Fiskverkafólk er líka til í kerfinu.

- Strandveiðin er góð leið til að koma útgerð á koppinn og auka festu í byggðum út á landi. Er sammála því sem ráðherra er að gera.
- Strandveiðin, hámarksverðmæti af aflanum. Viðheldur verkkunnáttu og býr til möguleika á að hefja útgerð og verkkunnáttan haldist. Maður tekur við af manni. Nauðsynlegt til að vera í tengslum við sjávarútveginn.
- Stöndum við á tímamótum og værum á svipuðum stað og þegar mikið hráefni fór til vinnslu í Kína, það sem styrkti okkur þá voru tækniframfarirnar og að nýjar afurðir urðu til. Stöndum frammi fyrir því sama gagnvart ESB núna.
- Tengslin milli stórs hrygningarstofns og mikillar nýliðunar og lítills hrygningarstofna og nýliðunar. Kvóti í karfa minnkaður af því yngstu árgangana vantar. En á sama tíma eru skipin að finna karfa vestur á hala. Breytingar í hafinu.
- Til að tryggja trausta atvinnu í landinu þá er fjöldi fiskvinnsla með brostinn rekstrargrundvöll, en 5,3% hafa linað það sem á sér stað. Það þarf ekki að vera undrandi á því að byggja þurfi undir það. Einn hluti, strandveiðar lúta hvergi þeim lögum sem eru í aflamarkskerfinu.
- Tillaga 45 og 47 tóna saman, hækka auðlindagjald og láta sveitarfélögin hafa tekjurnar. Af hverju að halda í þá vegferð að fækka sjávarútvegsfyrirtækjum í landinu þannig að störfum fækka? Með því að þessi störf hverfi og fyrirtækin leggi upp laupana, þá minna útsvarið til sveitarfélaganna. Af hverju að halda í þessa vegferð að láta tekjurnar fara í gegnum ríkissjóð. Leifa þessum fyrirtækjum að lifa og sjávarútveginum að blómstra og sveitarfélögin fá sínar tekjur í gegnum útsvarið. Myndi aldrei auka sáttina ef sveitarfélög missa sína útgerð.
- Tækifæri fyrir alla að breyta kerfinu og svo liggja fyrir tveir hæstaréttardómar að það sé ekki hægt að búa við þetta kerfi og það er hægt að lagfæra það bótalaust.
- Tækniframfarir skila því að færri hendur snerta fiskinn og atvinnufrelsi fyrir fólk í vinnslunum minnkar. Byggðarsjónarmiðin alveg út undan og ljóst að markmið um byggð í landinu hafi ekki náðst.
- Tölum um að aflamarkskerfið sé til að vernda fiskistofna, hvað er að ske, verið að fullvinna fiskinn meira. Allt sem kemur í land er unnið og skilar miklum verðmætum. Allar sjávarbyggðir jafnsettar og því miður þá er ekki til nóg að tala um árangur heldur að hann sé sjáanlegur. Af hverjum á að taka til til að auka veiðar hjá öðrum.
- Umræða um soun í strandveíðikerfinu, það er staðreynd að strandveíðin er að skila hærra verði.
- Ungt fólk er með minni skoðun á málum spurningakönnunarinnar en það er eitthvað sem mætti hafa í huga. Menntaðra fólk er með meiri skoðanir á þessu. Haffræði, hvernig er kennslu hennar hagað í grunnskólum.
- Vanti í tillögurnar, afla sem ekki er nýttur eins og ufsi. Líta mætti til aðgerða í Noregi í því sambandi.
- Varðandi að nýta fiskistofna með veiðum. Ufsinn hefur ekki verið nýttur undanfarin ár. Gefa handfæraveiðar frjálssar á ufsa en ekki nota hann aðeins í tegundafærslu og brask. Mikilvægt að geta miðlað veiðiheimilda innan kerfisins. Þarna þurfa stjórnvöld að bregðast við. Erum með stofna eins og rækju og humar sem ekki er unnt að veiða lengur, þarna eru veiðiaðferðir sem þarf að skoða, ekki bara veiðiheimildir.
- Varðandi byggðakvótann og sátt í samfélaginu. Ekki gott að nota byggðakvóta núna. Samfélag A sem fékk byggðakvóta í þrjú ár og færður á samfélag B og ekki lengur samvinna, heldur sárindi og leiðindi. Þegar útgerð sem á kvóta, ákveður að leggja upp hjá aðila sem fékk byggðakvóta og landar sínum kvóta og er svo með útistandandi. Byggðastofnun úthluti peningum til brothættra byggða.
- Varðandi bætur, skelbætur og slíkt. Hvað ef þeim yrði hætt, valdið skaða þeim sem hafa fengið bætur, fá úthlutað aflaheimildum og hvenær fara þeir að selja þær aflaheimildir.
- Varðandi mannréttindanefnd SP, því svarar strandveíðin. Tryggir aðgengi að hágæðahráefni þannig að litlu vinnslurnar geta boðið í fiskinn. Aflinn aðgengilegur. Handfæraveiðar og línuveiðar munu aldrei leiða til ofveiði fiskistofna.
- Varðandi mismun í samkeppni Íslenskra og erlendra vinnslu, flóra íslenskra fiskvinnslu hér á landi og efla þurfi íslenska fiskvinnslu.
- Varðandi ufsa, það er vont að herða veiðiskylduna, það myndi minna framboð á leigukvóta og minnka sveigjanleika í kerfinu. Mætti auka sveigjanleika í kerfinu, af hverju mega kvótalausir eða kvótalitlir leigja sér veiðiheimildir þegar eitthvað er að brenna inni og færa það svo á milli ára. Skiptir ekki máli hvort ufsi drepst 15 ágúst eða í maí þar á eftir. Ætti að auka sveigjanleikann heldur.
- Varðandi vinnsluskyldu á að leggja hana af, en viðhalda löndunarskyldu.
- Veltir fyrir sér hvort í raun sé unnt að safna veiðiheimildunum upp yfir mörg ár? Þarna tækifæri til að bjóða út.
- Veltir fyrir sér kostnaði, hver mun borga tillögurnar?

- Verknámið kemur að sjálfu sér nú þegar fyrirtækin eru að aðstoða fólk við að sækja sér menntun.
- Við getum ekki alltaf miðað við einhver ár þegar togari var í hverju krummaskuði, þær byggðir voru byggðar upp á ríkisstyrk á sínum tíma. Kerfið verður að vera þannig að byggðin þar sem veiddur er fiskur frá núna, fái að halda sér. Þá verður kerfið að vera hagkvæmt svo menn gefist ekki upp á útgerð. Því þegar það gerist þá verður samþjöppun og því verður kerfið að vera hagkvæmt fyrir alla, bæði strandveiði og stórútgerðina. Snæfellsnes t.d. er með litlar og meðalstórar útgerðir sem þurfa að vinna í umhverfi þar sem aðlaðandi er að halda áfram og svigrúm sé fyrir kynslóðaskipti.
- Viljum hafa festu og ekki vakna upp einn morguninn og búið sé að bjóða atvinnuna frá okkur.
- Vinnsluskylda er ekki sniðug, heldur ættu að vera til staðar hvatar til að vinna heima, nota jafnvel græna hvata og vinna aflann nær löndunarstað. Vegakerfið er að molna t.d. undan aukinni þungaumferð.
- Vinnsluskylda er hræðileg og einnig velt því fyrir sér hvað er vinnsla? Slæging? Hausun? Myndi skapa fleiri vandamál en leysa. Rætt styrki til fiskvinnsla, hvaðan ættu þeir fjármunir að koma. Íslenskur sjávarútvegur hefur staðið á eigin fótum.
- Það að sjávarútvegurinn einn standi undir því að byggð verði alls staðar er óraunhæft, það hefur orðið byggðapróun og fólk vill ekki búa á sumum stöðum, þótt það sé bullandi atvinnu að fá, þá vill fólk ekki búa þar. Þar koma aðrir hættir, breyttir lífshættir og sólargangurinn.
- Það á alls ekki að herða veiðiskyldu, heldur auka sveigjanleika. Varðandi ufsa, þá í 8 ár voru 90% af ufsa veiddur í stóra kerfinu en minna veitt í krókaafلامarkskerfinu. Síðan úthlutun hefur verið í kvótakerfinu þá hefur sóknin breyst og einnig í 5,3%. Frekar slaka á veiðiskyldu.
- Það er óhagkvæmni í kerfinu, sem er veiðiskyldan. Ufsi er besta dæmið, er ekki veiddur í því mæli sem ráðgjöfin segir. Af hverju er verið að setja kvóta á tegund sem er ekki veidd?
- Það er stór hluti sem tilheyrir ekki strandveiði og tilheyrir ekki stórútgerðinni og þessi bátafloti heldur lífinu í byggðunum. Strandveiðar eru góðar en bara 4 mánuði á ári. Við getum ekki hætt að vinna eftir þessa 4 mánuði og hætt að kynda húsin okkar.
- Það eru bestu launin hjá meðal og stórum fyrirtækjum þar sem fiskvinnsla og úrgerð eru samþætt, þar er stöðugleikinn og mesti fyrirsjáanleikinn.
- Það eru tækifæri vegna veiða á túnfiski.
- Það eru vandræði með úthlutun veiðiheimilda byggðastofnunnar og ekki landað í viðkomandi byggð. Byggðakvótinn fari til útgerða sem eru þegar komin upp í þakið.
- Það sem átti sér stað 1983, það tókst að koma á hagkvæmum fiskveiðum, Ísland var ríkt samfélag. Stjórnvöld gerðu aldrei kröfu á útgerðirnar. Hagkvæmnin kom ekki fyrr en kerfið var lokað. Útgerðin var keyrð of óhagkvæmt og er sannfærður um að strandveiðar verði sáttin um kerfið, þessi veiði ógnar ekki fiskistofnum.
- Það sé aðeins einn starfsmaður hjá Íslandsstofu sem vinnur að markaðssetningu greinarinnar í heild sinni. Mikil tækifæri þar.
- Það var ekki samruni fyrr en eftir hrun af því að við vorum að fella krónuna í sífellu.
- Það þarf að standa vörð um útgerðirnar sem standa undir byggðinni.
- Þarf að koma inn á það sem líka er gott í kerfinu og hann hefur áhyggjur af því að umbylta kerfinu og fara í tilraunastarfsemi með undirstöður kerfisins. Persónur og leikendur sem bera uppi hagræðingu, það er fólk sem er farið að fara út úr kerfinu og sjáum hvað er að gerast, fyrirtækin stækkandi og að fara á markað og dreifðari eignaraðild.
- Þá væri bull að fara í sameiginlegan markaðssjóð, alltaf verið að taka meira og meira af þeim sem starfa í greininni. Slíkt myndi hafa mikil áhrif á þá sem starfa í greininni. Kannski mætti sjávarútvegurinn þó vinna betur saman.
- Því er haldið fram að nýting línuívilnunar sé orðin lítil. Það er alrangt, á síðustu þremur árum hefur hún ekki breyst, en línuívilnun hefur verið skorin mikið niður og því hafa menn fært sig í beitingavélar. Að það sé gagnsærra að taka línuívilnun og setja það á uppboð er algjört bull, það er ekki til gagnsærri byggðaaðgerð en línuívilnun. Svo er spurning hvort svona aðgerðir séu réttlætanlegar. Má ekki gleyma landverkafólki að beita fiskinn og línuna. Sveitarfélagið fær 600kr. af hverjum bala sem beittur er. Þar eru sveitarfélög með beinar tekjur.
- Öll umræða um byggðakvóta, er ójöfn samningsstaða og ætti að leiða til þess að afnema vinnsluskyldu.

Samráðsgátt



Umhverfi

Í þessum kafla eru ummæli sem lúta að umhverfisstöð sjálfbærrar þróunar sem bást í samráðsgátt.

- Athygli vakin á því að hvergi er að finna spurningu eða hugleiðingu um árangur vísindalegrar ráðgjafar við uppbyggingu fiskistofna á þeim 40 árum sem eru frá því kvótakerfið var innleitt. Bent er á að villandi sé að gefa upp ráðgjöf í tonnum, sem gefi til kynna að þekking sé til staðar svo unnt sé að segja til um hver afli megi verða úr hverjum og einum stofni upp á tonn. "Það verður að teljast furðulegt ef stórnefnd Auðlindarinnar okkar ætlar ekki að reyna að leggja mat á árangur ráðgjafarinnar í 40 ár". Bent á að ráðgjöf Hafró grundvallist á 70 ára gömlu fiskifjöldareiknilíkani, 60 ára gömlum áætluðum fasta um árlegan náttúrulegan dauða fiskitegunda (18%), tæplega 40 ára gömlum vísitölugrunni togararallsins og loks niðurstöðum úr einstofna reiknilíkönunum.
- Bent er á að umfjöllun vanti um fimm þætti: 1. Árangur aflaráðgjafar Hafró. 2. Kolefnisspor sjávarútvegsins - bent á grein Nature um losun við togveiðar. 3. Fiskveiðieftirlit Fiskistofu - jafnræði við eftirlit með drónum. 4. Fáar tillögur lúta að stjórnkerfi fiskveiða, aðeins 12 lúta að kerfinu og helmingur að 5,3% kerfinu.
- Ekki má ganga of langt í verndun, þar til sýnt hefur verið fram á að þörf sé á því. Frumkvæði að nýtingu svæðis/tegunda verður aldrei að veruleika í ráðuneyti eða umhverfisstofnun. Ef auka á tækifæri og nýsköpun verður að vera hægt að koma auga á tækifærin.
- Engar röksemdir geta lengur talist gildar fyrir veiðarfæratakmörkunum báta sem vinna innan hins svokallaða krókaflamarkskerfis. Hafrannsóknarstofnun hefur meira að segja gefið út að það séu engin fiskverndarsjónarmið sem styðji þessar takmarkanir. Veiðarfæratakmarkanirnar stuðla að auknum kostnaði, olíunotkun og óhagræði.
- Fátt bendir til að orkuskipti smábáta séu raunhæf nú þegar. Allflest innviði vantar til þess. Þörf er á stórauðinni raforkuframleiðslu til þess, flutningskerfi raforku þarf að bæta mjög, og svo mætti lengi telja. Fyrir útgerðir smábáta er auk þess um að ræða mjög kostnaðarsamar breytingar sem eru letjandi.
- Flest sem kemur fram í tillögu 11 er ágætt. Hins vegar er það grundvallarspurning hvort það sé æskilegt að allur „óæskilegur“ afli komi að landi ef það þarf svo að farga honum á einhvern hátt eða urða. Vissulega er draumastaðan að verðmæti séu sköpuð úr öllu því sem kemur að landi, en sú er ekki raunin eins og staðan er núna. Menn verða að sjá tilganginn með því að koma með allt að landi. Skapa þarf þær aðstæður, svo vel megi vera. Ráðherra getur nú þegar auðveldað sjómönnum róðurinn talsvert með því að heimila v.s. löndun á afla sem er ekki bundinn í kvóta.
- Tillaga 1 og 2 - Styðja að skilið sé á milli þjónustu við sjávarútveginn (ráðgjöf um nýtingu nytjastofna með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi) og rannsóknnum á vistkerfi hafsins. Sjávarútvegurinn standi sjálfur undir fjármögnun á þjónustu við hann og grunnrannsóknir fari í gegnum rannsóknarsjóði og fjármögnun ríkisins sé beint í gegnum rannsóknarstofnanir og háskóla. Minna á umsögn vegna skýrslu Jóhanns Sigurjónssonar haustið 2022.
- Tillaga 10 - Telja að óeðlilegt sé að SFS sjái sjálf um að safna og farga eigin veiðarfærum án alls eftirlits. Hér verður að gera bragarbót og merking veiðarfæra gæti verið skref í rétta átt. Stór hluti þess úrgangs sem finnst í hafinu og rekur á strandir kemur frá skipum og þannig að mörg sjávarútvegsfyrirtæki virðast ekki sýna þá ábyrgð sem er forsenda fyrir því að fela þeim umsjón með þessum málum.
- Tillaga 11 - Undirtekt um að skapa þurfi réttu hvatana til að allur afli komi að landi. Hluti af því geti verið að rýmka reglur um v.s. afla og að aukinn hlutur gangi til sjómanna, að hagsmunir beggja séu tryggðir. Jafnframt að fiskveiðiárið verði samfelld tímabil og reglurnar nái til allra útgerðarflokka. Athugandi væri að slíkt hið sama væri

einnig skoðað varðandi undirmálaafli og helmingur hans teljist ekki til „skammtsins“ hjá strandveiðibátum líkt og það sem reiknast ekki til kvóta.

- Tillaga 12 - Hætt verði með endurvigtun. Öll vigtun verði gerð endanleg á hafnarvog. Útgerðarflokkar væru flokkaðir í ísurnarflokka. Útilega þarf meiri ís en dagróðrar, ásamt því að taka tillit til árstíma. Sjá má fyrir sér íshlutfall á bilinu 4-12% við hefðbundna ísun. Kostnaður vegna skekkju sem er á vigtun vegna endurvigtunar í dag og kostnaður þjóðarinnar vegna eftirlits og vinnu löggildra vigtarmanna, réttlætir að fullu þessa einföldun, vigtun ætti ekki að verða ónákvæmari á eftir en hún er í dag. Hagur útgerðaraðila ætti að felast í gæðum afli ekki því að komast upp með ranga vigtun. Verði það ofan á að ekki verði komist hjá endurvigtun, ætti hún að einskorðast við þriðja aðila, hlutlausan aðila sem á ekki beina aðild að umsýslunni.
- Tillaga 14 - Styður að gerð verði krafa um rekjanleika og endurvinnslu umbúða en telur að sú krafa verði líka að eiga við um veiðarfæri og öll plastefni sem notuð eru í sjávarútvegi. Almenn setning eins og „Litið sé til hringrásarhagkerfisins við allar ákvarðanir tengdar fiskveiðistjórnunarkerfinu“ hefur engar breytingar í för með sér og ef tryggja á hringrásarhagkerfishugsun í sjávarútvegi verður að gera alvöru tillögu um það. Skilagjald á veiðarfærum gæti átt þátt í að koma þessum málum í betri farveg.
- Tillaga 15 og 16 - Vonbrigði að ekki voru fleiri tillögur um orkuskipti í sjávarútvegi og þær séu ekki byggðar frekar á samdrætti í losun frá sjávarútvegi en um orkuskipti. Koma verði á skýrri áætlun um samdrátt í losun frá sjávarútvegi sem er tímasett og magnbundin og telur að setja verði kröfu um þannig áætlun inn í tillögur sem hér um ræðir. Reynsla er ólygnust um það að fyrirtæki draga ekki sjálfviljug úr losun. Hvatar, gjöld og reglur eru forsendur þess að árangur náist. Styðja við að komið verði á stofn sjóði sem hvetur til samdráttar í losun frá sjávarútvegi en telur tillögu 15 vera of óljósa. Fjármagna ætti sjóðinn í gegnum kolefnisgjöld á sjávarútveginn sjálfan þannig að þeir sem losa mest borgi mest. Sjóðurinn gæti þá fjármagnað kaup á búnaði sem þarf til þess að draga úr orkunotkun og losun í sjávarútvegi en um leið lagt hömlur á þá sem ekki vilja breyta. Með tímanum þarf svo að banna veiðarfæri sem valda mestri losun, bæði beint og óbeint, eins og botnvörpur. Langbesta leiðin sem stjórnvöld hafa til þess að draga úr losun almennt en einnig frá einstökum starfsgreinum er að leggja á kolefnisgjald. Kolefnisgjald í

Svíþjóð hefur haft mjög jákvæð áhrif á samdrátt í losun án þess að hafa neikvæð áhrif á efnahaginn. Sama má segja um British Columbia í Kanada. Rannsóknir hafa sýnt að í þeim löndum sem kolefnisgjald hefur verið notað hefur það ekki haft neikvæð áhrif á efnahaginn. OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa gefið út að kolefnisgjaldið verði að hækka til þess að ná Parísarsamkomulaginu. Þannig er besta leiðin til að draga úr losun frá sjávarútvegi að setja á kolefnisgjald og takmarka þær veiðar sem mestri losun valda með lögum og reglugerðum. Ef settur verður á stofn sérstakur sjóður þar sem kolefnisgjaldinu er dreift aftur til greinarinnar í loftslagsvænar aðgerðir er líklegt að atvinnuvegurinn sjálfur geti tekið þannig gjald í sátt. Hluti af tillögunum verði að vera að draga úr hraða þegar fiskiskip eru á leið að eða frá fiskimiðum en með því að hægja á fiskiskipum þegar þau eru ekki við veiðar má spara mjög mikla olíunotkun á km og draga þannig úr losun. Kolefnisgjald myndi einnig óbeint hvetja til þessa. Þá er íblöndun í eldsneyti mikilvægur hluti af því að draga úr losun en gæta verður að því hvernig íblöndunarefnin eru framleidd og að þau valdi ekki óviðunandi álagi á ræktarland eða séu í sjálfu sér meiri losunarvaldar við framleiðslu þeirra.

- Tillaga 16 - Fagnað öllum tillögum í þá átt að auðvelda strandveiðisjómonnum að haga rekstri þannig að hagkvæmni verði sem mest. Bendum jafnframt á að orkunýting við veiðar smábáta er margfalt betri en við botnvörpuveiðar. Áherslan ætti því að vera á að auka hlutfall veiða smábáta.
- Tillaga 3 - Fara þurfi varlega í að hvetja til aukinnar samvinnu rannsakenda og nýtingaraðila. Sjómenn hafi vissulega margt til málanna að leggja þegar kemur að þekkingu á hafinu en hlutleysi rannsakenda frá fjársterkum aðilum sem byggja á nýtingu fiskistofna verður að tryggja.
- Tillaga 4 - Erfitt að sjá hvernig tillagan tengist umgengni við sjávarútvegsauðlindina.
- Tillaga 6 og 7 - Styðja að byggt verði upp net verndarsvæða í hafi sambærilegt við C-hluta náttúruminjaskrár sem byggir á Emerald Network aðferðarfræði Bernarsáttmálans og á að tryggja vernd allra sérstæðra náttúrufyrirbrigða á Íslandi.
- Tillaga 8 - Styðja að nýting í sjó skuli fara í umhverfismat og að þekking, rannsóknir og kortlagning sé grundvöllur ákvarðanatöku um verndun og nýtingu. Þá sé mikilvægt að vinnsla efna úr hafinu sé háð leyfum eins og vinnsla á landi.

- Tillaga 8 - Styðja tillögu um að miða við tegund veiðarfæra en ekki stærð skipa. Mikil eyðilegging eigi sér stað við botnvörpuveiðar og styðja að botnvörpuveiði verði bönnuð innan 12 mílna landhelgi. Til lengri tíma þarf að banna öll botnveiðarfæri og þróa vistvænni leiðir til að afla sjávarfangs. Það sé í samræmi við viðmið ESB og hefur mikið að segja um samdrátt í losun gróðurhúsategunda, bæði beinni losun vegna orkunotkunar en einnig róts á lífrænum efnum á hafsbotninum og eyðileggingu á einstöku lífkerfi sem bindur kolefni og er mikilvæg uppeldisstöð nytjastofna. Styðja ekki að snurvoð, humarvörpur og plógar falli undir sérákvæði enda myndi það vera andstætt verndarmarkmiðum og markmiðum um að takmarka eyðileggingu á sjávarbotni. Undanþága fyrir togveiðarfæri sem ekki snerta botn þarf að skoða í sambandi við svæðin sem um ræðir.
- Tillaga 9 - Telja tillöguna varhugaverða og ekki ljóst hver hvatinn er á bak við tillöguna. Þarf að fara mjög varlega og hafa í huga að tilraunir geta verið mjög skaðlegar og þær verða að heyra undir leyfisveitingar og strangar kröfur um að valda ekki skaða á lífríki hafsins.
- Veiðarfæratakmörkanir í krókaafلامarsskerfinu stuðla að auknum kostnaði, olíunotkun og óhagræði.
- Vissulega ber að efla hafrannsóknir, en þó verður að gæta þess einmitt að draga ekki úr fjármagni til ráðgjafar um nýtingu nytjastofna. Hafrannsóknarstofnun er því miður eini tiltæki aðilinn sem veitir slíka ráðgjöf, hefur þá skyldu, og þarf sannarlega á fjármagni að halda til þess. Hins vegar ætti að skapa og efla grundvöll fyrir sjálfstæðar rannsóknarstofnanir til að vaxa og dafna. Til dæmis með því að heimila útgerðum að veita/eyrnamerkja v.s. afla ákveðnum rannsóknaraðila.



Samfélag

Í þessum kafla eru ummæli sem lúta að samfélagsstoð sjálfbærrar þróunar sem bærust í samráðsgátt.

- Benda á nauðsyn þess að ákvæði um auðlindir þjóðarinnar í tillögu að stjórnarskrá verði innleidd og tryggðar tekjur af nýtingu á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar komi samfélaginu til góða með réttlátri skiptingu sem og um skyldu stjórnvalda til að vernda náttúru og auðlindir Íslands. Fagna því að grunnreglur umhverfisréttar hafi í mörgum tilvikum ratað inn í tillögurnar. Gagnrýna að ekki hafi verið rætt við umhverfisverndarsamtök um umgengni um auðlindina, aðeins fyrirtæki í sjávarútvegi. Skortur er á betri tillögum um hvernig draga á úr losun frá sjávarútvegi sem og um hringrásarhagkerfi, plast og fjármögnun rannsókna.
- Hvergi vikið að öryggismálum og lýðheilsu landverkafólks í sjávarútvegi. Það er vel þekkt staðreynd að ýmskonar stoðkerfisvandamál og vinnuslys hafa verið tíð í þeim störfum er landverkafólk vinnur. Sést það vel í umsóknum til sjúkrasjóða stéttarfélaga er starfa á svæðunum og mikilli örorkubyrði lífeyrissjóða þessa fólks. Sem betur fer er orðið fátítt að við missum sjómenn í slysum sem áður fyrr var afar algengt. Því er að þakka Slysavarnaskóla sjómanna, betri öryggisvitund og síðast en ekki síst samþjöppun aflaheimilda, sem gerir það að verkum að hægt er að gera út stærri og mun öruggari skip og vertíðarbáta. En einhæf og erfið vinna kallar fram ýmis vandamál eins og fram hefur komið. Háa örorkutíðni hjá verkafólki er ekki aðeins að finna í þessum störfum (þó sérstaklega konum) heldur eru einnig sterkar vísbendingar um að ævilengd verkafólks sé mun styttri en annarra Íslendinga. Þess vegna þarf að dreifa örorkuframlagi til lífeyrissjóðanna á sanngjarnari hátt og beina framlaginu eingöngu til þeirra sjóða er bera þyngst þessar byrðar. Varða, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, er í þann mund að hefja rannsókn á ævilengd verkafólks er vinnur þessi störf. Þetta er grafalvarlegt mál og farið er fram á að starfshópurinn taki þessi mál inn í niðurstöður starfshópsins og rýni þau sérstaklega því þetta er dauðans alvara í orðsins fyllstu merkingu.
- Leggjast harðlega gegn upptöku fyrningaleiðar. Fyrningaleið má auðveldlega líkja við eignaupptöku þar sem langflestar útgerðir hafa greitt fyrir sínar aflaheimildir og oftast nær skuldbætt sig fyrir þeim. Að ríkið eigi að geta tekið aflaheimildirnar smátt og smátt, en skilja útgerðina eftir með skuldirnar er ósanngjarnara en orð fá lýst og getur ómögulega staðist stjórnarskrá. Fyrningarleið yrði til þess að ganga af litlum og meðalstórum fyrirtækjum dauðum. Þeir allra stærstu yrðu þeir sem gætu helst boðið í þær aflaheimildir sem í boði yrðu.
- Tillaga 22 - Eitt af markmiðum með „Auðlindin okkar“: „Nefndinni verði falið að bera saman stöðuna hér og erlendis og leggja fram tillögur til að hámarka möguleika Íslendinga til frekari árangurs og samfélagslegrar sáttar um umgjörð greinarinnar.“ Það er sameiginleg skoðun okkar sem stöndum að þessu bréfi að samfélagsleg sátt um umgjörð sjávarútvegsins verði ekki náð með því að verða við tillögu 22. Óumdeilt er að 5,3% ákvæði hefur aukið sátt um stjórn fiskveiða, þar skal t.d. nefnt að 712 útgerðaraðilar gerðu út til strandveiða á árinu 2022. Aftur á móti má velta því fyrir sér hvort veiðigjald af kvótaframlagi og byggðakvóta sem viðkomandi útgerðir fá frá sínum byggðarlögum myndi renna óskipt til viðkomandi byggðarlaga.
- Veiðigjöldin leggjast misjafnlega á útgerðir og ætla má að því stærri sem útgerðirnar eru nái þær frekar að bregðast við herra veiðigjaldi. Langflestar útgerðir í landinu eru þó litlar eða meðalstórar og nú þegar eru auðlindagjöld of há og hafa valdið því að útgerðir hætta rekstri. Hærri auðlindagjöld flýta því samþjöppun aflaheimilda enn frekar. Enn og aftur skal áréttað að krókaleyfisútgerðir þurfa að greiða sömu auðlindagjöld eins og útgerðir í aflamarki þrátt fyrir að búa við veiðarfæratáknir sem gera alla hagræðingu ómögulega. Einfaldari útreikningar ættu að vera til góðs. Mikilvægt er að skilja á milli bolfisks og uppsjávarfisks í útreikningum og álagningu veiðigjalda.

- Þykir miður að lítið sem ekkert sé fjallað um fjölmennasta beina hagsmunahópin í greininni sem er fiskvinnslufólkið og annað landverkafólk sem starfar beint hjá fyrirtækjum í greininni eða hjá stoðfyrirtækjum greinarinnar. Mikið er fjallað um starfsfólk á sjó og er það vel. Vænta þess að bætt

verði í næsta áfanga og sjómönnum og hagsmunum landverkafólks verði gert hærra undir höfði í lokaniðurstöðum, einnig verði skoðað hvaða félagslegu og fjárhagslegu áhrif breytingar á greininni hafi á landverkafólk sem beinan hagsmunaaðila.



Efnahagur

Í þessum kafla eru ummæli sem lúta að efnahagsstoð sjálfbærrar þróunar sem bærust í samráðsgátt.

- Bendir á að kvótakerfið hafi verið sett til verndar fisknum í sjónum en ekki einstökum fiskvinnslum í landi. Aðgengi að auðlindinni færst á færri og færri hendur með vaxandi óánægju. Einokun stærstu aðila í kvóta og fiskvinnslu sagnar til sín veiðiheimildir og hindrar að fiskvinnslur án útgerðar geti boðið í fisk, þar sem hann fer fram hjá fiskmörkuðunum. Útgerðir selji sjálfum sér aflann og fá verulegan afslátt af markaðsverði. Markaðsverð er að jafnaði tugum krónum herra á kg. en verðlagsnefndarverð. Auðvelt að stýra þessum niðurgreiðslum frá stórútgerðum og til eigenda auðlindarinnar. Allur fiskur á markað og auðlindagjaldið tekið jafnóðum.
- Bent á að fleira komi til að tryggja byggðafestu en tilfærsla á aflaheimildum. Heildarlaun eru hærri hjá þeim fyrirtækjum sem hafa sterka kvótastöðu, sá hópur borgar herra útsvar og tekjuskatt og atvinnuöryggi heima og færri hráefnislausir dagar á atvinnuleysisbótum. Jöfnun á kostnaði vegna raforku hefur áhrif á byggðafestu. Benda á að fara mætti sömu leið og Noregur að jafna misvægi í þjónustu, þannig að lægri tekjuskattar væru á tilteknum svæðum, víða hallar mikið á byggðir þegar kemur að opinberri þjónustu og myndi þessi leið auka sátt við búsetu langt frá þeim þéttbýliskjörnunum sem aðallega veita opinbera þjónustu.
- Bent á að í tillögunar vantar viðbrögð við óslitinni virðiskeðju sjávarútvegsfyrirtækja, þar sem verðmætaaukning skilar sér ekki til baka að fullu inn í hagkerfið. Hætta sé á að skattaskjól geymi stórar fjárhæðir sem ekki eru greiddir skattar af. Einfaldasta leiðin gegn þessu er að allur fiskur upp úr sjó sé seldur á fiskmarkaði. Einnig bent á að óslitin virðiskeðja skekki forsendur veiðigjalds, þar sem öll virðiskeðjan liggur ekki til grundvallar útreikningi gjaldsins.
- Bent á að vel mætti auka hagkvæmni innan strandveiðikerfisins án þess að til kæmu auknar aflaheimildir. Í núverandi kerfi er auk þess augljóslega endalaus þörf fyrir auknar heimildir, því eftir því sem bætt er við aflaheimildirnar bætast fleiri aðilar inn í kerfið. Telja hins vegar að í strandveiðikerfinu, eins og í öðrum kerfum, sé mikilvægast að menn fari eftir þeim reglum sem eru í gildi á hverjum tíma, eins og t.d. reglur um heimilisfesti og fjölda strandveiðibáta sem hver og einn má eiga og reka.
- Eins og kunnugt er hefur fiskvinnsla verið í fremstu röð í tækniþróun með tilheyrandi breytingum á störfum og fækkun hefðbundinna fiskvinnslustarfa. Það kallar á önnur sérhæfð störf og mikilvægt er að mennta fiskvinnslufólk í þau störf, svo það geti þróast í starfi og áfram myndað kjarnann í þeirri byggðafestu sem þó er til staðar víða um land. Tekið heilshugar undir tillöguna um íslenskukennslu á vinnutíma sem er lykillinn að því að sá stóri hópur fólks með annað tungumál en íslensku geti menntað sig áfram til jafns við Íslendinga. Aðstæður á vinnustað eru oftast þannig að lítil samskipti eru vegna mikils álags í akkórðs- og bónusstörfum auk hávaða sem gerir það að verkum að lítið er hægt að eiga samskipti á vinnustaðnum. Og eftir oft langan og erfiðan vinnudag heldur fólk heim í málumhverfi sem er ekki íslenskt og ekki miklir kraftar eftir til að setjast á skólabekk að kvöldlagi. Þar komum við enn og aftur að þeim rökum að nálægð við skóla og menntaumhverfi er lykillinn að byggðapróun sem næst ekki með því að byggja upp samfélög fjarri þeim kjörnum. Þau munu ekki eiga framtíð fyrir sér þrátt fyrir góðan ásetning. Í skólakerfinu hafa verið uppi hugmyndir um styttri námsbrautir í ýmiskonar tæknimenntun sem getur nýst þessum hópi vel og jafnframt fyrirtækjunum. Mikilvægt er því að verknámsskólum víða um land sé tryggt fjármagn til að þróa styttri námsbrautir fyrir almennt verkafólk þar sem hæfni þeirra er metin inn í námið.
- Engin ástæða er til að herða veiðiskyldu. Aukin veiðiskylda myndi minnka framboð á leigukvóta og þar með hækka verð á leigukvóta auk þess sem sveigjanleiki í kerfinu myndi minnka. Það að kvótalausir fái ekki tækifæri á að veiða þann afla sem mögulega „brennur inni“ mætti leysa á annan hátt, til dæmis með því að þeir megi leigja til sín í

lok fiskveiðiárs og flytja þær heimildir yfir á næsta fiskveiðiár.

- Fagna tillögu um að efla og þróa þverfaglegt nám tengt sjávarútvegi. Umhverfis- og auðlindafræði býður upp á tveggja ára 120 eininga meistaranám og eitt af kjörsviðum námsins heitir Hafið og sjálfbærni (Ocean Sustainability). Námið á þessu kjörsviði samanstendur af skyldunámskeiðum, námskeiði í rannsóknaraðferðum (bundið val) sem tengist viðfangsefni meistaraverkefnis, valnámskeiðum og meistaraverkefni. Til að koma til móts við þarfir atvinnulífsins býður umhverfis- og auðlindafræði einnig upp á styttra nám, þ.e. 30 eininga viðbótardiplóma á meistarastigi en námið tekur 1-2 misseri eftir fjölda námskeiða sem tekin eru á misseri. Ljúka þarf 30 einingum þar sem að lágmarki 18 ECTS (eininga) eru í bundnu vali í námskeiðum sem tilheyra umhverfis- og auðlindafræði, en önnur námskeið má taka innan annara deilda skólans. Þetta nám getur hentað vel fólki á vinnumarkaði, sem hyggst sækja sér viðbótarmenntun t.d. á sviði sjávarútvegs og getur jafnframt verið inngangur að fullu meistaranámi. Jafnframt er í boðið doktorsnám í umhverfis – og auðlindafræði með sérhæfingu í sjávarútvegi. Það er mikilvægt að halda áfram á þróa og efla þetta þverfræðilega nám á sviði sjávarútvegs, sem þegar hefur verið skipulagt við Háskóla Íslands. Með auknum stuðningi væru þar fjöldamörg tækifæri sem lúta meðal annars að stórauðinni kynningu námsins, þróun námskeiða innan þess með hverskonar nýsköpun að leiðarljósi og eflingu á samstarfi við haghafa í sjávarútvegi eins og fyrirtæki, samtök, stjórnvöld og alþjóðlegar stofnanir. Með því má fjölga nemendum sem útskrifast á háskólastigi með verfræðilega þekkingu og getu á málefnum sjávarútvegs. Bjóða frekari upplýsingar og gögn verði þess óskað. Hætta er á að með stórtæku fiskeldi í Ísafjarðardjúpi muni vistsvæði rækju skerðast og það geti leitt til hruns rækjustofnsins. Ef að þessi stórfeldu fiskeldisáform ganga eftir og rækjuveiðar leggjast af í kjölfarið þá verða stjórnvöld að vera með úrræði til að bæta útgerðum og starfsfólki framtíðar tekjumissi. Vegna yfirvofandi óvissu er mjög mikilvægt að hafa virkt bótakerfi til að bregðast við ef upp kemur aflabrestur vegna neikvæðra áhrifa fiskeldis á viðgang rækju í Ísafjarðardjúpi.
- Í tillögum starfshópa er uppgjör til handhafa skel- og rækjubóta ófullnægjandi. Í marga áratugi hefur það verið viðurkennt að handhafar skel- og rækjubóta létu frá sér aflaheimildir í bolfski til að öðlast sérveiðiheimildir í skel-

og rækju. Í ljósi þess þá hafa handhafar skel- og rækjubóta fengið bætur í formi bolfskis þegar aflabrestur hefur riðið yfir.

- Ítrekar og leggur áherslu á mikilvægi þess að fullvinnsla sjávaraflans fari fram á Íslandi og skapi þar með góð störf og verðmæti til þjóðarinnar. Miklar framfarir hafa orðið í geymsluaðferðum og flutningum matvæla sem tryggja ferskleika lengur en áður, og því er mun auðveldara að flytja óunninn fisk úr landi þangað sem ódýrara vinnuafli fæst. Einnig hafa miklar tækniframfarir orðið í fiskvinnslu á Íslandi sem þýðir mikla fækkun starfa, störfín hafa orðið léttari að mörgu leyti en jafnframt einhæfari. Jafnframt eru vinnslur orðnar sérhæfðari og þurfa aðgengi að miklu magni af vissum fisktegundum til að halda uppi samfelldri vinnslu á hagkvæman hátt. Þar fer því ekki saman að dreifa kvóta á litlar vinnslur sem greiða lægri heildarlaun og eru yfirleitt óhagkvæmari í rekstri – það skapar ekki byggðafestu eða góðan arð af auðlindinni. Þar af leiðandi er mjög mikilvægt að tryggja aðgengi að mörkuðum með brottnámi tolla og fríverslun með unnar fiskafurðir til að styrkja grundvöll tæknivæðdra fiskvinnslu.
- Línuívilnun, sem byggðaaðgerð hefur reynst mjög vel. Það er beinlínis rangt sem fylgir með tillögunni að útdeiling þessara réttinda sé ógagnsæ, enda er línuívilnun byggðaaðgerð sem útilokað er að misnota. Einnig er það alrangt sem kemur fram í útskýringum að nýting á línuívilnun hafi dregist saman heldur er staðreyndin sú að síðustu ár hafa heimildir línuívilnunar ekki dugað, enda hefur niðurskurður þeirra heimilda verið gríðarlegur. Reyndar svo mikill að þeim fjölgar sem annað hvort hætta rekstri eða stækka báta sína og skipta yfir á beitningarvél (og hætta þá að nýta línuívilnun). Með uppgjöri til handhafa skel- og rækjubóta þá eru slegnar tvær flugur í einu höggi. Annarsvegar er fiskveiðistjórnarkerfið einfaldað og hins vegar kemur inn stuðningur á formi varanlegra aflaheimilda til handa rækjuútgerðum sem hafa átt undir högg að sækja síðustu ár.
- Óskað eftir að samráðsnefnd ræði um línuívilnun, hún verði styrkt og takmarkist við dagróðrabáta styttri en 15 metrar. Frjálsar handfæraveiðar á ufsa, en stór hluti leyfilegs heildarafla hefur ekki verið nýttur til veiða. Á síðustu þremur árum var mismunurinn á leyfilegum heildarafla um 86 þús. tonn eða 38% sem var óveitt. Miðlun aflamarks, til að tryggja gagnsæi í miðlun verði Fiskistofu falið að bjóða upp allar veiðiheimildir útgerða sem ekki hyggjast nýta þær

- til veiða. Útgerðir dagróðrabáta sem eru styttri en 15 metrar skulu hafa forkaupsrétt á þorski og ýsu. Samþjöppun - útgerðir sem hafa yfir meira að ráða en helmingi leyfilegs kvótabaks greiði álag á veiðigjald fyrir úthlutað aflamark sem fer umfram 50% af leyfilegu kvótabaki.
- Rækjubætur hafa síðustu 20 ár verið mikilvægur hluti útgerðarstarfsemi við Húnaflóa og skapað festu/viðspyrnu í starfsemi útgerða og vinnslu við Húnaflóa. Bent er á að í tillögu 20 sé í raun verið að fella niður eignarréttindi og handhafar rækjubóta verða fyrir óvenjulegri skerðingu á eignarréttarlegum hagsmunum. Fyrirætlunum um að fella niður rækjubætur er mótmælt og farið fram á að rækjubætur verði ótímabundnar á meðan aflamark til veiða á innanfjarðarækjustofni er ekki gefin út og jafnframt verði skoðað að eigendum aflahlutdeildar í innfjarðarrækju verði veitt valkvæð heimild til að afsala sér aflahlutdeild í rækju gegn aflahlutdeild í botnfisktegundum sem svara til rækjubóta. Því til stuðnings er vísað til lagalegra, fiskifræðilegra og sanngirnislegra raka í umsögninni, sem og byggða- og skynsemissjónarmiða. Tillaga 20 mun raska rekstri útgerða við Húnafluga sem hafa stuðlað að byggðafestu og starfsemi á sviði veiða og vinnslu eftir hrun rækjuveiða.
 - Sammála því sem kemur fram í kafla G. Mikilvægt er að vekja athygli á gæðum íslenskra sjávarafurða. Það er rétt að við verðum að keppa á alþjóðavettvangi á grundvelli gæða, en ekki magns. Hitt má þó ekki gleymast að það er á grundvelli góðs fiskveiðistjórnunarkerfis sem við höfum getað byggt upp gæðin. Það er því löngu tímabært að hætta að tala kerfið niður og vera stolt af því sem vel hefur verið gert.
Sé vilji til þess að leggja niður skel- og rækjubótakerfið þá skal skila þeim bolfiskaflaheimildum sem þar eru beint til handhafa skel- og rækjuheimilda.
 - Styður tillögu 17, enda hefur það sýnt sig að aðrar aðferðir við veiðistjórnun hefa verið óhagkvæmar og illa framkvæmanlegar með tilliti til ráðlags heildarafla. Að óbreyttu viðheldur löggjafinn þó óhagkvæmni í krókaafلامarkskerfinu með þeim takmörkunum sem þar gilda um veiðarfæri og stærð báta. Líklegt er að það misrétti sem felst í þeim ströngu veiðarfæratakmörkunum stangist á við stjórnarskrá, á sama tíma og auðlindagjald er það sama í bæði aflamarkskerfinu og krókaafلامarkskerfinu. En fyrst og fremst skal áréttað að hér er um að ræða þarflausa óhagkvæmni og þar með sóun verðmæta.
 - Styður þær hugmyndir sem hafa komið fram um að gera úthlutun byggðakvóta markvissari. Jafnframt lögð áhersla á að með kvótanum komi fé til að byggja upp innviði séu þeir ekki til staðar, eða mjög nærri þeim stað sem kvótanum er úthlutað. Þar er t.d. átt við heilsugæslu, framhaldsskóla og aðra sjálfsagða opinbera þjónustu sem er frumskilyrði þess að fólk sjái framtíð fyrir sér á stöðunum. Mikilvægt er að gerðar séu vandaðar kannanir sem leiða í ljós hvað þurfi til að fólk vilji setjast að á ákveðnum stöðum og meta út frá því hvort kvóti verði settur á svæðið. Tilfærsla á kvóta ein og sér framkallar ekki byggðafestu heldur þurfa búsetuskilyrði að vera góð og jafnvel betri en í öðrum byggðakjörnum, til að fólk sé tilbúið að setjast að á stöðunum sem kvótinn er fluttur til. Fólksfækkun á sér flóknari skýringar en eingöngu kvótaleysi, og lítið sem ekkert hefur verið rannsakað hvað þarf til að fólk ílengist á stöðunum og sé tilbúið að byggja þá upp. Við ítrekum einnig að í tillögunum er ekkert fjallað um hvernig skuli stöðva að kjölfestufyrirtæki með kvóta séu keypt úr byggðalögum og fótunum þannig kippt undan atvinnu- og mannlífi þar.
 - Tillaga 13 - Einelti er eina orðið sem kemur upp í hugann þegar tekin er út einn útgerðarflokkur og áætlað að auka hjá honum fræðslu, menntun, þjálfun og endurmenntun. Fræðsla er alltaf góð en ætti miklu frekar að beinast að þeim útgerðarflokkum sem koma í land með lakari afla heldur en útgerðarflokk sem er á dagróðrum og á færaveiðum, þar sem hæstu verð á fiskmörkuðum endurspegla gæði aflans.
Tillaga 17 - Það er afskaplega stór fullyrðing að segja að aflamarkskerfið hafi aukið hagkvæmni og hagsæld. Ekki hægt að láta hjá líða að krefja þann er þær línur skrifar um rökstuðning. Ekkert í gögnum starfshópana vísar til rannsókna í þá veru. Vert væri að bera saman núverandi stöðu sjávarútvegs og hagaðila við þá stöðu er uppi var fyrir daga kvótakerfis og þau markmið sem lagt var af stað með og fram koma í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem mælt var fyrir í efri deild Alþingi 15. febrúar 1990.
1. að afkastageta fiskiskipaflotans verði í samræmi til afrakstursgetu fiskistofnanna.
2. að draga úr sókn vegna bágs ástands þorskstofnsins.
3. að skapa grundvöll fyrir hagkvæmri og skynsamlegri nýtingu fiskistofnanna.
4. að ná hámarksafrakstri af fiskveiðiauðlindinni fyrir þjóðfélagið í heild.
 - Tillaga 18 - Allar breytingar sem bætt geta stöðu strandveiðiflotans eru af hinu góða. Leiða má líkum að því

út frá umhverfispáttum svo sem orkunýtingu, að stækkun hans og rýmri mörk muni verða jákvæð fyrir fiskveiðistjórnunarkerfið í heild. Nokkur dæmi um ávinning af strandveiðum:

- Býr til tækifæri til að hefja útgerð.
 - Eykur ekki hættu á ofveiði.
 - Eykur sátt um stjórn fiskveiða.
 - Eykur vægi umhverfisvænna veiða.
 - Fjölgar atvinnutækifærum sjómanna.
 - Gerir sjávarútveginn sýnilegri.
 - Hámarkar verðmæti.
 - Svarar álit Mannréttindanefndar SP.
 - Tryggir aðgengi að hágæða afla tryggt.
 - Tryggir frumbyggjarétt.
 - Tryggir jöfnuð milli landsvæða.
 - Viðheldur verkunnáttu.
- Tillaga 19 - Afnema ætti vinnsluskyldu í heimabyggð vegna byggðakvóta, en tryggja löndunarskyldu. Dæmin sanna að gríðarlegur misbrestur hefur orðið í viðskiptum milli aðila sem með byggðakvótann fara. Heimila ætti sölu afla á fiskmarkaði þar sem fiskvinnsla á svæðinu fengi 10% ívilnun á verð og nyti forkaupsréttar. Þannig fengist hæsta verð fyrir aflann, aukin atvinna skapaðist í heimabyggð og

útsvar myndi aukast. Almennur- og sértækur byggðakvóti verði eingöngu nýttir af dagróðrabátum styttri en 15 metrar. Sá hluti byggðakvóta sem nýttur hefur verið af skipum 15 metrum og lengri verði færður til strandveiða og línuívilnunar. Gullkarfi, keila og langa skulu boðin upp á skiptimarkaði.

- Tillaga 20 - Rækju- og skelbætur sem skipt hafa um eigendur skulu renna til strandveiða og línuívilnunar. Gullkarfi, keila og langa skulu boðin upp á skiptimarkaði.
- Tillaga 23 - Í umræðu um tillöguna er vert að velta því upp hvort ekki sé rétt að gera tilkall til löndunarskyldu á svæðinu. Jafnframt að velta því fyrir sér að hluti leyfilegs heildarafla væri úthlutað á ákveðin svæði og báta (grásleppa undanskilin) þannig að nýting væri betur tryggð með sjálfbærni í huga.
- Tillaga 24 - Það ætti að vera eitt af verkefnum hópsins að velta fyrir sér tilganginum með því að kvótasetja allar tegundir. Þekkt er að sumar tegundir eru ekki veiddar og veiðar annarra stjórnast eingöngu af flakki þeirra inn og út úr lögsögu okkar. Ufsi er gott dæmi um þetta. Hámarksnýting veiðiheimilda ætti alltaf að vera markmið og sannarlega mætti skoða að herða á veiðiskyldu á ákveðnum tegundum til að ýta undir það.

Audlindinokkar@mar.is



Umhverfi

Í þessum kafla eru ummæli sem lúta að umhverfisstöð sjálfbærrar þróunar sem bærust í tölvupósti á netfang verkefnisins eða til ráðuneytisins.

- Miða við að fiskiskip landi á nærhafnir en þannig má draga úr kolefnisspori þeirra. Í þessu felst að ekki sé verið að sigla með afla óþarflega langar leiðir til vinnslu heldur má í keyra hann þangað að hluta til unninn eða heilum.
- Beita viðurlögum og hvötum til að draga úr brottkasti, auka heimildir í VS, einnig gæti útgerð sem veiddi blandaðan afla sem félli ekki fullkomlega að rekstri þess gæti hugsanlega valið að ákveðinn afli færi í sjóð sem hún fengi þá hlutdeild úr á móti því opinbera eða e-a aðra umbun.
- Horfa verður til þess að aukning á nýtingu sjávarafla felur í sér rannsóknir og þróun í sjávarlíftækni með framleiðslu ýmissa lífvirkra efna. Alla umgjörð vantar um þessa starfsemi auk stuðningsnets.
- Handfæraveiðar eru vistvænar veiðar, rafmagn er fengið frá rafgeymum sem er hlaðið í höfn. Gildrurnar eina sem kemst nálægt handfæraveiðum hvað varðar olíunotkun, önnur veiðarfæri eru annaðhvort slæm eða drápstól.
- Varðandi loðnuflottroll. Það þarf ekki að horfa langt aftur í tímann til að sjá áhrif loðnuflottrolla á loðnustofninn. Bent á loðnuþrápið í friðuðu hólfi NA frá Langanesi á síðustu loðnuvertíð þar sem stór hluti loðnustofnsins var drepinn. Ef menn sjá ekki mismun á mælingum Hafró fyrir og eftir þetta loðnuþráp þá ættu þeir ekki að tjá sig um málefnið.
- Bent á texta úr grein Magnúsar Jónssonar fyrrv. Veðurstofustjóra: „Handfæraveiðar eru í senn umhverfisvænar og sjálfbærar, hafa verið stundaðar frá upphafi byggðar og eru því hluti af menningu okkar og sögu. Þess vegna er það nánast móðgun við þessa veiðiaðferð að skilgreina strandveiðar og raunar allar handfæraveiðar sem einhverja félagslega starfsemi eða „ölmusu“ sem þurfi að vera upp á „örlæti“ kvótahafa í landinu komin eins og stundum er látið í veðri vaka þegar rætt er um svokallaðan 5,3%-pott kvótakerfisins. Strandveiðarnar eiga ekki heima í neinum „potti“ kvótakerfisins og því eiga stjórnkerfi strandveiða og kvótakerfis að vera aðskilin og óháð hvort öðru
- Vil sjá stórauðna strandveiði og aukna veiði almennt á króka og þau veiðarfæri sem rústa ekki hafsbotninum og lífríkinu þar. Það ætti hver heilvita manneskja að sjá að það gengur ekki að eilífu að djöflast með bobbinga og toghlera yfir heimkynni fisks. Nú hefur verið togað með botntrolli í um hundrað ár og nú er farið að veiða loðnu í troll líka! Snurvoðin er líka gjörbreytt veiðarfæri frá því sem áður var og eirir engu. Það er staðreynd að fiskurinn eins og önnur dýr (þar með talið við mannfólkið) sækist í vistlegt og gróðursælt umhverfi en ekki eyðimörk og eyðilagt umhverfi.
- Strandveiðar nota rafmagn til sinna veiða, Díselvél gengur ekki á meðan verið er að veiða, strandveiðibátar eru ýmist trillur eða hraðfisksbátar, trillan eyðir um 0,03 lítrum af olíu á hvert veitt kíló, hraðfisksbátur um 0,18, ísfiskstogari á grunnslóð 0,3-0,5, hefðbundinn frystitogari ca 0,6-0,8 og frystitogari á djúpslóð um 0,9-1,1. Strandveiðibátar mega veiða 100kg meira á dag ef þeir nota eingöngu rafmagn til siglinga, þetta er alltof lágt þar sem það kostar á bilinu 20 – 40 miljónir að skipta í rafdrifinn búnað núna en tækninni fleygir fram og ólíkt stórútgerðinni munu trillukarlar líklega skipta í rafmagn án þess að væla út styrki eða biðja um afslátt af veiðigjöldum.
- Togveiðiflotinn er að mylja undir sig stóran hluta, fimm til 20 sentimetra smáporsks, sem verður að liggja í botni fiskimiðana við Ísland, til að verða ekki étin af stærri fiski. Þar að auki hefur togveiðiflotinn mulið niður kóralla, svampa, hrúðurkarla, hraun o.fl. svo seiði hafa þar lítið skjól eins og t.d. þorskseiði, sem leita niður á botninn þriggja mánaða gömul til að fá skjól fyrir stærri fiski. Nýjar fréttir segja togveiðiflotann róta upp gríðarlegu magni kolefnis sem sest hefur á botninn. Botnvörpuveiðar taldar losa jafnmikið og flugsamgöngur. Nýlega vildi

- Hafró friða Látragrunn fyrir togveiðiflotanum, en fékk ekki leggja til stærra friðunarsvæði til verndar steinbít
- Togveiðiflotinn stundar brottkast á heimsmaelikvarða með flottrollsveiðum á loðnu, í boði matvælaráðherra, þrátt fyrir rannsókn Hafró á flottrolli, þar sem kom fram að trollið tekur aðeins 20% af innkomnum afla, 80% aflans merjast út um möskvana eins og sést á mynd. Sendi ykkur þetta í von um að þið berið gæfu til að stórauka vistvænar veiðar, á kostnað togveiðiflotans, Sjálfbær samfélög um allan heiminn.
 - Banna flottrollsveiðar eins og t.d. Norðmenn gerðu fyrir meira en 20 árum þegar þeir sáu eyðileggingarmátt trollana.
 - Á fundinum sem haldinn var á Akureyri þann 15 nóv. var nefnt að aðalatriðið væri að hafa ekki allt of mörg skip sem sigldu fram og til baka í að sækja takmarkaðan afla. Eins og strandveiðar eru stundaðar í dag er ekki glóra í kolefnisspori á hvert kg. sem upp kemur. Varðandi þessa hugsum finnst mér einsýnt að hætta sóknarmarki á strandveiðum og taka upp fastan fjölda veiðidaga á bát. Fjöldi veiðidaga yrði þá ákveðin af ráðuneytinu m.v. það magn sem stefnt væri á að veiða. Síðan væri það í höndum skipstjóra hvers báts hvenær dagarnir yrðu nýttir. Æskilegt væri að bátar sem yrðu drifnir rafeldsneyti fengju fleiri daga (ívilnun). Æskilegt væri að heimilt væri að veiða af sér sóknardaga með umframafla, t.d. að fækka sóknardögum um 10 – 20 %. (koma með allan afla í land). Veiðitíminn yrði fiskveiðiárið.
 - Komum upp kvótakerfi, en í það vantar heildræna vistfræðilega hugsun, fiskurinn er aðeins ein auðlind margra í hafinu og allt í vistkerfinu er háð hvort öðru í sjónum. Hvernig er náð í fiskinn í sjónum, þar er hægt að setja miklu fleiri annmarka á og hvar má ná í fiskinn eftir veiðarfærum. Flottroll sem notað er t.d. á síld og makríl er á stærð við einn fótboltavöll í fullu togi, botntroll eru skaðvaldur, snurvoð uppí landsteinum er annað eins og hlífir engu. NTS og MPA eru við varla með í öllu því EEZ sem við höfum aðgang að.
 - Aflaregla sem Hafrannsóknastofnun notast við til að ákvarða veiði úr þorskstofninum á hverjum tíma er núna 20% af veiðistofni. Þessar aflareglur er nauðsynlegt að endurskoða og kynna betur fyrir útgerðinni. Stofnstærð þorsks hefur verið að aukast síðustu ár. Svo virðist sem nýliðun hafi tekist sérstaklega vel.
 - Umræðan um brottkast er oft illa ígrunduð og byggir ekki á staðreyndum. Mikilvægt er að skýra og skilgreina línur um brottkast til þess að hægt sé að komast að því hvort það sé stundað og fara í þá umræðu með staðreyndir og af yfirvegun.
 - Til þess að verndun sjávarsvæða verði sem markvissust og markmiðin með vernduninni náist er nauðsynlegt að ákvarðanir sé teknar á vísindalegum grunni. Rannsaka þarf þau svæði sem ætlunin er að vernda og vita með vissu hvað við erum að vernda og hvers vegna. Ef fallið er í þá gryfju að ætla að vernda ákveðið órannsakað svæði bara til þess eins og ná ákveðnu hlutfalli af verndunarsvæði getur það aldrei orðið markvisst. Hættan er sú, að valin eru svæði til verndar sem alls óþarft er að vernda og svæði sem nauðsynlegt væri að vernda verði óvernduð. Miðað við að markmiðið sé að vernda svæði sem rannsóknir hafi sýnt að séu mikilvæg hrygningar- og uppeldissvæði, sem og öðrum vistfræðilega mikilvægum svæðum, má jafnframt huga að auknum sveigjanleika í heimildum til veiða innan landhelginnar á svæðum sem vitað er að falli ekki í þennan flokk og með því nýta betur veiðisvæði innan landhelginnar þar sem sýnt er að valdi engum skaða ofangreindu.
 - Í sambandi við rannsóknir er bagalegt, að ekki hefur tekist að nýta betur þau gögn og uppýsingar sem útgerðir búa yfir til að auka þekkingu á hafinu og rannsókni. Margskonar breytingar eru að eiga sér stað í hafinu og á lífríki þess, nauðsynlegt er fyrir okkur að skilja þær breytingar. Það þarf að auka fjárveitingar til grunnrannsókna á lífríki hafsins svo nýta megi þær auðlindir sem allra best með sjálfbærum hætti. Að þekkja hafið, lífríki þess og þær breytingar sem eru að eiga sér stað er hagsmunamál allrar þjóðarinnar ekki eingöngu útgerðarinnar. Líta ætti á þá fjármuni sem settir eru í hafrannsóknir sem fjárfestingu fyrir fiskveiðiþjóðina Ísland miklu frekar en aukinn kostnað.
 - Þegar rætt er um orkuskipti í sjávarútvegi, er mikilvægt að því sé haldið til haga, að á síðustu árum hefur orðið gífurleg breyting í olíunotkun fiskiskipa og ljóst að nú þegar hefur kolefnisspor í sjávarútvegi minnkað mikið frá því sem var. Þetta á jafnframt við um vinnslu í landi. Jafnframt þessu hefur orðið gífurleg breyting á meðferð og nýtingu veiðarfæra sem hefur ekki síður minnkað sóun og bætt umhverfi. Þótt mikilvægt sé að nýta tækni til þess að nýta enn frekar raforku til starfseminnar, er ljóst að nokkuð er langt í að hægt verði að stunda veiðar á rafknúnum skipum. Þess vegna er mikilvægt að missa ekki sjónar af því að sjávarútvegsfyrirtækjum verði kleift að stunda markvissa endurnýjun á flota og tækni sem styður markmið um loftlagsmál og minni notkun jarðefnaeldsneytis. Til þess

þarf að gæta að því að viðbótarskattlagning verði ekki til þess að fjármagn sem eftir verður í rekstri til fjárfestinga og endurnýjunar verði ekki fyrir hendi til þess að ná þessum markmiðum.

- Strandveiðar ættu að vera frjálssar í ljósi þess hversu atvinnuskapandi þær eru, þær tryggja byggðum atvinnuöryggi, tryggja verð eigna þess fólks sem þar vilja búa, þær tryggja afkomu hafna og eru atvinnuskapandi þar í kring. Strandveiðar ganga ekki nærri fiskistofnum þjóðarinnar og eru því ekki hættulegar í ljósi matvælaöryggis eins og stórskip sem valta skjól og viðverustaði unguviðis sem nær sér ekki á strik þar sem það er auðveld bráð stærri fiska.
- 30% verndunnarsvæði er allaveg galin umræða, yfirleitt pólitíkusar sem þurfa að slá sig til riddara og vita ekki hvað þeir eiga að gera. Það er auðveldara í að komast en úr að fara. Minnr að Ray Hilborn, University of Washington hafi sagt að þessar friðanir hafsvæða væru handahófs aðgerðir, typpakeppni í alþjóðasamfélaginu og svo líka þegar menn næðu ekki tökum á stjórn fiskveiða væri þetta auðveldasta leiðin, slá ryk í augu allra. Upp til hópa bara bull og á Íslandi eigi bara að friða það sem friða það sem þarf að friða. Bent á Youtube myndbandið „Keynote: Dr. Ray Hilborn“ í þessu samhengi.
- Veiðarfæri, aflvísar, fjarlægð frá landi 3,4,12 mílur. Í dag erum við með gott fiskveiðistjórnunarkerfi sem verndar fiskistofna og umhverfi en stundum spyr maður sig af hverju 12 mílna togarinn þarf að hætta að elta ufsan eða annan fisk við 12 mílna línu sem hefur ekkert verndar gildi, 4 mílna báturinn heldur áfram að toga og eltir fiskinn að 4 mílum, þar stoppar hann enn 3 mílna báturinn togar næstu mílu þar til hann þarf að snúa frá sennilega af því að þar eru dragnótabátar að veiðum, nánast samskonar veiðarfæri, róta í sandi og drullu frá 3 mílum upp í fjöru svo umhverfislega enginn munur hver rótar. Ef ráðgjöfin um heildar afla er í lagi þá á ekki að skipta hvar eða hvernig er veitt en þá kemur réttlætið, hvað passar bossanum á mér, ég vill fá að gera þetta í friði.
- Tvennt truflandi í veiðarfæra sódaskap í augnablikinu 1. Í Kanada var togari að slást við grálúðu drauganet frá 65-100 feta grálúðubátum og Kanadískir togaraskipstjórar fullyrtu að grálúðubátarnir töpuðu miklu meira af netum en þeir vildu viðurkenna. Reynt var að fá reglur í gegn um að það yrði að merkja hvert net, hvert merki kostaði töluverða peninga sem hægt var svo að fá endurgreitt í lok vertíðar með því að skila inn merkjum en félag smábátaeigenda

náði alltaf að svæfa þessa tillögu. 2. Bátar í Rússlandi voru með svokallað „moonpool“ gat í miðjunni þar sem línan og fiskurinn var dreginn upp en það var ekki að ganga vegna drauga krabbagilda þar á svæðinu sem komu upp með línunni og ekki hægt að vinna það í gegnum gatið auk þess að spottar sem hingu frá þessu voru að flækjast í skrúfunni. Held reyndar að ástandið á Íslandi sé ekki svona slæmt en það þarf einhverja skilagjaldaútfærslu á kyrrstæð veiðarfæri. Sennilegt að það magn draugaveiðarfæra sem koma upp með togurunum sé örugglega 1/10 af því sem það var fyrir 40 árum, þökk sé betri tækjum, veiðarfærum og umhverfisvitund.

- Hvalirnir sem Kristján Loftsson fjarlægir úr vistkerfinu borða örugglega meira en allt brottkast bolfisksflotans þó sennilega skiptir hvorugt máli í random forriti Hafró um stofnmælingu og ráðgjöf, því meira pláss sem Kristján Loftsson fær í lokaskýrslunni því betra.
- Það á alls ekki að breyta 80/20% reglu v.s. afla, þetta á hvorki að vera tekjulind fyrir útgerð né sjómenn, þetta er bara eitt úrræði til að minnka misnotkun, t.d. er hvítlúða friðuð og fer öll dauð/lönduð lúða í v.s. afla.
- Í fréttum fyrir skemmstu um veiðileyfissviptingarskjal frá Fiskistofu, var sýnt myndband frá dróna þar sem sést til skipverja blöðga lífvænlega lúðu, sem er örugglega ekki auðgunnarbrot því öll lönduð lúða fer í VS. Þetta var reyndar ekki megin ástæða fyrir því að viðkomandi var sviptur veiðileyfi en einhvern veginn finnst mér eitthvað vera að í andrúmsloftinu þegar sést til skipverja blöðga lífvænlega lúðu! Kemst á prent. Þó mér finnst vanta nokkuð af common sense í Fiskistofu þá eru örugglega margir bókstafstrúarmenn sem telja að hún eigi að framfylgja lögum af meiri hörku enda eins og margoft hefur verið sagt þá er starfsfólk sjávarútvegs sekt þar til sakleysið er sannað.
- Í 7. gr. reglugerðar nr. 920/2021 um undirmálsfisk þarf að taka til hendinni, það má að hámarki vera 10% undirmál í veiðiferð og helmingur þess telur til kvóta, þetta er hvetjandi til að koma með smáfisk í land. Refsirétturinn og útfærsla undirmálsreglunnar gerir það að verkum að færri og færri nýta sér úrræðið og það er einmitt það sem þarf að tala um. Mælieiningin er 50 cm fyrir þorsk og 45 cm fyrir ýsu. Hér þarf að samþykkja að ef skip er búið vélflokkara/vigt þá sé 50 cm þorskur = ? xxx gr og 45 cm ýsa = xxx gr osfrv (það getur reyndar örugglega munað 5 cm á feitum kubbslaga fiski eða mjóum horfiskum en það er bara þannig). Það þarf að koma mælieiningunni inn í 21. öldina.

Refsirétturinn, þú gerðir hlutinn ekki alveg rétt, þú mælir ekki hvern fisk, þetta er sjónmat svo afar miklar líkur á skekkju. Veðið í túrnum var 100 t af þorski, þú settir 4 t (4%) í undirmálskörin sem þá ber að selja á löggildum markaði „Fiskistofa tekur mælingu,, og kemst að því að 10% af fiskunum var yfir 50 cm svo þú varst að reyna að stinga undan. Undanskot upp á ca. 10% af 4.000 kg eða 400 kg, þar af átti ½ að telja til kvóta svo þú varst að reyna að stinga undan 200 kg kvóta eða 0,2% af heildar magni veiðiferðar á hæsta kvótaleigu markaði x 450 kr á þorskinn eru þetta 90.000.- og refsinginn er annars vegar allt undirmálið 2,000 kg telur að fullu til kvóta og hins vegar veiðileyfis svipting í 2 vikur fyrir brot sem er varla mælanlegt í krónum eða sem hlutfall af aflaverðmæti skipsins er algjörlega út úr korti auk þess að tilgangur reglunnar hefur verið eyðilagður vegna vantrausts ofl. Í karfa er undirmáls ákvæði þar sem fiskvinnslu er heimilt að renna farminum gegnum flæðivog og draga frá undirmáls karfann eftir á svo það er alveg hægt að gera þetta eins og hjá mönnum ef viðhorfið er ekki þú ert sekur þar til sakleysið er sannað. Nýja undirmáls reglu mætti síðan útfæra til hagræðingar og hagkvæmni þannig að fiskiskip gæti t.d.. sett allan þorsk + 55 eða 60 cm í sé kör, látið bjóða upp á markaði og tölvuvogin á markaðnum ákveði hvað stórt hlutfall færi í undirmál sem teldi 50% o.s.frv.. Það þarf bara vilja, samtal og allir séu í sama liðið, áfram Ísland. Annað þessu tengt er að mjög margar útgerðir eru hættar að nýta sér þann valkost að flokka fisk í undirmál af því refsingin er svo íþyngjandi, þess í stað er áhöfn uppálagt að flokka ca. 5% af smæsta fiskinum frá og setja hann í VS sem þrengir þá að valkostum, undirmál – VS og svo ? sumir nýta hakkavélina.

- Fiskistofa er ekki alltaf í sama heimi og fólkið sem vinnur í iðnaðinum en það getur líka verið út af því að lögin eru annaðhvort svart eða hvítt. Það má henda verðlausum fiski, en hvað er verðlaus fiskur, hver metur hvað er verðlaust, t.d. tindaskata, Fiskistofa hefur metið þetta mikil verðmæti meðan iðnaðurinn hefur ekkert getað borgað fyrir þetta og reynt að vinna og vinna með tapi og lent í urðunnarkostnaði. Loksins var svo sett í reglugerð, sennilega til að þóknast Fiskistofu um að það mætti sleppa lífvænlegri tindaskötu svo verðmæta mati þeirra sé ekki raskað.
- Í tillögu 11. Hver er tilgangurinn með hvata til að tryggja að óæskilegur afli komi að landi? Spurning hvort mönnum sé treystandi að skrá brottkast í afladagbók? 5% VS afli og 1-2-3% brottkast og reiknilíkan Hafró verður örlítið réttara?

Þetta brottkast er ekki umhverfissóðaskapur, væri jafnvel betra að hakka þetta út en skrá í dagbók sem er þekkt erlendis. Að koma með þetta í land er miklu meiri umhverfissóðaskapur samanborið við fréttir um urðun sorps, dýrahraða, loka Álfnesi, vantar peninga í að nýta orkuna úr sorpinu sem er urðað og hinumegin við borðið er síðan sjávarútvegurinn sem á að taka gott fóður/skemmdan fisk og flytja í land til urðunar, galið.

- Skref 1. Umhverfið í öndvegi. Af hverju er ekki minnst á upprót á botni með botndrægum veiðarfærum og þar með koltvísýringi sem eykur á súrnun sjávar og dregur úr möguleikum hafins til að taka við koltvísýringi? Hverjum dettur í hug að hafa mynd af krók með undirskriftinni "Rannsóknir á umhverfisspjöllum veiðarfæra" ? Hvaða hugrenningatengsl er meiningin að skapa? Eru krókaveiðar versti kosturinn að álitni hópanna frá umhverfislegu sjónarmiði?
- Er ekki kominn tími til þess að skoða skýrslu Tuma Tómassonar um faglega gagnrýni á stofnmat og veiðiráðgjöf, en það er nokkuð ljóst að það sem menn hafa verið að vinna með frá því snemma á 10 áratugnum er ekki að ganga upp. Hvers vegna var skýrsla Tuma Tómassonar ekki tekin til umræðu í "Auðlindinni okkar" og allri faglegri gagnrýni á veiðiráðgjöfina ýtt til hliðar?
- Það er ljóst að sú forsenda sem "Auðlindin okkar" hefur gengið út frá þ.e. reiknilíkan um endurskoðaða aflareglu frá árinu 2007 í þorski, hefur augljóslega ekki gengið upp. A) Það verður ekki deilt um það að raunveruleikinn (þróun afla og stofnstærðar) hefur ekki verið neinu í samræmi við forspá höfunda reiknilíkansins þ.e. ma. þá Dr. Gunnar Haraldsson, Svein Agnarsson og Ragnar Árnason. Af framsögðu leiðir er ekki hægt að draga aðra ályktun en að annað hvort er; raunveruleikinn eða reiknilíkanið rangt. Það er rétt að taka það fram að skýrsla Tuma Tómassonar „Fagleg gagnrýni á stofnmat og veiðiráðgjöf...“ er tekin saman í kjölfar þess að mistekist hafði að ná fram markmiðum um 500 þús. tonna jafnstöðuafla eftir að ráðgjöf í samræmi við aflareglu hafði verið fylgt út í ystu æsar á tíunda áratugnum. Í stað þess að taka tillit til þeirrar gagnrýni á vistfræðilegar forsendur aflareglu, þá var niðursveiflan um síðustu aldamót skýrð með ofmati í togararalli vegna „aukins veiðanleika“. Sú umdeilda niðurstaða var fengin af þeim, sem bjuggu til aflaregluna eða komu að gerð hennar. Höfundarnir voru ekki tilbúnir til þess að skoða hlutina upp á nýtt þrátt fyrir árangursleysi.

Endurbætt aðferðarfræði upp úr aldamótum átti síðan að koma í veg fyrir að aukinn veiðanleiki hefði umrædd áhrif. Árið 2007, var ljóst að raunveruleikinn var ekki í samræmi við forspá aflareglu, þrátt fyrir framangreindar endurbætur og ákveðið var að yfirfara aflaregluna. Þeir sem réðu ferðinni í þeirri vinnu voru hagfræðingar í HÍ, svo undarlegt sem það nú er og jafnframt sömu aðilar sem komið höfðu að gerð hennar á fyrri stigum. Niðurstaða þeirra vinnu var í stuttu máli að aflareglan hefði skilað árangri en ekki tilætluðum, þar sem henni hefði ekki verið fylgt út í ystu æsar. Ekki var farið yfir gagnrýni á líffræðilegar forsendur aflareglunnar.

Gefin voru þau fyrirheit að með því að herða á aflareglunni (lækka veiðihlutfalla á reiknaðri stofnstærð), sem leiddi til gríðarlegs aflasamdráttar á árinu þá því herrans ári 2008, þá myndi nást jafnstöðuafla upp á rífalega 300 þús. tonn, frá árinu 2013. Áhugavert er að þegar hér var komið við sögu, þá var búið að gíra niður væntingar úr 500 þús. jafnstöðuafla í liðlega 300 þús. tonna jafnstöðuafla, í þorski.

Ef farið er yfir þorskafla síðustu ára þá er það deginum ljósara að raunveruleikinn er ekki í neinu samræmi við reiknilíkanið.

Árið 2011 tók hagfræðingurinn Daði Már Kristófersson saman úttekt á aflareglunni og sömuleiðis nefnd á vegum Kristjáns Þór Júlíussonar fyrir örfáum árum, án þess að gaumgæfa, þá staðreynd að aflareglan gengur þvert á vistfræðileg lögmal. Að framansögðu má ljóst vera að það sé tímabært draga fram gagnrýni á faglegar forsendur aflareglu í stað þess að neita því augljósa þ.e. að reiknilíkanið sem unnið er með, er ekki að ganga upp.

B) Það má endilega bæta við yfirferð „Auðlindarinnar okkar“ á álit Mannréttindanefndar Sp í máli Erlings Sveins Haraldssonar og Arnar Snævars Sveinssonar og fyrirheitum íslenskra stjórnvalda við álitinu, í yfirferð „Auðlindarinnar okkar“. Ég sé ekki betur en að íslensk stjórnvöld séu að ganga á bak þeirra fyrirheita sem gefin voru hvað varðar viðbrögð m.a. með þeirri ætlan að kvótasetja grásleppu, úthlutun byggðakvóta - bæði þess almenna og sértæks byggðakvóta Byggðastofnunar sem lendir að stórum hluta hjá stórútgerðinni en ekki til nýliðunar í sjávarbyggðunum. Bráðabirgðatillögurnar sem liggja fyrir hjá Auðlindinni okkar í nafni "sátta" ganga enn lengra á fyrirheit stjórnvalda og ef tillögurnar ganga fram munu fiskmarkaðir og útgerð leggjast af í flestum sjávarþorpum landsins.

C) Ítrekað er óskað eftir hvaða kostnaðarliðir liggja að baki stuðningi ríkisins við sjávarútveginn sbr. samanburðar útreikninga OECD. Við yfirlestur á erlendum skýrslum um opinberan stuðning við sjávarútveg í Evrópu hef ég rekið mig á að eitt og annað þar talið til stuðnings við greinina, sem ekki er að finna hér a.m.k. ekki í umræðunni. Ekki viljum við bera saman epli og appelsínur.

- Haldið fram í tillögunum að hringormur finnist í strandveiðiafla en engin nýleg opinber gögn til um það samkvæmt Mátis, Hafró og Fiskistofu. Rakalaus lygi SFS.
- Sjómenn ættu að fá uppgert vegna VS afla eins og um allan annan afla sé að ræða. Einungis 20% verðmætis koma til skipta úr VS afla sem er gróf íhlutun í kjarasamninga sjómanna. Krafa sjómanna að þeir fái að fullu gert upp úr VS afla enda ekki þeir sem ákveða hvaða afla er ráðstafað vegna VS. Sjómenn leggja á sig nákvæmlega sömu vinnu við frágang afla þó hann sé á endanum seldur sem VS afli. Nú liggur fyrir að VS heimildir verði að öllum líkindum að fullu nýttar á þessu fiskveiðiári. VS afli í þorski gæti þá orðið um 5000 tonn að verðmæti um 2,2 milljarðar króna. Einungis 20% þeirrar upphæðar koma til skipta eða 440 milljónir króna. Þá eru ótalðar aðrar tegundir sem landað er sem VS afla. Hver eru rökin fyrir því að hlunnfara sjómenn með þessum hætti? Lagt til að sjómenn fái sinn hlut óskiptan úr VS afla sem öðrum afla.
- Skoða þarf allt ferlið hjá Hafró varðandi þeirra vinnu við að reikna út stærð stofna og ráðgjöf um úthlutun. Einnig hverjir koma að þessari vinnu og þá loka ráðgjöf um úthlutun aflamark. Að menn kynni sér veiðarnar frá sjónarhorni skipstjórnarmanna þar sem það fer mjög illa saman ráðgjöf/úthlutun og veiðar. Veiðin langt umfram það sem menn hafa áður séð í flestum tegundum. Auðvelt er að benda á tegundir sem sýna að það sé þörf sé á að gagnrýna þetta ferli. Það er sagt að stórútgerð með SFS séu sátt við niðurskurði í aflamarki þar sem það hraðar samþjöppun, einyrkjar gefast upp þar sem lítið svigrúm er til að hagræða. Spurning hvernig veiðum á flatfiskum verði háttað í framtíðinni þegar þetta verða verða fáar stórar útgerðir sem er ætlað að sinna veiðum í íslenskri lögsögu.
- VS afli þar er eitt sláandi dæmi um skekkju á ráðgjöf og veiði t.d. sandkola úthlutun milli ára niðurskurður og veiðin á sandkola sem meðafla slík að útgerðir eru farnar að setja í VS afla í október og alla mánuði eftir það. Úthlutun Sandkola 2021-2022 var 270 tonn. Úthlutun Sandkola 2022-2023 er 210 tonn. Í lok mars 2023 (frá 1 september 2022) var landaður afli 700 tonn og er eingöngu um meðafla að ræða.

Að lækka ráðgjöfina í sandkola milli ára og hafa opið fyrir VS afla löndun sem er komin 500 tonnum yfir ráðlagt og úthlutað aflamark á 7 mánuðum og spurning hvar endar þessi tala? Ég held að þarna séu menn komnir langt frá þeirri upphaflegu hugmynd um VS afla hvernig honum var ætlað að slá á brottkast.

- Er ekki of lítil úthlutun á pari við brottkast á afla. Ýsan er sögð verða 8 ára gömul og þegar mikið magn veiðist af 3. til 5 kg ýsu þá er farið að stytast í að hún verði sjálfdaud í hafi. Skipstjórar eru komnir út í þær aðgerðir að breyta möskvastærð stækka möskva úr 135 mm í 150 mm, 200 mm og upp í 300 mm opnari möskva til að minnka meðafla í ýsu, sandkola og þorsk og er það aðferð sem hugnast ekki.
- Vangaveltur fyrir auðlindinokkar.is hvort aflamarkskerfið sé gott? Líklega eru menn komnir langt frá upphaflegu hugmyndinni sem almenningi var sögð, vernda og byggja upp stofna láta náttúruna njóta vafans skorið niður ef vísindi gáfu til kynna að þörf væri á en að sama skapi auka við úthlutun þegar það sæist í gögnum Hafrannsóknarstofnunar að hægt væri. Þessu hefur verið stungið undir stól eins og sést á vinnubrögðum með sandkoluúthlutun. Ef Hafrannsóknarstofnun getur klúðrað minnstu tegund í úthlutun sem hefur verið einna styst í kvóta þá fara þeir létt með að klúðra fleiri tegundum. (Þorskur, ýsa, þykkvalúra, langa og fl.). Alls staðar hafa stórutgerðir komið sér fyrir á ráðandi stöðum til að hafa áhrif á úthlutanir og gjaltdökur sem síðan þrengir mis vel að útgerðum eftir stærð þeirra og er helsta ástæðan fyrir uppgjöf einyrkja minni og meðalstórra útgerða það hallar allt á þá.
- Eftirfylgni með kolefnislosun útgerðar á Íslandi er engin. Því þarf að kippa strax í liðinn. Samkvæmt skoðanakönnuninni telja Íslendingar íslenskan sjávarútveg mengandi og má taka undir að það sé rétt mat eins og staðan er í dag. Sama má segja um spillingu en stór hluti Íslendinga telur svo vera. Aðeins 3 sjávarútvegsfyrirtæki af 15 stærstu eru búin að skila losunartölum en draga þarf saman losun um 7% á ári til að ná markmiðum fyrir 2030. Aukning í losun eins sjávarútvegsfyrirtækis nam ávinning af rafbílavæðingu nýskráðra bíla á Íslandi í eitt ár. Kolefnisbókhald fyrirtækjanna ekki nógu gott. Það vantar mikið af kolefnislosun í losunarsviði 3, virðisbætur og þar er hægt að gera helling en á meðan virðisbætur er ekki skoðuð þá gerist ekki neitt. Kolefnisbinding er ekki hafin, ekkert sjávarútvegsfyrirtæki stundaði kolefnisbindingu 2021. Hagnaður er gífurlegur og ekki jafnvægi á milli þriggja þátta

sjálfbærni, efnahagur, umhverfi og samfélag. Ekki furða að almenningu upplifi spillingu. Lagt til að Stjórnvöld setji neyðarlög á sjávarútvegsfyrirtæki og skyldi þau til að gefa út staðfestar kolefnislosunartölur fyrir öll losunarsvið. Geri svo neyðaraðgerðaráætlun sem stjórnvöld fylgi fast efir. Jafnvel skyldi fyrirtæki til að fylgja Science Based Targets aðferðafræðinni. Þá er möguleiki á að réttlát umskipti í loftslagsmálum verði í loftslagsvegferðinni.

- Efla þarf nýsköpun í orkuskiptum.
- Kælimiðlar, Ísland losar 200 þúsund tonn CO₂ frá f-gösum og sjávarútvegurinn á 60% af því. Mest vegna flutnings á fiski í gámum. Meiri metnað og hraðari útfösun þarf að eiga sér stað.
- Notkun á jarðefnaeldsneyti til bræðslu á uppsjávarfisk heyri sögunni til. Stjórnvöld þurfa að meta það hvort leyft verði að bræða uppsjávarafla sé skortur á rafmagni. Leyfa loðnunni að lifa.
- Hvetja SFS til að hafa meiri eftirfylgni á markmiðum í ábyrgum sjávarútvegi. Fylgjast betur með og gefa út staðfestar kolefnislosunartölur fyrir stærstu fyrirtækin og birta aðgerðaráætlun.
- Tillögur um eflingu hafrannsóknar og ekki til þess fallnar að bæta bráðavanda og ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Vandamálið í hnotskurn: Samdráttur í vöktun nytjastofna þýðir meiri óvissu – sem þýðir lægri ráðgjöf – sem þýðir allra tap. Undirtekt með mikilvægi tryggjar fjármögnun til hafrannsóknar og samvinnu allra hagaðila um þarfagreiningu – þörf á að aðgreina nauðsynleg verkefni og gagnleg verkefni. Drifkraftar nýsköpunar úr hafi liggja hjá einstaklingum, ekki Hafrannsóknarstofnun.
- Tillagan um að nýjar nýtingaleiðir í sjó fari í umhverfismat mun koma í veg fyrir að einkaaðilar taki áhættu og finni leiðir til gera verðmæti úr nýjum nytjastofnum í hafi – tillagan gengur gegn grundvallarþáttum kerfisins.
- Tillaga 7 - Miklir hagsmunir eru í húfi og vanda þarf allar leiðir að vel skilgreindu markmiði – lausnamiðuð vinna allra hagaðila nauðsynleg. Tæknilegar lausnir, s.s. þróun veiðarfæra, fætur og ljós, ásamt tímabundnum lokunum svæða eru líklegri til að skila árangri fremur en algild lokun svæða. Góð veiðistjórnun með hámarksafla, takmörkun á notkun ákveðinna veiðarfæra o.s.frv. er mun öflugra stjórnæki á fiskveiðum en verndarsvæði í hafi. Góð veiðistjórnun tryggir betur fæðuöryggi og hagkvæmni veiða, auk þess að vera ekki síðri í að vernda líffræðilegan fjölbreytileika en verndarsvæði í hafi. Lokun svæða getur leitt til þess að líffræðilegur fjölbreytileiki á opnum

svæðum muni minnka, þéttleiki fiskistofna minnka og veiðar yrðu erfiðari (óhagkvæmari).

- Tillaga 15 endurspeglar ekki mikla áskorun sem stjórnvöld og sjávarútvegur standa frammi fyrir þegar kemur að loftslagsvánni og framlagi til þess að draga úr kolefnisspori á þessu sviði þar sem stærri skip eru stærstu notendur olíu. Upplýsingagjöf um veiðarfæri, olíunotkun og afla má finna í samfélagsskýrslum einstakra fyrirtækja nú þegar. Íblöndunaráætlun verður að fylgja orka sem uppfyllir staðla vélaframleiðanda. Ná má 20-35% meiri orkunýtni í endurnýjun fyrri kynslóða togara, skv. Kongsberg Maritime, m.a. með eyðslugrenni aðalvélum, smurólíusparnaði, skrúfubúnaði, kælubúnaði og orkustýring. Hafrannsóknir og uppbygging fiskistofna og samsetning afla getur haft töluverð áhrif á olíunotkun og hversu langt þarf að sækja fiskinn og leita.
- Fyrir kvótatímabilið 2022-2023 vildi Hafrannsóknarstofnun setja skip sem eru norðan Snæfellsnes og austan og norðan Stokksnes undir aflamark í sandkola sem hafði verið utana aflamarks frá upphafi kvótasetningar á sandkola sem allur var veiddur sunnan lands viðmiðunarárinn. Aðferðin sem var notuð var óásættanleg og veit ég ekki til þess að svona aðferð hafi verið beitt áður. Þau skip sem voru með aflaheimildir í sandkola árið 2021-2022 voru skert varanlega og bótalaust í aflahlutdeild sandkola til að færa á skip sem voru skráð á norður svæðinu. Á sama tíma er sandkola úthlutun skert á milli ára 21-22 og 22-23 úr 273 tonnum í 210 tonn (minna magn fleiri notendur). Mitt skip fékk á síðasta fiskveiðiári úthlutað um þrefalt minna en meðafli var á sandkola og stefnir í svipaðar tölur í ár. Hafa of litla úthlutun, notendum fjölgað og skert úthlutun um 60 tonn 23%. Má benda á að við loðnuúthlutun 2023 þegar loðnuvertíðin var hafin var gefin út auka úthlutun sem var eyrnamerkt Húnaflóa. 100.000 tonn voru ekki veidd þar en heimild breytt til að veiða hana sunnan og vestanlands, lítið fyrir þessu haft.
- Rökstuðningur varðandi það hvernig milli og minni útgerðir í stóra aflamarkskerfinu hafa farið verr út úr öllum breytingum sem gerðar hafa verið á aflamarkskerfinu. Einnig ábendingar á misræmi milli útgerða sem eru með útgerð og vinnslu á sömu hendi og þeirra sem landa öllum afla á markað. Það er auðveldast að horfa til útgerða 30 til 180 tonn skipa sem voru algengust í byrjun kvótakerfis 1984 og til dagsins í dag. Þessum skipum hefur fækkað mest og þarna voru flestir einyrkjar sem gátu ekki hagrætt í

skerðingum með því að leggja einu skipi og sameina kvóta annars. Mikill mismunur er á gjöldum sem stærri útgerðir borga þ.e. með útgerð og vinnslu og þeirra minni sem landa öllum afla á markað. Allar gjalddókur sem tengjast útgerð t.d. SFS aðild, MSC vottun, gjöld á landaðan afla (Verðlagsstofuverð eða fiskmarkaðsverð). Eitt hátt gjald á kennitölu óháð skipafjölda. Gjald á landaðan afla 1,55% reiknast af heildarverðmæti aflans þó aldrei lægra en verð Verðlagsstofu skiptaverðs hverju sinni. Dæmi: Útgerð og vinnsla borgar sínum skipum 240 kr/kg fyrir skarkola (Verðlagsstofa gefur ekki út verð á flatfiska) sama útgerð kaupir skarkola á fiskmarkaði af minni útgerð og borgar 540 kr/kg fyrir skarkolann á markaði. Útgerð og vinnsla á sömu kt. borgar af 240 kr/kg en einyrkinn þarf að borga 1,55% af 540 kr/kg. Aðgengi að lánsfé og kjör til kvótakaupa eru ekki þær sömu hjá stórútgerðum og þeim minni. (Upplýsinar hafðar eftir skipa og kvótasala). Það er í raun sama hvar er tekið það hallar alltaf á minni og meðalstóru útgerðirnar sem verka ekki sinn fisk sjálfir.

- Meðal og minni útgerðir reyna að fjölga róðradögum með því að skipta þorski fyrir flatfiska sem þarf líka að nýta. Það er dýrara að sækja þær tegundir minna magn í kasti og minni stofnar sem eru á grynna vatni og því viðkvæmari fyrir veðri og straumum. Þrátt fyrir það er mun hærri veiðigjöld á þeim tegundum og merkilegt nokk þá virðast stærstu útgerðirnar ekki stunda þær veiðar nema í mjög litlu magni. Mjög áhugavert er að skoða nýlegar aðgerðir sjávarútvegsráðuneytisins sem tengjast úthlutun aflaheimilda fyrir árið 2023 sem sýnir hvernig hallar á minni útgerðir á móts við stærri útgerðir.
- VG eru með hugmyndir um að auka við félagslega pottinn úr 5,3 % í 8,3 % það mun ekki laga stöðuna hjá útgerðum sem hafa þurft að ganga í gegnum allar hinar skerðingarnar.
- Ekkert gaman að horfa á og sjá rányrkju og eyðileggingu stundaða upp í kálgarða á meðan okkar strandveiðibátar sem eru hybrid bátar, eins umhverfisvænir og mögulegt er í dag. Og því erum við pottþétt í tísku sem vörumerki fyrir heimsmarkaði. Og ættum því að njóta stærri sneiðar til veiða í ljósi þess. Af hverju erum við með svona miklar takmarkanir í þessu kerfi þegar við sköðum ekki lífríki né göngum neitt verulega í berhögg við umhverfið með mengun. Er sanngjarnt að skera niður veiðar strandveiða þegar stórskip sem ganga í berhögg við umhverfið og valda hraðari hnignun jarðar séu látin afskiptalaus?



Samfélag

Í þessum kafla eru ummæli sem lúta að samfélagsstöð sjálfbærrar þróunar sem bástur í tölvupósti á netfang verkefnisins eða til ráðuneytisins..

- Að veiða fisk á ekki að vera skjól fyrir glæpamenn. Það þarf að skipa óháðan rannsóknaglæpadómstól til rannsaka glæpi útgerðarinnar gegn þjóðinni.
- Að veiða fisk og að vinna fisk á aldrei að vera á sömu hendi.
- Auka samfélagslega ábyrgð sjávarútvegsfyrirtækja með hvötum og jákvæðri umfjöllun um það sem vel er gert.
- Aukin samþjöppun í sjávarútvegi hefur vissulega áhrif á byggðir landins. Hins vegar velkist enginn í vafa um að samþjöppun hefur skilað stórstígum framförum í sjávarútvegi og tryggt alþjóðlega samkeppnisstöðu sjávarútvegs, þjóðinni til heilla. Þegar metin er samþjöppun hér á landi, er notast við heimatilbúnað viðmiðanir, en ekki farið eftir alþjóðlegum viðmiðunum. Athugun hefur leitt í ljós, að samþjöppun er langt undir þeim alþjóðlegu viðmiðunum sem gilda í þessu efni. Nauðsynlegt er að setja skýran ramma í lögum og reglugerðum um samþjöppun í sjávarútvegi sem byggja þarf á rökum og alþjóðlegum viðmiðum. Eðlilegt væri ef hámark aflaheimilda væri sett fyrir hverja tegund fyrir sig frekar en heildarhámark.
- Á fundinum 8. febrúar, varðandi það að herða veiðiskyldu var því haldið fram að togararnir veiði ekki sinn ufsakvóta og því réttara að leyfa strandveiðunum að reyna við þann kvóta og fá til þess sanngjarnan meðafla af, örugglega í þorski því annars verður ekki sátt hjá sumum. Ef ufsakvótinn er skoðaður hafa aflamarksskipin veitt 90% af sínum ufsakvóta frá fiskveiðiárinu 14/15 til dagsins í dag en krókabátarnir 25% af úthlutun. Af hverju hafa strandveiðimennirnir ekki leigt þennan kvóta af krókaafلامarksbátunum? Horfa þarf til þess af hverju krókabátarnir eiga svona mikið af ufsaheimildum sem þeir veiða ekki, í upphafi voru flestir krókabátar færabátar sem fengu mikið af ufsa og lungað af ufsa og steinbít fór á þá báta. Svo var skilgreining smábáta útvíkkuð og áhuginn á ufsaveiðum hvarf því feitari bita var að fá.
- Bent á að engin starfshópur sé að fjalla um öryggismál.
- Bent á bréf frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna frá 1960, holl lesning fyrir ósátta.
- Bent á niðurstöður úr skoðanakönnun meðal þjóðarinnar um afstöðu hennar til útboðs aflaheimilda þar sem spurt var „Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú að útgerðin greiði markaðsgjald fyrir afnot af fiskimiðunum. 76,6% sagðist vera hlynnt(ur), 16,4% hvorki né og 7,1% andvíg(ur). Kannski að skoðanakönnunin geti orðið ykkur leiðsögn um raunverulegan vilja þjóðarinnar?
- Bent á skort björgunarbáta um borð á íslenskum skipum, gefur einnig falskt öryggi að það sé búnaður um borð en hann ekki endurbættur, bráðnauðsynlegt að þetta sé rannsakað og gerðar úrbætur á þessu.
- Breytingar á 5,3% kerfinu frá því að því var komið á laggirnar hafa verið til þess að flækja kerfið og gera það ógagnsætt, til dæmis að þar sem eingöngu er sóst eftir veiðiheimildum í bolfiski (aðallega þorski) í þessa potta, skapar það óeðlilegan þrýsting á skiptimarkað með bolfiskkvóta þegar uppsjávarútgerðir eru að kaupa bolfiskheimildir til þess að leggja fram sinn hlut, þar sem veiðiheimildir í uppsjávarfiski eru ekki gjaldgengar. Getur ekki talist heppilegt að nota veiðiheimildir sem gjaldmiðil til styrktar brothættum byggðum, slíkt er mjög ógagnsætt og alls óvíst hversu mikið verður eftir í viðkomandi byggð þegar upp er staðið. Þrátt fyrir íþyngjandi aðgerðir eins og að vinna verði aflann í viðkomandi byggð gengur það ekki alltaf upp þar sem það er ekki hægt vegna þess að vinnsla er ekki á staðnum og aflinn því fluttur annað. Ávinningurinn af byggðarkvóta er því óljós og ekki víst að hann skili því sem vænst er. Ef þörf er á að styrkja byggðir landsins sérstaklega er betra að gera það með fjármagni frekar en veiðiheimildum. Fjármagnið væri þá hægt að nýta til styrkingar á hvaða atvinnustarfsemi sem er í samfélaginu. Almennt séð er það nauðsynlegt að núverandi byggðapottakerfi verði tekið út og með því fá óvilhalla

- mynd á það hvort að kerfið sé í dag að skila ásættanlegum árangri og uppfylla þau markmið sem kerfinu er ætlað.
- Ekkert gaman að horfa á og sjá rányrkju og eyðileggingu stundaða upp í kálgarða á meðan okkar strandveiðibátar sem eru hybrid bátar, eins umhverfisvænir og mögulegt er í dag. Og því erum við pottþétt í tísku sem vörumerki fyrir heimsmarkaði. Og ættum því að njóta stærri sneiðar til veiða í ljósi þess. Af hverju erum við með svona miklar takmarkanir í þessu kerfi þegar við sköðum ekki lífríki né göngum neitt verulega í berhögg við umhverfið með mengun. Er sanngjarnt að skera niður veiðar strandveiða þegar stórskip sem ganga í berhögg við umhverfið og valda hraðari hnignun jarðar séu látin afskiptalaus?
 - Er ásættanlegt að ákveðnir útgerðaraðilar séu búnir að sverta Ísland með svindli og svikum við aðrar þjóðir. Sem skaðar ekki bara þá eina heldur kemur sem svipa niður til okkar strandveiðimanna sem fáum lakara heimsmarkaðsverð sökum þess að hér sé ekki gott og traust viðskiptasamband.
 - Er fiskveiðiauðlindin okkar í hættu ef rétt reynist að íslensk útgerð hafi brotið á Namibíu? Verður íslenska þjóðin látin bera ábyrgð. Er kannski nauðsynlegt að innkalla allar fiskveiðiheimildir inn til ríkisins þar sem búið er að sýna fram á erfðarétt með þær og gætu því legið undir í skaðabótakröfu frá Namibíu. Vissulega verðum við sem þjóð að reyna að takmarka tjónið okkar. Ekki síður en þeir sem eiga í hlut. Eins og sýnt er nú þegar að þeir keppast við að tryggja eignir á nýjar kennitölur. Ríkisstjórnin þarf líka að tryggja eignir þjóðarinnar og það þarf að gerast hratt.
 - Er hollt fyrir samfélagið að hér myndist konungsveldi sem á allt og stjórnar öllu innan frá? Hvernig fer þjóðin frá slíku einræði. Verðum við leigubrælar hjá lénsherrum þjóðarinnar sem stálu auðlindum þjóðarinnar frá þjóðinni til að niðast svo á þjóðinni með ráðríki og yfiringi?
 - Er rétt og sanngjarnt að maður sem hefur ótakmörkuð alþjóðleg skipstjóraréttindi á fiskiskip og kann að veiða með öllum veiðafærum sem notuð eru til veiða á Íslandsmiðum megi ekki stunda fiskveiðar á Íslandsmiðum vegna þess að hann fær ekki aflaúthlutun eða fái ekki vinnu við það sem hann kann og hefur menntað sig til nema uppá náð og miskunn útgerðarmanna sem hafa til umráða aflaheimildir? Þessi maður hefur fórnað bestu árum ævinnar í að ná besta mögulegum árangri í að veiða fisk. Þessi maður getur flutt til Noregs og fengið úthlutað aflaheimildum strax og hafið útgerð.
 - Erlend samkeppni um hráefni veldur miklum þrýstingi á íslenskar fiskvinnslur. Erlendar fiskvinnslur eru yfirleitt ríkisstyrktar og eru á svæðum þar sem laun, vinnuaðstæður og réttindi verkafólks eru mun lakari. Allur fiskur á markað og uppboð aflaheilda styðja þessar erlendu vinnslur. Erlendar vinnslur og íslensk fyrirtæki í samstarfi við erlendar vinnslur munu geta boðið mun hærra í hráefni og aflaheimildir sem grefur undan íslenskri fiskvinnslu. Fyrning hefur einnig neikvæð áhrif á byggðafestu þar sem verkafólk flýr, sjái það fram á fyrningu aflaheimilda og minni vinnu.
 - Hvað ef auðlindir dreifðust betur og byggð væri tryggð um allt land. Kæmi ef til vill meiri arður til ríkisins og yrði meiri sátt um fisveiðikerfi okkar.
 - Hvað gerir sá sem fær aflaúthlutun ef engin skipstjóri vill róa fyrir hann? Þarf ekki að tryggja það að þeir sem fá aflaúthlutun geti sótt þann afla sjálfir? Og hvað skeður ef ein stórútgerðin fer á hausinn eins og allt stefnir í?
 - Í umræðu um hagsmunaaðila í greininni er almennt eingöngu talað um útgerðarmenn, sjómenn og fiskvinnslufyrirtæki. Tillögur um sjávarútveg taka yfirleitt einungis mið af þessum aðilum en landverkafólk í sjávarbyggðum nær alveg undanskilið umræðunni.
 - Kröfur sem landverkafólk og almenningur gera til síns nærumhverfis er góð opinber þjónusta, heilsugæsla allan sólarhringinn, leikskólar og barnaskólar í göngufæri og framhaldsskólar innan við 100 km frá búsetu. Einnig er mikilvægt að í byggðarlaginu sé samkeppni á matvörumarkaði, flóra verslana og veitingahúsa, banka- og pósthjónusta, félagslíf, afþreying, öflugt íþróttalíf, góðar samgöngur og öldrunarþjónusta. Byggðakvótar styrkja byggð þar sem slík þjónusta er ekki til staðar og tekið er frá þeim byggðarlögum þar sem þjónustan er til staðar. Aðrir þættir hafa mun meiri áhrif til að byggja upp veikari byggðir.
 - Lýst yfir vonbrigðum með það að í bráðabirgðaniðurstöðum samráðsnefndar um auðlindina okkar sem birtar hafa verið opinberlega er varla vikið orði að stórum hópi hagsmunaaðila í greininni. Er hér átt við fiskverkafólk og landverkafólk sem vissulega hefur ríkra hagsmuna að gæta þegar unnið er að endurskoðun á fiskveiðilöggjöfnni. Í þessum bráðabirgðaniðurstöðum er helst fjallað um sjávarútvegsfyrirtæki, útgerðir og sjómenn og greinilegt að margt gott hefur unnist sem tengist þeim hópum. Kallað eftir því að sjónarmiðum og hagsmunum landverkafólks

verði gert hærra undir höfði í lokaniðurstöðum nefndarinnar.

- Með kvótasetningar í framtíðinni þá legg ég til að þið setjið það í lögin að kvótinn verði ekki framseljanlegur, skilað inn ef viðkomandi hættir, og endurúthlutað innan þess svæðis sem skilakvótinn var í. Þannig myndast ekkert fár í kringum úthlutanir og meðferð þeirra innan svæða og helst innan svæða, sem misfórst í stóra kerfinu. Hér er ég með í huga grásleppu, frístundaveiðar, smábáta á dagakerfi og fl. Í guðanna bænum lærið þið af reynslunni og sýnið framsýni og virðingu fyrir sameiginlegri eign þjóðar og kvótamyndun sem átt hefur séð stað í einstaka byggðum.
- Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim raunkostnaði sem fylgir ráðstöfun 5,3% aflaheimilda. Sóst er eftir bolfisksheimildum í pottana sem skapar þrýsting á skiptimarkað með bolfiskskvóta. Það getur ekki talist heppilegt að nota veiðiheimildir sem einhvers konar gjaldmiðil til styrktar brothættum byggðum. Þrátt fyrir íþyngjandi aðgerðir byggðakvóta er óvíst hve mikið verður eftir í viðkomandi byggð. Ef þörf er á að styrkja byggðir landsins sérstaklega er betra að gera það með fjármagni frekar en veiðiheimildum. Fjármagnið væri þá hægt að nýta til styrkingar á hvaða atvinnustarfsemi sem er í samfélaginu. Almennt er það nauðsynlegt að núverandi byggðapottakerfi verði tekið út og með því fá óvilhalla mynd á það hvort að kerfið sé að skila ásættanlegum árangri og uppfylla þau markmið sem kerfinu er ætlað. Á grundvelli þess yrði svo í framhaldinu mótuð skýr stefna. Samþjöppun hefur áhrif á byggðir landsins en skilað stórstígum framförum í sjávarútvegi. Þegar samþjöppun er metin er notast við heimgæðar viðmiðanir en samþjöppun er langt undir þeim alþjóðlegu viðmiðum sem gilda í þessu efni. Eðlilegt væri ef hámark aflaheimilda væri sett fyrir hverja tegund fyrir sig frekar en heildarhámark. Samkvæmt lögum um veiðigjald eru 40% afsláttur af fyrstu 6.000.000 kr. veiðigjalds. Vegna þessa er meðalafsláttur af veiðigjöldum um 30% hjá bátum undir 10 brl á meðan hann er um 2% hjá togurum og rúmlega 7% hjá skipum með aflamark. Ljóst er að veiðigjöld eru mikið meira íþyngjandi á þeim svæðum þar sem aðeins er botnfiskvinnsla og -veiðar. Þetta gjald verður að vera gegnsætt og sanngjarnt og því þarf að lækka veiðigjald á botnfisk þannig að hann verði jafnfætis við aðrar tegundir.
- Nauðsynlegt að gagnsæi ríki um álagningu veiðigjalda. Almennigur þarf að vita og hafa á hreinu hvernig þau eru

afkomutengd. Veldur sundrung og óánægju, sem má draga úr með upplýstri umræðu.

- Nauðsynlegt er að fella brott viðmið um hámarksaflahlutdeild í þorskígildum talið og þess í stað taka upp viðmið um hámarkshlutdeild í hverri tegund. Útfærsla þess þarfnast nánari umræðu. Breyta þarf reglum um þorskígildisstuðla þannig að við útreikning þeirra verði ekki aðeins tekið tillit til tekna heldur einnig til sóknarkostnaðar, þannig að hlutfallslegt verðmæti tegunda verði endurspeglad með nákvæmari hætti.
- Opinber gögn sýna að bestu meðaltekjurnar á landsbyggðinni eru þar sem stór og traust fyrirtæki eru með útgerð og vinnslu. Fólk greiðir hærra hlutfall af launum sínum til samfélagsins en á þeim stöðum þar sem atvinna er stopul. Góð kvótastaða í byggðalagi, öflug fiskvinnsla ásamt góðum innviðum tryggja kröftuga byggð án mikilla afskipta ríkisins. Þar byggist einnig upp frumkvöðlasamstarfi ásamt sérhæfðri verkþekkingu í viðhaldi og þjónustu og ekki síst vinnslu sjávarafurða sem tryggir hátt verð.
- Samþjöppun í sjávarútvegi var nauðsynleg. Sú þróun leiddi til þess að sjávarútvegur er í dag hornsteinn margra byggðalaga, drifkraftur atvinnu allt árið um kring og uppspretta þekkingar og nýsköpunar. Verkefnið felst í því að treysta að svo verði áfram. Eðlilegt er að reglur um mat á yfirráðum og tengslum í sjávarútvegi séu ólíkar þeim reglum sem gilda á öðrum sviðum, s.s. á fjármálamarkaði, enda búa ólíkir hagsmunir og markmið að baki. Í núgildandi regluverki er að finna skýrar leiðbeiningar í þeim lögskýringargögnum sem liggja að baki þeim lagaákvæðum sem gilda um mat á tengslum aðila og raunverulegum yfirráðum.
- Samþjöppun veiðiheimilda þarf að stöðva og stórlækka kvótapakið. Kalla inn smátt og smátt veiðiheimildir og binda heimildir í auknu mæli við byggðir. Banna fjárfestingu og eignatengsl stórútgerðarinnar í óskyldum greinum.
- Skoða þarf vel skiptingu veiðigjalda á milli flokka. Bátar undir 10 brl. eru með flesta bátana og þar eru líka flest félögin enda eru einstaklingsfélögin mest þarna. Samkvæmt lögum um veiðigjald eru 40% afsláttur af fyrstu 6.000.000 kr veiðigjalds. Vegna þessa er meðalafsláttur af veiðigjöldum um 30% hjá bátum undir 10 brl á meðan hann er um 2% hjá togurum og rúmlega 7% hjá skipum með aflamark. Ljóst er að veiðigjöld eru mikið meira íþyngjandi á þeim svæðum þar sem aðeins er botnfisk vinnsla og

veiðar. Þetta gjald verður að vera gegnsætt og sanngjarnt og því þarf að lækka veiðigjald á botnfisk þannig að hann verði jafnfætis við aðrar tegundir.

- Skömm íslenska ríkisins er mikil. Bent á að strandveiðikerfinu var komið á vegna kæru Arnars Sveinssonar og Erlings Sveins Haraldssonar en ekki vegna stjórnmalamanna og ráðherra. Fiskveiðikerfið var opnað í kjölfar álits Mannréttindanefndar Evrópu, þar sem ríkið var dæmt til að bæta þeim skaðann. Þar var það opnað eins lítið og hægt var með allar hugsanlegar hindranir; kílóafjöldi, dagafjöldi, ákveðnir dagar án tillits til veðurs, klukkutímafjöldi, sérstök tilkynningarskylda og sérstakt gjald.
- Stífari reglur um krosseignartengsl í sjávarútvegi. Þá má einnig velja því fyrir sér að hvort fyrirtæki sem náð hafa tiltekinni aflahlutdeild eigi að vera á markaði svo rekstur þeirra sé opnari.
- Strandveiðar í þeirri mynd sem þær eru í dag uppfylla engan veginn dóm Alþjóðadómstólsins þar sem úrskurðað var að ólöglegt var að loka fyrir nýliðun í greinina. Það er enginn útgerðarflokkur sem þarf að lúta sömu reglum og í strandveiði. Reynt er að trufla það að ná viðunandi árangri og hagræðingu veiðanna með því að leyfa einungis veiði 4 daga í viku í 4 mánuði. Strandveiðimenn þurfa að róa sjálfir og ef þeir slasast eða veikjast þarf að leggja bátnum og fara á hausinn, en í öðrum útgerðarflokkum þarf ekki að róa sjálfur og reitt sig á aðra. Menn sem réru fyrir aðra var ekki úthlutað aflaheimildum á viðmiðunar árunum þótt þeir hafi veitt fiskinn sem myndaði kvótaúthlutunina.
- Strandveiðimenn eru menn sem leggja það á sig að eiga og viðhalda sínum bátum ár eftir ár til að uppfylla heitasta drauminn sinn að fá að verða trillukarl meira enn 4 mánuði ársins, svo er ástíðan mikil fyrir sjómennskunni. Þó svo lögfræðingur sé lögfræðingur er ekki víst að hugur hans sé þar ef hann ætti kost á að geta gert út sína trillu meira en 4 mánuði eða réttara sagt 3 mánuði eins og síðasta ár sýndi okkur.
- Til að auka sátt um fiskveiðarnar væri gott að hið opinbera beitti sér fyrir því að fiskverð fyrir almenning væri á skikknanlegu verði.
- Veiðigjöldin áttu að nota til að reka Hafró, Fiskistofu og Gæsluna að einhverju leiti, Veiðigjöldin eru svo langt í frá

að gera eitthvað af þessu að það er grátbroslegt. Gott að skoða Hafréttarsáttmála okkar, 1995 Fish stock agreement, FAO code of conduct sem og NEAFC sem við erum aðilar að, þar er talað um vistkerfisnálgun.

- Það eru grundvallar mannréttindi allra landsmanna, að geta sótt sjó í sínu nærumhverfi sér og sinni fjölskyldu til framfæris, en þegar að örfáir menn eru farnir að safna milljarða auð með því að útiloka almenning frá þessum sjálfsgöðu mannréttingum og frumburðarétti allra landsmanna með stuðningi stjórnvalda er samfélagssáttmálinn rofin, við getum ekki sætt okkur við það lengur að þetta sé ein og sama þjóðin. Það búa tvær þjóðir í þessi landi og það fer að stytast í uppgör. Það þarf að skera úr um það hvor hefur réttinn, sjómaðurinn sem að er að reyna að sjá fyrir sér og sinni fjölskyldu, eða hlutafélagið sem að safnar fé í aflandsfélögum og kaupir hlutabréf í bönkum og matvælaerslunum og bensinstöðfum til að hækka vexti og verð til almenings.
- Það verða ótrúlega mörg slys þegar ekið er út af bryggjum. Það verða undantekningalítið dauðaslys. Það mætti koma í veg fyrir þessi slys með því að hækka bryggjukanta úr 20 sm. í 40 sm. Þetta þarf ekki að vera fyrir neinu svo sem pollum og neyðarstigum. Þessi framkvæmd mundi ekki kosta mikið en væri æskilegt að hrinda í framkvæmd áður en næsta dauðaslys verður.
- Þegar útgerðin vildi fá að taka gróðann út úr sjávarútveginum og fjárfesta í öðrum greinum til að öll egginn væru ekki í sömu körfunni þá var lagt upp með það að peningurinn kæmi til baka þegar illa áraði í sjávarútveginum, nú slíta eggjakörfurnar tengslin við útgerðina til að reyna að sleppa undan þessari skyldu sinni að koma með aurinn til baka, verður þetta liðið??
- Þær byggðahamfarir sem hafa orðið undanfarna áratugi mega ekki endurtaka sig. Enn í dag geta einkaaðilar og opinberir aðilar tekið atvinnuöryggi frá byggðarlögum. Hægt er að komast fram hjá forkaupsrétti sveitarfélaganna með því að halda lögheimili útgerðar í sveitarfélaginu en landa annarsstaðar. Það eru svona hlutir sem skapa ósætti um greinina sem mál er að linni.



Efnahagur

Í þessum kafla eru ummæli sem lúta að efnahagsstoð sjálfbærrar þróunar sem bærust í tölvupósti á netfang verkefnisins eða til ráðuneytisins..

- Alls ekki má hrófla við því sem vel gert enda er óvíst hvort að sömu hagkvæmni verði náð með breytingunni einni saman.
- Allt sem mælir með því að auka vægi smábátaútgerðar, ímynd landsins, smábátaveiðar hluti af menningunni og sögu, sjálfbærar veiðar sem skaða ekki umhverfið, einstök gæði hráefnis, frumbyggjaréttindi og einstaklingsframtakið, öryggi smábáta hefur stórauðist vegna tækni og möguleiki að starfa í sjávarútvegi ekki á plani stórútgerðarinnar.
- Allur ferskur bolfiskur á að seljast í gegnum fiskmarkað eða á fiskmarkaðsverði þess dags sem landað er.
- Ábending um mikilvægi veiðarfærafrelsis. Allir sem nota línuveiðarfæri vita að mikið af smáfiski veiðist á línu og freistast menn til að henda honum því hann er verðlaus. Ekki vinnsluhæfur. Einnig þurfa línubátar að sækja mjög langt, ca. 30 til 40 mílur. Netaveiðar eru mun vistvænni og veiða eingöngu stóran fisk og væri smáfiskadráp nánast úr sögunni væri þetta gert. Mikið styttra, ca. 3 til 5 mílur, er einnig á netaslóð svo draga mundi verulega úr olíunotkun þessara báta. Svo veiðarfærafrelsi fyrir alla væri eitt skref í rétta átt.
- Bátar frá brothættum byggðum mættu hafa smá forgang í að leigja aflaheimildir af ríkinu.
- Bent á nauðsyn þess að kynna sjávarútveginn og þau atvinnutækifæri sem hann býður upp á mjög vel fyrir starfsmönnum framtíðarinnar og þá bæði í grunn- og framhaldsskólum. Ekki einungis veiðar og vinnsla heldur líka tækifæri, störf í öllum þeim hliðargreinum, virðisbæturinn allri sem þessari atvinnugrein tilheyrir Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri hefur undanfarin ár starfrækt sumarskóla í samvinnu við fyrirtæki í greininni og sveitarfélög. Sjávarútvegsskóla unga fólksins" og Fiskeldisskóla unga fólksins", En þar eru atvinnugreinarnar kynntar fyrir ungmönnum á aldrinum 13-16 ára víðs vegar um landið. Einnig hefur miðstöðin nýlega hannað appið "Hafsjór spurninga ". En það er ætlað yngri nemendum grunnskóla og felst í leikum, myndböndum og fræðslu. um sjávarútveg og lífríki hafsins og vonast er til að grunnskólar taki það til notkunar . Ungmenninn í efstu bekkjum grunnskóla eru mörg farin á þessum aldri að velta fyrir sér við hvað ætla ég að vinna við í framtíðinni.
- Bent á skjalið „Sköpum sátt um sjávarútveg“ sem sent var á Alþingi 12/10/2022 um hvernig má að því að ná sátt um sjávarútveg.
- Bent á skýrsluna „Nýjar og vannýttar tegundir“ þar sem skoðað var hvort mögulegt væri að finna leiðir til að örva frekari nýtingu vannýttra og nýrra nytjastofna við Ísland.
- Eitt aflamarkskerfi: Ráðstöfun. "Aflaheimildir leita þangað sem verðmætasköpun er mest". Þvílík fullyrðing. Er ekki staðreyndin frekar að aflaheimildir leiti þangað sem fjármagnið er fyrir? Eitt aflamarkskerfi: Skipting aflamarkskerfis. "Löggjafinn stýrir ekki veiðarfærum". Lásuð þið ekki kaflann á undan, "Umhverfið í öndvegi?". Er það virkilega trú ykkar að það skipti umhverfið ekki máli hvaða veiðarfæri eru notuð? Eitt aflamarkskerfi: Nýsköpun og kynslóðaskipti. "Enginn hluti 5,3% kerfisins styður þetta að ráði" Það er dálítið til í þessu að 5,3% kerfið stuðli ekki að kynslóðaskiptum. Enda strandveiðikerfið það kerfi sem hægt er að komast inn í án þess að erfa það. Hefur ykkur ekki dottið í hug að það að kynslóðaskipti í almenna kerfinu sé hluti af vandanum? „Markmið ráðherra með stefnunni - hagkvæm og sjálfbær nýting sjávarauðlinda í sátt við umhverfi og samfélag“. Er sá skilningur uppi í hópunum að það kreppi hvað mest að í sátt í samfélaginu, að kynslóðaskipti gangi ekki eins smurt fyrir sig í strandveiðikerfinu og hjá t.d. Samherja?
- Er 5,3 kerfið fullkomið að mínu áliti? Nei langt því frá. Strandveiðikerfið skilar miklu til margra af minnstu stöðunum á landinu sem byggðust upp í kringum trilluúterð en fiskgengd (stóri fiskurinn) gengur á misjöfnum tíma upp á grunnslóð hringinn í kringum landið og það sem er til í því að aflu strandveiðibáta sé lélegur er

það að tímabilið byrjar og endar of snemma við norður og austurland og þeir bátar sem róa á því svæði í maí og framan af júní koma með of smáan og jafnvel litaðan fisk að landi. Þetta má laga með að færa tímabilið á þessu svæði aftur um mánuð. Þetta er ekki það stór galli að eina lausnin sé að leggja kerfið af. Almenni byggðakvótinn er heldur ekki mjög skilvirkur en það er nú ekki síst vegna þeirrar tregðu sem hefur verið á því að gjald megi koma fyrir aflaheimildir. Af hverju er ekkert skoðað að sveitarfélögin sem fá almenna byggðakvótann megi leigja hann til báta í sínu sveitarfélagi. Dæmi: Í ár fá Tálknafjörður, Flateyri og Djúpvogur 285 tonn í almennan byggðakvóta það mundu margir sækjast í hann ef sveitafélagið gæti/mætti leigja hann frá sér á t.d. 200 kr/kg og leigutaki mætti selja aflann á markaði. Þetta myndi gera 57 milljóna tekjur fyrir sveitarfélagið á ári og sennilega um 100 milljóna tekjur fyrir leigutakana árlega. Af hverju er ekki hægt að skoða slíkar hugmyndir? Hvað er það sem kemur í veg fyrir að það megi koma greiðsla fyrir kvóta? Eins og kerfið hefur verið undanfarin ár hefur útgerð sem hyggst veiða almenna byggðakvótann þurft að gera samning við vinnslu á staðnum þar sem vinnslan stjórnar verðlagningunni alfarið sjálf og landa þar 2 tonnum fyrir hvert eitt sem það fær í byggðakvóta og verðið sem útgerðin fær fyrir tonninn tvö er lítið hærra en hún fengi fyrir að landa sínu eina tonni á markað. Þetta hefur leitt til þess að fáar smærri útgerðir sjá hag sinn í að gera slíka samninga og verkunin ræður einhvern til að veiða kvótann (oft utan að komandi úr öðrum byggðalögum) svo enginn virðisauki af veiðunum verður eftir í byggðalaginu. Sérstaki byggðakvótinn hefur hjálpað heilmikið þegar stórútgerðin flytur sig á milli staða en það þarf mun meiri eftirfylgni með framkvæmd samninganna, því víða er pottur brotinn í framkvæmdinni. 5,3% potturinn er nauðsynlegur fyrir lífið í hinum smærri byggðum hringinn í kringum landið sem byggðust upp vegna nálægðar við fiskimiðin og lífið þar hefur í áranna rás verið nátengt veiðum og fiskgengd. Það er rangnefni að tala um félagslega hluta kvótakerfisins og ætti frekar að tala um byggðahluta kerfisins. Sjálfur rek ég ásamt fleirum veitingastað á Borgarfirði (eystra) yfir sumarið og það er gaman að bjóða gestum upp á fisk sem við fáum frá fiskverkuninni á staðnum, veiddum á króka af trillum sem viðskiptavinurinn var búinn að sjá um leið og hann skoðaði lundann við höfnina. Með niðurlagningu 5,3% kerfisins legðist útgerð algerlega af á Borgarfirði (eystra) innan 5 til 10 ára enda kvótahafarnir farnir að reskjast (eðlilega því

hér hefur enginn hafið útgerð eftir að kvótinn var settur á fyrir u.þ.b. 40 árum. Staðurinn yrði um leið ekki eins spennandi fyrir ferðamenn.

- Fiskvinnsla með útgerð á bakvið sig á undir engum kringumstæðum að verðleggja eigin fisk. Verðlagsstofa skiptaverðs er ekki að virka því allar upplýsingar til fiskverðsmyndunar koma frá gjörspilltum útgerðum sem eru með alla virðiskeðjuna á sínum vegum og hagræða eftir þörfum hvar hagstæðast er að gróðinn komi fram.
- Framkvæmd byggðakvóta hefur frá öndverðu reynst illa og verið lituð afskiptum stjórn mála. Afar takmarkaður ávinningur hlýst almennt af þeim aðgerðum sem úthlutun byggðakvóta felur í sér.
- Fyrning og uppboð er ein tegund skattheimtu og skaðlegri en flestar: Dýr í framkvæmd, skapa nýja óvissu í rekstri og vegna eðlis þessarar leiðar er hún jafngildi því sem næst 100% skattheimtu á það sem upp er boðið. Upphafleg eignaskerðing í þessari leið felur í sér verulegt högg fyrir íslenskt fjármálakerfi sem krefst umfangsmikillar aðlögunar sem gengur yfir allt hagkerfið. Eigna- og tekjuskurðingun mun draga úr hagkvæmni útgerðar og sjávarútvegsins í heild og veikja samkeppnisstöðu á alþjóðamörkuðum, með langvarandi neikvæðum afleiðingum fyrir fjárfestingu og hagvöxt. Reynsla m.a. Eista og Rússa er víti til varnaðar: Aukin skuldsetning, minni hagnaður, minni skatttekjur, minni fjárfesting og aukning ólöglegra veiða. Engin nýliðun og aukin samþjöppun. Tiltölulega hófleg fyrning aflaheimilda mun hafa verulega neikvæð áhrif á efnahagslíf í landinu og hagvöxt.
- Gera þarf úttekt á því hvort útgerð báta í krókaafلامarkskerfinu geti reynst vera hagkvæmari en stærri skipa. Í því felst að gera útreikning á hagkvæmni þeirra þ.e. kostnaði á sóknareiningu (e. CPUE) m.t.t. kolefnisspors og veiðarfæra. Jafnframt þarf að kanna alla möguleika á framleiðslu á beitu fyrir línuveiðara.
- Gjalda varhug við nálgun í tillögu 45, um að það geti talist markmið að hækka veiðigjald, án samhengis við samkeppnishæfni eða aðra þætti í rekstri fiskveiða. Fullkomin leið til gjaldtöku af auðlindanýtingu er ekki til. Reikniðaðferð hefur tekið töluverðum breytingum frá árinu 2004, alltaf í því augnamiði að bæta gjaldstofninn og auka skilvirkni. Gjald sem byggir á afkomu fiskveiða annars vegar og að gjald tegundar sé óháð því hver veiðir hins vegar, má telja nokkuð sanngjarna útfærslu. Veiðigjald á þorski er 19,17 kr./kg á þessu ári og er það næsthæsta veiðigjald á þorsk frá upphafi. Veiðigjald á loðnu er 5,54 kr./kg og hefur

aldrei verið hærra. Aflamark þorsks er nú um fjórðungi minna en það var á fiskveiðiárinu 2019/2020, eða tæpum 64 þúsund tonnum minna. Miðað við 19,17 króna veiðigjald á þorski gerir það samdrátt upp á 1,2 milljarð króna. Ekki má horfa framhjá samdrætti í magni.

- Haldið fram í bráðabirgðaniðurstöðum að strandveiðiafli hleypi lífi í 50 hafnir um allt land. Hæstu 5 hafnirnar eru með þriðjung allra landanna ég sé ekki að þessar hafnir séu brothættar byggðir og líka spurning hvað er unnið í löndunarhöfn.
- Hugmyndir um grásleppuveiðar: mælt með netadögum í stað veiðidaga. Þannig mundu 50 net í sjó í 50 daga jafngilda 100 netum í sjó í 25 daga sem myndi bæta aflameðferð og umgengni og fækka strandveiðibátum þann tíma. Minna tjón og minni hættu vegna veðurs. Grásleppuveiðileyfi skal gert út frá byggðarlagi þar sem skipið er skráð og eigendur útgerðar með lögheimili í sama byggðarlagi. Dagafjöldi skal gefinn út ár hvert og myndi aukast eða minnka um 20% eftir notkun. Dagafjöldi getur að hámarki tvöfaldast og aukning við grunndagafjölda hverfur við sölu.
- Hvað er það að kvóti sé andvirði 5 miljónir króna eitt tonn. Þegar strandveiðibátur er 4-20 miljóna virði, sem getur veitt 30 tonn, lífeyrissjóðir eru að taka þátt í fjárfestingum og jafnvel hafa þessir fjármunir verið notaðir til að fjárfesta í erlendum fyrirtækjum sem eru skuldlaus með veðsetningu á eign landsmanna, auðlindum þjóðarinnar. Hvers vegna er þetta ekki skoðað og líka hvernig fjárfesting stendur undir sér á slíku verði? Í samanburði við strandveiðibát sem á í erfiðleikum með að fá lánað fyrir 50% af 10 miljóna fjárfestingum sem ætti að vera fjárfesting að 100 miljóna veði í samanburði við aflamarkskerfið. Þetta og margt annað sem ég hef reynt að benda á er athyglisvert og vel þess virði að skoða í ljósi sögunar. Er ef til vill strandveiðibátur vanmetinn eða er búið að svindla upp verði á aflamarki til að taka út innistæður sem eru raunverulega ekki til staðar? Eða er þetta gert til að halda lánasafni bankana í lagi svo safnið fari ekki í ruslflokk hjá vogunarsjóðum sem hefði hræðilegar afleiðingar fyrir heiminn allan?
- Í dag blasir það við að engar líkur eru á því að veiðar á hörpudiski hefjist á næstunni í Breiðafirði. Lagt til að stokka upp skelbæturnar og gera upp aflaheimildirnar sem útgerðir skelbáta voru skertar um á sínum tíma. Bent á niðurstöðu starfshóps um atvinnu og byggðakvóta sem Þóroddur Bjarnason stýrði en niðurstöður eru ótvíræðar

hvað varðar skelbæturnar og veiðirétt skelbátanna. Aflaheimildir sem gefnar voru eftir í skiptum fyrir heimildir í skelfiski runnu inn í almenna kvótakerfið. Því væri eðlilegt að uppgjör við handhafa skelbóta yrði í heimildum í almenna kerfinu. Í lögfræðiáliti hefur lögfræðistofa staðfest rétt útgerðanna til skelbóta.

- Íslenska ríkinu hefur borist tilboð frá trillukarli um að fá að leigja aflaheimildir til eins árs og var hann reiðubúinn að borga a.m.k. fimmföld veiðigjöld (miðað við það sem greitt er í dag af stórútgerðinni) Engin svör hafa borist!
- Margir tuðandi yfir því að aflauppgjöf erlendu skipanna í íslenski landhelgi sé ekki rétt svo spurning af hverju DCA eða CAT skeyti sé ekki birt samdægurs á vef Fiskistofu. Staðsetning, afla og brottkast en sumu má henda enda er það skráð í afladagbók. Ætti að vera minniháttar forritunarvinna en hefur mikið eftirlitsgildi og ætti að duga að gefa út reglugerð til að tikka þetta frá.
- Má alveg afnema tvöfalt leyfi krókaaflamarksbáta innan strandveiða því það er á skjön við 4. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.
- Nauðsynlegt er að marka skýra stefnu til framtíðar og setja markið hátt. Almennt orðalag um hagkvæma og sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda í sátt við umhverfi og samfélag dugir skammt. Í skýrslu McKinsey og Co, Charting a Growth Path for Iceland, var fjallað um 1.000 milljarða áskorunina – um mikilvægi uppbyggingar útflutningsatvinnugreina, enda er varanlegur útflutningsvöxtur grundvöllur sjálfbærs hagvaxtar og lífskjarabóta. Stærstu áhrifaþættir aukinnar verðmætasköpunar felast í auknu magni, auknum gæðum og nýtingu, hækkunum í verði og skýrri samfélagslegri ábyrgð – þarna liggja vörður á leið að tvöföldun verðmæta. Þegar eigendur, starfsfólk og samfélagið uppskera þennan ávinning má gera ráð fyrir frekari sátt til lengri tíma – þannig er mynduð jákvæð hringrás verðmætasköpunar til lengri tíma. Með skýrri framtíðarsýn og markvissum aðgerðum getur sjávarútvegur tvöfaldað verðmætasköpun á næstu 10 árum. Ávinningurinn mun flæða um alla kima samfélagsins. Hann er fólgin í sjálfbærum vexti hagkerfisins til lengri tíma, kröftugri ávöxtun eigna, auknum skatttekjum, verðmætum og fjölbreyttum störfum og miklu umfangi þjónustugreina og nýsköpunar í tengslum við sjávarútveg. Til þess að þessi framtíðarsýn geti orðið að veruleika þurfa allir aðilar að leggjast á eitt með sameiginlega áherslu á uppbyggingu verðmæta.
- Nám í skipstjórn er hornreka og margir óánægðir með hvernig mál hafa þróast á undanförunum árum. Voru mistök

að setja skólann undir hatt Tækniskólans? Lagt til að stofnaður sé skóli sjávarútvegs og siglinga sem ætti að vera til húsa í sjómannaskólahúsinu á rauðarstíg. Þar verður haldið utan um allt nám í sjávarútvegstengdum greinum auk þess saga sjávarútvegs og siglinga varðveitt. Við erum eyðjód sem byggjum tilveru okkar á sjósókn og verðum að varðveita söguna.

- Reglur um línuvinnun fela í sér mismunun á milli útgerðarflokka og koma í veg fyrir framþróun í veiðum með því að halda í gamlar og óhagkvæmar starfsaðferðir.
- Ríkið ætti að hafa aflaheimildir utan gjafakerfisins til að leigja nýliðum sem vilja byrja í útgerð óháð því hvort þeir rói sjálfir eða með menn í vinnu.
- Sagt að upphaflegu markmið með strandveiðikerfinu væri að gefa yngra fólki tækifæri á að byrja, er búið að skoða hverjir þessir 720 strandveiðisjómenn eru, hversu margir eru á byrjun ferilsins og hversu margir eru að dunda sér í ellinni? Eru þetta ellilífeyrisþegar, fyrrverandi útgerðarmenn sem hafa selt sig þrisvar úr kerfum, ekki það að tækifærissinner séu verri en aðrir, vaktavinnumenn sem eru 2-3 saman á bát. Væri ráð að setja viðbótar reglur á strandveiðar 1. Þannig að þú mátt ekki róa einn þegar þú ert 67 ára eða eldri nema að hafa lærling á launum um borð, til að miðla þekkingu. 2. Má ekki eiga í meira en einu strandveiðileyfi. 3. Til að mega róa á strandveiðar þarftu að eiga lögheimili á svæðinu sem þú ræð frá A, B, C eða D.
- Skoða þarf af alvöru möguleika á hjarðeldi þorsks (fleiri tegunda líka).
- Skref 2. Hámörkun verðmæta. "Félagslegi hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins er hins vegar ekki nægilega skilvirkur og ávinningurinn á stundum óljós samkvæmt bráðabirgðamati starfshópanna. Félagslegi hlutinn hefur tilhneigingu til að takmarka verðmætasköpun, leiða ekki til nýliðunar eða fyrirsjáanleika og hefur ekki skapað sátt". Hvað er eiginlega átt við með þessum skrifum? 5,3 prósent heildarkvótans hefur ekki verið "nægjanlega skilvirkur og árangurinn á stundum óviss". Eru þið með öðrum orðum að segja 94,7 % aflaheimildanna hafi skapað sátt um kvótakerfið? Getur verið að sú staðreynd að flestir viðmælendur ykkar eru eigendur eða starfsmenn stóru útgerðarfyrirtækjanna liti þessar ályktanir? Hvernig fáið þið það út að t.d. strandveiðikerfið hafi tilhneigingu til að takmarka verðmætasköpun þegar meðalverð á öflun strandveiðiafla er tugum prósentu hærra en það verð sem útgerð með fiskvinnslu treystir sér til að borga? Auk þess sem sá afli kemur allur óaðgerður í land og megnið af

innnyflunum fer í vinnslu (ensím, lýsi o.s.f.). Félagslegi hlutinn hefur tilhneigingu til að leiða ekki til nýliðunar. Hin 94,7% leiða sum sé til svo mikillar nýliðunar? Það þarf nú ekki mikla mannvitsbrekku til að sjá að eina nýliðunin (fyrir utan kynslóðaskipti/lénskerfi hjá útgerðarfyrirtækjunum) sem átt hefur sér stað undanfarna áratugi er í gegnum 5,3%.

- Strandveiðar hafa ekki styrkt byggð eða treyst atvinnu í sjávarbyggðum. Mörg hundruð bátar eru gerðir út í skamman tíma til að sækja fisk sem auðveldlega mætti sækja með skipum sem gerð eru út í króka- og aflamarkskerfi.
- Strandveiðar þurfa að vera leyfilegar allt árið, pottinum skipt jafn á báta sem sækja um strandveiðikvóta fyrir tilgreindan tíma og aflaheimildir festar við bátinn í eitt ár. Ef strandveiðibátur nýtir ekki sínar aflaheimildir þá renna þær til baka og bætast við næsta árs pott.
- Til að tryggja það að hlutdeild strandveiða fari ekki úr böndunum þarf einmitt að taka á eignarhaldinu þannig að útgerðarkóngar og stórútgerðin hasli sér ekki völl í kerfinu.
- Tillaga 17 grundvallarþáttur í framtíðarverðmætasköpun fyrir þjóðfélagið í heild. Aflamarkskerfið hefur skilað verulegum árangri til hagræðingar og arðsemi í sjávarútvegi. Enn má gera betur. Árangur í fortíð og framtíð byggist á tvennu; varanleika og öryggi aflaheimilda annars vegar og frjálsu framsali aflaheimilda hins vegar. Fyrirsjáanleiki og stöðugleiki í löggjöf tryggja að fyrirtæki skipuleggi starfsemi út frá langtímasjónarmiðum og gangi um auðlindina út frá þeirri forsendu. Aflamarkskerfið hefur tryggt myndarlegt framlag sjávarútvegs til hagvaxtar, verulega skatttekjur, verðmæt störf, mikið umfang þjónustugreina og nýsköpun. Ráðstöfun aflaheimilda til aðgerða eins og strandveiða, byggðakvóta og línuvinnunar vinna gegn hámörkun efnahagslegrar skilvirkni.
- Tollskráin er grunnurinn í upplýsingum varðandi útflutning afurða, hún er endurskoðuð á fimm ára fresti svo það segir sig sjálft að nýjar afurðir komast ekki á blað fyrr en eftir dúk og disk, ef þá nokkurn tíma. Tollskrárnúmerakerfið eins og það er núna hentar illa til að bjóða upp á fjölbreytni, nákvæmni og skýrar vörulýsingar. Hagstofan tekur síðan þessar upplýsingar og býr til samantektir um útflutning og verðmæti. Vöruhekking hjá þeim sem búa til vörulýsingar í þessum tveimur kerfum er mjög takmörkuð svo vægt sé til orða tekið. Það eru ekki til neinar skýringar á hugtökum m.a. svo víða gætir misskilnings og vörur í útflutningi rata ekki á rétta staði. Það er ekkert eftirlit með útflutningi og skráningu. Hér er mjög skýrt dæmi um „rugl inn – rugl út“.

Því miður er staðan varðandi þessi gögn mjög dapurleg og mun verri en flestir gera sér grein fyrir.

- Tryggja að þeir sem vilja sækja sjóinn á smábátum geti orðið sér úti um aflaheimildir – það er ótækt að stórútgerðin gíni yfir öllum heimildum og enginn annar eigi sér tilverurétt.
- Um 50% veiðiskyldu þá hallast ég orðið að því að þessi regla ætti ekki að vera á skipaskrár númeri heldur á kennitölu eiganda eða útgerðar, meiri hagræðing og ekki vera að búa til vandamál því það er enginn að leika sér af því að skilja veiðiheimildir eftir ónotaðar í sjónum.
- Uppsjávarfiskur á að seljast í gegnum fiskmarkað til að hámarka virði hans.
- Varað er við tillögum er snúa að uppgjöri á skel- og rækjubótum. Bæturnar voru ætlaðar til skamms tíma og allt frá árinu 2011 hefur verið rætt um að afnema bæturnar.
- Varast að blanda saman strandveiðum við byggðasjónarmið því þær eru svar við niðurstöðu Mannréttindadómsstóls Evrópu (SBSR_dómi) um frelsi manna til sjálfbærra veiða. Svæðaskipting þeirra er því óþörf og á skjön við dóminn en sjálfbærni er fólgin í því að sjómenn njóti nálægðar sinnar við auðlindina til styrktar byggð og hinum fjórum víddum sjálfbærninnar. Ráðstafanir til að styrkja byggð ættu að byggjast á sértækum aðgerðum óháðum strandveiðunum.
- Veiðiskylda var hert árið 2010 og núgildandi fyrirkomulagi var þannig komið á. Þegar eru til staðar reglur sem stuðla að nýtingu heimilda þar sem óheimilt er að flytja umfram 50% af aflamarki af skipum, nemaþröngar og íþyngjandi undantekningar eigi við. Ekki verður fallist á sjónarmið um að aflahlutdeildarhafar nýti ekki ákveðnar tegundir. Sem dæmi má nefna að í aflahlutdeildarkerfinu hefur 90% af úthlutun í ufsa verið veidd á umliðnum 8 árum. Hert veiðiskylda dregur enn frekar úr sveigjanleika í sjávarútvegi, ekki síst í ljósi enn frekari og fyrirsjáanlegrar hagræðingar til framtíðar, m.a. með frekari fækkun (og stækkun) skipa. Breytt sóknarmynstur í smábátakerfinu, ekki síst með tilkomu strandveiða, skýrir að mestu þá staðreynd að á umliðnum 8 árum hafa aðeins 25% af úthlutun í ufsa í krókaafلامarkefkinu verið veidd. Þörf er á að endurskoða fyrirkomulag strandveiða.
- Verðmyndun á fiski er spillt, stærri útgerðarmenn senda Verðlagsstofu hvað fiskverð á að vera á hverjum tíma. Eina rétta verðið er fiskmarkaðsverð. Stórútgerðin greiðir 250 kr til sinna sjómanna þegar fiskmarkaðsverð er 500 kr. Útgerðir borga einnig Norðmönnum helmingi hærra verð

fyrir loðnuafllann sinn en sinnar útgerðar. Þetta er þjófnaður. Ef farið yrði eftir fiskmarkaðsverði myndu laun sjómanna og rekstrartekjur stórauðast og ríkið fá nokkra milljarða.

- Verðmyndun er varla ávörpuð í tillögnum. Af hverju? Verðmyndunin á aflanum skiptir ríki, sveitarfélög og sjómenn gríðarlegu máli. Dæmi: Loðnuvertíðin 2021, uppgjörsverð á hrognafullri loðnu sem náði viðmiðum fyrir Japansmarkað og var fryst var u.þ.b. 240 kr/kg í viðskiptum við norsku skipin (en þau þurfa að bjóða aflann upp innan Evrópska efnahagssvæðisins ef aflinn nær 300 tonnum) en var í kringum 100 kr/kg til íslensku skipana. Sumaruppgjörsverð á hrognavertíðinni var svo einungis u.þ.b. 100 kr/kg. Grófur útreikningur á tapi ríkis og sveitafélaga af þessari röngu verðlagningu gefur til kynna að upp úr sjó að aflaverðmæti 4,4 milljarðar en hefði verið 13,2 milljarðar ef eðlilegt verð hefði verið greitt. Mismunur upp á 8,8 milljarða. Aflagjöld til hafna eru gjarnan 1,5 % af aflaverðmæti svo hafnirnar urðu með þessu af 132 milljónum króna. Ef gert er ráð fyrir 28% til skipta eru þetta tekjur sjómanna upp á tæpa 2,5 milljarða og þar með tekjur ríkis og sveitafélaga upp á tæplega 1,2 milljarða, þessi útreikningur á aðeins við um hrognavinsluna en það eru líka umtalsverðar upphæðir undir í frystu loðnunni. Þetta ár var ekki greitt auðlindagjald af loðnu vegna þess að engar veiðar voru árin á undan svo engin viðmiðun var fyrir hendi. Þorskurinn: samkvæmt Verðlagsstofu skiptaverðs er lágmarksverð í föstum viðskipum nú á bilinu 239,40 til 385,58 (eftir stærð) á kílóíð en meðalverð á þorski á fiskmörkuðunum hefur aðeins 4 daga farið undir 400 kr/kg á undanförunum 3 mánuðum og meðalverð yfir 500 krónur. Það vita líka allir sem vilja vita að talsvert er um að gert sé upp á mun lægri verðum en Verðlagsstofuverðum og tengist það meðal annars veiðum á byggðakvóta og sérstökum byggðakvóta. Ef kvótahafar einhverra hluta vegna sjá hag sínum betur borgið með að veiða þorskinn ekki þá sér hún sér ekki fært að leyfa öðrum að veiða nema fyrir u.þ.b. 400 króna greiðslu. Sum sé útgerðin (vinnslan hennar) sér ekki fært að greiða meira en í hæsta lægi 360 kr./kg. en vill 400 kr./kg. fyrir að veiða ekki. Þessar tölur eiga við um óslægðan fisk en leiguverðið miðast við slægðan þorsk. Allt eru þetta grófir útreikninga en ykkur á að vera í lófa lagið að reikna þetta nánar en þessi útreikningur minn á að gefa vísbendingu um mál sem þið orðið varla í tillögum ykkar en gæti í heild verið hærri upphæð í skattgreiðslum en núverandi auðlindagjöld. Seðlabankamálið (gamla

Samherjamálið um hækkun í hafi) var felld niður vegna formgalla en ekki vegna þess að það hefði ekki verið um hækkun í hafi að ræða. Það er auðvelt að sína mikinn hagnað af vinnslu (sérstaklega í loðnuvinnslu) ef hráefnisverð er mjög lágt og það auðveldar hækkun í hafi og eykur freistnivandann.

- Vildi óska þess að 48 dagar yrðu tryggðir, helst 60 og leyfilegt að veiða apríl-september svo hægt sé að veiða fiskinn þegar hans er á svæðinu og mögulega hægt að taka eitthvað sumarfrí.
- Vitað er um mörg dæmi þess að menn eigi/reki 2-3 strandveiðibáta og nú síðast heyrðist af fjársterkum aðila sem er með 2 báta í smíðum án þess að ætla sér að róa þeim sjálfur. Mér finnst að þeir sem eigi sér draum um að vera útgerðarmenn (en ekki sjómenn) geti þá bara spilað í sama flokki og stórúngerðin.
- Það þarf að aðskilja spillingarkeðjuna, veiðar, vinnsla, sala, afurðakaup eigin afurða o.s.frv. Þar sem hagnaðinum er stolið erlendis.
- Það þarf að stoppa allt framsal aflaheimilda, þar er mesta spillingin og ósættið. Þegar búið er að stoppa allt framsal þarf að innkalla allar aflaheimildir. Síðan geta fyrrverandi handhafar aflaheimilda fengið sömu aflaheimildir leigðar með tegundatilfærslum ef þeir vilja til 5 ára í senn með 5% rýrnun á ári til að byrja með.
- Þá er nauðsynlegt að fá upplýsingar frá Sveini Agnarssyni ritstjóra umræddrar skýrslu um Stöðu og horfur í íslenskum

sjávarútvegi, hvaða gögn liggja á bak við þessarar niðurstöðu sem birtist í töflu 10 - 17, en útreikningar OECD hljóta að byggja á gögnum sem íslensk stjórnvöld veita stofnuninni, er þar t.d. rekstur Slysavarnaskóla, Fiskistofu, Hafró og Landhelgisgæslu, Samgöngustofu, matvælasjóður ofl.? Það er rétt að taka þessari skýrslu sem Sveinn Agnarsson ritstýrði, með mikilli varúð, þar sem Sveinn er einn af höfundum kvótakerfisins í núverandi mynd og hefur lagt beinlínis fram klikkaðar tillögur á reiknisfiskifræðilegum grunni sem ganga beinlínis gegn viðtekinni vistfræði 101, sbr. að horfa ekki til þess að stærri stofn leiðir jafnan til þess að það dregst úr einstaklingsvexti og minnkar líkur á mikilli nýliðun. Ein geggjaðast tillaga Sveins Agnarssonar, Gunnars Haraldssonar og Ragnars Árnasonar var að leggja það til í skýrslu árið 2007 að hagkvæmast væri að leggja af þorskveiðar í 1 til 2 ár sjá bls. 32 í skýrslunni „Þjóðhagsleg áhrif aflareglu, 2007“, eða orðrétt segir í útreikningum Sveins Agnarssonar og Gunnars Haraldssonar ofl.: "Mynd 2.4 sýnir glögglega að samkvæmt hagkvæmri aflareglu er þorskveiðunum nánast lokað fyrstu tvö árin – algerlega lokað árið 2008 og aflamark einungis um 20 þús. tn. árið 2009."

- Þær ráðstafanir og úthlutanir sem gerðar eru á grundvelli 5,3% aflaheimilda, sem ríkið fer með forræði yfir, skila ekki tilætluðum árangri. Mikilvægt er að ekki verði aukið við þær heimildir heldur þvert á móti þeim ráðstafað aftur inn í aflamarkskerfið.

Skrifleg svör úr spurningakönnuna Félagsvísindastofnunar

Svör við spurningunni: „hvað ertu helst ósátt(-ur) með?“

Yfirsurningin var „Hversu sátt(-ur) eða ósátt(-ur) ert þú með fiskveiðistjórnunarkerfið í íslenskum sjávarútvegi?“ Þar sem „hvað ertu helst ósátt(-ur) með var valmöguleiki.

- Arður til samfélagsins af hagnaði útgerðarinnar er skammarlega lítill. 2. Í ljósi þess er dapurlegt að sjá þá greiða sér ómældar tekjur í arð séu með hvers kyns fjárfestingum á öðrum sviðum að hafa truflandi áhrif á lítil og ný fyrirtæki sem vilja hasla sér völl.
- Að afkoma íbúa landsins af auðlindinni sem fiskurinn er, blikni í samanburði við gróða sjávarútvegsfyrirtækjanna.
- Að arðurinn að auðlindinni renni í vasa fárra.
- Að arðurinn falli í hendur einstaklinga og fjölskyldna þeirra í stað þess að þjóðin njóti þess.
- Að arðurinn skuli fara til svona fárra aðila.
- Að auðlind þjóðarinnar einungis nýtist örfárra manna, sem greiða sér arð á borð við þá upphæðir sem sárlega vantar inn í t.d. mennta- og heilbrigðiskerfið okkar.
- Að auðlindin sé ekki nýtt til að styrkja samfélagið.
- Að auðlindin sé í eigu örfárra sem hagnast verulega en ekki þjóðarinnar.
- Að auðlindir og framleiðslutæki séu í einkaeigu en ekki almannaeigu.
- Að auðlindir okkar eru í eigu fárra manna.
- Að auðlindir þjóðarinnar séu uppspretta (óhóflegs) ríkidæmis tiltölulegra fárra einstaklinga.
- Að auður af auðlindinni í sameign þjóðar renni til fárra. Að kerfið hafi kippt fótunum undan smærri byggðum. Að kerfið hafi búið til ofurríkt fólk og afkomendur þeirra.
- Að auðurinn safnist svo gríðarlega saman á fárra höndum.
- Að einhverjir karlar eigi auðlindirnar okkar og ráðskast með þær.
- Að einkaaðilar eigi ákveðinn fiski-/veiðikvóta í íslenski lögsögu. Smábátaútgerð er líka ósveigjanleg.
- Að einstaklingar eða fyrirtæki geti selt og höndlað með kvótann.
- Að ekki sé skýrt að um þjóðareign sé að ræða, að veiðigjald sé greitt í samræmi við markaðsverðmæti og standi undir öllum kostnaði og í þjóðarsjóð á la Norðmenn.
- Að ekki séu komin á sanngjörn og eðlileg auðlindargjöld á þá sem nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar sbr. sjávarútvegurinn.
- Að fáir einstaklingar græði á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.
- Að fáir geti hagnast svona mikið á þjóðarauðlindum.
- Að fáir hafa getað eignast útgerðir og flutt þær úr rótgrónum útgerðarbæjum.
- Að fáum sé færð auðlindin á silfurfati, að sjávarútvegsráðherra skuli ekki auka strandveiðar.
- Að fiskurinn sé ekki í eigu ríkisins.
- Að fiskurinn sé seljanlegur, honum á að skila inn ef menn geta ekki veitt hann sjálfir, ekki leigja eða selja.
- Að hann greiði t.d. engan VSK og að veiðigjöldin þurfa að vera hærri. Að við þjóðin seljum kvótann og höfum útvegsbanka til að framkvæma sölurnar, við seljum t.d. rafmagn með góðum árangri (Landsvirkjun).
- Að hlutfall strandveiða sé ekki meira.
- Að kvóti geti verið á fáum höndum er ekki gott.
- Að kvóti sé ekki innkallaður og leigður út árlega á EES svæðinu til hæstþjóðanda.
- Að kvótinn erfist.
- Að kvótinn gengur í erfðir. Að kvótinn gengur kaupum og sölum til hæstþjóðanda.
- Að kvótinn sé eign.
- Að kvótinn sé ekki bundin byggðalögum.
- Að kvótinn sé ekki í eigu þjóðarinnar.
- Að kvótinn sé seldur fyrir lítið í stórútgerðir og að það megi fara með fiskinn í burt úr litlu sjávarþorpunum í nafni hagræðingar fyrir útgerðafyrirtækið.
- Að kvótinn skuli vera eign auðmanna í stað þjóðarinnar. Einnig að hann geti færst á milli í arfi. Einnig finnst mér að kvóti ætti að tengjast byggð eitthvað.

- Að kvótinn, veiðiheimildir, séu eign útgerða. Þær ætti að vera eins og hver önnur leiga. Sjávarútvegurinn ætti að leiga kvóta til nokkurra ára í senn og vera óheimilt að eignfæra veiðiheimildir, vegna þess að fiskurinn í sjónum við Ísland er eign þjóðarinnar en ekki einhverra sjálfskipaðra útvegsgreifa.
- Að nýliðun er ómöguleg.
- Að ofurgróði safnast á fáar hendur.
- Að ríkið eigi ekki kvóta og leigi hann.
- Að ríkið skuli ekki fá neinn arð af auðlindinni þar sem veiðigjöld eru ekki hærri en svo að þau rétt svo duga til að standa undir þeirri þjónustu sem ríkið veitir sjávarútveginum.
- Að sameiginleg auðlind okkar sé gefin örfáum kvótaköngum og gangi kaupum og sölum. Það ætti að innkalla kvótann og leigja hann á markaðsvirði í staðinn.
- Að sameiginleg auðlind safnist til þeirra sem kunna ekki að deila rétt.
- Að sjómenn þurfi að borga í nýsmíði hjá útgerðinni og að það séu endalaust sett lög á þeirra verkföll.
- Að stórfyrirtæki séu að græða endalaust á helstu auðlind þjóðarinnar.
- Að stóru útgerðarfélagin greiði ekki meira í veiðigjöld og geti skaffað sér miljarða í gróða, sem væri betur varið með því að hækka til muna skattleysismörk hjá fátækasta parti þjóðarinnar. Svo ættu smábátaeigendur að fá miklu meiri kvóta fyrir litlu byggðirnar úti á landi.
- Að stórútgerðir séu búnar að yfirtaka allt og litlu útgerðirnar eru að hverfa.
- Að stærstu útgerðir landsins stjórna öllum sjávarútveginum í krafti auðs og valda sem honum fylgja, og hvernig þeir sömu aðilar komast upp með kvótasvindl og brottkast sem allir vita af (líka eftirlitsaðilar) en enginn virðist hafa nokkurn áhuga á eða vilja til að taka á. Ef til vill er einhver sem togar í réttu spottana á réttum tíma. A.m.k. lítur það þannig út í augum okkar sem þekkjum dálítið til utanfrá séð.
- Að sumum séu úthlutuð fríðindi án þess að greitt sé sanngjarnt gjald af auðlindinni. Ef þessir aðilar geta ekki greitt meira til þjóðarbúsins ætti að afhenda auðlindina til þeirra sem treysta sér til þess.
- Að útgerðin geti braskað með kvótann.
- Að útgerðir sem fá milljarða á milljarða ofan borgi lítið til baka fyrir aðgang að auðlindinni.
- Að útgerðirnar greiði ekki hærri auðlindagjöld til ríkisins.
- Að veiðiheimildir safnist á fárra hendur. Samþjöppun í sjávarútvegi.
- Að vera með dragnót og hringnót inná fjörðum.
- Að það megi framselja kvótann og fólk geti notað kvótann sem eign sína.
- Að það skili ekki meiru til samfélagsins.
- Að þeir borga ekki meira til samfélagsins.
- Að þessi mistök hafi í alvörunni ekki verið leiðrétt, fáránlegt að fólk hafi fengið svona mikla peninga upp í hendurnar frá yfirvöldum.
- Að þjóðin fái ekki arð af kvótanum.
- Að þjóðin fær ekki arð af þessari auðlind sem er sannarlega eign þjóðarinnar.
- Að þjóðin skuli ekki fá meiri arð.
- Að þjóðin skuli ekki njóta góðs af eign okkar allra.
- Að örfáir geti eignað sér fiskinn og hann gengið í erfðir, þar sem þetta er sameign þjóðar.
- Að örfáir geti mokað til sín fjármunum úr auðlind þjóðarinnar. Með því að eðlilegt gjald fengist fyrir nýtingu mætti laga öll kerfin. Þess vegna setti ég sjávarútveg í 1. sæti.
- Að örfáum aðilum hafi verið veitt einokun til að nýta sér fiskimið við Ísland og þeir greiði lítið sem ekkert fyrir. Arðurinn af nýtingu auðlindarinnar rennur síðan til þessara sömu aðila, sem síðan geta smátt og smátt keypt upp alla aðra atvinnustarfsemi í landinu og gert út af við alla samkeppni. Auðlindagjöld útgerðarinnar í ríkissjóð duga ekki einu sinni fyrir framlagi ríkissjóðs til reksturs þeirra opinberu aðila sem þjónusta sjávarútvegin sva sem Hafró, Landhelgisgæslu, Fiskistofu, Vakstöðvar siglinga, Matís, siglingadeilda Samgöngustofu og Vegagerðar (þar með talið hlutdeild í stofnkostnaði hafna), menntun sjómanna (Tækniskólinn, Slysavarnaskóli sjómanna, VMA og fl.), þjónusta Veðurstofu við sjávarútveg og fleira mætti telja.
- Aðallega veðsetning kvóta en einnig framsal hans. Er mjög fylgjandi kvótakerfi og til þess að nýting fiskistofna við landið sé sjálfbær og skil að það þurfi að vera einhverjir möguleikar á að færa kvóta. Kerfið í dag með þessari veðsetningu og fólki sem gerir lítið annað en að framselja kvóta, er komið út í einhverja græðgis gróða vitleysu.
- Afgjald af nýtingu auðlindarinnar í formi veiðigjalds.
- Afgjald eiganda auðlindar er í engu samræmi við það sem gæti talist eðlilegt eða sanngjarnt.
- Aflaheimildir á of fáum höndum. Útgerðirnar borga hærri skatta.

- Aflaráðgjöf, umhverfissvænar veiðar ættu að vera frjálssar.
- Afrakstur á of fárra hendur.
- Allir eiga að hafa tækifæri til að kaupa kvóta.
- Allt í sambandi við kvótakerfið.
- Allt of lág veiðigjöld, vonlaust fyrir nýja að komast inn.
- Allt of lágt auðlindagjald.
- Allt of stórar sneiðar fyrir fá útvalda.
- Alltof lág veiðigjald, spilling, sérhagsmunir teknir fram fyrir hagsmuni almennings.
- Alltof lág veiðigjöld, en útgerðin græðir og græðir og eiga orðið þeir ríkustu stóran hlut í eignum á landi, svo það er með ólíkindum, en svo ná þeir sem minnst hafa varla fyrir mat.
- Alltof litlar tekjur almennings af veiðiheimildinni.
- Allur kvóti ætti að vera leigður út en ekki eins og það er í dag. Þetta er auðlind okkar allra.
- Arðgreiðslur og kvóti og skattar eru ekki í jafnvægi.
- Arður af fiskveiðum á að deilast á fólkið í landinu. Við öll eigum þessa auðlind.
- Arður til eigenda er of lítill.
- Auðlind sem fáir njóta arðs. Skammarlegt. Ætti að vera sameiginleg auðlind þar sem allir Íslendingar njóta góðs af.
- Auðlind þjóðarinnar á fárra höndum.
- Auðlindagjafakerfi.
- Auðlindagjald er í engu samræmi við tekjur af útgerð, einkum stórútgerða. Það vantar heildaryfirsýn og stjórnun varðandi laxeldi í sjó og að innheimta leyfisgjöld af laxeldisfyrirtækjum.
- Auðlindarán - auðlindagjaldið þarf að vera hærra.
- Auðlindargjald, nýliðun, skarpari skil á milli vinnslu og veiða. Í áranna rás hefur uppgjör til sjómanna verið lágt en söluverð erlendis hátt. Að útgerðarmenn megi kaupa fiskinn af sér á lágu verði, höndla með hann og selja erlendis á allt öðru verði er hneyksli. Ef loðnuskip landa annars staðar en á Íslandi þá er helmingi hærra verð þar. Þetta er mjög skrítið en öllum ráðamönnum er sama. Margt sem er loðið hjá útgerðinni gagnvart landi og þjóð.
- Auðlindin á að vera í sameign þjóðarinnar, ekki fara beint í vasa á kvótakóngum.
- Auðlindin er almannaeign og kvótinn á að vera það líka.
- Auðlindin er eign almennings en skilar ekki nema brotabrot af verðmætinu til eigenda. Sjávarútvegsfyrirtæki borga út margfalt stærri arð til fjárfesta heldur en í veiðigjöld til eigenda auðlindarinnar/almennings. Fráleitt að fiskikvótar geti erfst, þeir eiga að fara til eigenda, almennings.
- Auðlindin er komin í of fáar hendur, þrátt fyrir lög sem áttu að fyrirbyggja það.
- Auðlindir á fárra höndum.
- Auðlindir eru eign þjóðar, ekki einstakra einstaklinga.
- Auðmagn úr sameign þjóðar sem raðast á hendur fárra. Eignarhaldið lokað.
- Auðsöfnun á fáar hendur.
- Auðsöfnun á fárra hendur.
- Auðsöfnun einstaklinga sem hafa fengið einkarétt á að nýta auðlindir þjóðarinnar.
- Auðsöfnun fyrirtækja og lág veiðigjöld.
- Auðsöfnun kvótahafa.
- Auðsöfnun nokkurra fjölskyldna.
- Auðsöfnun og arðrán.
- Auðsöfnun og samþjöppun.
- Auðsöfnun stærstu aðila.
- Auðsöfnun sægreifanna.
- Auðsöfnun til fárra aðila á meðan kvótinn hverfur úr heilu bæjarfélögunum.
- Auður skiptist á of fáar hendur og lítið fer í ríkiskassann af þjóðareigninni.
- Auðurinn fer á fáar hendur, ekki til þjóðarinnar.
- Auknar tekjur af sjávarútvegi ættu að renna til samfélagsins.
- Á að borga meiri veiðigjald.
- Á að vera sameiginleg auðlegð og skiptast á milli þegna Íslands.
- Á fárra manna höndum.
- Á mörgum sviðum. Of langt væri að telja upp hvað hægt væri hægt að breyta.
- Á of fáum höndum.
- Álagning veiðigjalda er of lág.
- Áskrift á veiðiheimildum.
- Beint eignarhald á kvóta í kjölfar sögulegrar úthlutunar sem gaf mikil verðmæti og minnkar nýliðun.
- Botnvörpuveiðar eru mjög slæmar fyrir vistkerfi. Þorsk á að veiða með krókum. Friða ætti stór svæði fyrir togveiðum. Humri hefur verið útrýmt með trollveiðum. Humar er mjög verðmætur heill og ætti eingöngu að veiðast með gildrum. Auka má verðmæti gífurlega með friðun svæða og með notkun vistvænni veiðarfæra.
- Brask með veiðiheimildir og spillingu / yfiringar þeirra sem telja sig eiga auðlindir Íslendinga.
- Búið að einkavæða það of mikið.

- Búið að færa auðlindir allra landsmanna örfáum fjölskyldum.
- Búið að færa of mikið fé og veiðiheimildir á of fáar hendur.
- Dagróðra.
- Eðlilegt að greitt sé hærra gjald af sjávarútvegsfyrirtækjum fyrir að veiða fiskinn sem er í sameign þjóðarinnar.
- Ef ég skil þetta rétt, þá eru örfáir sem eiga mestallan kvótann. Og ef eitthvað er lagt á þá til að gera hluta okkar hinna jafnari/sanngjarnari þá reka þeir fólk úr vinnu eða hækka gjöld, því það að græða 20 prósentum minna er hræðilegt í þeirra huga (þrátt fyrir að vera gróði). Það er ENGIN sanngirni í því að þetta sé í höndum fárra.
- Eftirlit með brottkasti. Skip og bátar fá afla í veiðarfærin sem þeir mega ekki landa en ekki kasta út aftur heldur. Ef ekki má brottkasta afla þarf að koma með hann í land og þá fá menn himin háar sektir. Það þarf að finna annan og betri flöt á þessu.
- Eigendur kvótans græða og græða. Veiðigjald svo lækkað! Á meðan greiðum við 3.000 kr. fyrir fisk úr fiskbúð. Þvílík spilling.
- Eign á kvóta. Fáar fjölskyldur og dótið gengur í arf. Þetta í slíkur óréttur að erfitt er að skilja að nokkur yfirvöld skuli samþykkja þetta fyrirkomulag. SPILLING.
- Eignafærsla kvóta á að hverfa.
- Eignar á veiðiheimildum.
- Eignarétturinn og að kvótinn erfist til barna og ættingja þeirra sem hafa kvótann.
- Eignarhald á kvótanum, lítið sem skilar sér til þjóðarinnar nema í hækkanði verði á fiski. Afnám sjómannaafsláttar.
- Eignarhald á kvótanum.
- Eignarhald kvótakerfisins.
- Eignarhald kvótakónga á auðlind sem á að vera í sameign þjóðarinnar.
- Eignarhaldið.
- Einkaeign og framsal á kvóta - á að vera í þjóðareign.
- Einkavæðing kvótakerfis og sjálftöku stjórnanda í sjávarútvegi.
- Auðlindagjald dugir ekki fyrir stuðningi ríkisins við greinina. Hafnargjöld eru t.d. allt of lág m.v. tilkostnað og fjárfestingu.
- Einkavæðingu kvótans. Ríkið á að halda kvótanum og deila jafnt á veiðiaðila.
- Einokun fárra á auðlindinni og sjóeldi.
- Einokun fárra á veiðiheimildum.
- Einokun kvótans.
- Einokun stóru fyrirtækjanna ásamt óréttlátu kvótakerfi. Meira frelsi til dagróðrabáta. Tel fiskeldi með sjávarútvegi þar viðgengst spilling og óréttlæti er auk þess á mót fiskeldi í sjó við höfum nóg landrými fyrir eldi á landi.
- Einokun útgerðarmanna á auðlindinni og gróðanum stungið í eigin vasa.
- Einokun.
- Einokun. Búið að stela af þjóðinni auðlind sem örfáir einstaklingar hagnast á.
- Ekki einfalt fyrir nýja aðila að komast inn á markaðinn.
- Ekki nógu mikill stuðningur fyrir nýsköpun í nýtingu á fiskum/sjávardýrum - sæbjúgu, roð, nýjar tegundir af veiði, kræklingar etc.
- Ekki nægur hluti kvótans fer á markaði og er ekki skilgreint sem þjóðareign.
- Ekki tekið nægt tillit til smærri útgerða.
- Endalaus skerðing sem veldur því að allur kvóti fer til stærstu aðilana því þeir geta keypt og minni aðilar þurfa að selja.
- Endurgjald til þjóðarinnar.
- Er hvorki sáttur eða ósáttur.
- Er í höndum alltof fárra og skilar engan veginn til baka til ríkisins.
- Er mjög ósátt við eignarhald auðlindarinnar og frekju og yfirgang stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna.
- Erfanlegur kvóti, lág veiðigjöld.
- Erfitt að komast inn í kerfið.
- Erfitt fyrir nýliða að komast inn í kerfið. Og að sjálfsgöðu á að vera fiskveiðigjald hærra.
- Ég er ánægð með þátt sérfræðinga þ.e. kvótann sem slíkan sem tæki til að stjórna veiðum. Það sem ergir mig er að þessi auðlind hafi verið gefin fáum og að þeir þurfa bara ekkert að greiða fyrir hana.
- Ég er hrifin af kvótakerfinu en ósátt að sjávarútvegsfyrirtækin þurfi ekki að borga fyrir aflann. Fiskurinn í sjónum er okkar og við þurfum að selja hann áfram á t.d. uppboðsmarkaði þannig að við skattgreiðendur fáum alltaf sanngjarnt verð fyrir hann.
- Ég er mest ósáttur við að með lögum hefur tiltölulega fáum útgerðaraðilum verið gert kleift að stela fiskveiðiauðlindinni af fólkinu í landinu og þá einkum sjávarbyggðunum kringum landið.
- Ég er mjög ósátt við kvótakerfið. Mér finnst að það eigi engin að geta átt kvóta. Það á að úthluta kvóta árlega alveg upp á nýtt og hafa þá í huga sögu viðkomandi

- varðandi veiðar. Það á ekki að vera hægt að erfa kvóta eða selja hann. Ef viðkomandi getur ekki nýtt hann, þá verði honum úthlutað upp á nýtt.
- Ég er mjög ósáttur með að fiskifræðingar skuli ekki standa upp af stólnum í RVÍK og ráðfæra sig við sjómenn og skipstjóra úti á landsbyggðinni. Einmitt þá sem eru að skapa verðmætin úr sjónum og vita mest um fiskinn.
 - Ég er ósáttastur við að ekki sé greitt eðlilegt auðlindagjald fyrir notkun af auðlindinni. Í mínum huga er það jákvætt að mikil umræða sé um það. Útgerðirnar eiga ekki að hafa það mikið umfram fármagn að þær eignist stóran hluta í fyrirtækjum landsins. Heldur á að nota fjármagnið í velferðarkerfið (sem heilbrigðiskerfið er hluti af). Það er því vafamál hvort skilja á neikvæða umræðu um sjávarútveg vegna auðlindagjalds sem neikvæða, hún er í grunninn jákvæð í mínum huga. Aðgreina á betur umræður um stjórnun fiskveiða og sjálft auðlindagjaldið.
 - Ég er ósáttur með að handhafar veiðiheimilda geti selt þær áfram til annarra. Mín skoðun er sú að ríkið eigi að fá stóran hluta söluverðs veiðiheimilda.
 - Ég er ósáttur við að auðlindin okkar geti gengið kaupum og sölum, jafnvel erfa börn þeirra sem fengu auðlindina gefins, uppá tugi milljarða. Veiðigjöldin alltof lág.
 - Ég myndi vilja hafa 50 prósent skatt á arðgreiðslur í sjávarútvegi.
 - Ég tel að sjávarútvegurinn sé ekki að greiða til ríkisins eins og hann ætti að gera. Þá er aflaheimildir að safnast á fáar hendur og þar með ójafnvægi í veiðiheimildum og möguleikum nýrra aðila til að koma að fiskveiðum og vinnslu. Ríkið á að eiga auðlindirnar enn ekki fáir útvaldir. Misrétti í þjóðfélaginu á ekki að líða.
 - Ég vil láta greiða miklu meira fyrir aðgang að auðlindinni. Auka hlut strandveiða og láta greiða fyrir hann, líka setja á auðlindaskatt.
 - Fáir aðilar sem græða alltof mikið. Of hátt verð á fiski fyrir almenning.
 - Fáir aðilar sem græða mest og stjórna mest á kostnað smærri fyrirtækja og útgerðaraðila.
 - Fáir græða.
 - Fáir hirða arðinn. Arðurinn vellur um allt og étur upp restina af hagkerfinu. Þetta er hvorki hollt fyrir samfélagið né hagkerfið. Kerfið hjá Færeyingum er eitthvað til að skoða og taka mið af.
 - Fáir sem eiga allan kvóta.
 - Fáir sem eiga allt og borga ekki nóg.
 - Fáir sem eiga mikinn hlut og virðast ráða og stjórna.
 - Fáránlegt að örfáir einstaklingar fái að ráða öllu og eiga kvótann. Fiskurinn á að vera eign þjóðarinnar ekki örfárna.
 - Finnst að við ættum að fá meira inn í kassann af gróðanum og minna í vasa útgerða.
 - Finnst þjóðin ekki fá nægan skerf í ríkiskassann af gróða sjávarútvegsfyrirtækjanna. Finnst að ætti ekki að vera leyfilegt að selja kvóta eða leigja.
 - Fiskeldi í sjó, eignarhald útgerðar á kvóta og lítið vægi strandveiða.
 - Fiskikvótinn.
 - Fiskiveiðigjöld - kvótinn - of lítið af arði sjávarútvegsins rennur til samfélagsins.
 - Fiskmarkaðir og kvóti lækkuðu laun fiskverkfólks verulega.
 - Fiskur settur á fáar hendur.
 - Fiskurinn/kvótinn sem áður tilheyrði fjöldanum eða fólkinu tilheyrir nú örfáum sem verða sífellt ríkari á kostnað hinna. Þessir kvótakóngar skilja eftir sig heilu byggðarlögin sem flakandi sár þegar þau koma og kaupa kvótann undir því yfirsýni að vera færa atvinnu til byggðarinnar en stuttu seinna loka öllu og reka heimafólkið. Ef kerfið á að vera svona þá þarf líka að skattleggja kvótann og eigendur hans og forðast að hægt sé að arðræna þjóðina og koma peningum burt í skattaskjól.
 - Fiskveiðar á hendi fárra sem telja sig eiga fiskinn í sjónum.
 - Fiskveiðigjaldið of lágt og kvótastefnan óréttlát.
 - Fiskveiðigjaldið, of lágt! Kvótakerfið, það átti aldrei að leyfa að selja kvóta úr byggðarlögum.
 - Fiskveiðistjórnunin.
 - Fiskverð til sjómanna.
 - Framlag sjávarútvegs til samneyslu er of lágt, hagnaður einkaaðila of hár, og óskammfeilnar aðgerðir útgerðaraðila til að hafa áhrif á ákvarðanir grafa undan lýðræðinu.
 - Framsal aflaheimilda.
 - Framsal fiskveiðikvóta til útgerða.
 - Framsal kvóta og eignarhald hans.
 - Framsal kvóta og gjaldtöku eldislax mála.
 - Framsal kvóta, strandveiðar.
 - Framsal kvóta. (nefnt af 3)
 - Framsal kvótakerfis.
 - Framsal og erfðarétt á óveiddum fiski.
 - Framsal og mikla eignarmyndun fárra. Þarf að hækka auðlindagjald og hafa það mismunandi eftir skipaflokkum, ekki sama fyrir smábáta og stærstu útgerðir.

- Framsal og veðsetning kvóta (óveidds fisks).
- Framsalið og vantar fyrningu á kvóta.
- Framsalið og verðlagningu afla.
- Framsalið, eignarhaldið, afgjaldið.
- Framsalið. (Nefnt af tveimur)
- Fríar fiskveiðiheimildir Ofsagróði stóru félaganna.
- Fríspil útgerðarinnar.
- Frjálst framsal (sala) veiðiheimilda burt úr byggðunum.
- Frjálst framsal aflaheimilda.
- Frjálst framsal og að menn geti tekið svo mikinn pening með sér þegar þeir fara úr greininni. Veiðileyfagjöldin eiga að vera mun hærri.
- Frjálst framsal.
- Fyrirtæki í sjávarútvegi greiði meira til samfélagsins og kerfisbreyting á fiskveiðistjórnun með fyrningu verði innleidd.
- Gjafakvóta.
- Gjafakvótakerfið - framsalið - Eignaupptaka á þjónustufyrirtækjum fyrir almenning, Korputorg - Krepputorg og nú Kvótatorg í eigu Guðbjargar sem safnar fyrirtækjum sínum inn í það sem átti að vera þjónustutorg fyrir Austurborgina sem nú er nú á þjónustulega köldum klaka. Dagur og hjörðin blessa þetta. Eigna- og kvótaupptaka á smærri bæjum um allt land: Svikamyllumaskína með arðinn okkar upp á vasann: Ég áeta ég mæta er mottó græðgisvæðingarinnar á skeri voru.
- Gjafakvótakerfið.
- Gjafakvótann og erfðir og óendanlega mismunun milli stóru og litlu fyrirtækjanna.
- Gjafakvótann.
- Gjafakvótann. Þjóðin fær ekki þann arð sem hún á skilið.
- Gjafakvótinn. Kvótinn þarf að vera í þjóðareign, arðinn þarf að nýta til að jafna kjör og aðbúnað allra landsmanna. Einnig þarf að tryggja matvæli (fisk) á viðráðanlegu verði fyrir alla landsmenn, verðlag miðist við þá lægst launuðu.
- Gjald fyrir notkun fiskimiðanna.
- Gjaldtaka í sjávarútvegi á að vera miklu meiri. Þjóðin í heild á að njóta mun meira afgjalds af notkun sjávarútvegsfyrirtækja af auðlindinni. Það er óásættalegt að fiskveiðiauðlindin skuli í raun ganga í arf á milli kynslóða örfárra rekstraraðila sjávarútvegsfyrirtækja.
- Gjaldtöku af auðlindinni.
- Greiða skammarlega lítið fyrir auðlind í eigu þjóðarinnar þrátt fyrir ógnargróða, ægivald yfir umræðunni og samþjöppun veiðiheimilda.
- Greiðir allt og lítið til samfélagsins.
- Greiðsla á veiðiréttindum eru of lítil.
- Gríðarleg söfnun auðs á fáar hendur.
- Hagnaður ekki notaður til að bæta lífskjör og lífsgæði allra í landinu.
- Heimskulega úthlutun kvóta. Eyðingu byggða vegna þess að kvótinn er kominn á hendur fárra sem moka afrakstrinum á erlenda reikninga. Sölur til dótturfélaga á undirverði. Skattsvik.
- Heimskunni og hversu litla þekkingu ráðamenn hafa, samkvæmt skoðanakönnunum er mikill meirihluti andvígur kvótakerfinu en ráðamenn hlusta ekki á það og samþjöppunin verður bara meiri og meiri.
- Hljómar eins og meira en 90% af hagnaði fari í nokkra vasa.
- Hlutfall arðs úr auðlindinni til ríkisins er allt of lágt sem kemur niður á öðrum kerfum sem þjóðin þarf að standa undir, t.d. velferð og heilbrigði. Sem sagt röng skipting arðs milli kvótahafa og ríkis. Síðan líka lengd á kvótaúthlutun, hvernig kvótahafar meðhöndla þetta á milli kynslóða.
- Hundruð Íslendinga eiga litla báta og er ekki heimilt að veiða nema einn og einn fisk, bannað að veiða rauðmaga og grásleppu sér til matar nema eiga fokdýra skráða báta og kaupa sér sérstakt leyfi til þess. Veiði er bönnuð til sjálfsþurftar og allt miðast við að allir séu að reyna að græða. Hundruð fiskihjalla um allt land grotna niður og eru rifnir. Á meðan sitja menn heima aðgerðalausir sem þrá að fara á sjó sér til gleði og ánægju og fiska fyrir sig. Ef þetta yrði lagað þá mætti spara mikið í heilbrigðiskerfinu og stór hópur fólks líða betur andlega og líkamlega fara brosandi og eftirvæntingarfullt á sjóinn á litlu bátunum sínum og koma þreyttir og glaðir í land eftir að hafa fengið fisk og vitjað um rauðmaga netin sín í blíðunni við ströndina.
- Hvað arður sjávarútvegsins safnast á hendur fárra, þennan auð væri hægt að nýta til uppbyggingar í samfélaginu, þar sem fiskurinn í sjónum flokkast sem sameign þjóðarinnar.
- Hvað eignarhald á kvóta er komið á fáar hendur. Þjóðin á þessa auðlind og á að fá greitt fyrir hana frá útgerðamönnum.
- Hvað einkarekin fyrirtæki græða mikið á þjóðarauðlind. Að hægt sé að sanka að sér kvóta.
- Hvað kvótinn er á höndum fárra.
- Hvað stórfyrirtæki ráða miklu og eiga.

- Hvað stóru útgerðarfélagin geta grætt og grætt og þurfa ekki að greiða neinn auðlindaskatt og drepa svo niður litlu útgerðirnar.
- Hvað við sendum frá okkur óunnar afurðir. Ættum ekki að senda sporð út óunnin.
- Hvað það eru fáir sem höndla með veiðiréttinn.
- Hvar kvótinn liggur og hefur verið safnað saman og seldur. Sömuleiðis græðgi fyrirtækja erlendis.
- Hve lítill hlutur skilar sér til þjóðarinnar.
- Hve lítinn hluta útgerðarfélagin greiða fyrir afnotin af sameiginlegum auð þjóðarinnar.
- Hve náttúruauðlindinni er misskipt og mikill auður er á fárra höndum. Finnst að sjávarútvegur eigi að borga meira í sameiginlega sjóði fyrir auðlindina.
- Hvernig arði af fiskveiðum er skipt.
- Hvernig auðlind þjóðarinnar er að safnast á örfáa einstaklinga og hvernig arðinum af auðlindinni er misskipt milli eigandans og þeirra aðila sem nýta auðlindina.
- Hvernig auðlindin hefur safnast á hendur örfárra einstaklinga og skapar þeim mikinn auð frekar en þjóðinni sem raunverulega á auðlindina.
- Hvernig auðmenn eða stærri sægreifar ná að sölsa undir sig.
- Hvernig fáir einstaklingar fá að nota auðlind þjóðarinnar. - Hvernig stórvirk fiskiskip fá að eyðileggja hafsbotninn kringum landið með þungum veiðarfærum. - Út fyrir 12 mílur með þá og leyfa frjálsar krókaveiðar.
- Hvernig kvóta er úthlutað og gefnir „réttum“ aðilum. Einnig er ámælisvert hvernig stóru fyrirtækin haga sér.
- Hvernig kvóta er úthlutað; hversu lítið eftirlit virðist vera á tengslum útgerðarfyrirtækja og uppsöfnun kvóta á fáa aðila; að arður af veiðum rennur að alltof litlu leyti í ríkiskassann eða til uppbyggingar velferðar alls almennings; að smábátaútgerð og handfæraveiðar fá lítil tækifæri á stjórnunarstigi en stórútgerðir geta beitt lagalegum klókindum og ofur ágengni, ef ekki glæpsamlegum aðferðum, sér í hag; almennt mjög ósátt með alla sýnilega þætti stjórnskipulegs eftirlits og vinnu í þágu þjóðar.
- Hvernig kvótagreifarnir hafa hagnast af kvótabraski, byggðirnar út á landi hafa misst kvóta og almenningur fær ekki þann hlut sem hann á skilið. Hækka veiðigjöldin.
- Hvernig kvótakerfið er byggt upp og að hægt sé að framselja hann, engin takmörk á hvað er hægt að stýra mikið af honum.
- Hvernig kvótakerfið er uppbyggt, hvernig eignarhaldi er háttað og hvernig menn sniðganga gildandi leikreglur. Einnig ósáttur við lítinn arð þjóðarinnar af auðlindinni og hvernig kvótakóngar stýra umræðunni.
- Hvernig kvótanum er skipt á milli.
- Hvernig kvótanum var útteilt.
- Hvernig kvóti virðist safnast á fáar hendur. Hvernig fáir virðast geta ráðskast með auðlind hafsins.
- Hvernig sá auður sem fæst af þeim hefur verið færður í fang fárra aðila - sem síðan hafa engan veginn hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Útgangspunkturinn virðist vera að græða sem mest í eigin vasa.
- Hvernig staðið er að smábátaveiðum, markaðsstjórnun á sölu afurða innanlands og kvótagjafakerfið.
- Hvernig stærstu útgerðirnar sópa til sín aflaheimildum.
- Hvernig sumir fengu nánast gefins kvóta á sínum tíma.
- Hvernig veiðiheimildir hafa safnast á allt of fáar hendur. Hvernig arðurinn safnast til allt of fárra aðila. Hvernig allt of lítill hluti af arðinum rennur til samfélagslegrar uppbyggingar.
- Hvernig þeir sem fengu kvótann eru borgaðir út.
- Hvernig þjóðareign okkar er fengin örfáum til ráðstöfunar fyrir lítið sem ekkert.
- Hversu fáir eiga kvóta.
- Hversu fáir fá nær allan gróðann.
- Hversu lítið gjald er tekið fyrir afnot af auðlindinni okkar. Að kvóti erfist. Hve lítið fer til þjóðarbúsins af hagnaði fyrir auðlindina. Laun og réttindi sjómanna. Að kvótinn sé í eigu fárra. Að smábátar fá síður rétt til að veiða.
- Hversu lítið útgerðirnar þurfa að greiða fyrir aflann.
- Hversu mikið menn eru að græða á að selja auðlindina sem menn hafa ekkert endilega lagt mikið í upphafi.
- Hægt að fara með kvóta milli byggðalaga og lama samfélög.
- Hækka rentuna af auðlindinni til þjóðarinnar - eigendanna.
- Hækkun í hafi.
- Hærra veiðigjald, laga til með það að kvótinn erfist.
- Íslenska þjóðin, eigandi auðlindarinnar, fær of lítið í sinn hlut af hagnaði greinarinnar.
- Kannski er kerfið sem slíkt ágætt en það sem ég gagnrýni er að gjaldtaka sé ekki meiri en raun ber vitni. Einnig er alveg ótækt að ekki sé farið eftir því hámarki sem hver og einn má eiga af kvóta eins og t.d. Samherji sem er nánast tengdur inn í öll fyrirtæki landsins.
- Kaup og sala á kvóta og hindranir gagnvart smábátum.

- Kerfið er ekki til að skapa atvinnu og halda uppi byggð um land allt, heldur hvernig hluthafarnir fá mestan gróða.
- Kerfið er gallað á margan hátt.
- Kerfið er sett upp til sem fæstir greiða af því, sem sagt fyrirtæki, og aldrei hjálpað sjómönnum eða öðrum starfsmönnum að nota peningana sína vel og spara, heldur er ýtt á þá að eyða og eyða til að peningar enda aftur á sama stað í vösunum á fyrirtækjum.
- Kvóta.
- Kvótaeigendur maka króinn fyrir lítið eða ekkert endurgjald.
- Kvótaeign fárra og svindl í sjávarútvegi.
- Kvótaeign, lág veiðileyfagjöld.
- Kvótaeign.
- Kvótafyrirkomulagið.
- Kvótagjafir, endursölu á kvóta, og lág veiðigjöld.
- Kvótagreifana.
- Kvótagreifarnir fá allt, er ekki líka alltaf verið að minnka það sem smábátaeigendur mega veiða.
- Kvótakerfi gefur ekki réttar upplýsingar um ástand á fiskistofnum eða stærð og veiðipól. Breyta þarf aflaheimildum fyrir bátafloa á grunnslóð yfir í sóknarkerfi - en togarar á úthafinu verði áfram í kvótakerfi. Stórauka þarf veiðieftirlit með togurum. Stórauka þarf eftirlit með brottkasti og rannsóknir á áhrifum togveiðarfæra á umhverfi og fiskistofna.
- Kvótakerfi sem einstaklingar hagnast á en ekki þjóðin og að kvóti erfist og sé í einkaeigu.
- Kvótakerfi, frjálst framlag kvóta, skort á veiðigjöldum, arðbæriskröfur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.
- Kvótakerfið - eigin kvóti.
- Kvótakerfið - skipting hans - áhrif á sjávarbyggðir.
- Kvótakerfið á að vera eign heildarinnar en ekki örfárna.
- Kvótakerfið á að vera í eigu þjóðar enn ekki einkaaðili.
- Kvótakerfið býður uppá brottkast og það er gert í stórum stíl er búinn að vera á sjó í um 20 ár þannig að ég veit hvað ég tala um eins má ekki vera vinnsla og útgerð á sömu hendi.
- Kvótakerfið einkum framsalið.
- Kvótakerfið er fínt. Hins vegar er óásættanlegt að fyrirtæki og aðilar fái kvótann gefins og geti svo veðsett hann eða selt áfram fyrir milljarða. Ríkið og sveitarfélög sem treysta á sjávarútveg eiga að eiga kvótann og svo leigja hann út mislangt í senn. Útgerðarfyrirtæki hafa sýnt að þau eru alveg tilbúin að borga milljarða fyrir kvótann, það þarf bara að tryggja að þeir milljarðar endi hjá almenningi.
- Kvótakerfið er forsenda ójafnaðar og til skammar fyrir þessa litlu þjóð að leyfa fáum að njóta auðlindanna.
- Kvótakerfið er spilltara en andskotinn sjálfur Þetta kerfi þarf að taka í djúphreinsun og bón. Nýja stjórnarskrá vantar.
- Kvótakerfið í eigu fárra útgerða og að sjómenn séu að borga hluta olúgjalda.
- Kvótakerfið í heild sinni þar sem fáir fá aðgang og aflaheimildir fara til þeirra sem hafa mest.
- Kvótakerfið og arðgreiðslur.
- Kvótakerfið og framsal kvótans.
- Kvótakerfið og gróði fárra.
- Kvótakerfið og hvernig fáir aðilar hafa fengið að sölsa allt undir sig.
- Kvótakerfið og hvernig fáir aðilar stjórna sjávarútveginum og hagnast á honum. Leigja jafnvel kvótann sinn dýru verði og lifa kóngalífi. Greiða lítinn skatt og auðgast á eign þjóðarinnar.
- Kvótakerfið og hvernig fyrirtækin geta selt sjálfum sér fiskinn þar með lækkar það verð/hagnað sjómanna.
- Kvótakerfið og hvernig sumir eiga bara allan fiskinn.
- Kvótakerfið og söfnun auðs á fáar hendur.
- Kvótakerfið og það vantar veiðigjöld.
- Kvótakerfið ætti að vera sameign þjóðarinnar.
- Kvótakerfið, eignarhaldið, fríðindi kvótaeigenda.
- Kvótakerfið, framsal kvóta og þessa hungurlús sem veiðigjöldin eru þyrftu að hækka verulega og svo leysa inn kvótann á ca. 20 árum og byrja í gær takk fyrir.
- Kvótakerfið, framsal kvóta, fáir stórir aðilar í þessari atvinnugrein. Fiskeldi í sjó.
- Kvótakerfið, hækkun í hafi þá spillingu sem líðst innan kerfisins, lágar greiðslur af auðlindinni til samfélagsins.
- Kvótakerfið, söfnun auðs, þjóðin fær alls ekki nóg í sinn hlut. Spilling sbr. Samherji, Kristján Þór og Sjálfstæðisflokkurinn.
- Kvótakerfið, uppsjávarfiskeiðar til bræðslu.
- Kvótakerfið, veiðidagakerfi strandveiða.
- Kvótakerfið, þjóðin á ekki auðlindina.
- Kvótakerfið. (Nefnt af 30)
- Kvótakerfið. Allt of lágan arð þjóðarinnar af auðlindinni.
- Kvótakerfið. Fiskurinn á að vera eign þjóðarinnar en á ekki að vera eign fárra útvalinna.
- Kvótakerfið. Ómögulegt fyrir duglegt fólk að komast inn í greinina. Væri fluttur til Noregs ef fjölskyldan væri til í það.

- Kvótakerfið. Strandveiðar (handfæraveiðar smábáta upp að ca. 10 - 15 tonna frjálsar t.d. maí til ágúst).
- Kvótakerfið. Sveitafélögin eiga að eiga kvótann og leigja hann út ár hvert.
- Kvótakóna, einokun.
- Kvótamál - Skiptingu kvóta, skattlagningu.
- Kvótamál og skil á sköttum til samfélagsins vegna þess.
- Kvótamál.
- Kvótamálin - erum að gefa örfáum auðlindina okkar.
- Kvótann og söfnun hans á fáar útgerðir.
- Kvótann. (Nefnt af tveimur)
- Kvótann. Hann er eign þjóðarinnar ekki fárra kvótakalla og kvenna.
- Kvótar í eigu fólks - sem hefur erfst á milli manna. Það er ósanngjarnt. Ætti að renna til ríkisins og fiskimenn leigja kvótann en ekki kaupa. Allavega þarf að vera tímarammi.
- Kvótaskiptingu og fiskveiðidaga.
- Kvóti á aldrei að vera í einkaeigu og arfgengur.
- Kvóti á höndum fárra aðila. Kvóti raðast á hendur fárra.
- Kvóti safnast á hendur fárra sem gefa ekkert af sér til þjóðarbúsinnar úr okkar sameiginlegu auðlind heldur hriða allan arð í eigin vasa.
- Kvótinn á ekki að vera í eigu fárra aðila. Íslenska þjóðin á að fá að njóta þessarar auðlindar, ekki bara örfáir kvótakónar. Þessu þarf að breyta.
- Kvótinn á hendi fárra og lítið endurgjald til ríkissjóðs.
- Kvótinn fari á fáar hendur.
- Kvótinn í eigu fárra.
- Kvótinn í einkaeigu. Algjörlega fáránlegt! Rétt eins og einhver gæti átt tilkall til allra ófæddra lamba, já eða hvolpa í framtíðinni á Íslandi! OGHANANÚ.
- Kvótinn í höndum fárra aðila.
- Kvótinn, misskipting á fáar hendur, fiskveiðigjaldið.
- Lág veiðigjöld og kvótakerfið í einkaeigu. Þ.a.l. arður af auðlindinni í fáum rassvösum.
- Leiga og sala á kvóta.
- Litlu skilað til samfélagsins. Lág veiðigjöld.
- Línuívilnun, byggðakvóta.
- Lítið dreift eignarhald á auðlindum landsins.
- Litill möguleiki fyrir nýja aðila að koma inn í kerfið og að veiðiheimildir safnast á fáar hendur. Það er gott að hafa stórar og öflugar útgerðir en ákveðið magn af veiðiheimildum ætti að vera „eyrnamerkt“ nýliðun og ákveðnum byggðalögum til að tryggja tilvist þessarar mikilvægu greinar á landsvísi. Magn þeirra veiðiheimilda þyrfti að vera nægjanlegt til þess að aðilar sjái hag sinn í

að fjárfesta í greininni og að sama skapi þarf það að vera tryggt að þeir einstaklingar sem tilbúnir eru að fara af stað í útgerð viti að þeir hafi tryggar veiðiheimildir til ákveðins langs tíma til að minnka áhættu. Að mínu mati þyrfti kerfið að vera sett upp á svipaðan hátt og strandveiðikerfið að því leyti að allir hafi jafna möguleika á að fá þessar veiðiheimildir. Að sama skapi mættu þær ekki vera framseljanlegar, heldur virka meira eins og leigukvóti en án þess að greiða leigu, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sem dæmi gæti verið krafa um að hver veiðiheimild tilheyri ákveðnu byggðalagi, fisknum þurfi að vera landað þar, seldur á markaði eða til vinnslu í heimabyggð, til að styrkja stöðir smærri byggðalaga. Þessar heimildir ættu ekki að breytast milli ára og vera úthlutað frá ári til árs líkt og í núverandi byggðakvótakerfi. Sem dæmi gæti ríkið auglýst fyrir Bakkafjörð fjórar veiðiheimildir uppá 100 tonn á ári til 10 ára. Fisknum skal landað í heimabyggð og seldur á markað eða unninn í heimabyggð. Báturinn skal vera innan ákveðinna stærðarmarkna og séu umsækjendur fleiri en þær heimildir sem skal úthluta til þeirra aðila sem best koma út úr faglegri greiningu á getu þeirra til að styrkja samfélagið með útgerð sinni, þar sem reynsla, búnaður og annað er tekið til skoðunar. Ég þekki ágætlega til þess að reyna að koma sér af stað í þessari grein. Vinur minn stofnaði útgerð fyrir nokkrum árum og hefur verið að kaupa sér kvóta þegar fjárhagurinn hefur leyft. Hátt afurðarverð undanfarin ár hefur hjálpað honum mikið en það má ekki mikið út af bregða til að staðan sé búin að kollvarpast hjá honum. Þá talar hann einnig um það að það sé gjörsamlega tilgangslaust að elta við byggðakvótann í núverandi kerfi, þar sem þær heimildir sem fáist úthlutaðar þar, séu það litlar að það sé ekki vinnunnar virði að elta við þær, ef sú vinna skilar yfirhöfuð einhverju. Í hans tilviki hefði hann aldrei komið þessari útgerð af stað ef ekki væri fyrir strandveiðikerfið, þar sem þær veiðiheimildir sem hann hefur getað keypt sér duga varla fyrir hann utan strandveiðitímabilsins.

- Lítinn kvóta í t.d. þorski og ýsu.
- Meðferð kvótakerfisins og afleiðingar þess (gífurleg misskipting auðæfa til afmarkaðs hóps).
- Menn komast upp með að virða ekki lög og reglur.
- Mér finnst að fiskurinn í sjónum eiga að vera þjóðareign. Svo má efla smábátaútgerð hringinn í kringum landið.
- Mér finnst illþolandi hvernig aðgangur að auðlindinni hefur safnast á fárra hendur.

- Mér finnst með ólíkindum að fáar stórútgerðir geti ráðstafað meginhluta kvótans hér við land eftir sínum geðþótta.
- Mikill hagnaður sem fáir fá.
- Mikill kvóti í höndum fárra (einokun).
- Miklir peningar á fáum höndum.
- Misskiptinguna sem í kerfinu felst og arðráninu sem innleiðing þess skapaði. Gríðarleg auðæfi voru afhent fámennum hópi. Í raun kallar sú aðgerð á þjóðnýtingu veiðiréttindanna. Ég er þannig ósáttur við að veiðiréttindi séu veðsetjanlegar og framseljanlegar eignir veiðiréttindahafa.
- Mjög mikið að í íslenskum sjávarútvegi. Fyrir það fyrsta er algerlega óásættanlegt að renta í greininni renni í vasa nokkurra einstaklinga. Sjávarútvegurinn á að greiða full veiðigjöld. Samþjöppun í greininni er fyrir löngu orðin stórhættuleg og nær í raun um allt samfélagið. Skilgreining á skyldum aðilum er auðvitað brandari. Eftirlit í skötulíki og greinin stendur ekki undir stjórnsýslukostnaði. Greinin er með undanþágu frá ýmsum umhverfisgjöldum og greiðir ekki úrvinnslugjald af veiðafærum, hversu aamt er það! Öll keðjan, veiðar, vinnsla og sala á sömu hendi sem vitanlega skekkir alla verðmyndum. Það er af mörgu af taka þegar það sem betur má fara í þessari grein er til umfjöllunar.
- Mjög ósátt með að örfáir einstaklingar eigi auðlindina og arðurinn fari í þeirra vasa. Með sjávarútvegi byggðum við upp allt í þjóðfélaginu, vegi, heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og margt fleira. En í dag er allt þetta að molna innan frá. Mestur glæpur Íslandssögunar var að leifa FRAMSAL :(.
 - Mætti auka strandveiði.
 - Nálega ókeypis úthlutun varanlegs og ótímabundins kvóta- einkaréttar til veiða. Forneskjulegt lénskerfi. Stjórnun heildarafla er hægt að framkvæma af skynsemi
 - Nánast óheft framsal veiðiheimilda og söfnun þeirra á örfáar hendur.
 - Nánast skattfrjáls eignarheimild á kvóta.
 - Nýliðun er nánast ómöguleg. Strandveiðar má ekki binda í klafa.
 - Nýliðunartækifærin eru engin. Kvóti er eignfærður.
 - Of fáir sem eiga allt og mega.
 - Of fáir sem eiga kvótann og raunverulegir eigendur fá ekki það sem þeim ber. Klískupur og grasserandi spilling.
 - Of fáir sem eiga of mikið.
 - Of lág auðlindagjöld. Ríkið á að eiga kvótann og bjóða hann út til ákveðins tíma.
- Of lágt auðlindargjald og á ekki að miða við hagnað fyrirtækja. Allur afli þarf að fara á markað (uppboð). Tengdir aðilar þarf að laga, of vítt. Fyrirtæki komast upp með að fara yfir 12% mörkin. Allur fiskur á að fara á markað á Íslandi. Fyrirtækin eiga ekki að vigta afla sjálf. Of mikið brottkast. Of lítið eftirlit. Nota ennþá stórar botnvörpur. Mikil mengun. Strandveiðikvóti of lítill.
- Of lágt gjald fyrir afnot af auðlind.
- Of litla gjalddöku ríkis af sameiginlegri auðlind sem fiskur í kringum landið er.
- Of lítið gefið til baka vegna nýtingar á auðlindum. Kvóti á ekki að ganga í erfðir heldur vera boðinn út reglulega.
- Of lítið greitt fyrir kvóta. Arður af auðlindinni endar í of háu hlutfalli í vasa einkaaðila.
- Of lítill auðlindaskattur - of mikil samþjöppun og jöfnuður enginn. Nýliðun er engin.
- Of mikið veitt í botnvörpu og dragnót, línu- og handfæraveiðar fá of lítinn kvóta, þær eru vistvænni og skemma ekki botngróður.
- Of miklir fjármunir sem safnast saman á of fáar hendur, sem veldur fákeppni og valdaójafnvægi.
- Of stórar útgerðir sem greiða mjög lítið til samfélagsins. Alltof lítil gjöld til samfélagsins. Viðvarandi spilling.
- Ofurgróða sumra.
- Ofurhagnaður sjávarútvegs ekki að skila sér í ríkiskassann.
- Óeðlilegan hagnað einstaklinga af þjóðarauðlind.
- Óhóflega auðsöfnun kvótaeigenda og undanskot þeirra.
- Ójöfn skipting kvóta. Kvótinn eign viðkomandi útgerðarmanns og erfist milli kynslóða.
- Ójöfn skipting.
- Ójöfnuð og misskiptingu.
- Ójöfnuður og óréttlætið sem skapast vegna kvótakerfisins. Lág fiskveiðigjöld miðað við hagnað sjávarútvegsfyrirtækja. Farið er með sameiginlegar auðlindir eins og einkaeign fárra aðila. Hagnaður geirans endar ekki í samfélögum heldur rennur til fárra aðila.
- Óréttlát skipting auðlindar.
- Óréttlátt kerfi sem færði fáum fjölskyldum ríkidæmi á silfurfati.
- Óréttlátt.
- Óréttlátt. Hvetur til sóunar og byggðaröskunar. Skilar mun minni afla á land en fyrir daga kerfisins.
- Óréttlæti og spilling.
- Ósanngjarnt kerfi. Arðseminni af sjávarútvegi er misskipt, á höndum fárra, þegar kjörið væri að arðsemin nýttist þjóðinni allri til jafns.

- Ósanngjarnt kvótakerfi þar sem kvótakóngar hirða gróðann í stað þess að þjóðin fái arðinn.
- Ósanngjörn í garð sjómanna og allt gert fyrir útgerðina, á kostnað sjómanna.
- Ósanngjörn skipti á auðlindum.
- Ósátt við að hægt sé að flytja kvóta á milli landshluta og skilja þannig eftir sviðna jörð.
- Ósátt við að kvótakóngar borgi ekki sanngjarnt verð fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.
- Ósáttur við að þetta sé kallað þjóðareign, sem er langt frá sannleikanum.
- Ótrúlegur auður í höndum fárra, greiða afar lítið fyrir einkaafnot. Allt lokað þar sem hagsmunirnir teygja sig beint við valdhafana, lesist Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn.
- Óveiddar tegundir í sjó er eign landsmanna. Vilji einhver veiða kaupir hann sér nýtingarleyfi. Greiðir fyrir það, veiðir sjálfur, það magn sem viðkomandi er úthlutað. Klári hann ekki kvóta sinn færir hann ekki milli ára. Sala á úthlutun óheimil.
- Pólitíska vangetu til að breyta.
- Prívat eignarhald fárra á auðlindum sem eru með réttu eign þjóðarinnar.
- Ráðstöfun kvótans gegn litlu endurgjaldi
- Renta auðlindarinnar ratar nær öll í vasa auðkýfinga frekar í vasa raunverulegra eigenda (þjóðarinnar).
- Risarnir fá að ráða.
- Ríkisstjórnin ætlar að hugsanlega að leyfa togurum að veiða innan eða í 12 mílna veiði frá landi. Illa er farið með smábátasjómenn og þeir eru verulega takmarkaðir á strandveiðum og sagt er að þeir ofveiði sem er rangt. Heilbrigðiskerfið er til skamrar þarf að taka verulega á því. Laga þarf vegakerfi verulega t.d. vegur um Teigskóg tók meira en 20 ár til að byrja á, taka hefði átt eignarnámi á landi fyrir veginn, líkt með Sundabraut, bæði stjórnvöld og borgarstjórn síðustu 12 ár eru alfarið sek um seinagang um betri lífsgæði á og fyrir utan höfuðborgarsvæðið og öryggi um hávetur. Það ætti að hunda landsverndar hyskið sem Alþingi hlustar á eins og með stöðvun á Hvalárvirkjun rafmagnskerfi Vestfjarða, það þarf að hugsa meira um framtíð, stækkun og fjölgun á landsbyggðinni. Síðasta virkjun var byggð 2011 Búðarhálsvirkjun.
- Samþjöppun aflaheimilda og laus tók á meðferð afla stórutgerða eða gengdalaus brottkasti en smáútgerðir ofsóttar í þeim efnum.
- Samþjöppun aflaheimilda. (Nefnt af 2)
- Samþjöppun aflaheimilda. Lítið framboð á fiski á mörkuðum.
- Samþjöppun eignarhalds gerir nýliðun sífellt erfiðari. Samþjöppunin grefur undan lýðræðinu og leiðir að lokum til hruns. Hrun innviða er þegar hafið. Má þar nefna heilbrigðiskerfi, velferðarkerfi og vegakerfi.
- Samþjöppun eignarhalds.
- Samþjöppun kvóta á fáa stóra.
- Samþjöppun kvótans, gjaldið af auðlindinni, fjármunir fluttir úr landi til að sleppa við skatt.
- Samþjöppun. (Nefnt af 2)
- Sáttur við að það skuli vera stjórn á veiðunum, ósáttur við hvernig aflaheimildum er útdelt.
- Setja þarf á auðlindagjald.
- Sjávarútvegskerfið safnar auði til fárra og er mjög spillt.
- Sjávarútvegurinn greiðir of lítið auðlindargjald til þjóðarinnar.
- Sjókvíaelði og kvótakerfi.
- Skattheimtan.
- Skattlagninguna og veiðigjöldin og ég vil fleiri smábátasjómenn.
- Skefjalaust arðrán.
- Skilar ekki nógu fjármagni til samfélagsins miðað við gróða.
- Skipting arðs af auðlindinni Auðlindin á höndum fárra aðila sem geta ráðskast með hana að eigin vild.
- Skipting auðs.
- Skipting kvóta á fáar hendur.
- Skipting rentu.
- Skiptingu afkomu sameiginlegrar auðlindar.
- Skiptingu aflaheimilda.
- Skiptingu á milli arðsins af sjávarútvegsauðlindinni til almennings í landinu til uppbyggingar á öðrum innviðum landsins annars vegar og arðsins til einkaaðila hins vegar. Þess vegna forgangsraðið ég sjávarútveginn nr. 1. og svo aðra innviði samfélagsins þar á eftir, það þarf að breyta kvótakerfinu. Ég er frá Ísafirði og hef séð með eigin augum áhrif misskiptingunnar á allt samfélagið þar. Það þarf að breyta þessu en skaðinn er skeður og er mikill, en hef ekki hugmynd um hvernig það er hægt.
- Skiptingu kvótans og að auðlindirnar séu ekki í eigu þjóðarinnar og hagnaðurinn sé að fara í vasann á fáum einstaklingum, og skattlagningin er mjög skrýtin.
- Skiptingu kvótans. Vantar meira til dagróðrabáta og strandveiðibáta, og áframeldi á undirmálsfiski í kvíum inn á fjörðum.

- Skort þess að auðlindaarður fari á sameiginlega sjóði.
- Smábátar (strandveiði) mættu fá meira.
- Smábátaveiðar.
- Spilling. (Nefnt af 2)
- Spillingu.
- Spillinguna í skiptingu auðlinda og að almúgi landsins fái minnstu sneiðina.
- Stjórnun veiða smábáta bæði kvótasmábáta og strandveiðibáta.
- Stjórnun, fjármagn, allt.
- Stór sjávarútvegsfyrirtæki borga of lítið til samfélagsins. Því þarf að breyta svo allir landsmenn njóti okkar auðlindar það hefur ekki tekist og er mjög sorglegt. Sjávarútvegsfyrirtæki hafa fengið að ráða of miklu og ákveðnir einstaklingar fengið að græða umfram allt meðalhóf. Þetta á ekki að líðast og alveg hægt að búa til kerfi þar sem þessi fyrirtæki greiða töluvert meira til samfélagsins en eru samt sem áður með mjög arðbæran rekstur. Einnig hefði aldrei átt að vera hægt að framselja kvótann. Líklegast þarf að breyta stjórnarskránni og setja inn alvöru auðlindaákvæði sem myndi einnig gagnast m.t.t laxeldis og í orkumálum en allt virðist stoppa á hagsmunum nokkurra sjávarútvegsfyrirtækja.
- Stórar útgerðir með megnið af kvótanum.
- Stóru útgerðirnar eiga að borga meira fyrir að fá að veiða fisk.
- Stórútgerðin á að greiða meira fyrir sín afnot af auðlindinni, sem þjóðin á.
- Stórútgerðin fær allt fyrir ekki neitt.
- Stórútgerðirnar eiga að borga meira fyrir notkun á auðlindinni.
- Stórútgerðirnar eru í forgangi. Mætti huga betur að smærri útgerðum.
- Strandveiðar og kvótakerfi.
- Strandveiðarnar.
- Strandveiðikerfi á milli landshluta þar sem veiðitími er talsverður þegar vel gengur fyrir vestan þá gengur illa fyrir austan. En þá er magnið sem má veita hlutfallslega stærra fyrir vestan og bitnar því á þeim sem veiða þar, á að hafa þetta skipt á milli landshluta.
- Strandveiðikerfið.
- Strandveiðitímabilið, hvernig það er raðað eftir landssvæðum :).
- Sægreifana og að þeir komist upp með allt, greiði ekki fyrir afnot af auðlindinni sem er í þjóðareign.
- Söfnun fiskveiðikvótans á fá útgerðarfélög.
- Söfnunin á fáar hendur. Hvernig Fiskistofa túlkar og framfylgir reglum. Ósveigjanleiki (e.t.v. vegna ósjálfstæðis ráðherra á hverjum tíma).
- Tel að ósanngjörn misskipting auðs hafi verið sett á með kvótakerfinu.
- Tel að það þurfi að breyta kerfinu til að stóru sjávarútvegsfyrirtækin borgi meira í þjóðarbúið, þó án þess að skerða samkeppnishæfni smærri fyrirtækja.
- Tilfærsla á þjóðareign á fára hendur.
- Um eignamyndun og veðhafa kvóta. Greiðsla fyrir nýtingu auðlindarinnar.
- Umræðuna.
- Uppbyggingu kerfisins.
- Upphaf kvótakerfis, tilfærsla auðæfa þjóðarinnar til fárra. Þessir fáu hafa selt verðmætin til annarra.
- Uppsafnaði kvóti stórútgerðanna. Það er ómögulegt að komast inn í þetta kerfi ef maður er ekki milljónamæringur. Allt of lítill hluti af kerfinu er félagslegur.
- Uppsöfnun kvóta í eigu fárra þegar kvótinn á að vera í eigu almennings.
- Útdeilingu kvóta, vil að greitt sé fyrir aðgang að auðlindinni.
- Útgerðarmenn fá „frían aðgang“ að þessari auðlind. Arðurinn sem greiddur er til örfárra er gríðarlegur en megnið af þessum arði ætti að réttu að renna til eiganda auðlindarinnar sem er íslenska þjóðin.
- Útgerðarrisar fá kvótann fyrir allt of lítið og ekki á að vera hægt að selja fiskinn í sjónum sem landsmenn eiga allir.
- Útgerðin skilar litlu til samfélagsins í formi auðlindgjalda.
- Útgerðin ætti að greiða meiri arð í þjóðarbúið.
- Útgerðir borga of lítið til samfélagsins.
- Úthlutun aflaheimilda.
- Úthlutun á kvótategundum. Allt of miklar sveiflur á tegundum milli ára.
- Úthlutun fiskveiði og eigum þjóðarinnar til fárra útvaldra sem gína yfir öllu og þeir sem vilja róa, strandveiðibátar t.d., fá það ekki nema að mjög litlu leyti. Þetta er mjög svo ósanngjarnt.
- Úthlutun kvóta - að handhafar kvóta geti selt hann. Að ágóði af kvóta fari til einstaklinga.
- Úthlutun kvóta. Ætti að vera boðinn upp á markaði.
- Úthlutun kvótans í heild, það nánast búið að selja kvótann til fárra aðila sem borga ekki mikið fyrir auðæfin og erfitt verður að afturkalla.

- Úthlutun kvótans og söfnun hans á fátta hendur í gegnum allskonar blokkir. SPILLING og engin leið í nýliðun.
- Úthlutun réttinda.
- Úthlutun veiðiheimilda án eðlilegrar gjaldtöku.
- Vantar leið til að einfalda nýliðun.
- Vantar miklu meiri stjórnun og sanngirni hvað varðar skattlagningu á fyrirtæki eftir innkomu hverju sinni. Algerlega handónýt stjórnsýsla hvað þetta varðar.
- Vantar raunhæfan auðlindaskatt.
- Veiðigjald er of lágt. Kvóti á ekki að vera gjafakvóti og framseljanlegur.
- Veiðigjald of lágt.
- Veiðigjöld mættu vera hærri.
- Veiðigjöld ættu að vera hærri, nýliðun í greininni auðveldari, veðsetning aflaheimilda óleyfileg, útgönguskattur þeirra sem selja aflaheimildir. Gæti haldið áfram.
- Veiðigjöldin alltof lág.
- Veiðigjöldin.
- Veiðileyfagjaldið er allt of lágt Kvótakóngar eiga allt í samfélaginu. Það þarf sanngjarnt afgjald og duglegt fólk má alveg verða ríkt, en fyrr má nú vera.
- Veiðileyfagjaldið of lágt og kvótinn á að vera eign þjóðarinnar.
- Veiðileyfagjaldið. Það á að fara eftir árfari og endurskoðað árlega. Gróðinn er hærri en eðlilegt er og ætti að skila hærri tekjum í ríkissjóð.
- Veiðiréttindi smábátasjómannna þarf að taka í gegn og tryggja þeim nægan kvóta.
- Veiðistjórnun.
- Verð til útgerðar er of lítið.
- Verulegar arðgreiðslur og hlutfallslega lítið sem skilar sér í ríkissjóð. Máttlaus yfirvöld gagnvart kvótakóngum.
- Við eigum öll fiskinn í sjónum og þeir sem fá að nýta sér auðlindina eiga að greiða fyrir það sanngjarnt verð til samfélagsins.
- Við vorum að veiða 50% meira án kvóta.
- Vil að hver sem vill geti stundað strandveiði.
- Vil auka kvótann í þorski vegna þess að það er nóg af fiski í sjónum.
- Vil hærri veiðigjöld.
- Vil láta setja hærri veiðigjöld á útgerðirnar.
- Það að eigendur séu að kvótanum, þetta átti aldrei að verða svona, byggðirnar áttu að eiga hann og dreifa á sína báta. Samansöfnun auðs of mikil á kostnað hinna dreifðu byggða. Meira þarf að leggja í rannsóknir vegna veiða.
- Það að einhver eigi fiskinn í sjónum.
- Það að stóru fyrirtækin geta bara tekið kvótann frá litlu stöðunum, mér finnst að kvótinn eigi að vera merktur hverjum stað en ekki fyrirtæki, litla þorpið gæti þá leigt kvótann og notað peninginn til að byggja litla þorpið upp. Ég hef séð það síðustu ár að þar sem ríku sjávarútvegsfyrirtækin eru þar er miklu meira gert fyrir folkið og börnin með alls konar peningastyrkjum.
- Það að þjóðin fái ekki nægar tekjur af henni, og að tekjurnar fari bara í vasa fátta aðila.
- Það á að leyfa meiri handfæraveiðar. Kvóti er eign þjóðar og á ekki að vera hægt að veðsetja. Allan fisk á markað. Kvótahafar eiga ekki að geta keypt aflann til vinnslu af sjálfum sér öðruvísi en af markaði. Kvótakerfið var sett á til að vernda fiskistofnana en ekki til að kvótinn safnaðist á fáar hendur auðmanna.
- Það á að setja skýrara þak á eignarhlut kvóta. Fyrirtæki eiga ekki að geta átt dótturfyrirtæki og geta þannig sankað að sér meiri kvóta (Samherji). Og svo á að banna endurvigtunarleyfi í fiskvinnslum. Þar á sér stað mesta svindlið.
- Það á enginn fiskinn í sjónum.
- Það er ekki hægt að taka til baka breytingar sem þegar hafa verið gerðar. Finnst mikilvægt að horft sé framávið í umræðunni um sjávarútveg og á jákvæðum nótum.
- Það er ekki mikið gert til að hjálpa litlu plássunum, strandveiðin dugar skammt og er stutt og byggðakvótinn er góð hugmynd en mest fer í stóru skipin sem eiga kvóta fyrir.
- Það er óvissan, það er alltaf svo neikvæð umræðan líka á Alþingi en enginn þorir að breyta neinu. Upphaflega var kvótakerfið sett á til að verjast ofveiði. En það hefur farið út í buskann. Það vofir alltaf yfir að breyta en ekkert gerist. Óvissa er óvinur sem þú veist ekki hvernig á að berjast við.
- Það er svo mikil mengun sem kemur frá skipum, þetta er ekki eign landsins og það eru einstaklingar sem eru að græða á þessu.
- Það er verið að ræna þjóðina með því að hafa veiðigjald allt of lág.
- Það er öllu stjórnað af stórútgerðinni, þarf að hlúa að minni útgerðum og frumkvöðlum sem eru að leggja allt sitt undir samanber Þórishólmi í Stykkishólmi sem er í tilraunaveiðum á ígulkerjum.
- Það má alveg bæta við heimildir smábáta.
- Það sem ætti að vera þjóðareign er í eigu örfátta aðila.

- Það sé nóg að landa byggðakvóta og bara slægja á staðnum, síðan fara með hann annað en ekki vinna hann á staðnum.
- Það þarf að auka þorskkvótann um 30% OG ÝSU ANNAR AFLI MEÐ AFLI.
- Það þarf að endurskoða kvótakerfið. Fiskurinn er ekki eign örfárra einstaklinga. Það þarf að koma jafnvægi á þessa grein.
- Það þarf að setja á veiðigjöld.
- Þarf að laga til í rekstri þeirra, of mikið um skuldir og nýtt betur vöruna.
- Þarf að vera meiri dreifing á veiðum og allan fisk á markað.
- Þá helst hvernig stóru fyrirtækin verða stærri og stærri og þau minni hverfa. Það er ekki séns fyrir nýja aðila að komast að og verða útgerðarfólk.
- Þeir borga of lítið fyrir aflaheimildirnar.
- Þeir sem fá að nýta auðlindina eru ekki að greiða nægilegt endurgjald af henni til þjóðarinnar. Það þarf að vera kerfi til að hleypa nýjum aðilum inn í kerfið einnig.
- Þessi kvótasöfnun stóru gleypa allt.
- Þessi lofaða þjóðareign er að verða komin á 2-4 hendur eignalega séð.
- Þjóðarbúið á að fá meiri arð úr kerfinu.
- Þjóðareign en arður af henni fer ekki til þjóðarinnar.
- Þjóðareignin, fiskurinn, er í höndum örfárra fjölskyldna sem greiða afkárarlega lítið veiðigjald til þjóðarinnar en auðgast úr hófi fram sjálfar.
- Þjóðin á auðlindina í hafinu sem hún fær ekki aðgang að nema að litlu leyti, sem er neikvætt.
- Þjóðin fær allt of lítið í sinn hlut, á meðan kvótaeigendur synda í peningum.
- Þjóðin fær lítið fyrir fiskinn sem við eigum öll.
- Þjóðin nýtur ekki eðlilegrar rentu af auðlindum landsins og það á ekki bara við um sjávarútveg.
- Þurfa að meira í veiðigjöldum.
- Þurfum hærri veiðigjöld af stórútgerðinni til þjóðarinnar.
- Því miður eru gamlar hugmyndir enn í gildi og arfleið úrelts kerfis enn virkt. Hefur neikvæð áhrif á sýn og upplifun fólks á sjávarútveg í heild sinni.
- Ætti að skila meira í auðlindagjald.
- Ættum að rukka meira fyrir kvóta.
- Öll egg í körfu fárra einstakra hagsmunaaðila.
- Örfáir sem hafa eignað sér fiskimiðin. Hömlulaus græðgi.

Svör við spurningunni: „Hvað af eftirfarandi finnst þér mikilvægast að lög um stjórn fiskveiða stuðli að?“

Svarmöguleikar raðaðir frá fyrsta til þriðja sætis og einnig var hægt að skrifa svar undir liðnum „annað“. Alls nefndu 31 svarendur eitthvað undir liðnum „Annað“. Þau svör voru eftirfarandi:

-
- | | |
|--|---|
| - Að sjávarbyggðir njóti nálægðar við fiskimiðin, auðlindagjald renni til sjávarbyggða. | - Ríkið leigi út aflaheimildir. |
| - Að veiðar séu sjálfbærar og ekki gengið á stofnana. | - Sanngirni, ekki embættismannahugsunarhætti. |
| - Aðskilja skylda aðila í kvótaúthlutun. | - Sjálfbær nýting fiskistofna við landið. |
| - Afnám eignaréttar einstaklinga eða fyrirtækja á kvóta. | - Skynsöm og hagkvæm nýting fiskistofna. |
| - Auknar strandveiðar. | - Strandveiðin fái meiri kvóta. |
| - Bjóða út - láta veiða þetta fyrir sem allra minnstan kostnað. | - Taka kvótann af einstaklingum og stokka kerfið upp. Samt hrædd um að spilling muni eiga sér stað. |
| - Breytt sóknarkerfi bátaflota. | - Út með spillingu og samþjöppun í kvóta. |
| - Ég lít reyndar svo á að hagkvæm nýting inniberi umhverfisvernd og sömuleiðis trausta atvinnu og fleiri atriði s.s. kostnað við stjórnun fiskveiða þ.m.t. rannsóknir. | - Veit ekki neitt um þetta. |
| - Fiskur fari á fiskmarkað. | - Vernda fiskistofna og lífríki sjávar. |
| - Fiskurinn á að vera í eigu þjóðarinnar. | - Það er erfitt að setja þessa þætti í forgangsörð, vegna þess að þeir eiga að vera í samspili hvor við annað þar sem tekið er til allra þátta samtímis, og eitt leiðir af öðru. |
| - Fiskveiðar og fiskvinnsla greiði verulega hátt gjald til hafrannsókna og Landhelgisgæslu. | - Blómlegur sjávarútvegur fyrir alla í landinu með sanngjörnu gjaldi þar sem einstaklingar, sem og fyrirtæki geti stundað fiskveiðar og haft af því trausta atvinnu án þess að drukna í skrifinsku en samt huga vel að umhverfisvernd og uppræta brottkast. Er allri þjóðinni til hagsbóta, það þarf að finna út úr þessu og ná þjóðarsátt um sjávarútveginn. |
| - Frjáls veiði á undirmálsfiski til áframeldis inn á fjörðum. | - Það er sanngjarnt að greiða auðlindagjald svo framarlega sem það sé greitt af öllum auðlindum, þar með talið hitaveitan á höfuðborgarsvæðinu. Ekki bara af fiskinum. |
| - Gagnsæi, hvað verður um gróðann. | - Þetta er óttalegt bull. |
| - Handfæraveiðar frjálssar. | |
| - Hámarkafrakstur af auðlindinni, þjóðinni til velsældar. | |
| - Innköllun áður gefinna sameiginlegra þjóðarauðlinda. | |
| - Jöfn tækifæri, atvinnu- og launa möguleikar fyrir alla. | |
| - Kvóti erfist ekki. | |
| - Meira gegnsæi í útflutningi. | |

Svör við spurningunni: „Hver telur þú að eigi að vera helstu markmið strandveiða?“

Svarmöguleikar raðaðir frá fyrsta til þriðja sætis og einnig var hægt að skrifa svar undir liðnum „annað“. Alls nefndu 11 svarendur eitthvað undir liðnum „Annað“. Þau svör voru eftirfarandi:

-
- | | |
|---|---|
| - Að stinga dúsu upp í samfélagið. | - Gott mótvægi gegn stórútgerðum og samþjöppun. |
| - Að þurfa ekki að sækja fisk of langt. | - Hætta þeim strax. · Störf fyrir opinbera starfsmenn. |
| - Afnema strandveiðar. | - Það er ekkert sanngirni í því að skerða kvótann hjá þeim sem hafa keypt hann og réttu svo mönnum sem hafa selt frá sér allan kvóta frían kvóta aftur. |
| - Auka umsvif í höfnum minni byggðarlaga. | - Þetta er bara bull þessar veiðar. |
| - Enn og aftur, hér hanga hlutirnir sama t.d. nýliðun og aðgengi að auðlindinni og menning almennt. | |
| - Gefa eldri sjómönnum kleift að starfa sjálfstætt | |

Svör við spurningunni: „hvað af eftirfarandi telur þú að myndi auka sátt um íslenskt fiskveiðistjórnunarkerfi?“

Hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika af 18 og einnig var hægt að skrifa svar undir liðnum „annað“. Alls nefndu 30 svarendur eitthvað undir liðnum „Annað“. Þau svör voru eftirfarandi:

- Afnema auðsöfnun til fárra - þjóðin á að njóta auðlinda sinna.
- Afnema núverandi kvótakerfi og koma á dagakerfi. Leysa ca. 10 stærstu útgerðafélögin upp.
- Allir Íslendingar fái kvóta 1-1-2024.
- Allt á að fara á markaðinn.
- sjávarútvegi en ég reikna með að það sé jákvætt og neikvætt eins og gengur og gerist. Fjárhagslega hlið kvótakerfisins þarf einfaldlega að vera réttlát fyrir landsmenn alla.
- Allt upp á borðinu!
- Auka álögur á stærstu útgerðirnar, þegar fyrirtæki er orðið mjög stórt þá séu hærri álögur á því en minni fyrirtækjum.
- Ákvæði nýju stjórnarskrárinnar, sem er undarlegt að sé ekki valkostur hér. Veiðiheimildir séu gefnar út með uppboðsfyrirkomulagi til millilangs tíma (5-10 ár), sem er líka undarlegt að sé ekki valkostur hér og núllar marktækni þessarar könnunar í mínum huga.
- Þjóða út veiði svo sem allra mest fé komi í sameiginlega sjóði.
- Burt með spillingu.
- Dagakerfi. Allir sem vilja veiða fá X mikið af dögum.
- Fiskur utan kvóta á markað fyrir fátækra. • Hafa kvóta til að stjórna veiðum. En ekki leyfa framsal ef þú fiskar ekki það sem þér var skammtað þá fær bara næsti það.
- Hættið að refsa smábáta eigendur fyrir brottkast, frekar leyfa þeim að koma með þetta sem er yfir kvóta og leyfa þeim fisk fara alfarið eða mestan hlut í ríkiskassann
- Kolefnishlutleysi.
- Allt er breytingum háð. Það á ekki að vera hægt að selja kvótann með þeim hætti að einstaklingar geti hirt andvirði sölnunnar. Kvóti á heldur ekki að erfast. Bann við framsali getur verið ágætt en líka nauðsynlegt ef þannig verkast. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að aukinn hlutur kvenna skapi betra umhverfi í .
- Með því að merkja við að auka gagnsæi finnst mér að það vanti verulega upp á að almenningur sé upplýstur. Hér mætti bæta almennan fréttaflutning.
- Meiri fisk á markað en þó ekki allan.
- Ódýrari fisk fyrir landsmenn.
- Pólitíkusar og fjölmiðlar hætti að ljúga.
- Setja í stjórnarskrá að greiða skuli fullt gjald fyrir kvótann.
- Skip sem fara vel með aflann fái meiri veiðiheimildir.
- Skylda útgerðir til að landa hluta afla á markað, og í framtíðinni: allt/mest.
- Takmarka mikið veiðar í snurvoð.
- Uppræta spillingu, valdhroka og græðgi á meðal stjórnenda stærstu auðrisanna í sjávarútvegi.
- Útflutningstoll á óunnin fisk.
- Vil að Íslendingar fái að kaupa fisk í soðið á mikið lægra verði.
- Það næst ekki sátt.
- Það verður aldrei sátt um sjávarútveg á Íslandi.
- Það þarf að opna umræðu um fiskveiðiráðgjöfina sem er geld.
- Þetta eru að mestu risar eftir og þeir ráða. Auka umsvif í höfnum minni byggðarlaga.

